

Morgunblaðið

FIMMTUDAGUR 22. FEBRÚAR 2024

• Stofnað 1913 • 45. tölublað • 112. árgangur •



LÍFSGLÖÐ,
NÆGJUSÖM
OG JÁKVÆÐ

JÓHANNA 100 ÁRA 58



TÖFRAR
VÍKINGS Í
ELDBORG

★★★★★ 68

FYRSTA SNEIÐIN
SKORIN Á
BESSASTÖÐUM

KAKA ÁRSINS 48



AFP/Gavriil Grigorov

Hersýning Rússar eru sagðir undir-
búa sig fyrir átök við NATO-rikin.

Líklegt að ráðist yrði á Keflavíkurstöðina í stríði

■ Fabian Hoffmann, sérfræðingur í varnarmálum og eldflaugahernaði, segir í samtali við Morgunblaðið í dag að miklar líkur séu á því að Rússar myndu ráðast á Ísland og Keflavíkurstöðina ef til átaka kemur á milli Rússa og Atlantshafsbandalagsins, og að þær líkur myndu aukast eftir því sem slíkt stríð drægist á langinn.

Hoffmann varar einnig við því að Rússar gætu reynt innrás í Eystrasaltsríkin á næstu tveimur til þremur árum, þar sem þeir myndu reyna að magna átökin nóg í upphafi til þess að fæla hin ríki bandalagsins frá því að koma þeim til varnar. Almennigur í NATO-ríkjunum þurfi því að fara að leiða hugann að þeim möguleika að stríð brjótist út á milli Rússlands og Atlantshafsbandalagsins. » 38



Morgunblaðið/Eggert

Bananabrauð við upphaf samningafundar

Bára Hildur Jóhannsdóttir sáttasemjari, Stefán Ólafsson, sérfræðingur hjá Eflingu, og Ást-ráður Haraldsson ríkissáttasemjari gæða sér

á nýbökðu bananabrauði og kaffisopa fyrir fund breiðfylkingar stéttarféлага Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins í Karp-

húsinu í gær. Fundurinn stóð yfir í tæpar níu klukkustundir og hefur nýr fundur í deilunni verið boðaður klukkan níu í dag.

Hrun í sölu nýrra rafbíla

- Nærri 50% samdráttur milli ára
- Forstjóri Brimborgar bendir á auknar álögur
- Aðgerðir gegn orkuskiptum séu að bíta
- Forstjóri BL spáir 15-20% samdrætti

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Tæplega 50% færri rafbílar hafa selst á Íslandi frá áramótum en á sama tímabili í fyrra. Miðað er við fólksbíla og sölu til og með 16. febrúar. Þá hefur sala bensín- og díselbíla dregist saman um 45% á sama tímabili.

Þetta kemur fram í greiningu Brimborgar á tölum Samgöngustofu. Samkvæmt greiningunni hefur sala rafbíla hrunið í öllum flokkum hvort sem lítið er til sölu til einstaklinga, fyrirtækja eða bílaleiga.

„Þetta var allt fyrir séð. Það var búið að benda á þetta og vara við þessu en það var ekki hlustað og núna erum við í þessari stöðu,“ segir Egill Jóhannsson forstjóri Brimborgar um áhrif hærri skatta á sölu.

Auknar álögur hafa áhrif

Kílómetragjald var lagt á rafbíla um áramótin og segir Egill það ekki einu ástæðuna fyrir hruninu heldur séu að birtast samanlögð áhrif átta aðgerða gegn orkuskiptum síðustu tvö ár.

Brynjar Elefsen Óskarsson forstjóri BL segir bílaumboðið hafa gert ráð

Lítið brot kaupenda

» Egill Jóhannsson forstjóri Brimborgar áætla að 95-97% kaupenda séu ekki að kaupa rafbíla beinlínis út af áhyggjum af loftslagsmálum.

» Það bendir til að verð hafi meiri áhrif á eftirspurn almennings eftir rafbílum en loftslagskvíði.

fyrir 15-20% samdrætti í sölu rafbíla milli ára. Skattahækkanir hafi áhrif en fleira komi til.

„Ég held að kílómetragjaldið hafi líka truflað. Það er enginn vafi á því en svo eru ytri aðstæður að trufla líka og kannski mest. Þá meðal annars hátt vaxtastig og að ekki sé búið að ljúka kjarasamningum. Þannig að ég held að margir þættir komi saman og svo var mikil sala undir lok síðasta árs þegar hillti undir þessar breytingar,“ segir Brynjar um ástæður minni sölu.

M Mikill samdráttur í sölu ... » 20

Myndir af lundum og lóum bara „feik“

■ „Ég hefði nú frekar kosið að stórt stéttarfélag hefði keypt myndir af íslenskum ljósmyndum fyrir þetta blað.



Þetta er bara feik,“ segir Vilhelm Gunnarsson, formaður Bláa ljósmyndarafélags Íslands, um orlofsblað Sameykis. Þema blaðsins er fuglar í íslenskrá náttúru en myndirnar eru gerðar með gervigreind. Vera Sveinbjörnsdóttir framkvæmdastjóri Myndstefs segir að enn sé mörgum spurningum ósvarað varðandi gervigreind. „Tæknin er góð til síns brúks en við höfum áhyggjur af því að verið sé að sniðganga höfunda.“ » 18

20% afsláttur
af öllum dömuilmum
22.-25. febrúar



HAGKAUP





AFP/Kirill Kudryavtsev

Fordæming Stjórnvöld fordæma Rússa fyrir meðferðina á Navaln.

Fordæma meðferðina á Navaln

Íslensk stjórnvöld fordæma meðferð rússneskra stjórnvalda á stjórnarandstæðingnum Alexei Navaln sem leiddi til andláts hans í fangelsi í síðustu viku.

Í tilkynningu frá utanríkisráðuneytinu segir m.a. að fjöldi fólks hafi verið fangelsaður fyrir að hafa opinberlega harmað andlátið og lýst samúð með málstað Navaln.

Forstöðumaður sendiráðs Rússlands var kallaður inn á teppið í gær þar sem honum var gerð grein fyrir afstöðu Íslands vegna dauða Navaln. Fordæmir Ísland fangelsun og illa meðferð þeirra sem berjast fyrir mannréttindum og frelsi.

Sigurður Ágúst nýr formaður FEB



Sigurður Ágúst Sigurðsson

Sigurður Ágúst Sigurðsson var kosinn nýr formaður Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni á aðalfundi félagsins í gærkvöldi. Fjórir sóttust eftir formannsstölnum og hlaut Sigurður Ágúst flest atkvæði, 215, eða 60%. Sigurbjörg Gísladóttir hlaut 130 atkvæði, Borgþór Kjærnested sex og Sværrir Örn Kaaber þrjú. Ógild atkvæði voru tvö en samtals kusu 356 manns í formanskjörinu.

Varahjáveitulögn yfir hraun

- Leit að leka úr Grindavíkuræð hætt
- Ný lögn verður lögð yfir hraunið
- Aðstæður erfiðar og illa gekk að finna leka
- Köldu vatni verður hleypt á í dag

Stefnt er að því að koma upp varahjáveitulögn til að flytja heitt vatn til Grindavíkur frá Svartsengi en ekki tókst að finna lekann í Grindavíkuræðinni og hefur leitinni verið hætt. Varahjáveitulögnin, sem er nú í pípunum, verður lögð yfir hraunið en ekki liggur fyrir hvenær hægt verður að koma henni í gagn. Þetta segir Sigrún Inga Ævarsdóttir, samskipta- og markaðsstjóri HS Veitna.

Grindavíkuræðin fór undir hraun í eldgosinu 14 janúar. Í síðustu viku mældist þrýstingur á dreifikerfinu í Grindavík mjög lágur og á fimmtu-

daginn kom í ljós að orsökinn væri lekinn.

Gerð var tilraun til að grafa niður í gegnum hraunið til þess að komast að lögninni og staðsetja lekann. Erfiðlega gekk þó að finna lekann og að sögn Sigrúnar voru aðstæður metnar of erfiðar til að halda áfram að grafa eftir honum.

Hún segir undirbúning hafinn við að koma varahjáveitulögninni yfir hraunið í samráði við almannavarnir. „Þetta er í raun sambærileg hugmyndafræði og var farið í yfir hraunið sem rann 8. febrúar þegar lögnin sem



Morgunblaðið/Eyþór


Jarðhræringar Varahjáveitulögn verður lögð yfir hraunið.

er undir því hrauni var skemmd,“ segir hún og vísar í það þegar hjáveitulögn var tengd við Njarðvíkuræðina sem fór í sundur vegna hraunflæðis. „Það er unnið að þessu dag og nótt og mikið kapp lagt á að vinna þetta hratt og vel,“ segir Sigrún.

Köldu vatni verður hleypt á Grindavík í áföngum í dag, nánar tiltekið eftir klukkan 10 um morguninn. Byrjað verður við höfnina þar sem fyrirtækjastarfsemi er mest og svo verður hvert hverfi tekið fyrir sig á þriggja tíma fresti. Mun taka tvo daga að koma vatni á allan bæinn.



FJALLKONAN KRÁ & KRÆSINGAR



FJALLKONAN KRÁ & KRÆSINGAR

Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Festulegir á veitingastaðnum Fjallkonunni

Þessir tveir herra menn voru einbeittir á svip þegar þeir nutu veitinganna á veitingastað-

um Fjallkonunni í miðbæ Reykjavíkur í gær. Eins jafnan áður eru veitingastaðir í borginni

þéttsettir þar sem bæði innlendir og erlendir ferðamenn gera vel við sig í mat og drykk.

Frábær flugtími til

Alicante

Í SUMAR HJÁ HEIMSFERÐUM

Keflavík (KEF)	Alicante (ALC)
09:00	15:40
Alicante (ALC)	Keflavík (KEF)
16:40	19:20

ALBÍR, ALTEA, BENIDORM, CALPE

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

Aðstoðuðu við leit að skipverjum

Áhöfnin á Barða NK var meðal þeirra sem komu að leitinni að tveimur skipverjum færeyska línu-skipisins Kams sem sökk suður af Suðurey í Færeyjum 7. febrúar. Sextán voru um borð þegar Kambur fékk á sig brotsjó og lagðist



Þorkell Pétursson

á hliðina en aðeins tókst að bjarga fjórtán um borð í þyrlu. Skipið Barði NK var á kolmunnaveiðum í færeyskri lögsögu þegar slysið átti sér stað. Leit hófst strax að týndu skipverjunum

og fékk áhöfnin á Barða símtal frá færeysku landhelgisgæslunni um klukkan tvö eftir hádegisdag.

Þorkell Pétursson, skipstjóri á Barða, lýsir atburðarásinni á vef Sildarvinnslunnar. Hann segir veðrið hafa verið snarvitlaust um morguninn og telur ölduhæðina hafa verið um sex metra. Áhöfnin á Barða hóf strax eftir símtalið og hélt af stað á leitarsvæðið.

Þegar leit hafði staðið yfir um tíma búrast skilaboð frá breskri leitarflugvél um að athuga eitthvað sem hafði sést á floti í sjónum.



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Leit Barði NK var á kolmunnaveiðum í færeyskri lögsögu.

Fundust þar tvö björgunarvesti og einn bjarghringur.

„Þessa hluti tókum við um borð. Að þessu loknu héldum við leitinni áfram og sáum töluvert af braki í sjónum. Fljótlega fengum við tilkynningu um að leitinni væri frestað fram í birtingu og þar með lauk þátttöku okkar í þessari leit.“

Leitin hélt áfram næstu daga en án árangurs. Er sýðmennirnir taldir af.



HREINAR LÍNUR

TOYOTA C-HR



Nýjasta útgáfa Toyota Safety Sense

- Meira öryggi og fjölhæfari akstursaðstoð

Fimmta kynslóð Toyota Hybrid-kerfisins

- Betri orkunýting og minni útblástur

Toyota Smart Connect

- Margmiðlunarkerfi með 12,3" snertiskjá

TOYOTA C-HR HYBRID. Verð frá: 6.790.000 kr.

KINTO langtímaleiga. Verð frá: 172.000 kr. á mánuði.

TOYOTA FÖRUM LENGRA



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



UMHVERFISVERBLAUM ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTEKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem kann að vera tilgreindur. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota bílum. Birt með fyrirvara um villur.

Greiðir sekt en nágranninn ekki

● Íbúar við Nesveg í Vesturbæ Reykjavíkur virðast ekki njóta jafnræðis er kemur að niðurfellingu stöðubrota ● Nönnu gert að greiða sekt en nágranninn fékk sekt fellda niður eftir kvörtun til bílastæðasjóðs

Viðar Guðjónsson
vidar@mbl.is

Íbúa við Nesveg í Vesturbæ Reykjavíkur verður gert að greiða sömu stöðubrotu og nágranni hennar fékk niðurfellda eftir kvörtun til bílastæðasjóðs.

Íbúinn, Nanna Gunnarsdóttir, furðar sig á því að íbúar við götuna njóti ekki jafnræðis hvað viðkemur niðurfellingu stöðubrota. Þegar borginni var bent á að nágranninn hefði fengið sektina niðurfellda var henni tjáð af fulltrúa borgarinnar að hann myndi ekki tjá sig um grannann og þar við sat.

„Það sem mér gremst er það að við ættum öll að fá sektina niðurfellda. Það ætti eitt yfir alla að ganga. Þetta er spurning um jafnræði. Eg er alveg



Nanna Gunnarsdóttir

jafn dauð og alveg jafn blönk þótt ég borgi þennan 15 þúsund kall en þetta snýst um jafnræði,“ segir Nanna við Morgunblaðið.

Málið á rætur að rekja til þess að síðla árs 2023 hóf borgin fyrirvaralaust að sekta íbúa á Nesvegi. Við hann er pláss fyrir bíla til að leggja báðum megin götunnar í akstursstefnu. Eins hafa þeir íbúar sem eiga innkeyrslu sunnan megin við götuna lagt bíl sínum þversum nærri götunni í stað þess að keyra alla leið inn



Ljósmynd/Nanna

Nesvegur Bíllinn í innkeyrslu en hvorki á götu né gangstéttinni.

í innkeyrslu, yfir gangstétt sem þar er. Bíllinn er því hvorki úti á götu né inni á gangstétt.

Breyttist án fyrirvara

Nanna er einn þeirra íbúa sem lagt hafa þannig. Hið sama hafa aðrir íbúar gert árum saman án þess að fá sekt fyrir stöðubrot. Það breyttist hins vegar án fyrirvara fyrir skemmstu.

„Við höfum búið hérna síðan 1996. Aðalástæðan fyrir því að við leggjum svona er sú að við viljum ekki aka á gangandi vegfarendur,“ segir Nanna. Málið er ekki hið fyrsta sem sagt hefur verið frá á mbl.is. Þannig var sagt frá máli Ara Jóns Arasonar, íbúa við götuna, sem fékk sína sekt niðurfellda eftir að hann kvartaði undan því að

hafa skyndilega verið sektaður þrátt fyrir að hafa lagt eins í átta ár.

Í skýringum sem sendar voru Vigfúsi manni Nönnu þegar hann kærði niðurstöðu bílastæðasjóðs segir m.a.:

„Svæðið þar sem fláinn er og fyrir framan hann er á borgarlandi og skilgreinist sem umferðareyjur eða svipaðir staðir, innkeyrslur, eftir því sem við á. Þar má s.s. ekki leggja.“

Nanna segist ekki efast um að þetta sé rétt. En vísar aftur til jafnræðis í málinu og bætir við:

„Ef þetta er borgarland, þá getur borgin líka hirt þetta og mokað snjóinn,“ segir Nanna. Ólíkt Ara höfðu Nanna og Vigfús maður hennar þegar greitt sektina sem þau vilja fá niðurfellda. Slíkt hafði Ari ekki gert.

Horft til hafs frá Sólfarinu



Morgunblaðið/Eggert

Engir ferðamenn geta sagt að þeir hafi komið til Íslands, nema að virða höggmyndina Sólfarið fyrir sér. Verkið hefur staðið við Sæbraut í Reykjavík frá árinu 1990 þegar það var

afhjúpað á afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst það ár. Er það einn vinsælasti áningarstaður ferðamanna sem sækja landið heim. Ágætlega mun viðra næstu daga fyrir gesti

okkar að heimsækja Sólfarið og aðra áningarstaði. Kalt verður í veðri en sólin mun láta sjá sig í flestum landshlutum, með einstaka úrkomu á víð og dreif.



VOR OG HAUST FJÖLDI BROTTFARA

GOLF Á ALICANTE

Alicante Golf eða El Plantío Golf Resort

Innifalið í verði:

Flug, 4 stjörnu gisting með morgunverði, flutningur á setti, ferðataska og handfarangur, ótakmarkað golf og golfbíl (utan ferðadaga).

ÓTAKMARKAÐ
GOLF & GOLBÍLL

VERÐ FRÁ **186.900 KR.**

*Verð m.v. 4 fullorðna.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Bílakjallari Rampurinn niður í bílakjallara Alþingis er með slá fyrir.

Hert öryggisgæsla við Alþingishúsið

● Þingið tjáir sig ekki um ráðstafanir

„Eöli málsins samkvæmt er aukin öryggisgæsla á Alþingi þegar mótmæli eru. Að öðru leyti getum við ekki tjáð okkur um öryggisráðstafanir þingsins,“ sagði Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri Alþingis í skriflegu svari til Morgunblaðsins, þegar leitað var eftir upplýsingum frá henni um auknar öryggisráðstafanir á Alþingi sem og í bílakjallara þingsins.

Til aukins eftirlits hefur verið gripið í kjölfar þess að mótmælandi, fullorðinn karlmaður, sem hélt til við þinghúsið í mótmælaaðgerðum Palestínnumanna og stuðningsmanna

þeirra á dögnum, henti klakastykki, að því er talið er, í bíl Diljár Mistar Einarsdóttur alþingismanns á leið hennar út úr bílakjallara þingsins og veittist síðan að henni í kjölfarið með ókvæðisorðum.

Var Diljá Mist mjög brugðin við atvikinu. „Þetta er auðvitað ekki gert til neins annars en til að hræða fólk og valda því einhvers konar öryggi og ónotum. Þetta er ekkert annað en ofbeldi auðvitað,“ sagði Diljá í samtali við mbl.is, spurð um atvikinu.

Birgir Ármannsson forseti Alþingis segir þingið í þétu samtali við lögregluna vegna öryggismála þess.



F&S

— outlet —

Holtagörðum

ENGLABÖRNIN

Herra
lagerinn

Mathilda

TROÐFULL VERSLUN AF MERKJAVÖRU

30-50% AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM VÖRUM

Opnunartímar

mán-fös: 11-18

laugardagar: 11-17

sunnudagar: 12-17

Stuðningur í stjórnarandstöðu

● Miðflokkur og Flokkur fólksins styðja útlendingafrumvarpið ● Útiloka ekki breytingartillögur til að herða löggjöfina ● Viðreisn vill samtal ● Píratar á móti ● Segja frumvarpið engu breyta

BAKSVIÐ

Ólafur E. Jóhannsson
oej@mbl.is



„Það er eitt og annað ágætt í þessu frumvarpi. Þetta hafði lengi verið boðað og er nú komið fram og sett í samhengi við einhverja áætlun ríkisstjórnarinnar um meinta heildarstefnu í útlendingamálum, en margt þar tel ég að vinni gegn markmiðum þessa frumvarps,“ segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson alþingismaður, formaður Miðflokksins, í samtali við Morgunblaðið, spurður um afstöðu til útlendingafrumvarps dómsmálaráðherra sem samþykkt var í ríkisstjórn á þriðjudag.

„Í frumvarpinu eru nokkur atriði til bóta og hefði fyrir löngu átt að vera búin að laga. Þarna er fyrst og fremst verið að laga atriði sem höfðu þróast til verri vegar eftir að útlendingalögin voru samþykkt á sínum tíma, eins og viðbótarverndin sem nú á að stytta úr fjórum árum niður í tvö. Af hverju er verið með þetta inni? Þetta er eitthvað sem var bætt við til að hægt væri að veita þeim hæli sem ekki áttu rétt á því. Nú eiga þeir að fá hæli í tvö ár í stað fjögurra. Mun það einhverju breyta?“ spyr Sigmundur Davíð.

„Eins er með alþjóðlega vernd sem stýttist úr fjórum árum í þrjú, breytir það einhverju í raun? Þessar aðgerðir bera ekki með sér að menn geri sér fyllilega grein fyrir eðli og umfangi vandans. Það dugar ekki að stagbæta þessi útlendingalög. Það þarf að afnema þau og setja ný,“ segir hann og að líta eigi til Danmerkur í því efni. „Þar fá menn ekki hæli ef þeir mæta sjálfir á staðinn og sækja þar um. Þeir verða að sækja um annars staðar frá,“ segir Sigmundur Davíð.

„Við munum eflaust styðja frumvarpið því það er ekki til tjóns, en það tekur ekki mið af vandanum í samræmi við tilefnið.“

Spurður hvort Miðflokkurinn muni flytja breytingartillögu við frumvarpið til að herða löggjöfina enn frekar, segir Sigmundur Davíð að erfitt sé að stagbæta gallaða löggjöf.

„Mér sýnist þó að hægt sé að laga frumvarpið til að ná betri árangri, þannig að ég tel það frekar líklegt að við komum með einhverjar tillögur,“ segir hann.

Vilja ganga lengra

„Ég styð þessar breytingar 150%, en við í Flokki fólksins höfum alltaf viljað ganga lengra. Þetta er lítið skref í rétta átt og skref sem Sjálfstæðisflokkurinn og fleiri hafa reynt að stíga lengi, en Vinstrihreyfingin



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Útlendingamál Svo virðist sem minni ágreiningur muni verða um nýjasta frumvarpið til útlendingalaga en áður.



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson



Inga Sæland



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir



Arndís Anna K. Gunnarsdóttir

– grænt framboð hefur barist gegn með oddi og egg undanfarin ár,“ segir Inga Sæland, formaður Flokks fólksins, í samtali við Morgunblaðið, spurður um afstöðu til frumvarps dómsmálaráðherra um útlendingamál.

„Undanfarin ár höfum við verið að taka á móti áttfalt fleiri umsóknum en Danmörk, Noregur og Finnland. Á síðustu tveimur árum eru umsóknirnar 9.000 og kostnaðurinn 35 milljarðar,“ segir hún.

„Það voru 27 orð í 1.562 orða fréttatilkynningu sem kom frá stjórnarflokkunum sem innihéldu raunverulega þær aðgerðir sem á að ráðast í núna. Þar á að fella burtu þessar sérreglur sem við erum búin að koma okkur upp og hafa verið okkur mikill fjötur um fót,“ segir Inga.

Spurð hvort Flokkur fólksins muni leggja fram breytingartillögur sem ganga lengra en gert er í frumvarpinu, segir Inga: „Við komum með breytingartillögur, það er engin

spurning. En þetta er sorglega lítið skref í rétta átt, miðað við ófremdar-ástandið sem ríkir í málaflökkunum. Það verður að ganga lengra. Ísland er uppselt fyrir frekara flæði hælisleitenda, á meðan við erum að vinna niður þann mikla fjölda sem þegar bíður eftir úrvinnslu sinna mála. Þegar glasið er orðið fullt og enn er bætt í það, þá flæðir upp úr.“

Styttra á milli en fólk heldur

„Þetta er eðlilegt skref og við skoðum þetta. Það er líka verið að boða að þetta frumvarp sé hluti af stærri mynd og mér finnst sjálfsagt að við förum vel yfir það. Það er öllum ljóst að það þarf að stíga ákveðin skref, gera hlutina skilvirkari, bæði út frá mannúð en líka fjármunum og hvað innviðir okkar þola,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir formaður Viðreisnar í samtali við Morgunblaðið, þegar viðbrögða hennar var leitað við frumvarpi dómsmálaráðherra um útlendingamál.

Þorgerður Katrín segir að það væri áfelligsdómur yfir þeim sem í pólitík eru að geta ekki ráðið fram úr því að leysa umgjörðina utan um fólk sem vill flytja hingað. „Það þarf bara að bretta upp ermar og leysa þetta. Til þess vorum við kosin. Þetta er flókið mál en ekki það flóknasta. Og það er styttra á milli flokka en fólk heldur. Nema ætlunin sé raunverulega sú að láta ófgar og yfirboð mætast. Það tapa allir á því að gera útlendingamál að kosningamáli,“ segir hún.

„Mér sýnist að tveir eða jafnvel fleiri flokkar í stjórnarandstöðunni séu reiðubúnir í það samtal. Mér finnst líka skipta máli hvernig Guðrún Hafsteinsdóttir nálgast þetta mál, því orð og framsetning skipta máli. Mér finnst hún vera að byggja undir það að hægt sé að ná meiri samstöðu og skynsamlegri niðurstöðu, út frá þeim veruleika sem við búum í,“ segir Þorgerður Katrín.

Nú kom fram frumvarp haustið 2022 um útlendingamál þar sem gengið var skemmta en þetta frumvarp gerir. Þingmenn Viðreisnar greiddu atkvæði gegn því á Alþingi. Hvað hefur breyst?

„Ríkisstjórnin er að átta sig á að það er hægt að horfa á þetta meira heildstætt. En við getum ekki lokað augunum fyrir þeim veruleika sem við stöndum frammi fyrir núna. Það er alveg skýrt. Nú er boltinn hjá ríkisstjórninni. Tveir flokkar í stjórnarandstöðu hið minnsta hafa gefið vink og þá er spurningin

hvernig ríkisstjórnin ætlar að halda áfram þessari vinnu. Ef ríkisstjórnin sest niður og gerir þetta skynsamlega er Viðreisn til í það samtal,“ segir Þorgerður Katrín.

„Gleymum ekki því að þeir sem fara með dómsmálaráðuneytið og framkvæmdavaldið hverju sinni þurfa að framkvæma hlutina,“ segir hún og beinir gagnrýni sinni að Sjálfstæðisflokknum. „Þeir velja að vera með flokki sem er hinum megin á línunni. Fyrir vikið erum við stöpp, heldur líka orkumálin og ýmis önnur mál, því að þetta eru ólíkir flokkar,“ segir Þorgerður Katrín og vísar þar til Vinstri grænna.

„Sjálfstæðisflokkurinn ber ábyrgð á því með hverjum þeir vinna og ef það verður hökt, m.a. í þessu máli, er það ekki á ábyrgð stjórnarandstöðunnar,“ segir Þorgerður Katrín.

Mun engin áhrif hafa

„Þær breytingar sem eru lagðar til í þessu frumvarpi ganga gegn markmiðunum sem lýst er í þeirri heildarsýn sem ríkisstjórnin er búin að kynna,“ segir Arndís Anna Kristínardóttir Gunnarsdóttir alþingismaður Pírata, spurður um afstöðu til frumvarpsins.

„Í heildarsýninni er talað um að þau vilji auka skilvirkni kerfisins og stuðla að inngildingu fólks sem á rétt á að vera hér. Frumvarp dómsmálaráðherra gerir hvorugt. Þau ætla að stytta gildistíma dvalarleyfa sem ég sé ekki að þýði annað en auknið álag á Útlendingastofnun og að málsmæðferðum muni fjölga. Tilgangurinn er líka mjög óljós. Þau segja að hann sé aðlögun að hinum norrænu löndunum, en þau eru mjög ólík þegar að þessu kemur, nema Finnland. Það eina sem virðist eiga að gera er að skapa fælingarmátt, en það mun ekki virka. Lengd dvalarleyfis er ekki eitthvað sem fólk horfir á þegar það er að reyna að koma sér í öruggt skjól,“ segir Arndís Anna.

Hún nefnir að það að stytta dvalarleyfi vinni augljóslega gegn settum markmiðum ríkisstjórnarinnar, því ef fólk sé með dvalarleyfi til eins árs, sé minni hvati til að læra íslensku en ef dvalarleyfi er til 3 eða 4 ára.

„Það að skerða möguleika á fjölskyldusameiningu er ein áhrifaríkasta leiðin til að koma í veg fyrir inngildingu, að neyða fólk til að skilja fjölskylduna eftir í heimalandinu kemur augljóslega í veg fyrir hana,“ segir Arndís Anna og með því sé verið að vinna gegn settum markmiðum.

„Þetta mun ekki hafa nein áhrif á fjöldann sem leitar hingað,“ segir hún.

Ekki búin að kynna sér frumvarpið

„Erum á Norðurlandi á fundarferð og um atvinnu og samgöngur. Þurfum að skoða frumvarpið betur áður en við bregðumst við.“ Þetta segir aðstoðarmaður Kristrúnar Frostadóttur formanns Samfylkingarinnar í skilaboðum til blaðamanns Morgunblaðsins.

Ítrekað var leitað eftir viðbrögðum Kristrúnar vegna útlendingafrumvarpsins, en án árangurs. Hún hefur boðað stefnubreytingu Samfylkingarinnar í útlendingamálum sem vakið hefur litla hrifningu ýmissa í forystusveit flokksins sem og í grásrótinni.



Kristrún Frostadóttir

LÝÐRÆÐI
TJÁNINGARFRELSI
JAFNRÆÐI

#fruforseti

www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrundi á samfélagsmiðlum @fruforseti

Ég lifði af

Skjót fyrstahjálp, hjartahnoð og hjartastuðtæki björguðu lífi mínu.

Vertu með hjartastuðtæki við hönd.

HeartSine

Vefverslun: www.donna.is
Erum nú á Facebook: donna ehf

Donna

Sími 555 3100 www.donna.is

BYD

BUILD YOUR DREAMS

UPPLIFÐU FRAMTÍÐINA Í BYD ATTO 3

KOMDU OG REYNSLUAKTU BYD ATTO3,
VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR



BYD ATTO 3 VERÐ KR. 6.490.000

NÝTT OG LÆKKAÐ VERÐ

Hægt er að sækja um styrk frá Orkusjóði, allt að 900.000.- kr

Drægi (WLTP) 420-565 km. Hámarksafli 150 (kW)


BYD Atto3 er rafdrifinn, nettur jepplingur með hágæða frágangi og nútíma útliti. Atto3 er fyrsti bíllinn frá BYD sem smíðaður er á nýja undirvagninn e-Platform 3.0. Hann er með nútímalegt og ungæðislegt útlit og er hlaðinn búnaði í staðalgerð. ATTO 3 hraðar sér úr 0 í 100 km/klst á **7,3 sekúndum**.

Nánari upplýsingar á byd.is

BYD ER STÆRSTI RAFBÍLAFRAMLEIÐANDI Í HEIMI

byd.is / soludeild@vatt.is / Vatt ehf. Skeifunni 17 / Sími 568 5100

 **vatt** ehf



MORGUNBLAÐIÐ 22.2.24

IVAR

STAKSTEINAR

Ekki-stefnubreytingin

Samfylkingarmenn sverja af sér stefnubreytingu formannsins í útlendingamálum. Hún blasir þó við ef nýleg ummæli formannsins eru borin saman við stefnuskrár flokksins síðustu árin, líkt og rifjað var upp hér í gær.



Kristrún Frostadóttir

En Samfylkingin ályktaði ekki aðeins heldur hélt hún, ásamt Pírötum og Viðreisn, uppi málþófi á þingi og kom þannig í veg fyrir lagabreytingar. Óli Björn Kárason alþingismaður rifjaði upp nokkur ummæli úr þessum umræðum, t.d. fyrrverandi formanns, Loga Einarssonar, sem sagði um þá sem töluðu fyrir mildum lagabreytingum: „Þeirra er skömmin í dag. Við í Samfylkingunni munum öll segja nei við þessu frumvarpi.“



Logi Einarsson

Jóhann Páll Jóhannsson þingmaður Samfylkingarinnar sagði frumvarpið grafa „undan réttindum fólks“.

Oddný Harðardóttir talaði ekki heldur tæpitungu gegn málinu: „Við í Samfylkingunni höfnum þessu miskunnarleysi og greiðum atkvæði gegn frumvarpinu.“

Og nú segist formaður Samfylkingarinnar vilja fara norræna leið í lagasetningu, en þegar danskir jafnaðarmenn stóðu fyrir nauðsynlegri lagabreytingu fyrir þremur árum sagði þáverandi formaður Samfylkingarinnar: „Ég ætla að ganga svo langt að segja að ég bara fordæmi danska jafnaðarmenn fyrir þetta.“

Hægt er að lýsa skoðun á ritstjórnargreinum Morgunblaðsins á slóðinni www.mbl.is/mogginn/leidarar

Bílastæðagjöld í Stykkishólmi

● Hóflægur tollur verður lagður á farþega sem ætla í Breiðafjarðarsiglingar

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Í undirbúningi er að hefja gjaldtöku fyrir afnot af bílastæðum við höfnina í Stykkishólmi. Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri í Stykkishólmi, segir að á góðum dögum yfir sumartímann sé algengt að 200-300 bílum sé lagt í nágrenni hafnarinnar og við Súgandisey. Á síð-

ustu árum hafi bærinn lagt í talsverðan kostnað við að bæta og byggja upp aðstöðu á hafnarsvæðinu. Slíkt hafi verið mikilvægt því allt að 300 þúsund manns komi á svæðið árlega. Margir séu þá að fara í siglingar með Breiðafjarðarferjunni Baldri, skemmtibátum sem fara út að eyjum og skerjum eða njóta náttúrunnar í Súgandisey.

„Framkvæmdir á þessum stað eru vissulega ekki skylduverkefni sveitar-



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Hólmurinn Horft að ferjulæginu og bílastæðunum úti í Súgandisey.

félagsins. Við höfum hins vegar sett töluverða fjármuni í uppbyggingu á svæðinu. Því er í raun eðlilegt að sveitarfélagið leggi á hófllega þóknun sem lið í því að fjármagna verkefnið,“ segir Jakob Björgvin. Ýmsar leiðir bjóðast við innheimtu en vænta má að í Hólminum verði sett upp blandað kerfi með myndavéla- og greiðslukassa.

„Við erum að þoka þessu máli í gegnum bæjarkerfið einmitt þessa dagana. Stefnan er sú að gjaldtakan verði að veruleika strax í sumar,“ segir bæjarstjórninn.



Hjarta heimilisins

Við hönnum innréttingar að þínum þörfum

FRÍFORM
2000 - 2024

Mán. — Föst. 10–17
Laugardaga 11–15

Fríform ehf.
Askalind 3,
201 Kópavogur.
562–1500
Friform.is.

Ræða útlendingamála á opnum fundi

● Sjálfstæðisflokkur í fundiferð í dag

Árleg hringferð Sjálfstæðisflokksins um landið hefst í Reykjanesbæ í kvöld. Þar verður opinn fundur í Grófinni kl. 18 þar sem fjallað verður um útlendingamál. Yfirskrift þess fundar er Verndarkerfi á þolmörkum en frummælendur verða formaður flokksins, Bjarni Benediktsson, og Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra.

Fundaferðin stendur til 27. febrúar. Komið verður við á 18 stöðum hringinn um landið og fólki gefinn kostur á að eiga beint og milliliðalaust samtal við þingmenn og ráðherra um þau mál sem helst á brenna, eins og það er orðað í tilkynningu frá Sjálfstæðisflokknum. Í hádeginu á morgun, föstudag, verður opinn súpufundur á Akranesi. Þaðan verður haldið að Bessastöðum í Húnaþingi vestra þar sem nærsveitungum er boðið á opinn fund í fjósinu kl. 15. Annað kvöld verður þingflokkurinn með trúnaðarmönnum á Blönduósi.

Þingflokkurinn verður með morgunfund á Sauðárkróki á laugardaginn kl. 10, í hádeginu á Siglufirði og endað á opnum fundi á Akureyri kl. 16.30. Á sunnudaginn hefst dagskráin kl. 11 með opnum fundi í Vogafjösi við Mývatn. Þaðan



Morgunblaðið/Eggert

Sjálfstæðisflokkur Þingflokks er á leið í hringferð um landið.

halda sjálfstæðismenn til Egilsstaða þar sem haldin verða kvenna- og karlaboð kl. 15. Næsti áfangastaður verður Reyðarfjörður á sunnudag kl. 17.30. Hádegisfundur verður á Djúpavogi á mánudag en þaðan er haldið á Höfn þar sem verður opinn fundur kl. 16.30 í Heppu. Endað verður á Kirkjubæjarklaustri á björkvöldi í Skaftárstofu kl. 20 á mánudagskvöld.

Síðasti fundardagur í þessari lotu verður þriðjudaginn 27. febrúar. Þá verður þingflokkurinn á opnum fundum í Friðheimum í Bláskógabyggð kl. 12, á Flúðum kl. 14.20, á Selfossi í Bankanum vinnustofu kl. 16.30 og í hlöðunni í Hjalla í Ölfusi kl. 18.



ÚRVAL ÚTSÝN

FEBRÚAR, MARS OG PÁSKAR Á TENERIFE

KYNNTU ÞÉR TILBOÐIN Á UU.IS

COSTA ADEJE

PLAYOLID



Íbúðargisting stutt í strönd, Góð sundlaug og sólbaðsaðstaða auk krakkaklúbbs, unglingsklúbbs og skemmtidagskráar.

PLAYA DE LAS AMERICAS

H10 LAS PALMERAS



Flott sundlaug og sólbaðsaðstaða auk tennisvallar, líkamsræktar og veitingastaða. Skemmtidagskrá er á hótelinu.

GUIA DE ISORA

GRAN MELIA PALACIO DE ISORA



Glæsilegt 5 stjörnu hótél á norðurhluta eyjunnar. 3 sundlaugar, 7 veitingastaðir, heilsulind og krakkaklúbbur.

PLAYA DE LAS AMERICAS

TIGOTAN LOVERS & FRIENDS



Vel staðsett í hjarta Playa del Americas og í göngufæri frá strönd. Góð sundlaug og sólbaðsaðstaða. Aðeins ætlað 18 ára og eldri.

COSTA ADEJE

BEST JACARANDA



Glæsilegt 5 stjörnu hótél aðeins 500 m frá strönd. 2 stórir sundlaugagarðar, líkamsrækt og veitingastaður. Njóttu vel.

PLAYA DE LAS AMERICAS

HOTEL TROYA



Mjög vel staðsett við strönd. Góð sundlaug og sólbaðsaðstaða auk tennisvallar, heilsulindar, líkamsræktar og skemmtidagskráar á kvöldin.

PÁSKAR


HOVIMA JARDIN CALETA



21. MARS 10, 11 EÐA 12 NÆTUR
Takmarkað framboð - Fleiri gistingar í boði.

PÁSKAR

PARADISE PARK FUN LIFESTYLE HOTEL



22. MARS 10, 11 EÐA 12 NÆTUR
Takmarkað framboð - Fleiri gistingar í boði.

PÁSKAR

HÓTEL GALA



23. MARS 10, 11 EÐA 12 NÆTUR
Takmarkað framboð - Fleiri gistingar í boði.

NÆSTU BROTTFARIR

SKOÐADU FLEIRI VINSÆL HÓTEL Á UU.IS
26. FEB, 29. FEB, 4. MARS, 7. MARS, 11. MARS, 13. MARS

BÓKAÐU Á URVALUTSYN.IS,
INFO@UU.IS EÐA 585 4000



Lakari nýting Landeyjahafnar

● Prálátar austanáttir hafi valdið auknum sandburði frá Markarfljóti ● Herjólfur hefur siglt 70% ferða til Landeyjahafnar ● Rannsókn er að hefjast á möguleikum á að draga úr sandburðinum

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Það sem af er vetri 2023-2024 hefur Herjólfur siglt til Landeyjahafnar í um 70% tilfella en í 30% ferða til Þorlákshafnar. Þetta kemur fram á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Tölur fyrir febrúar, mars og apríl eiga eftir að bæstast við fyrir árið 2024 en ljóst er að nýtingarhlutfallið til Landeyjahafnar mun verða mun lakara en árin á undan. Það skýrist nær eingöngu af ónógu dýpi eftir þrálátar austanáttir, segir á heimasíðunni.

Samkvæmt upplýsingum sem Morgunblaðið fékk hjá Vegagerðinni hafa siglingar Herjólfur verið þannig frá 1. janúar 2024 til og með 16. febrúar: Janúar: Til Landeyjahafnar (48) og til Þorlákshafnar (78).

Febrúar: Til Landeyjahafnar (64) og til Þorlákshafnar (24).

Í vetur hefur ríkjandi öldustefna verið úr austri sem veldur því að efni frá Markarfljóti veldur verulegri aukningu í sandflutningi inn á svæði Landeyjahafnar. Síðast gerðist þetta árið 2019.

Flleiri ferðir í fyrravetur

Veturinn 2022-2023 voru 77% ferða Herjólfur farin til Landeyjahafnar, 6% ferða í Landeyjahöfn í hálfan dag og í 4,9% tilfella var siglt bæði til Landeyjahafnar og Þorlákshafnar sama daginn. Nýtingarhlutfallið það ár var svipað og var reiknað með þegar höfnin var byggð.


Haustið 2023 var heldur óvenjulegt við suðurströndina, samkvæmt



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Herjólfur Nýting Landeyjahafnar hefur aukist verulega eftir að nýja ferjan leysti hina gömlu af hölmi árið 2019.

Siglingar Herjólfur Til Landeyjahafnar og Þorlákshafnar í janúar og febrúar*



upplýsingum Vegagerðarinnar. Það einkenndist af stöðugri austan öldu. Öldustefnan breyttist um miðjan

janúar og suðvestan öldur urðu ríkjandi.

Reynslan sýnir að í austanátt safnast mun meira efni í kerfið í kringum Landeyjahöfn vegna aurburðar við ós Markarfljóts. Þá vegur einnig þungt að ós Markarfljóts hefur færst til og er í dag mun nær höfninni en áður. Undanfarin ár hefur Markarfljótið verið í um tveggja til tveggja og hálfu kílómetra fjarlægð frá höfninni en er í dag einungis í um eins kílómetra fjarlægð.

Árið 2023 voru fjarlægðir 340 þúsund rúmmetrar af sandi í og við Landeyjahöfn sem er hundrað þúsund rúmmetrum meira en árið 2022. Þrátt fyrir það var Landeyjahöfn ófær að hluta eða alveg, vegna

dýpis eða veðurs, 134 daga árið 2023 samanborið við 108 daga árið á undan. Skýringin felst í mun meiri efnisöfnun við höfnina vegna stöðugrar austan öldu, segir Vegagerðin.

Álfnesið, skip Björgunar, hefur unnið að dýpkun í og við Landeyjahöfn þegar færi hefur gefist.

Dýpkunarskipið getur ekki athafnað sig þegar ölduhæð er yfir 1,5 metrar, vindur yfir 10 m/s og þarf að sæta lagi milli flóðs og fjöru þegar dýpi í mynni hafnarinnar er undir 5 metrum. Um leið og dýpi er meira en fimm metrar og veður ásættanlegt eru afköst Álfnessins fullnægjandi.

Næstu daga er of mikil ölduhæð til dýpkunar í Landeyjahöfn og

Herjólfur siglir því frá Eyjum til Þorlákshafnar eins og skipið hefur gert undanfarna daga.

Eftir að nýtt skip, þ.e. Herjólfur IV, kom til landsins árið 2019, stóðu eftir tveir þættir sem hafa áhrif á siglingu ferjunnar til Landeyjahafnar: ölduhæð og sandflutningar.

Stjórnhæfni Herjólfur IV er mun betri en hjá eldra skipinu og því hefur straumurinn fyrir framan höfnina ekki sömu áhrif og áður. Einnig ristir skipið mun minna og getur því siglt á flóði að vetri til, þótt dýpi hafi minnkað. Þetta kemur fram í samantekt á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Nýtingin hefur aukist

„Margt hefur áunnist á þeim tíma sem unnið hefur verið með Landeyjahöfn. Frá því að hún var opnuð og þar til núna hefur nýtingarhlutfallið aukist verulega með nýjum Herjólfur og aukinni reynslu í rekstri hafnarinnar. Vonir standa til að hægt verði að halda áfram að bæta höfnina, enda öllum ljóst hversu mikilvæg þessi samgöngubót er fyrir Vestmanneyinga og gesti þeirra,“ segir á heimasíðu Vegagerðarinnar.

Stofnunin vinnur nú að rannsóknaráætlun með DHI í Danmörku um hvernig mögulegt er að leiða aurburðinn frá Landeyjahöfn. Gert er ráð fyrir að sú rannsókn hefjist á þessu ári. Einnig verður kannað hvort hægt sé að hækka þann ölduhæðarþröskuld sem Herjólfur getur siglt til hafnarinnar með einhverjum aðgerðum án þess þó að raska náttúrulegum skilyrðum í höfninni.

VIÐ LEITUM AÐ

fallegum og fágætum munum

Frímerki, umslög og óvenjulegir stimplar



Seðlar



Mynt, minnispeningar og heiðursorður




Hlutabréf



Einkagjaldmiðlar



Póstkort



Stærsta og öflugusta uppboðssíða á sviði söfnunar á Íslandi

Við höldum sérhæfð netuppboð á söfnunarmunum í hverjum mánuði. Mikil eftispurn er eftir góðum hlutum. Við veitum kaupendum og seljendum trausta og örugga þjónustu. Við verðmetum bæði einstaka muni og lítil sem stór söfn. Fagleg og vönduð ráðgjöf.

Leynist fjársjóður í fórum þínum?

SAFNARI.IS

U P P B O Ð F Y R I R S A F N A R A

Pósthólf 8028, 128 Reykjavík, Ísland, sími (+354) 8404944, info@safnari.is

Geðhjálp til liðs við Umhyggju með foreldrastarfi

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

„Ég trúi að nú fái foreldrar barna með alvarlegan geðrænan vanda betri þjónustu. Gjarnan upplifir þetta fólk sig eitt í baráttunni og aðstæðna vegna er lífið komið í öngstræti. Núna ættu að bjóðast betri möguleikar til hjálpar,“ segir Árný Ingvarsdóttir, framkvæmdastjóri Umhyggju – félags langveikra barna.



Árný Ingvarsdóttir

Á fundi í Valsheimilinu á Hlíðarenda í Reykjavík, N1-höllinni, sem hefst kl. 12 í dag verður ný aðild Geðhjálpar að Umhyggju kynnt. Samkvæmt því bjóðst fólki sem á börn sem glíma við alvarlegar geðrænar áskoranir og gengur í foreldrahóp Geðhjálpar aðgangur að fjölbreyttri þjónustu



Morgunblaðið/Eggert

Leikskóli Að börnin fái jafnan allt hið besta er afar mikilvægt.

Umhyggju og þar með stuðningur úr ýmsum áttum.

Þar má nefna ráðgjöf og stuðning í réttindabaráttu, fjárstyrki, endurgjaldslausu lögfræðiráðgjöf og sálfræðijónustu svo og möguleika á dvöl í sérútbúnum orlofshúsum bæði sumar og vetur. Þetta mun Árný fara betur yfir á fundinum – en hún segir fagnadarefni að samstarf við Geðhjálp sé

orðið að veruleika. „Foreldrahópar eru mikilvægir í öllu starfi í þágu barna, en þeir þurfa bakland og þekkingu eins og nú bjóðst,“ segir Árný. Hún bætir við að viðvíkjandi ýmsum þeim sjúkdómum sem börn glíma við séu til stuðningshópar eða félög. Slíkt hafi þó ekki verið þegar vandi barnanna sé geðrænn. Nú sé slíkt komið og mikilvægt sé þá að félagsskapurinn hafi bakland, til dæmis í Geðhjálp og Umhyggju. Foreldrar fylgi sínum börnum á ákveðnu árabili, en svo sé annarra að taka við keflinu og þá mikilvægt að formgert félag sé við lýði.

Í Umhyggju starfa foreldrar langveikra barna og fagfólk innan heilbrigðiskerfisins. Einnig eiga 17 félög og hópar foreldra langveikra barna aðild að félaginu. Geðhjálp er samtök 7.500 félaga, notenda, aðstandenda, fagfólks og áhugafólks um bættan hag fólks sem býr við geðrænar áskoranir. Samtökin vinna að því að bæta þjónustu, verja réttindi og vinna gegn fordómum með hagsmunagæslu, ráðgjöf og upplýsinga- og þekkingarmiðlun.

ROBELL sparibuxur



Str. 36-52

Bæjarlind 6 | Sími 554 7030 | Við erum á facebook

ÚTSÖLU- LOK

Enn meiri
afsláttur
50-70%

Skoðið
netverslun
laxdal.is

Laxdal er í leiðinni

**BERNHARÐ
LAXDAL**
Skiopholti 29b • S: 551 4422

mbl.is



NÝJAR VÖRUR STREYMA INN!
FRÁ BARCELONA OG ÍTALÍU

MÖRKIN 6 - 108 RVK
OPIÐ: MÁN-FIM: 11-18 - FÖS: 11-17
LAU: LOKAÐ

SPENNANDI

www.spennandi-fashion.is
S:781-5100



HABELLA Bree
kvartermabolur
Verð 21.980

YESTA Aria
tunika
Verð 9.980

ROBELL Bella 05
gallabuxur hnésídd
Verð 11.980

ROBELL Bella 09
gallabuxur ökklassídd
Verð 17.980

ROBELL Happy
jakki strechfærni
Verð 17.980

ROBELL Jacklyn
sparilegar síðbuxur
Verð 11.980

ROBELL Joella útvíðar
gallabuxur
Verð 22.980

ROBELL Marie 09
ökklabuxur
Verð 11.980

Nýjar
vörur
streyma
inn

Dalvegur 30 | 201 Kópavogur | sími 517 6460 | VersluninBelladonna | Netverslun á www.belladonna.is

Þjappa fólki saman með gleðinni

Leikfélag Dalvíkurbyggðar fagnar 80 ára afmæli með því að setja upp farsann *Sex í sama rúmi*. „Það er dásamlegt að finna orkuna sem er í leikfélaginu núna,“ segir Jóhanna Sólveig formaður og leikkona.

Kristín Heiða Kristinsdóttir
khhk@mbl.is

Leikfélagið spilar stórt hlutverk þegar kemur að menningu og viðburðum hér í sveitarfélaginu, en við erum að keyra okkur aftur í gang eftir þó nokkurn dvala, því eftir að heimsfaraldur skall á okkur hefur lítið verið um að vera. Þeim mun skemmtilegra er að hífa okkur upp úr lægðinni núna og heldur betur tilefni, því leikfélagið fagnar 80 ára afmæli á þessu ári,“ segir Jóhanna Sólveig Hallgrímsdóttir, formaður Leikfélags Dalvíkurbyggðar, sem frumsýnir á morgun, föstudag, hinn fjóruga farsa *Sex í sama rúmi*.

„Nú er allt að smella og vissulega svolitill frumsýningartaugatitringur í hópnum, en hann er bara hollur. Við byrjuðum að æfa rétt eftir áramótin og hér ríkir mikil tilhlökkun að leyfa fólki að sjá árangurinn. Okkur fannst vera kominn tími til að setja á svið eitthvað skemmtilegt, fá fólk til að hlæja með okkur, þjappa fólki saman með gleðinni og þess vegna varð farsinn *Sex í sama rúmi* fyrir valinu. Eftir að við fengum leikstjóran Sögu Geirdal Jónsdóttur til liðs við okkur þá auglýstum við samlestur á verkinu, og hún valdi svo í hlutverkin út frá því fólki sem mætti í þann samlestur. Við reyndum að sjálfsgöðu að virkja mann og annan til að mæta og við erum um fjörutíu manns sem tókum þátt í sýningunni. Nú manns eru á sviðinu að leika en svo þarf fólk til að vinna við ljós, hljóð, fæðun, búninga, leikmynd og alls konar baksviðsbras. Okkur finnst magnað hversu vel gekk að fylla í allar þessar stöður og það er dásamlegt að finna orkuna sem er í leikfélaginu núna. Eins er líka magnað að sjá hversu mörg ný andlit koma inn í fyrsta skipti núna, leikfélagið er ekki lengur einvörðungu skipað gömlu kempunum, að þeim ólöstuðum, heldur er hellingur af nýju fólki á öllum aldri, bæði í leikarabópnum og öðrum störfum sem þarf að sinna þegar sett er upp leikrit. Aldursbilið er líka skemmtilega breitt í hópi þeirra sem koma að þessari uppsetningu, frá sextán ára



Au-pair Þórdís Ómarsdóttir sem hin unga Sylvie.



Vinahjón Harpa Kristinsdóttir sem Linda sem vill hefna framhjáalds, Gísli Rúnar Gylfason sem fjölpreifinn Henry, Valur Freyr Sveinsson sem Filip og Jóhanna Sólveig sem kona hans, Jóhanna.



Flækja Sigurbjörn Hjörleifsson sem Walter, veltur með glas, viðhald Lindu. Valgerður Inga Geirdal Júlíusdóttir situr í sófa sem Lisbet, viðhald Henrys. Að baki hennar Bjarki Sigurðsson sem hinn ungi Alistair.

upp í sextugt, þetta er hálf öld á milli þess elsta og yngsta, sem er frábært. Elsti reynsluboltinn í þessu áttatíu ára leikfélagi hefur starfað með félaginu í fjörutíu ár, það er hann Siddi okkar, Sigurbjörn Hjörleifsson, hann hefur verið trúur og tryggur félaginu í allan þennan tíma.“

Heldur betur fjör á sviðinu

Jóhanna Sólveig segist hafa verið viðloðandi leikfélagið frá því árið 2014, en meðlimir félagsins koma alls staðar að úr Dalvíkurbyggð.

„Við breyttum nafni félagsins á síðasta aðalfundi, úr Leikfélagi Dalvíkur í Leikfélag Dalvíkurbyggðar, en innan þeirrar byggðar eru þrjú bæjarkjarnar, Ársskógs-sandur, Hauganes og Dalvík. Þegar

fólkið úr sveitinum er með okkur í leikfélaginu verður hópurninn fjölbreyttari, sem er alltaf gott og líka skemmtilegt.“

Titill leikverksins, *Sex í sama rúmi*, er tvívæður, enda um farsa að ræða þar sem hjónalíf fer í mikla flækju.

„Verkið kemur frá Englandi og titill þess á ensku er *Move over Mrs. Markman*. Höfundar eru þeir Ray Cooney og John Chapman, sem eru frægir fyrir sína svefnherbergisfarsa, en þeir skrifuðu fjölmarga gamanleiki, bæði saman og hvor í sínu lagi, og flestir hafa náð ótrúlegum vinsældum.“

Jóhanna segir leikritið fjalla um vinahjón, Jóhönnu og Filip annars vegar og Henry og Lindu hins vegar.

„Filip og Henry vinna saman í bókaútgáfu Filipis á neðri hæð heimilis hans og Jóhönnu. Leikritið gerist í þessari íbúð á neðri hæðinni, en Henry, sem er laus í rásinni, hefur fengið íbúðina lánaða hjá Filip vini sínum til að eiga þar ástafund með nýjasta viðhaldinu. Linda kona hans veit um ótryggðina og til að hefna sín hefur hún líka fengið íbúðina lánaða hjá Jóhönnu sama kvöld, til að eiga fund með væntanlegum elskhuga. Þar fyrir utan á Alistair nokkur í ástarsambandi við au-pair-stúlku Henrys og Jóhönnu og hann hefur skipulagt ástafund á sama stað þetta kvöld. Allt rekst þetta illa á og úr verður heldur betur fjörugur farsa,“ segir Jóhanna, sem sjálf leikur eitt hlutverkið í farsanum.

Vetrarfærð hamlaði einu sinni

Leikstjórinn Saga Geirdal Jónsdóttir býr á Akureyri og þarf því, líkt og fleiri í hópnum, að keyra þó nokkra vegalengd til að mæta á leikæfingar.

„Vetrarfærðin hér fyrir norðan getur verið erfið, en hún hefur lítið verið til trafala fyrir okkur, við höfum aðeins þurft að slaufa leikæfingu einu sinni vegna veðurs. Við erum mjög spennit að geta loksins sýnt í Ungó, húsnæðinu þar sem leikhúsið hefur aðstöðu. Við búum svo vel að vera samtengd kaffihúsinu á Dalvík í sama húsi sem heitir Gísli, Eiríkur og Helgi, en það er tileinkað hinum víðfrægu Bakkabræðrum sem bjuggu á Bakka í Svarfaðardal. Leikfélagið ætlar að bjóða upp á þá nýbreytni í samstarfi við kaffihúsið að leikhúsgestir geta pantað fiskisúpu, salat og brauð eða leikhúsplatta fyrir sýningu, en það er gert samhliða því þegar pantaðir eru miðar á leikritið,“ segir Jóhanna Sólveig og bætir við að þannig geti fólk gert meira úr leikhúsfærðinni. „Haft þetta margfalda upplifun, fengið sér gott að borða í sama húsi fyrir sýningu.“

Að minnsta kosti tíu sýningar verða á leikritinu og þegar er uppselt á tvær þeirra, frumsýninguna og laugardagssýninguna um næstu helgi. „Við erum rosalega glöð með hversu vel miðasalan gengur og við ekki byrjuð að sýna! Fólk kemur alls staðar að til að sjá sýninguna, við vitum um hópa sem ætla að koma úr Skagafirði og víðar. Þetta er virkilega gaman, enda veitir ekki af fyrir fólk að gleyma sér um stund, hlæja og skemmta sér á þessum síðustu og verstu tímum.“

Miðapantanir á ungodalvik.is. Líka hægt að panta miða í s. 868-9706, hópapantanir fyrir 10 manns eða fleiri þurfa að berast símeiðis.

Listamannspjall á sýningunni Við sjóinn í Listasal Mosfellsbæjar

Eins manns rusl er annars manns gull

Listakonurnar Giitta Hammond og Lara Roje eiga það sameiginlegt að heillast af því sem finnst við sjávarsíðuna og er það samnefni í verkum þeirra. Listasalur Mosfellsbæjar býður fólki í spjall í tengslum við sýningu þeirra *Við sjóinn*, á morgun föstudag kl. 17-18. Lara ætlar að leida gesti um sýninguna og fjalla um verkin sín. Verk þeirra beggja sýna samspil móður náttúru og manngerðra hluta við strendur Íslands þar sem margt er að finna: „Eins manns rusl er annars manns gull“. Lara notar hluti sem áður þjónuðu öðrum tilgangi, bein, rekavið og fleira úr íslenskrí fjöru, ásamt því sem hún finnur á víðavangi eða nytjamörkuðum. Hlutirnir hafa mótast og slípast til í hafinu



Lampi Lara Roje hefur gefið hausjúpu nýtt hlutverk sem lampi, með taumi og hringamélum. Lara mun leida gesti um sýninguna á morgun föstudag.

áður en þeim skolar á land. Hún sameinar þá í einstaka og jafnvel hagnýta hluti eins og lampi. Verkin kallast Nýtt líf: endurnýtt feður. Giitta sýnir ljósmyndir teknar á Vestfjörðum og heita Hvíldarstaður,

ljósmyndir af gleymdum og ónot-hæfum vélum og munum sem liggja víða um firði. Í myndunum tengjast munirnir landslaginu, verða að óráðum skúlptúrum sem hvíla við fjörðinn, minnismerki um fortíðina.

LÖA

NÝSKÖPUNARSTYRKIR
FYRIR LANDSBYGGÐINA

Hlutverk styrkjanna

- Stuðningur við nýsköpun á landsbyggðinni
- Stuðningur við atvinnulíf og verðmætasköpun sem byggir á hugviti, þekkingu og nýrri færni
- Stuðningur við uppbyggingu vistkerfis fyrir nýsköpunarstarfsemi og frumkvöðlastarf á forsendum svæðanna

Umsóknarfrestur er til og með 4. apríl 2024

Nánari upplýsingar um styrkina og umsóknarform má nálgast á HVIN.is

Stjórnarráð Íslands
Háskóla- og nýsköpunarráðuneytið

Kia Sportage Plug-in Hybrid.

Fjór hjóladrifinn sportjeppi
með allt að 70 km drægni á rafmagni.



Movement that inspires

Kia Sportage Plug-in Hybrid tekur akstursupplifun þína í nýjar hæðir með einstökum aksturseiginleikum, tvöföldum bogadregnum skjá, og öflugu fjór hjóladrifi. Rúmgóður sportjeppi með allt að 70 km drægni á rafmagni og kemur með 7 ára ábyrgð Kia.

Komdu og reynsluaktu - Við fökum vel á móti þér.

Askja · Krókhálsi 11-13, 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

Umboðsmenn um land allt:
K.Steinarrsson, Bílasala Austurlands, Bílás, Bragginn, Bílasala Selfoss, Höldur Akureyri

Verð frá:
8.290.777 kr.



Vill fund um nýbyggingar HR

● Fundað verði í umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis ● Byggt verður nálægt enda flugbrautar 31

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Njáll Trausti Friðbertsson, þingmaður í Norðausturkjördæmi, hefur óskað eftir fundi í umhverfis- og samgöngunefnd vegna fyrirhugaðra byggingarframkvæmda við suðausturenda flugbrautar 31 á Reykjavíkflugvelli.



Njáll Trausti Friðbertsson

Tílefni fundarbeiðninnar er frétt sem birtist í Morgunblaðinu 15. febrúar sl. um að uppbygging sé að hefjast á lóðum við Menntasveg sem tilheyrir Háskólanum í Reykjavík. Þessar lóðir eru skammt frá austurenda austur-vestur-flugbrautar Reykjavíkflugvallar. Leyfi er fyrir allt að 40 þúsund fermetra byggingum á fjórum lóðum.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Flugvöllurinn Samkomulag er um að tryggja rekstraröryggi vallarins þangað til nýr innanlandsvöllur er tilbúinn.

Njáll Trausti telur rétt að þingnefndin kalli til fundarins forsvarsmenn Isavia innanlands, innviðaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar, Félags

íslenskra atvinnuflugmanna og aðra þá aðila sem hafi góða þekkingu á þessum málum. Fjallað verði um hvaða áhrif það getur haft á rekstur

flugvallarins, nýtingarhlutfall og annað í tengslum við flugöryggi að það sé byggt svona nálægt enda flugbrautar 31 á Reykjavíkflugvelli.

Njáll Trausti bendir á nýjasta samkomulagið sem skrifað var undir um mögulegan flugvöll í Hvassahrauni. Samkomulagið undirrituðu Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hinn 28. nóvember 2019.

Rekstraröryggi verði tryggt

Hann bendir sérstaklega á 2. mgr. 5. greinar samkomulagsins. Þar segir: „Aðilar eru sammála um að tryggt verði rekstraröryggi á Reykjavíkflugvelli meðan á undirbúningi og gerð nýs flugvallar stendur, þar með talið eðlilegt viðhald og endurnýjun mannvirkja í samræmi við ákvæði gildandi samgönguáætlunar Alþingis. Miðað verði við að Reykjavíkflugvöllur geti áfram þjónað innanlandsflugi á fullnægjandi hátt þar til nýr flugvöllur er tilbúinn til notkunar.“

Boðað hafi verið að niðurstöður rannsókna á mögulegum flugvelli í Hvassahrauni verði kunnngjörðar í mars næstkomandi.

Bæjarbragurinn mælist jákvæður

● Hafnarfjörður skorar í könnun

Skv. nýrri könnun Gallup eru 87% íbúa í Hafnarfirði ánægð með Hafnarfjörð sem búsetustað. Mest er ánægjan með aðstöðu til íþróttaiðkunar og menningar- mál, en um 80% sögðu þau atriði í góðu lagi.



Rósa Guðbjartsdóttir

Hafnarfjörður er nú í 2. sæti af stærstu sveitarfélögum landsins hvað varðar heildarupplifun af þjónustu og hefur ekki skorað svo hátt áður. „Það er gleðilegt að sjá ánægjuna með þjónustu í Hafnarfirði

aukast. Einnig er áhersla á öflugt menningar-, viðburða- og listalíf í bænum undanfarið ár að skila sér. Niðurstaðan virðist sú að hvergi séu íbúar ánægðari með sinn bæjarbrag en hér,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri.

Hafnarfjarðarbær er yfir meðaltali í samanburði við önnur sveitarfélög þegar spurt er um hvernig fólk líki þjónusta. Ánægjan mælist við meðaltal í þjónustu við fatlað fólk og í gæðum umhverfis í íbúðahverfum. Tækifæri til úrbóta liggja víða, segir í frétt frá Hafnarfjarðarbæ. Hægt er að gera betur, til dæmis varðandi leikskóla, samgöngur og skipulagsmál. [sbs@mbl.is](#)



Morgunblaðið/Arnþór Birckisson

Útísvæðið Skipulagsfulltrúinn segir að pallurinn við Kex hostel sé mjög mikilvægur fyrir starfsemi við Skúlagötu.

Segja útísvæðið eins og vin í eyðimörkinni

● Kex hostel fékk ekki leyfi til að færa veitingastaðinn

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Hugmyndir eigenda Skúlagötu 28 um að fjölga gistirýmum á 2. hæð hússins hlutu ekki hljómgrunn hjá skipulagsyfirlöngum í Reykjavík. Í húsinu er Kex hostel með starfsemi og er veitingastaður rekinn á 2. hæðinni. Með breytingunni myndi tapast mikilvægt svæði útísvæinga.

Í umsögn verkefnastjóra skipulagsfulltrúa kemur fram að húsið á lóð nr. 28 við Skúlagötu sé upprunalega verksmiðjuhúsnæði, byggt árið 1952 en sé nú skráð og notað sem farfluglaheimili skv. fasteignaskrá. Í húsinu var kex-verksmiðjan Frón starfandi um áratugaskeið.

Óskað var umsagnar skipulagsfulltrúa um hvort heimilt væri að flytja veitingaþjónustu og gestamótöku niður á 1. hæð við Skúlagötu og innréttu gestaherbergi á 2. hæð samkvæmt uppráttum T.ark.

Í deiliskipulagi segir að á jarðhæð lóðarinnar sé verslun/þjónusta en gististarfsemi eða íbúðir á efri hæðum, veitingarekstur sé heimill á 2. hæð en eingöngu sem hluti af gististarfsemi. Um jarðhæð Skúlagötu gildi ákvæði aðalskipulags um götuhliðar.

Skúlagata 28 er hluti af götusvæði 30, þar sem gilda ákvæði um 50%



Morgunblaðið/Eggert

Salurinn Gestir fylgjast spennir með útsendingu frá Eurovision í fyrra.

hámark sömu starfsemi, götuhlið lóðar nr. 28 er nú skráð sem gisti- starfsemi og opinber þjónusta.

Ef 2. hæð hússins yrði breytt í gistiherbergi, og veitingastarfsemin færð niður á jarðhæð við Skúlagötu, myndi aðgengi almennings að útísvæði í suðvesturgarði hússins tapast, segir verkefnastjórnin. Veitingastaður á jarðhæð hússins við Skúlagötu gæti aldrei boðið upp á þau gæði sem felast í aflokuðum garði sem snýr mót suðri og nýtur skjóls vegna aðlaegra bygginga.

Suðurjarðhæð hússins ætti að vera áfram nýtt sem hluti af

veitingastarfsemi þar sem mjög mikilvægt er að starfsemin á fyrstu hæð hússanna í kring sé opin almenningi, þar með talið umrætt útísvæði, jafnvel þótt það sé staðsett í bakgarði við götuna. „Útísvæðið við suðurjarðhæð hússins er eins og vin í eyðimörk milli bygginga og bílastæða við Skúlagötu,“ segir í umsögninni.

Niðurstaða skipulagsfulltrúa varð sú að taka neikvætt í erindið. „Útísvæðið sem myndi tapast við breytinguna, er mikilvægur þáttur í starfsemi Skúlagötu, jafnvel þótt það sé staðsett í bakgarði við götuna.“



Budapest

25.apríl – 4 dagar

Beint flug sumardaginn fyrsta

Frá aðeins 89.900.-



Íslensk fararstjórn

Beint flug með Aventura til þessarar stórkostlegu borgar sem skartar sínu fegursta á þessum tíma.

Hér finnur þú glæsileg hótél, frábæra veitingastaði og ótrúlega skemmtilegar Kynnisferðir.

Njóttu hins besta í Budapest í vor

[aventura.is](#)

RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn



Renault Megane E-Tech
með allt að 470 km drægni*
Verð frá: 5.890.000 kr.

Með 900þ. kr. styrk Orkusjóðs*2

Fullt verð frá: 6.790.000 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Skilyrði fyrir ábyrgð eru að eigandi tryggji og kosti reglulegt þjónustuefirlit hjá viðurkenndum aðilum. Nánari upplýsingar á www.renault.is

*2 Bili í flokki M1 veitir rétt til 900.000 kr. styrks úr Orkusjóði sem greiddur er skráðum eiganda bílsins. Nánari upplýsingar og umsókn um styrk á www.island.is/rafbilastyrkir.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533


Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanessbæ
www.bilasalareykjaness.is
547 9100

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





1.695
kr./pk.

Konudagskaka
600 g

1.198
kr./pk.

Jarðarber sem hitta
í hjartastað
450 g



4.998
kr./kg


Ribeye
Himmerland

BÓNUS





Með konum í liði



7.998

kr./kg



Ribeye
hægmeýnað

Verð gildir til og með 25. febrúar eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.



Fuglar Heiðlóuungar, lundinn og fálki í náttúru Íslands. Myndirnar er að finna í nýjasta orlofsblaði stéttarfélagins Sameykis en þær eru gerðar með gervigreindarforriti.

„Ævintýralegar“ myndir eða „feik“?

● Skiptar skoðanir um fuglamyndir í blaði Sameykis ● Ljósmyndari furðar sig á að notaðar séu myndir gerðar af gervigreind ● Nóg af fuglaljósmyndurum hér ● Mörgum spurningum ósvarað

SVIÐSLJÓS

Höskuldur Daði Magnússon
hdm@mbl.is



„Mér finnst mjög skrítið að þetta stéttarfélag skuli ekki bara notast við alvöruljósmyndir af fuglum í stað mynda sem eru byggðar á ljósmyndum af fuglum. Þetta er bara feik,“ segir Vilhelm Gunnarsson, formaður Blaðaljósmyndarafélags Íslands.

Stéttarfélagið Sameyki, sem gætir hagsmuna 12 þúsund félagsmanna, gaf nýverið út árlegt orlofsblað sitt. Þema blaðsins að þessu sinni eru fuglar í íslenskri náttúru. Þrýða slíkar myndir síður blaðsins, allt frá forsiðu til baksíðu. Athygli vekur þó að ekki er um myndir eftir ljósmyndara að ræða heldur eru allar myndirnar í blaðinu gerðar með gervigreindarforriti. Vilhelm furðar sig á þessu uppátæki.

„Ég hefði nú frekar kosið að stórt stéttarfélag hefði keypt myndir af íslenskum ljósmyndurum fyrir þetta blað og stutt við bakið á þeim. Það eru margir flottir fuglaljósmyndarar á Íslandi sem fá ekki mörg tækifæri til að selja og birta myndir sínar. Þetta hefði verið kjörinn vettvangur



Ljósmyndir/Orlofsblað Sameykis

Brandugla Móbrún að ofan með ljósum dílum, andlitid er kringlótt og ljóst en augnumgjörð dökk. Eða hvað?

gervigreind en þessar myndir hafi verið ágætlega heppnaðar. Þær séu ævintýralegar og ekki fari á milli mála hvernig þær séu til komnar. „Þessu var nú ekki stillt upp sem við værum með eða á móti íslenskum ljósmyndurum, þetta er bara ákveðin tækni sem hægt er að nýta sér og allar myndirnar eru merktar og sagt hvar þær eru fengnar. Það má ekki blekkja fólk. Þessar myndir eru ævintýralegar og þú sérð þessi móment ekki í gegnum venjulega linsu,“ segir hann og getur þess að Sameyki kaupir mikið af myndum eftir íslenska ljósmyndara.

Vera Sveinbjörnsdóttir framkvæmdastjóri Myndstefs segir að enn sé mörgum spurningum ósvarað að varðandi gervigreindina.

„Þú getur kallað fram myndir af hverju sem þér dettur í hug. Ein spurning er til dæmis hvernig gagnagrunnurinn á bak við myndirnar er búinn til. Er verið að nota höfundarvarin verk til að þjálfa gervigreindina? Það er erfitt að færa sömmur á það hvað er á bak við hverja og eina mynd.“

Hún segir að enn eigi eftir að útfæra regluverk um gervigreind. Augljóst sé að þörf sé á að setja einhvern ramma, t.d. einhvers konar leyfisveitingu, og enn fremur sé mikilvægt að höfundar merki verk sín hvort þeir samþykki eða ekki að þau séu notuð til þjálfunar gervigreindar. „Tæknin er góð til síns brúks en við höfum áhyggjur af því að verið sé að sniðganga höfunda.“

Vera segir að ekki hafi komið mörg erindi til Myndstefs varðandi brot á höfundarrétti í tengslum við gervigreind. „En það hafa borist margar fyrirsurningar um notkun gervigreindar og ljóst að spurningar um gervigreind eru ofarlega í huga margra.“



VALIN HJÁLPARTÆKI 30% AFSLÁTTUR



Futura veggfast sturtusæti með örmum og fótum
Verð áður 41.335 kr.
Verð nú 28.935 kr.



Veggföst salernisstöð
Verð áður 24.950 kr.
Verð nú 17.465 kr.

Sorrento baðkerssæti
Verð áður 11.500 kr.
Verð nú 8.050 kr.



Sorrento baðkerssæti
Verð áður 32.990 kr.
Verð nú 23.093 kr.



Gildir út febrúar 2024

fyrir þá. Sameyki hefði getað fengið flottari myndir og skapað atvinnu í leiðinni. Þetta er hættuleg þróun.“

Rétt er að geta þess að skýrt kemur fram í orlofsblaði Sameykis að myndirnar séu gerðar með gervigreindarforritinu Firefly AI sem byggt sé á milljónum ljósmynda úr Shutterstock-myndabankanum. Axel Jón Ellenarson, kynningarfulltrúi hjá Sameyki, segir í samtali við Morgunblaðið að því hafi að sjálfsögðu verið velt upp hvort rétt væri að notast við myndir gerðar af



Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi, Fljótshlíð, föstudaginn 15. mars 2024 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykktta félagsins.
2. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skulu hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykktta félagsins.

Reykjavík, 15. febrúar 2024.
Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.



www.stod.is

Dragháls 14-16

S. 565 2885

stod@stod.is

Skíðaganga gleður alla

Gönguskíðapakkar
í miklu úrvali
20% afsláttur

Þú færð **Kästle** gönguskíði á alla fjölskylduna hjá okkur!
Eigum einnig mikið úrval af skíðagöngufatnaði.



Mikill samdráttur í sölu nýrra bíla

- Forstjóri Brimborgar segir samanlögð áhrif minni ívilnana og skattahækkana birtast í minni sölu
- Framkvæmdastjóri sölusviðs hjá BL segir spár um minnkandi sölu nýrra rafbíla hafa gengið eftir

BAKSVIÐ

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is



Sala rafknúinna fólksbíla frá 1. janúar til og með 16. febrúar var tæplega 49% minni en á sama tímabili í fyrra. Talan miðast við hreina rafbíla en almennt varð um 43% samdráttur í sölu fólksbíla milli ára.

Samdrátturinn er sýndur á töflu hér til hliðar en tölurnar eru teknar saman af Brimborg út frá gögnum Samgöngustofu.

Egill Jóhannsson forstjóri Brimborgar segir hrun í bílasölu. Fyrri hluti janúar hafi litið ágætlega út en skýringin verði margar nýskráningar vegna sölu í desember. Það sé ekki óvænt enda vilji margir kaupendur hafa bílinn skráðan á nýju ári. Svo hafi botninn dottið úr sölu í þriðju viku janúar og samdrátturinn haldið áfram í febrúar.

Kaupa ekki nýjan bíl

„Það sem er að gerast er að flestir eru búnir að taka ákvörðun um að næsti bíll verði rafbíll. Það er búið að ræða um orkuskipti, stjórnvöld hafa þrýst á þau og bílaframleiðendur eru komnir með nýja rafbíla. Svo gerist það síðustu tvö áramót að stjórnvöld demba yfir okkur hækkunum, sérstaklega á rafbíla. Það leiðir ekki endilega til þess að fólk fari til baka í bensín- og dísilbíll heldur kaupir það einfaldlega ekki nýjan bíl.

Þetta var allt fyrir séð. Það var búið að benda á þetta og vara við þessu en það var ekki hlustað og núna erum við í þessari stöðu. Það er heilt yfir hrun á rafbílamarkaðnum. Það er fullkomlið hrun á bílaleigumarkaðnum og mikil hrun á fyrirtækjarmarkaðnum og á einkabílamarkaðnum.

Átta aðgerðir sem ríkisstjórnin

Sala fólksbíla í janúar og febrúar 2023 og 2024

1. janúar til 16. febrúar

	2023	2024	Breyting
Allir orkugjafar	1.131	639	-43%
Rafbílur	421	215	-49%
Bensín- og díselbílur	523	290	-45%

Bíla-leigur	2023	2024	Breyting
Rafbílur	40	4	-90%
Allir orkugjafar	294	127	-57%

Einstaklingar	2023	2024	Breyting
Rafbílur	290	178	-39%
Allir orkugjafar	608	382	-37%

Almenn fyrirtæki utan bílaleiga	2023	2024	Breyting
Rafbílur	91	33	-64%
Allir orkugjafar	229	130	-43%

1. til 16. febrúar

Fólksbílar	2023	2024	Breyting
Allir orkugjafar	398	182	-54%
Rafbílur	224	46	-79%
Bensín- og díselbílur	99	92	-7%



Heimild:
Samgöngustofa/Brimborg



Egill Jóhannsson



Brynjar Elefsen Óskarsson

hefur innleitt á síðustu tveimur áramótum hafa hægt á orkuskiptum. Það leggst þyngst á bílaleigur og næstþyngst á fyrirtækjarnar af því að þau eiga svo stóra flota. Ástæðan fyrir þessu hruni í rafbílasölu er þannig ekki kílómetragjaldið eitt og sér – og það skilja stjórnvöld ekki – heldur eru það samanlögð áhrif átta aðgerða gegn orkuskiptum á síðustu tveimur áramótum. Kílómetragjaldið er bara

rothöggjó en það eitt og sér ræður ekki úrslitum.

Margar hækkunar

Þetta byrjaði þarsíðustu áramót þegar stjórnvöld settu lágmarks 5% vörugjöld á rafbíla. Svo tvöfölduðu þau bifreiðagjaldið. Þau settu á úrvinnslugjald á rafbíla. Svo afnámu þau virðisaukaskattsívilnunina núna um áramótin við kaup á rafbílum og við útleigu. Síðan innleiddu þau þetta nýja styrkjakerfi í gegnum Orkusjóð sem er miklu flóknara en fyrra ferli. Þannig að fólk nennir ekki að standa í því. Jafnframt er styrkurinn 32% lægri [en fyrri niðurfelling á virðisaukaskatti að fjárhæð allt að 1.320 þúsund] og svo kom kílómetragjaldið. Þannig að þessi átta atriði frá þarsíðustu áramótum eru að birtast í þessari afleiðingu,“ segir Egill og vísar til mun minni sölu á nýjum rafbílum.

Hins vegar sé mikil aukning í sölu á notuðum bílum og rafbílur þar engin undantekning.

Egill segir að með sama áframhaldi muni Ísland færast neðar á listann yfir hlutdeild rafknúinna fólksbíla í heildarsölu. Að óbreyttu muni Ísland fara úr 2. sæti í 5. sæti í lok þessa mánaðar en Noregur hefur vermt toppsætið í þessu efni.

Spurður hvort hugsanlega sé búið að ofmeta vægi loftslagskvíða í ákvörðunum um bíla kaup kveðst Egill áætla að 95-97% kaupenda séu ekki að kaupa bíla beinlínis út af áhyggjum af loftslagsmálum.

Fair með loftslagskvíða

„Minni losun gróðurhúsalofttegunda er bónus fyrir marga. En jafnvel þótt það væri ástæðan eru takmörk fyrir því hverjar ráðstöfunartekjur fólks eru. Og ef það er búið að

hækka verð rafbíla svo mikið eins og raun ber vitni þá ræður það ekki við að taka orkuskiptaskrefið þótt það vildi. Því það er staðreynd að rafbílur eru enn þá dýrari en bensín- og dísilbílur,“ segir Egill.

Kemur ekki á óvart

Brynjar Elefsen Óskarsson forstjóri BL segir sölu rafbíla hafa hrunið í ár. „Það er snemmt að segja til um það en salan er horfin.“

Af hverju?

„Ég held að það sé örugglega ekki þessum breytingum einum og sér að kenna,“ segir Brynjar og vísar til skattahækkana og minni ívilnana.

„Ég held að kílómetragjaldið hafi líka truflað. Það er enginn vafi á því en svo eru ytri aðstæður að trufla líka og kannski mest. Þá meðal annars hátt vaxtastig og að ekki sé búið að ljúka kjarasamningum. Þannig að ég held að margir þættir komi saman og svo var mikil sala undir lok síðasta árs þegar hillti undir þessar breytingar. Þannig að sala sem hefði alla jafna átt sér stað í janúar til mars á þessu ári átti sér stað fyrir áramót. Þannig að þetta mun jafna sig aðeins.“

Hvernig munu rafbílur seljast í ár?

„Ferðapjónustan hefur verið býsna stór kaupandi af heildarfjölda nýskráðra rafbíla en það er ljóst að eftirspurnin þar hefur hrunið þar sem kílómetragjald hefur bæst við fullan virðisauka af útleigu. Ég hef trú á að almenni markaðurinn braggi eftir því sem líður á vorið og tel líklegt að salan verði minni í ár en í fyrra.“

Brynjar segir BL hafa gert ráð fyrir 15-20% samdrætti á milli ára í sínum áætlunum.

„Samdrátturinn er talsvert meiri það sem af er ári en ég hef trú á að það muni eitthvað jafna sig og nálgast þessar tölur, þ.e. 15-20% samdráttur í ár,“ segir Brynjar Elefsen að lokum.

Auglýsing

um tilnefningar til biskups og framlagningu kjörskrár vegna kosningar biskups Íslands, sbr. 9. og 11. gr. starfsreglna um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 9/2021-2022.

Hver vígður maður sem kosningaréttar nýtur skv. starfsreglum um kosningu biskups Íslands o.fl. hefur rétt til að tilnefna til biskups allt að þrjú einstaklinga sem uppfylla skilyrði til kjörs biskups Íslands. Kjörgengur til biskups Íslands er hver guðfræðikandidat sem fullnægir skilyrðum til þess að gegna prestsembætti í íslensku þjóðkirkjunni.

Tilnefning til biskups Íslands hefst kl. 12:00 þann 7. mars 2024 og lýkur kl. 12:00 þann 12. mars 2024. Tilnefningin fer fram með rafrænum hætti, sjá <https://kirkjan.is/kosning>.

Rétt til tilnefningar til biskups hafa vígðir einstaklingar sem kosningaréttar njóta í biskupskosningu, þ.e.:

- Biskup Íslands og vígslubiskupar
- Þjónandi prestar og djáknar íslensku þjóðkirkjunnar eða hjá íslenskum söfnuði þjóðkirkjunnar erlendis sem eru í föstu og launuðu starfi
- Þjónandi prestar og djáknar sem lúta tilsjónar biskups Íslands og eru í föstu og launuðu starfi á vegum stofnunar og/eða félagsamtaka hér á landi
- Prestar og djáknar í tímabundnu leyfi, allt að tveimur árum. Djákni skal vera ráðinn til a.m.k. eins árs eða ótímabundið
- Prestur sem settur er til þjónustu tímabundið nýtur ekki kosningarréttar nema í þeim tilfellum þar sem ekki er skipaður prestur fyrir
- Vígðir starfsmenn þjónustumiðstöðvar Þjóðkirkjunnar sem eru í föstu starfi.

Prestar og djáknar sem látið hafa af þjónustu njóta ekki kosningarréttar.

Áætlað er að kosning biskups Íslands hefjist að loknu tilnefningaferli, eða kl. 12:00 þann 11. apríl 2024 og ljúki kl. 12:00 þann 16. apríl 2024. Kosningarétt við kjör biskups hafa vígðir annars vegar og leikmenn hins vegar, sbr. nánar 4. gr. starfsreglna um kosningu biskups Íslands o.fl. Viðmiðunardagur skilyrða kosningarréttar var 15. febrúar 2024.

Kjörskrá vegna kosningar biskups Íslands er lögð fram 22. febrúar 2024 og birtist á vef þjóðkirkjunnar.

Kjósandi getur kannað á þar til gerðu vefsetri <https://kirkjan.is/kjörskrá> hvort nafn hans er á kjörskrá við biskupskjör. Við aðgang að vefsetrinu er notuð almenn innskráningarþjónusta, svo sem rafræn skilríki eða íslykill.

Athugasemdir vegna kjörskrárinnar skulu berast kjörstjórn eigi síðar en fimm sólarhringum áður en tilnefningar hefjast eða fyrir kl. 12:00 þann 2. mars 2024. Athugasemdir skulu sendar á netfangið kirkjan@kirkjan.is

Um er að ræða endurtekið ferli frá því sem áður var auglýst og fallið var frá af tæknilegum ástæðum skv. ákvörðun kjörstjórnar.

Reykjavík, 20. febrúar 2024
f.h. kjörstjórnar þjóðkirkjunnar
Anna M. Karlsdóttir, formaður.



Ljósmynd/Colourbox

Veisla Bjórähugafólk getur nú valið um fjölda nýrra tegunda í tilefni páska.

Ríflega þrjátíu tegundir í boði

● Páskabjörinn er kominn í sölu

Sala á páskabjör er hafin í Vínbúðum ríkisins og á næstunni ratar fjöldi bjórtegunda þangað. Jafnframt er hægt að kynna sér páskabjóra á ýmsum börum og veitingastöðum auk þess sem líklegt má telja að metnaðarfullar netverslanir með áfengi láti ekki sitt eftir liggja.

Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR verða ríflega þrjátíu tegundir af bjór á boðstólum þetta árið í kringum páskana. Þar af eru 22 staðfestar en aðrar 12 gætu bæst við á næstu vikum. Rétt er að taka fram að ekki eru allir páskabjórarnir komnir í sölu. Þannig voru aðeins 17 tegundir í boði samkvæmt vefverslun ÁTVR í gær.

Meðal áhugaverðra bjóra sem þegar eru komnir í sölu í Vínbúðunum eru *Pálmásunnudags-humlapoka* sem er „pale ale“ og *Ungi Quadrupel* sem er belgískt öl af flóknari gerðinni, heil 11% í styrkleika. Annar með ættir að rekja til Belgíu er *Verði ljós* sem er flokkaður sem IPA-bjór og er 5,7%. Borg brugghús býður upp á *Jóhannes Witbier nr. 113* sem er hveitibjór. Þá er RVK bruggfélag með *Ratatöskur* sem er svokallað heslihnetu-rauðöl og er 7,5% að styrkleika. Fyrir bjórähugafólk sem kys hefðbundnari bjóra má nefna *Hérestubb* frá Segli 67 á Siglufirði, *Viking páskabjór* og *Tvo vini* og *Annar í páskum* sem er IPA frá Viking. hdm@mbl.is



DELERÍUM BÚBÓNIS



Frábær skemmtun með
dásamlegri tónlist



Eitruð
lítill
pilla



★★★★
Þ.T. Morgunblaðið



★★★★
Þ.T. Morgunblaðið
★★★★
S.J. Heimildin

Fleiri sýningar á borgarleikhus.is
midasala@borgarleikhus.is | 568 8000



Borgarleikhúsið

Lífsgæðakjarni í Skógarhlíð

● Íbúðarhús fyrir eldra fólk teiknað við hlið friðaðrar bensínstöðvar ● Byggingarnar yrðu samtals 7.262 fermetrar ● Lóðin miðsvæðis ● Bensínstöð gæti orðið kaffihús eða ungbarnaskóli

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is

Reir þróun ehf. hefur sent Reykjavíkurborg fyrirspurn þess efnis hvort leyfð verði uppbygging á svokölluðum lífsgæðakjarna með fjölbreytt búsetuform fyrir eldra fólk á lóðinni Skógarhlíð 16. Á lóðinni er bensín- og smurstöð byggð árið 1964 og er húsið friðað. Starfsemi þar var hætt í desember síðastliðnum.

Fyrirspurnin var send skipulagsfulltrúa til meðferðar. Það var niðurstaða verkefnastjóra skipulagsfulltrúa að gera ekki athugasemd við að fyrirsprjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina með hliðsjón af leiðbeiningum sem hann setti fram í umsögn sinni.

Fram kemur í umsögninni að lóðarhafi og Reykjavíkurborg undirrituðu samkomulag 25. júní 2021 um að unnin yrði breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina. Um er að ræða bensínstöðvarlód þar sem hugmyndir eru um að núverandi starfsemi viki fyrir verslunar-, atvinnu-, þjónustuhúsnæði og íbúðum. Lagt er upp með að í breytingunni á deiliskipulaginu verði valkvætt af hálfu lóðarhafa hvort á efri hæðum verði íbúðar- eða atvinnuhúsnæði. Gert er ráð fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði á jarðhæð.

Uppbygging á bensínstöðum

Eins og fram hefur komið hér í Morgunblaðinu gerði Reykjavíkurborg samkomulag við olíufélagin um lokun bensínstöðva víða um borgina og uppbyggingu íbúðarhúsa á lóðunum. Eru fjölmörg slík verkefni í gangi.

Tillaga Reir þróunar gerir ráð fyrir að byggð verði samtals 7.262 fermetra, 2-6 hæða fjölbýlishús á lóðinni. Nýtingarhlutfall verði 1,5 ofanjarðar og 1,8 með bílastæðakjallara. Fjöldi íbúða samkvæmt tillögu eru 70 (100 m² per íbúð) og bílakjallari á tveimur hæðum, stærðir eru 1.730 m² og 3.400 m². Núverandi bensínstöð á lóð er 230 fermetrar. Arkitekt nýbygginga er Nordic Office of Architecture.



Tölvuteikning/Nordic Office of Architecture

Lífsgæðakjarni Tillaga arkitektanna að nýbyggingum við Skógarhlíð. Þær munu umlykja gömlu bensínstöðina. Lagt er til að þessi tillaga taki breytingum.

Lóðin er í jaðri Óskjuhlíðar og afmarkast af Bústaðavegi og Skógarhlíð. Markmið tillögunnar er að skoða möguleikann á að reisa íbúðarhúsnæði á lóðinni í sátt við núverandi bensínstöð, segir lóðarhafi. Bensínstöðin muni fá nýtt hlutverk sem getur t.d. orðið: hverfiskaffihús, sameign íbúa, ungbarnaleikskóli o.fl.

Lóðin miðsvæðis í borginni

Lóðin henti vel til uppbyggingar á íbúðarhúsnæði þar sem hún er miðsvæðis í Reykjavík og tengist vel gróinni byggð í Hlíðahverfinu. Helsta áskorunin er nálægðin við Bústaðaveg sem er umferðarþung gata með tilheyrandi hávaða frá umferð.

„Við mælum með að byggja

meðfram Bústaðavegi og nýta byggingarnar sem „hljódmúr“ til þess að mynda gott dvalarsvæði í skjóli frá hávaða. Nýjar byggingar ramma inn gott dvalarsvæði og bensínstöðina án þess að bensínstöðin hverfi úr borgarlandslaginu,“ segir í fyrirspurninni.

Nýtt og gamalt tengist með tengi- byggingum og efnisvali. Lokaður inngarður myndist á milli bygginganna, í skjóli frá vindi og hávaða frá götum.

Fram kemur í umsögn verkefnastjóra skipulagsfulltrúa að gæta þurfi samhengis við byggðamynstur í umhverfinu. Þegar tillagan er skoðuð m.t.t. aðliggjandi byggðar telur hann nauðsynlegt að draga úr hæð og umfangi hússins. Betur færi á að draga úr um

eina hæð, hafa að hámarki fimm hæðir á lóðinni. Núverandi bensínstöð er ekki stór, aðeins ein hæð, fínlegur arkitektúr sem hverfi inn í byggingamassann sem lagður er til í tillögunni.

Bensínstöð fái meira rými

Lagt er til að bensínstöðinni sé gefið meira rými og að sleppa alveg tveggja hæða byggingunum sitt hvorum megin við bensínstöðina.

Mikilvægt sé að teikna umhverfið rétt svo hægt sé að gera sér betur grein fyrir skalanum. Teikna þarf massann fyrir húsið nr. 18 við Skógarhlíð nákvæmara þar sem byggingin er bæði 2 og 3 hæðir.

Fleiri ábendingar koma fram í umsögninni, svo sem um hljóðvist, dagsbirtuskilyrði, gæði dvalar-

svæða og sólargæði á útisvæðum og vistvænan lífsstíl, svo nokkur dæmi séu nefnd.

Í samningi lóðarhafa og borgarinnar kemur m.a. fram að Félagsbústaðir hafi kauprétt á 5% íbúða í húsunum á lóðinni og að kvöð er á lóðinni um að 20% íbúða skuli vera leigubúðir, stúdentaíbúðir, leigubúðir Félagsbústaða hf., búseturéttaríbúðir og/eða íbúðir fyrir aldraða.

Fyrir lóðina Skógarhlíð 16 er í gildi deiliskipulag, samþykkt 10. apríl 2001 með síðari breytingum. Í deiliskipulaginu er bensínstöðin vernduð sem 20. aldar bygging. Þar er tekið fram að sýna þurfi sérstaka aðgát við endurgerð og hönnun viðbyggingar vegna verndunargildis bensínstöðvarinnar.

Flugsæti Tenerife

FRÁBÆRT VERÐ Í FEBRÚAR OG MARS

FRÁ **44.850**

BÁÐAR LEIÐIR TIL OG FRÁ ÁFANGASTAD

FRÁ **19.900**

AÐRA LEIÐ TIL ÁFANGASTAÐAR

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is



Ljósmynd/KSÍ

Verðlaun Snævar Sölvason leikstjóri og Kristján Jónsson handritshöfundur tóku við viðurkenningunni af Ómari Smárasyni frá KSÍ fyrr í vikunni.

Skaginn hlýtur fjölmiðlaverðlaun

● Fjalla um einstakt afrek ÍA

Sjónvarpsþættirnir Skaginn hljóta fjölmiðlaverðlaun Knattspyrnusambands Íslands fyrir árið 2023. Þættirnir eru heimildarþættir um lið ÍA sem vann einstakt afrek í íslenskrum knattspyrnusögu þegar það varð Íslandsmeistari karla fimm ár í röð á árunum 1992-1996.

Snævar Sölvason er leikstjóri þáttanna og handritið skrifar Kristján Jónsson. Hannes Þór Halldórsson er

framleiðandi þáttanna. Í þáttunum, sem voru fimm talsins, einn fyrir hvert ár, var rætt við þjálfara, leikmenn, andstæðinga, stjórnarmenn, stuðningsfólk og fjölmiðlafólk um liðið og þennan tíma og þar er varpað nýju og áður óþekktu ljósi á þetta ótrúlega afrek.

KSÍ veitir árlega ýmsar viðurkenningar í aðdraganda ársþings KSÍ og á ársþinginu sjálfu eftir atvikum.

Auðvelt að endurnýja aðildina!



Skráðu sjálfvirka endurnýjun í dag og fáðu Costco innkaupapoka, aðeins fyrir meðlimi!



Gildir 22.02.2024 - 25.02.2024
350 kr. AFSLÁTTUR
HVER PAKKI

Kirkland Signature™ stökkir vængir með BBQ idýfu
Vörunr. 6753



Pítt verð 1.499 kr./kg

Gildir 22.02.2024 - 25.02.2024
1.500 kr. AFSLÁTTUR
HVER PAKKI

Stjörnugris steiktar kótelettur
Vörunr. 7178
HÁMARKSKAUP 10



Gildir 22.02.2024 - 25.02.2024
800 kr. AFSLÁTTUR

Kirkland Signature™ ósoðnar rækjur með hala 11/15
680g
Vörunr. 1651363



Costco verð 3.199 kr.
Sparnaður -800 kr.
Pítt verð 2.399 kr.

Gildir 22.02.2024 - 25.02.2024
800 kr. AFSLÁTTUR

Ziploc nestisþokar
4 x 145 stk.
Vörunr. 1158369



Costco verð 2.599 kr.
Sparnaður -800 kr.
Pítt verð 1.799 kr.

Gildir 22.02.2024 - 25.02.2024
350 kr. AFSLÁTTUR

Coca Cola / Coca Cola Zero / Fanta Appelsin
6 x 1 lítri
Vörunr. 460800, 460928, 460988



Costco verð 1.149 kr.
Sparnaður -350 kr.
Pítt verð 799 kr.

Gildir 22.02.2024 - 25.02.2024
490 kr. AFSLÁTTUR

Kleenex stórar bréfpurrkur
6 x 90 stk.
Vörunr. 270684



Costco verð 1.489 kr.
Sparnaður -490 kr.
Pítt verð 999 kr.

Gildir 22.02.2024 - 25.02.2024
550 kr. AFSLÁTTUR

Actimel jarðaber/ávextir
12 stk.
Vörunr. 71680, 74350



Costco verð 1.549 kr.
Sparnaður -550 kr.
Pítt verð 999 kr.

Gildir 22.02.2024 - 25.02.2024
500 kr. AFSLÁTTUR

Hass avokadó
5 stk. fyrsta flokks
Vörunr. 239



Costco verð 1.199 kr.
Sparnaður -500 kr.
Pítt verð 699 kr.

Gildir 22.02.2024 - 25.02.2024
400 kr. AFSLÁTTUR

Polaretti ávaxtaklakar
60 x 40 ml
Vörunr. 256185



Costco verð 1.399 kr.
Sparnaður -400 kr.
Pítt verð 999 kr.

Gildir 22.02.2024 - 25.02.2024
600 kr. AFSLÁTTUR

Minute Maid fjölvítamínsafi
Vörunr. 461729



Costco verð 2.999 kr.
Sparnaður -600 kr.
Pítt verð 2.399 kr.

110 ÁRA
GÓMUL SAGA & NÝ

1994 „Verð enn foxill þegar ég rifja upp hvernig skipuleggjendur gerðu lítið úr upplifun allra sem sátu fastir í umferðinni.“

Ragnhildur Sverrisdóttir

Upplifðu þjóðhátíðina á vegum úti

● Allt að 75 þúsund manns sóttu lýðveldisafmæli á Þingvöllum ● Þúsundir eyddu deginum í bílum á þjóðvegnum ● Sumir voru sex klukkutíma á leiðinni ● Mættu þegar verið var að slíta hátíðinni

BAKSVIÐ

Sigtryggur Sigtryggsson
sisi@mbl.is



Haldið verður upp á 80 ára afmæli lýðveldisins Íslands á þessu ári. Margt verður gert til hátíðarbrigða.

Hátíðarhöldin á 50 ára afmælinu eru eflaust mörgum í fersku minni. Áætlað var að allt að 75 þúsund manns hefðu komið á Þingvöll föstudaginn 17. júní 1994 og notið fjölbreyttar dagskrár sem í boði var.

En það sem er eftirminnilegast frá þessum degi er gífurlegt umferðaröngþveiti sem var á vegum til Þingvalla.

„Þúsundir manna komust ekki til Þingvalla vegna tafa í umferð og eyddu þjóðhátíðardeginum í bílum sínum. Þess eru fjölmörg dæmi að fólk hafi verið sex klukkustundir á leið þangað frá Reykjavík og ekki komið á staðinn fyrir en hátíðahöld voru að mestu um garð gengin. Varpaði þetta skugga á hátíðina,“ sagði í forsíðufrétt Morgunblaðsins 19. júní. Var hátíðin síðar kölluð þjóðvegahátíðin mikla.

En þeir sem náðu á Þingvelli í tæka tíð nutu dagsins og góð stemning myndaðist meðal gesta.

„Allt sem fram fór á gamla þingstaðnum á Þingvöllum var til mikillar sæmdar. Það var gaman að vera Íslendingur í gær,“ sagði Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, í samtali við Morgunblaðið.

„Dagurinn varð ógleymanlegur í alla staði og er þegar orðinn stórkostlegur minningardagur. Mér er efst í huga sá mikli þjóðarstyrkur sem þarna ríkti, fólk sótti í gær innri styrk til að horfa fram á veginn með minningarnar að leiðarljósi.“

Stemning um allt land

„Í öllum meginatriðum tókst þessi hátíð afskaplega vel,“ sagði Davíð Oddsson forsætisráðherra. „Það var mikil stemning í kringum hátíðina, ekki síst á Þingvöllum en reyndar um allt land. Auðvitað er það afskaplega leiðinlegt og ómurlegt að fjöldi manns vildi sækja á Þingvelli en komst ekki. Í þeim efnum held ég þó ekki að við einhvern sérstakan sé að sakast,“ sagði forsætisráðherra.

Fjölmargir heiðruðu Íslendinga með nærveru sinni, þar á meðal allir þjóðhöfðingjar Norðurlandanna.

Morgunblaðið var að vonum með mikinn viðbúnað vegna viðburðarins. Blaðamenn og ljósmyndarar fóru af stað snemma um morguninn og annar hópur aðeins síðar. Þar á meðal var Ragnhildur Sverrisdóttir blaðamaður, sem nú er upplýsinga-



Morgunblaðið/RAX

Endalaus röð Þúsundir Íslendinga komust ekki til Þingvalla til að njóta lýðveldishátíðarinnar. Séð úr lofti virðist bílaröðin vera alveg endalaus.

fulltrúi Landsvirkjunar. Ragnhildur var beðin að rifja upp þennan sögulega dag.

„Það sem enn situr fastast í mér, 30 árum síðar, er hvernig yfirvöld stungu höfðinu einfaldlega í sandinn og neituðu að viðurkenna að þetta hefði verið það stórkostlega klúður sem raun bar vitni,“ segir Ragnhildur,

„Ég sat með vinnufélögum í bíl frá rúmlega 11 fyrir hádegi og þar til við lögðum við þjónustumiðstöðina kl. 16.30. Ferðin tók okkur sem sagt fimm og hálf klukkustund. Skipuleggjendur voru hins vegar afskaplega kokhraustir, ekki bara þennan dag heldur næstu daga á eftir, og sögðu að það væri „edlilegt“ að „einhverjar tafir“ yrðu. Þeir hömrðu líka á því að fólk gæti sjálft sér um kennt, af því að það hafði lagt af stað á tíma sem því hentaði, í stað þess að dreifa umferðinni eins og hentaði þessum sömu skipuleggjendum. Ég

verð enn foxill þegar ég rifja upp hvernig skipuleggjendur gerðu lítið úr upplifun allra sem sátu fastir í umferðinni klukkustundum saman. Það var lítill mannsbragur að þeim viðbrögðum og undanbrögðum.

Þessari Þingvallaferð lauk þannig að við blaðamennirnir gengum frá þjónustumiðstöðinni inn að Valhöll. Þar stýrði Freysteinn heitinn Jóhannsson fréttastjóri fréttablaðið á svæðinu og hafði aðsetur í hjólhýsi. Ég gekk að hjólhýsinu, Freysteinn svipti upp hurðinni, rétti mér plastpoka fullan af áteknum filmum og sagði mér að aka með þær í bæinn í framköllun. Dagskráin var langt komin og hann þurfti ekki á okkur að halda á staðnum lengur. Það var ekkert annað að gera en að hlýða þessu, en heimferðin sóttist reyndar mun betur en ferðin á staðinn.“

Ofanritaður blaðamaður var á fréttastjóravakt á ritstjórninni í Kringlunni þennan föstudag. Þegar ég taldi að blaðamennirnir væru



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Hátíðardagskrá Fjölmennur barnakór söng fyrir gestina á Þingvöllum.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Sár og svekkt Guðmundur og Kristbjörg ásamt börnunum Sænni og Huldu Björgu og frænkunni Þóru. Þau voru sex klukkutíma á leiðinni.

komnir á Þingvöll hringdi ég í gamla farsímamann (NMT) til að vita hvort ekki væri allt komið „á full swing“. Mikil var undrunin þegar Ragnhildur sagði mér að þau væru rétt komin upp úr Ártúnsbrekkunni!

Eftirminnileg eru viðtöl blaðamanna Morgunblaðsins við fólk sem missti af hátíðinni.

Urðu að fylgjast með í útvarpi

„Auðvitað erum við svolítið reið, en aðallega erum við sár og svekkt yfir því að missa af þjóðhátíðinni, þrátt fyrir sex tíma ferðalag,“ sögðu hjónin Kristbjörg Guðmundsdóttir og Guðmundur Magnússon, sem komu á Þingvelli laust eftir klukkan hálf sjö að kvöldi 17. júní, í þann mund sem þjóðhátíðinni var slitið.

„Við gátum auðvitað hlustað á útvarp á leiðinni, en ferðin var nú ekki farin til þess og þar sem við áttum ekki von á þessum ósköpum, þá er ekkert sjónvarp í bílnum okkar!“ sögðu þau. Og bættu við:

„Sjónvarpið ætti að endursýna sem mest af þjóðhátíðinni fyrir okkur sem upplifum hana bara á þjóðvegnum.“ Þeim varð að ósk sinni því Sjónvarpið endursýndi valda kafla frá hátíðinni sunnudaginn 26. júní.

Umferðaröngþveitið var að vonum mikið rætt í þjóðfélaginu. Þjóðhátíðarnefnd óskaði eftir því að forsætisráðherra léti fara fram athugun á því hvað aflaga fór og hvers vegna við skipulag og stjórnun umferðarmála til og frá Þingvöllum. Í bréfi Matthíasar Á. Mathiesen, formanns þjóðhátíðarnefndar, segir að nefndin telji mikilvægt að fram komi ábendingar um hvað gera þarf í umferðarmálum höfuðborgarsvæðisins til þess að koma í veg fyrir að slíkir atburðir endurtaki sig.

Hér sé ekki aðeins um að ræða umferðarmál á Þingvöllum heldur einnig og ekki síður mál sem hafi mikla þýðingu fyrir almannavarnir og þar með öryggi íbúa höfuðborgarsvæðisins.

Glæný sending af HOFF strigaskóm

- mjúkir með memory foam innleggi



HOFF City Silver
19.990 kr.



HOFF City Beaufort
19.990 kr.



HOFF City Saint Tropez
19.990 kr.

apríl



Komdu og hittu þingflokk Sjálfstæðisflokksins

Öll velkomin!

Fimmtudaginn 22. febrúar

Reykjanesbær
Verndarkerfi á þolmörkum
18:00 - Grófinni 8

Áskoranir í útlendingamálum. Opinn fundur.
Frummælendur eru Bjarni Benediktsson og Guðrún Hafsteinsdóttir.

Föstudaginn 23. febrúar

Akranes
Opinn súpufundur
12:00 - Vinaminni

Húnaþing vestra
Opinn fundur
15:30 - Bessastöðum

Blönduós
Súpufundur með
trúnaðarmönnum

Laugardaginn 24. febrúar

Sauðárkrókur
Laugardagsfundur
10:00 - Sauða, Sauðárlíð 70

Siglufjörður
Opinn fundur
12:30 - Ráðhúsi Fjallabyggðar

Akureyri
Opinn fundur
16:30 - Geislagötu 5, 2. hæð

Sunnudaginn 25. febrúar

Mývatn
Opinn fundur
11:00 - Vogafjosi

Egilsstaðir
Kvennaboð
15:00 - Sólbrekku 14

Egilsstaðir
Karlaboð
15:00 - Hamrahlið 4

Reyðarfjörður
Opinn fundur
17:30 - Búðargötu 1

Mánudaginn 26. febrúar

Djúpivogur
Opinn súpufundur
12:00 - Bakka 4

Höfn í Hornafirði
Opinn fundur
16:30 - Heppuvegi 6

Kirkjubæjarklaustur
Björkvöld
20:00 - Skaftárstofu við Sönghól

Þriðjudaginn 27. febrúar

Bláskógabyggð
Opinn fundur
12:00 - Vínstofu Friðheima

Hrunamannahreppur
Opinn fundur
14:20 - Vesturbrún 1

Selfoss
Opinn fundur
16:30 - Austurvegi 20

Ölfus
Opinn fundur
18:00 - Hlöðunni í Hjalla

Dagskrá hringferðar á Vestfjörðum, Vestmannaeyjum og Snæfellsnesi auglýst síðar

Dagskrá hringferðar er á xd.is

D

Heildarstefna og heimsmarkmið

● Akranes einum rómi ● Framtíðarsýn og fjölbreytt sjónarmið ● Atvinna og umhverfissátt í farsælu samfélagi ● Sterkir innviðir og skilvirk þjónusta ● Áfram er pláss fyrir hugmyndafræði og rökræður

Sigurður Bogi Sævarsson
sbs@mbl.is

Til umfjöllunar í bæjarstjórn Akranes er nú heildarstefna sveitarfélagsins sem gilda á frá líðandi stundu fram til ársins 2030. Líkja má stefnu þessari við stjórnarskrá; hún er leiðarvísir um hvernig starfi bæjarfélagsins skuli háttáð enda taki áherslu á völdum sviðum mið af stefnu þessari.

„Tillaga um heildarstefnu Akraneskaupstaðar kom frá fulltrúum

Framsóknarflokksins á bæjarstjórnarfundum fljótlega eftir kosningar 2022. Meirihlutinn í bæjarstjórn, sem Samfylking og Sjálfstæðisflokkur standa að, var þá nýbúinn að kynna sinn málefnaþing. Eitt af markmiðum þar var að vinna langtímastefnu kaupstaðarinnar með hlífð af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Við vorum sem sagt öll sammála um að leggja í þessa vegferð, bæði meiri- og minnihluti bæjarstjórnar. Sú samstaða gaf okkur kraft,“ segir Valgarður Lyngdal Jónsson forseti bæjarstjórnar í samtali við Morgunblaðið.

Viðtækt samráð mikilvægt

Heildarstefnan hefur verið til umfjöllunar að undanfögnu. Verður ef að líkum lætur afgreidd endanlega og samþykkt á fundi bæjarstjórnar á þriðjudag í næstu viku.

„Í upphafi líðandi kjörtímabils voru margar af stefnum bæjarins í málaflokkum farnar að nálgast þörf á endurskoðun. Ég held að bæjarfulltrúar hafi allir verið sammála um mikilvægi þess að skilgreina þá fyrst heildarstefnu bæjarins svo hún gæti nýst sem grunnur annars,“ segir Valgarður. Hann var einn þriggja sem skipuð voru í stýrihóp til að móta heildarstefnuna. Þar sátu einnig Líf Lárusdóttir, oddviti Sjálfstæðisflokksins og formaður bæjarráðs, og Sædís Alexía Sigurmundsdóttir



Morgunblaðið/Sigurður Bogi

Akranes Horft til suðurs yfir Skagann. Hér liggur Kirkjubraut þvert í gegnum bæinn, sem hefur stækkað mikið á síðustu árum og fólki fjölgað.

bæjarfulltrúi Framsóknarflokksins, sem tók að sér formennsku. Ráðgjafar frá KPMG störfuðu með hópnum svo og starfsfólk Akraneskaupstaðar.

„Við leitum til að fá á borðið fjölbreytt sjónarmið úr samfélaginu öllu,“ segir Valgarður. „Við unnum með gögn frá barna- og ungmenna-

þingi bæjarins, ræddum við fulltrúa frá fyrirtækjum og stofnunum, stóðum fyrir rafrænni íbúakönnun og héldum vinnustofu þar sem öllum starfsmönnum Akraneskaupstaðar var boðið að taka þátt. Við nýttum líka gögn úr rafrænni starfsmannakönnun, íbúakönnun Gallup og fleira. Drög að stefnunni fóru í rýni til bæjarstjórnar, bæjarráðs og allra fagráða og nefnda sveitarfélagsins, auk notendaráðs um málefni fatlaðra, öldungaráðs og ungmennaráðs. Þetta viðtæka samráð var mjög mikilvægt.“

Auðgandi mannlíf í farsælu samfélagi

Fjölbreytt atvinnulíf, umhverfissátt, farsælt samfélag, auðgandi mannlíf og menning, traustir innviðir og skilvirk þjónusta. Þetta eru stikkorð úr þeirri framtíðarsýn sem reifuð er í hinni nýju heildarstefnu. Þar er fjallað um atvinnumál sem Akurnesingar vilja að byggist á grænum áherslum. Iðnaður, ferðaþjónusta og heilsutengd þjónusta er þar nefnd og við höfnina byggist upp ferðaþjónusta og sjávar- tengd atvinnustarfsemi. Í þessu efni er litið til heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, það er 8. greinar þeirra um atvinnu og hagvöxt. Raunar er allt í stefnu Akurnesinga með einum eða öðrum hætti tengt markmiðunum SP, svo breið er öll skírskotun þeirra og allt inntak.

„Best við heimsmarkmiðin að mínu mati er að þau fjalla um flókin og yfirgripsmikil mál en framsetningin er einföld, skýr og afar þægilegt að vinna með þau. Sameinuðu þjóðirnar eru sá alþjóðlegi vettvangur sem við Íslendingar höfum skuldbundið okkur til að tilheyra. Heimsmarkmiðin eru því okkar markmið og leiðarljós inn í framtíðina. Þessi stefna er þó fyrst og fremst yfirlýsing okkar Akurnesinga um að hvað gera skuli,“ segir Valgarður.

Hreint haf og einstök strandlengja eru nefnd sem mikilvægir þættir í umhverfismálum á Akranesi, sem á að vera blómlegur, grænn og loftslagsvænn bær. Hvað varðar farsælt samfélag er minnt á mikilvægi jöfnuðar, heilbrigðis og lífsgæða í bæ þar sem boðið er upp á gæðamenntun

með framsæknu skóla- og frístundastarfi. Auðgandi mannlíf, sem er eitt atriði stefnunnar, skal byggjast á fjölbreyttu menningarstarfi og öflugum íþróttalífi. Þá skal, hvað varðar trausta innviði og skilvirka þjónustu, standa að rekstri sveitarfélagsins með jafnræði, framsækni, gagnsæi og metnaði og stuðla að lýðræðislegri þátttöku bæjarbúa.

Valgarður nefnir að nokkur sveitarfélög á Ísland séu þegar komin með yfirstefnu líkt og nú liggur fyrir á Akranesi. „Mosfellsbær er kominn vel áleiðis með því að setja fram undirstefnur í afmörkuðum málaflokkum sem byggjast á heildarstefnu, eins og við stefnum að á næstu árum. Þá má einnig nefna Kópavogsbæ sem hefur verið í fararbroddi hvað það varðar að byggja stefnu sína á heimsmarkmiðunum. Við á Akranesi ætlum að kynna stefnuna mjög vel fyrir okkar íbúum og undirbúningur er í fullum gangi. Næstu skref eru að brjóta stóru markmiðin í stefnunni niður í einstaka aðgerðir sem verði tímasettar og fjármagnaðar og settar fram í aðgerðaáætlun og stefnu.“

Pólitíkin sé uppbyggjandi

Þótt formlegur meirihluti sé til staðar í bæjarstjórn Akranes minnir Valgarður á að þvert á flokka sé gott samstarf. Fólk hafi lagt sig fram um að tala sig niður á lausnir sem allir geti sætt sig við. „Oft er búið að ræða málin vel og lengi þegar kemur til formlegrar afgreiðslu. Þetta samkomulag um starfshætti bæjarstjórnar hefur samt aldrei verið sett formlega á blað. Meirihluti bæjarstjórnar á hverjum tíma hefur sett fram málefnaþing. Sá heldur gildi sínu, þó við leggjum núna fram þessa heildarstefnu. Sú er fyrst og fremst sameiginleg framtíðarsýn um hvert við viljum stefna sem bæjarfélag. Á hvaða gildum við viljum byggja og hvernig við viljum próa samfélagið á Akranesi. Áfram verður pláss fyrir pólitík, hugmyndafræði og rökræður. En þegar við stöndum á þeim sterka grunn, sem ein sameiginleg stefna veitir okkur, verður sú pólitík vonandi fyrst og fremst uppbyggjandi,“ segir Valgarður.

Tobba Marinós ráðin upplýsingafulltrúi

Þorbjörg Marinósdóttir, betur þekkt sem Tobba Marinós, hefur verið ráðin nýr upplýsingafulltrúi Lilju D. Alfreðsdóttur í menningar- og viðskiptaráðuneytinu. Starfið var auglýst laust til umsóknar 11. janúar sl. og alls bárust 43 umsóknir.

Tobba útskrifaðist með BA í fjölmiðlafræði með áherslu á almannatengsl árið 2008 frá University of Derby. Árið 2018 lauk hún MPM-gráðu í verkefnastjórnun frá HR. Hún hefur mikla reynslu úr fjölmiðlum og kynningarmálum, hefur m.a. ritstýrt DV og matarvef mbl.is.




Tobba Marinós

Pantaðu í tæka tíð!

Er allt tilbúið fyrir páskaframkvæmdirnar?

Við bjóðum frábæra þjónustu, gott verð, sölu og leigu!



VINNUPALLAR

- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Vinnupallar ehf. - Vagnhöfða 7 - s. 787 9933 - vpallar@vpallar.is - www.vpallar.is

Helíum og skraut í fermingarveisluna



Vefverslun
HOKUSPOKUS.IS

Mán-fös: 10-18. Laug: 11-17
Laugavegi 69, 101 Reykjavík

Hokus Pokus



Eucerin[®]

**FYRSTA
ENDURNÝJANDI
LÍKAMSKREMIÐ**

**FYRIR 3 ÞARFIR
ÞROSKAÐRAR HÚÐAR**

NÝTT

Eucerin[®] **Hyaluron-Filler + Elasticity**
ANTI-AGE BODY CREAM

MEDICAL SKINCARE

PATENTED
THIAMIDOL

+
EYKUR
TEYGJANLEIKA

+
MINNKAR
LITABLETTI

+
ENDURNÝJAR
HÚÐINA

Heiður sem á ekki að vera til sölu

● Farið er fram á í forsetabréfi að orðunni sé skilað eftir andlát orðuhafa ● Engin viðurlög eru þó ef ekki er farið eftir því ● Stórriddarakross með stjörnu nýlega auglýstur til sölu á erlendri uppboðssíðu á netinu

BAKSVIÐ

Kristján Jónsson
kris@mbl.is



Af og til gerist það að eintak af fálkaorðunni sé til sölu. Morgunblaðinu barst á dögnum ábending um að stórriddarakross með stjörnu væri auglýstur til sölu á erlendri uppboðssíðu á netinu. Ef marka má upplýsingarnar á síðunni var alls boðið fjórutíu og einu sinni í orðuna og virðist sem orðan hafi verið seld á 2.650 evrur eða tæplega 400 þúsund krónur.

Sif Gunnarsdóttir

„Ég segi ekki að þetta gerist reglulega en það kemur fyrir að við fáum ábendingar um að orður séu til sölu. Það er svo sem ekkert nýtt og fyrirrennari minn í starfi, Örnólfur Thorsson, benti mér á að svona fréttir bærust manni stundum, þegar hann leiddi mig í allan sannleikann um starfið,“ segir Sif Gunnarsdóttir forsetaritari þegar Morgunblaðið bar þetta undir hana.

„Yfirleitt er reynt að hafa samband við þann sem er að selja og benda viðkomandi á hvað segir í forsetabréfinu um hina íslensku fálkaorðu. Þar stendur í 14. grein: „Við andlát þess sem orðunni hefur verið sæmdur skuli aðstandendur eða skiptastjóri skila henni aftur til orðuritara.“ Þetta er mjög skýrt í forsetabréfinu sem fylgir með orðunni þegar forseti veitir hana,“ segir Sif en hægt er að skila orðunni á skrifstofu forseta á Sóleyjargötu 1.

Höfðað til samvisku fólks

„Þegar við fáum ábendingar höfum við bæði reynt að hringja í þann sem stendur fyrir sölu á orðu eða skrifa bréf. Stundum hefur það gefið afar góða raun og fólki stendur til boða að koma með orðuna hingað á skrifstofuna og jafnvel er hægt að koma því við



Ljósmynd/Skrifstofa forseta Íslands

Bessastaðir Frá afhendingu fálkaorðunnar á síðasta ári. Orðan er veitt íslenskum ríkisborgurum tvisvar á ári.



Fálkaorðan Stig íslensku orðunnar eru fimm í hækkandi virðingarröð

að fólk geti skilað henni á Bessastaði,“ segir Sif en bendir á að engin viðurlög séu við því að skila ekki fálkaorðunni og því þurfi að höfða til sómakennrar fólks.

„Það kemur fyrir að maður hitti þannig á fólk að því finnst ekki rétt að skila þurfi orðunni og vilji frekar selja orðuna einhverjum áhugasömum. Við því eru engin viðurlög og við höfum því til samvisku fólks og almenns siðferðis. Veiting orðunnar er hátíðlegur atburður en ekki eru margir Íslendingar á ári sem hljóta þennan heiður frá forseta Íslands. Fálkaorðan er falleg leið til þess að heiðra fólk sem unnið hefur ómetanlegt starf og þess vegna finnst manni sárt ef þessi heiður gengur kaupum og sölum.“

EKKI ÞEKKJA ALLIR REGLURNAR

Þegar sú staða kemur upp að fálkaorða er til sölu telur Sif að algengast sé að afkomendum orðuhafans hafi ekki verið kunnugt um tilmælin að

orðunni sé skilað eftir andlát orðuhafa.

„Annaðhvort áttar fólk sig ekki á þessu eða kys að fara ekki eftir þessum reglum en ég held að algengara sé í þessum tilfellum að aðstandendur orðuhafa viti ekki af reglunni,“ segir Sif en á heildina litið eru Íslendingar samviskusamir að skila orðunni.

„Orður voru lengi vel ekki númeraðar og því var ekki hægt að fylgjast með orðunni ef þannig má að orði komast. Í dag eru þær númeraðar og fært til bókar hvert hver orða fer. Mín tilfinning er sú að afkomendur orðuhafa séu á heildina litið mjög duglegir að hafa samband og skila orðunni eftir andlát orðuhafa. Eftir andlát er þetta vitaskuld ekki það fyrsta sem fólk hugsar um en þegar frá líður verður þetta eitt af þeim verkefnum sem aðstandendur orðuhafa reka sig á. Ég ímynda mér að orðurnar séu yfirleitt geymdar á góðum stað,“ segir Sif Gunnarsdóttir forsetaritari.

Fálkaorðan

» Forseti Íslands sæmir íslenska ríkisborgara fálkaorðunni tvisvar á ári, 1. janúar og 17. júní.

» Að auki sæmir forseti árlega nokkra erlenda ríkisborgara fálkaorðu.

» Stig orðunnar eru fimm í hækkandi virðingarröð: Riddarakross, stórriddarakross, stórriddarakross með stjörnu, stórkross og keðja ásamt stórkrossstjörnu en hún er einungis veitt þjóðhöfðingjum.

» Orðunefnd ákveður hvaða íslensku ríkisborgarar hljóta orðuna á hverjum tíma.

» Núverandi formaður orðunefndar er Kristín Ingólfssdóttir, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands.

ICEWEAR
ICELAND

HERGILSEY
Sherpa ullarkápa
22.990kr,-

@icewearmagasin
www.icewear.is



Morgunblaðið/Eggert

Heiðruð Sanna Beinteins með verðlaunagripinn, ásamt Ragnhildur Steinunn Jónsdóttur kynni, á undanúrslitakvöldi Söngvakeppinnar.

Heiðruð fyrir framlag til Eurovision

● Sanna Beinteins fær fyrst heiðurinn

Sigríður Beinteinsdóttir söngkona, Sanna Beinteins, fékk sérstaka heiðursviðurkenningu fyrir framlag sitt til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöða, Eurovision, á fyrra undanúrslitakvöldi keppinnar hér heima sl. laugardagskvöld. Er hún fyrst til að fara í svonefnda Heiðurshöll Söngvakeppinnar, sem RÚV mun velja í næstu ár keppinnar.

Sanna hefur nokkrum sinnum keppt fyrir Íslands hönd

í Eurovision, bæði sem aðalsöngvari og í bakróddum. Hefur hún tekið þátt í enn fleiri undankeppnum hér á landi, án þess að vera hluti af sigurlaginu. Viðurkenningin var afhent í beinni útsendingu RÚV, eftir að Sanna hafði flutt lagið *Nætur*. Komu kynnar kvöldsins henni í opna skjöldu er verðlaunagripur, hljóðnemi, var afhentur. Við þetta tækifæri sagði hún, aðspurð, að öll ferðalögin í keppnina stæðu upp úr.



Saga Menntaskólans á Akureyri



5 nýir þættir á TindurTV

Fyrsti þáttur sýndur fimmtudaginn 22. febrúar kl. 18. Síðan nýr vikulega.

Viðmælendur:

Tryggvi Gíslason og Jón Már Héðinsson skólameistarar

Viðmælendur meðal eldri stúdenta:

Hulda Kristjánsdóttir (1939), Kristmundur Bjarnason (1940), Halldór Þorsteinsson (1941), Ingvar Gíslason (1947), Halldór Blöndal (1959), Hlín Daniélsdóttir (1964), Steinunn Jóhannesdóttir og Einar Karl Haraldsson (1967), Kristín Steinsdóttir (1967), Sverrir Páll Erlendsson (1968), Trausti Jónsson (1970), Hjálmar Jónsson (1971), Atli Rúnar Halldórsson (1974), Steingrímur J. Sigfússon (1976), Björgólfur Jóhannsson (1977), Bjarni Hafþór Helgason (1978), Eva Ásrún Albertsdóttir (1979), Alma Möller (1981), Sigmundur Ernir Rúnarsson (1981), Stefán Þór Sæmundsson (1982), Guðlaugur Þór Þórðarson (1988), Svanhildur Hólm (1994), Audrey Freyja Clarke (2007). Og Páll A. Pálsson, hirðljósmyndari skólans í 50 ár.

ANNAÐ EFNI Á TINDURTV (Youtube.com)

BLIK ÚR BERNSKU



15 þættir

ÁRNI IOHNSEN



1 þáttur

GUÐRÚN HELGA



LEIKSKÓLAR



10 þættir

HALLI & LADDI



2 þættir

GÁSAHÁTÍÐIN



1 þáttur

STUTT INNSLÖG



100 innslög

SIÓMENN ÍSLANDS



1 þáttur



FÓSTURMISSIR



5 þættir

Blása lífi í gamla bæinn í Borgarnesi

- Arkitektastofan Alternance hefur kynnt frumdrög að tveimur nýjum torgum í Borgarnesi
- Með uppbyggingu almenningsrýma á að gera bæinn meira aðlaðandi fyrir íbúa og ferðamenn

BAKSVIÐ

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is



Með tveimur nýjum almenningstorgum í Borgarnesi á að fegra bæinn og styrkja hann sem sögustað. Þá er þeim meðal annars ætlað að efla bæinn sem ferðamannastað og laða að nýja íbúa. Annars vegar með nýju miðbæjartorgi, Skallagrímstorgi/ Kveldúlfstorgi milli Skallagrímssgarðs og Kveldúlfsvallar, og hins vegar með Landnámstorgi/Brákartorgi, norðan Brákareyjarbrúar.

Verkefnið heitir Sögutorgin og felur í sér forhönnun þessara tveggja torga og ássins á milli þeirra með þátttöku íbúa og annarra hagsmunaaðila í Borgarnesi, að því er segir á vef verkefnisins, sogutorgin.is.

Arkitektastofan Alternance fer með hönnunina en áformin eru hluti af Evrópuverkefni Human Cities – SMOTIES og unnin fyrir Borgarbyggð og í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á vefsíðu verkefnisins er það sett í samhengi við sögu Borgarness. Fyrsta húsið var reist í Borgarnesi árið 1857 í Englendingavík og árið 1867 fékk Borgarnes löggildingu sem verslunarstaður og kaupþún.

Aftur til landnáms

„Saga Borgarness nær aftur til landnáms. Í Egils sögu segir að Skallagrímur og faðir hans Kveldúlfur hafi siglt frá Noregi til Íslands í lok 9. aldar en Kveldúlfur lést áður en til Íslands var komið. Til að efna hans hinstu ósk var kistunni kastað fyrir borð í Borgarfirði og tók Skallagrímur sér bólstað þar sem hana rak að landi á Digranesi, sem nú heitir Borgarnes,“ segir þar jafnframt.

Birgir Pröstur Jóhannsson, stofnandi Alternance, segir verkefnið snúast um ráðgjöf, rannsóknir, samráð og frumbönnun almenningsrýma en það sé framhald af rannsókn á skipulagi Borgarness sem unnin var af Alternance fyrir Borgarbyggð. Lögð sé áhersla á heildarsamhengi og á bættu götumynd. Hlutföll og gerð bygginga, notkun þeirra, yfirborðsfrágangur, gróðurreitir, götugögn og bílastæði séu hluti af forhönnuninni.


Leita í söguna

„Við erum að skoða byggðamynstrið og formfræðina. Sem sagt þróun bæjarins frá upphafi. Við leitum í söguna og í allar tölur sem veita okkur upplýsingar um bæinn. Við höfum haft samband við íbúa og erum að skoða hvernig saga bæjarins hefur þróast og hver þörf hans er í dag. Svo er stór hluti af þessu íbúasamráð en við höfum frá upphafi unnið með íbúum og hagsmunaaðilum til að fá tillögur og afstöðu og til að það fari



Teikningar/Alternance

Drög að breyttum bæ Mynd úr þrívíddarlíkani sem sýnir Brákartorg, Skallagrímstorg og ásinna milli þeirra úr lofti. Gönguleið tengir torgin.



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Hjá Alternance Birgir Pröstur Jóhannsson, Astrid Lelarge og Páll Jakob Lindal hafa unnið frumdrögin.

ekkert fram hjá okkur,“ segir Birgir P. Elstu minjar í Borgarnesi eru taldar vera frá 9. öld en elsta kortið er hins vegar frá árinu 1910. „Við skoðum þróunina í byggðamynstri. Við höfum fundið gömul kort frá mismunandi tímabilum og borið þau saman,“ segir Birgir. „Við erum með elstu kortin frá Borgarnesi og reynum að

velja ákveðin lykiltímabil þar sem við erum með góð kort, góðar upplýsingar, en elsta kortið er frá 1910,“ segir Birgir og bendir á að kortin frá árunum 1929 og 1950 sýni hvernig byggðin vestast tekur að þéttast og teygja sig út í Brákarey og inn í landið. Á báðum kortum séu skráðir Skallagrímshaugur, Kveldúlfshaugur,

Brennuholt og Varða, Brákarsund, Brákarpollur og Neðri-Sandvík, sem megi því ætla að hafi verið helstu kennileiti bæjarins.

Hefst með Agli

„Saga Borgarness hefst með Agli Skallagrímssyni og við eigum auðvitað engin kort frá þeim tíma.

Við eigum hins vegar minjar og það eru þessir tveir haugar, haugur Skallagríms [Kveldúlfssonar] og Böðvars [sonarsonar hans] og svo er annar haugur, Kveldúlfshaugur, sem er merktur á korti frá 1919,“ segir Birgir P.

„Við vitum hins vegar ekkert um uppruna þessa haugs, enda eru alls konar tilgátur um hvar Kveldúlfur sé grafinn, en hugsanlega er ólíklegt að hann sé grafinn þarna. En þarna er gröf og þetta eru afar merkar minjar. Þegar við erum að skoða þróun korta koma alls konar hlutir í ljós og út frá þessum mismunandi kortum reynum við að finna áhugaverðustu almenningsrými sem við viljum þróa. Hvar er best að þróa almenningsrými? Hvar er best að hittast? Hvar er sagan? Og þá komumst við að þessari niðurstöðu, að þróa tvö torg sem eru Brákartorg og Skallagrímstorg,“ segir Birgir P. en Brákartorg er nefnt eftir Þorgerði brák, ambátt Skallagríms. Sagan segir að hann hafi kastað stórum steini á eftir henni er hún var á sundi og að hvorugt hafi komið upp aftur. Af því er nafn Brákarsunds dregið.

Býður upp á það

Af hverju tvö torg?
„Það er í rauninni byggðamynstrið sem býður upp á það. Og af því að þarna eru tveir lykilstaðir sem eiga sér mjög áhugaverða sögu og arkitektúr. Skallagrímssgarður sem er mjög áhugaverður, tónlistarskólinn og gamla ráðhúsið sem var Spari-
▶ SJÁ SÍÐU 32

Herraskór fyrir veislurnar



Citytray
23.995 kr. / St. 40-47



Citytray
23.995 kr. / St. 39-48



Melbourne
17.995 kr. / St. 40-48



Melbourne
17.995 kr. / St. 40-47

STEINAR WAAGE
KRINGLAN - SMÁRALIND - SKÓR.IS

ECCO®
KRINGLAN - SKÓR.IS

Bað herbergisdagar

25%
afsláttur

PORCELANOSA


DANSANI
BATHROOM DESIGN

Ramon Soler™



SKANNAÐU KÓÐANN
OG KÍKTU Á TILBOÐIN

Kíktu á yfir

1500

vörur á www.alfaborg.is

Flísar - Speglar - Innréttingar - Blöndunartæki - Baðkör - Handklæðaofnar
Niðurföll - Sturtugler - Sturtuveggir - Salerni - Salerniskassar - Aukahlutir

 **ALFABORG**
- allt á gólfíð -

Skútuvoði 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Tillaga að sögutorgum í Borgarnesi



Brákartorg Mynd úr þrívíddarlíkani sem sýnir tillögu að Brákartorgi úr lofti. Verkefnið er í vinnslu.

sjóður Mýrasýslu og er teiknað af Sigvalda [Thordarson arkitekt] – allt er þetta í kringum haugana en samt eru þeir ekki sýnilegir og gegna litlu hlutverki í umhverfinu. Þannig að við sáum möguleika á að gera eitthvað virkilega áhugavert úr þessum stað.“

Páll Jakob Líndal doktor í umhverfissálfræði tekur undir þetta og segir þéttbýlismyndun í Borgarnesi nátengda þessari sögu enda hafi byggðin myndast við Brákarsundið og við Englendingavík þar norðan við á síðustu áratugum 19. aldar, og svo áfram inn eftir Digranesi. „Þarna byrjar bærinn að mótast og þarna er hjartað,“ segir Páll en hvort tveggja gefi ríkt tilefni til að draga þessa sögu fram í skipulaginu.

Mikilvægi sögunnar

Dr. Astrid Lelarge, sagnfræðingur og sérfræðingur í borgarskipulagi, segir mikilvægt að virða söguna og skírskota til hennar við endurnýjun þéttbýliskjarna. „Við gerðum formfræðilega rannsókn á því hvernig bærinn þróaðist frá upphafi. Með því að skoða gömul kort gátum við greint hvernig umhverfið hefur breyst með tímanum. Það sem lifir af þessari sögu, náttúrunnar og menningarinnar, hjálpaði okkur að greina staði í Borgarnesi sem hafa sérstaka sögulega þýðingu.“

Hvernig mun það gagnast Borgarnesi að hafa þessi torg?

„Það mun gagnast nærsamfélaginu enda hefur verið sýnt fram á að slík uppbygging styrki sögulega vitund og arfleifð. Þá ekki síst í



Ný ámynd bæjarins Mynd úr þrívíddarlíkani sem sýnir tillögu að Skallagrímstorgi úr lofti. Vísað er til sögunnar.

minni bæjum sem fólk kann að upplifa að séu í litlum tengslum við höfuðborgirnar. Því getur þurft að styðja við stolt heimamanna af sögu sinni,“ segir Astrid.

Verður meira aðlaðandi

Þannig að uppbyggingin, og februnin sem henni fylgir, muni til dæmis gera það meira aðlaðandi fyrir fólk

sem býr á höfuðborgarsvæðinu að flytja til Borgarness?

„Já, almennt laðar slík endurnýjun til sín fólk. Og rannsóknir á umhverfispáttum og í umhverfissálfræði benda til að fólk laðist sérstaklega að sögulegum stöðum. Svo að svarið er já – endurgerð þeirra gerir þá meira aðlaðandi. Endurgerð þessa bæjarhluta hefur dálítið

mætt afgangi á síðari árum en hún mun líka hafa jákvæð efnahagsleg áhrif og laða til sín íbúa og að lokum ferðamenn.“

Hvenær geti þetta orðið að veruleika?

„Það er undir sveitarstjórninni komið,“ segir Birgir Þröstur. „Fyrst þurfa þau aðvitað að samþykkja verkefnið. Vinna deiliskipulagið og halda áfram með verkefnið.“

Ný nálgun

Páll Jakob Líndal segir það gera verkefnið áhugavert að það sé þverfaglegt og að ráðist skuli í svo víðamikla undirbúningsvinnu áður en hönnunarvinnan hefst.

„Við byrjum á að mynda einhvers konar grunn byggðan á rannsóknunum í formfræði, borgarformfræði, skipulagi, arkitektúr og umhverfissálfræði og þannig drögum við fram þessa tvo þætti: Þessi tvö torg og svo ásinn á milli þeirra sem tengir þau saman. Það er í raun ný nálgun að gera þetta með þessum virka hætti og þessu virka samráði við íbúa. Við virkjum þá til þátttöku og samtals.“

Verður þetta tilbúið 2030?

„Nú erum við nýkomin fram með þessa tillögu svo það er erfitt fyrir okkur að segja. Ef ákveðið yrði að ráðast strax í framfylgd tillögunnar mætti að öllum líkindum ljúka gerð torganna fyrir 2030,“ segir Páll.

Astrid bendir á að fyrir utan hin efnahagslegu áhrif verkefnisins og mikilvægi þessara sögustaða hafi verið tekið mið af gæðum núverandi almenningsryma í Borgarnesi og nýtingu þeirra.

Hefur verið skilinn eftir

Því hefur verið haldið fram að Borgarnes sé bær sem margir aki í gegnum á leið norður. Stoppi þar kannski einna helst til að taka eldsneyti. Að það vanti ástæðu til að dvelja lengur í bænum?

„Það er ýmislegt til í því,“ segir Astrid. „Á undanföllum áratugum hefur byggst upp nýr miðbæjar-kjarni sem hefur dregið að sér starfsemi og atvinnulíf en er án

nægilegra umhverfisgæða. Í þessu ferli sat gamli bæjarhlutinn hins vegar eftir án þess að hugað væri að breyttu hlutverki hans. Þess vegna ýttum við þessu verkefni úr vör. Það snýst um að blása lífi í gamla bæinn. Borgarnes er ekki eini bærinn þar sem sögulegur miðbær hefur verið skilinn eftir. Það eru mörg dæmi um slíkt í Evrópu. Og sögulegt hverfi með tiltekin gæði í bæjar skipulagi er upphafspunktur.“

Verði áfangastaður

Hvernig bær verður Borgarnes eftir tíu ár?

Páll Jakob Líndal verður til svara: „Okkar von er að Borgarnes verði ekki lengur bara áningarstaður heldur áfangastaður og að fólk vilji virkilega fara þangað. Borgarnes er merkilegur og aðlaðandi staður. Og þar er margt að sjá og það eru fáir staðir sem hafa jafn mikla sögu og svo er mikið um að vera í Borgarnesi. Sagan er við hvert fótmál. Þar er söguvið Íslendingasagna og Egils sögu og þar er saga landbúnaðar og athafnalífs á Vesturlandi og samgöngusaga. Í yfir 70 ár voru áætlunarsiglingar milli Reykjavíkur og Borgarnes en þær lögðust af á 7. áratug síðustu aldar, þegar sæmilega greiðfær vegur var kominn fyrir Hvalfjörð.“

Brú byggð

Þannig að lengi vel fór fólk sem átti leið vestur eða norður í land eða suður með þessum hætti um Borgarnes. Því var mikið um að vera í bænum og þar byggðust upp margar áhugaverðar byggingar. Fé var rekið að gamla sláturhúsinu þar sem við erum að leggja til Brákartorg og brú byggð út í Brákarey árið 1929 og hafnaraðstöðu komið þar á laggirnar árið 1930. Eyjan var mikilvægur þáttur í atvinnu og athöfnum í Borgarnesi á 20. öld, þar var t.d. reist sláturhús og frystihús. Samandregið hefur Borgarnes því allt til að bera til að vera einn aðaláfangastaðurinn á Íslandi,“ segir Páll Jakob Líndal.

Aðalfundur
Geðhjálpar 2024

Aðalfundur landssamtakanna Geðhjálpar verður haldinn í N1 höllinni Hlíðarenda í sal 2 á annarri hæð

fimmtudaginn 21. mars kl. 16

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf, m.a. kosning fulltrúa í stjórn og umfjöllun um ársskýrslu og ársreikning samtakanna

Stjórn Geðhjálpar

NÝ KYNSLÓÐ AF RETINOLI

NÝTT
RETINOL
+HPR

Ceramide Water Cream

100%
sáumun á
línunum*



Elizabeth Arden
NEW YORK

*Byggt á neytendarannsókn á 74 þátttakendum eftir 4 vikur. © 2024 Elizabeth Arden

20% afsláttur
af öllum Elizabeth Arden vörum
22.–28. febrúar

HAGKAUP

Klofningur um kvótasetninguna

● Smábátaútgærðir ekki einhuga um grásleppufrumvarp

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Enn ríkir mikill klofningur meðal grásleppusjómannanna í tengslum við fyrirhugaða kvótasetningu veiðanna með frumvarpi til laga sem nú liggur fyrir Alþingi. Frumvarpið, sem matvæla-ráðherra kynnti fyrst á síðasta vörþingi og fékkst ekki afgreitt fyrir þinglok, liggur nú hjá atvinnuveganefnd þingsins eftir að formaður nefndarinnar, Þórarinn Ingi Pétursson, flutti frumvarpið í annað sinn í lok janúar í nafni meirihluta nefndarinnar. Atvinnuveganefnd hefur borist fjölda umsagna og má þar sjá ýmist stuðning eða andstöðu við frumvarpið.

„Undirritaðir lýsa yfir fullum stuðningi við frumvarp fyrirhugaðra breytinga og telja ljóst að stýring veiða með aflamarki í grásleppu muni leiða af sér ótvíráða hagkvæmni, sjálfbærni, stöðugleika, öryggi og fyrirsjáanleika veiða og vinnslu. Þá muni breytingarnar stuðla að nákvæmari, skarpri og meiri getu til sóknar inná nýja markaði og aukinnar vörubróunar. Óvissan minnkar til muna og ólympískar veiðar með tilheyrandi umhverfisáhrifum hverfa. Því meiri sem fyrirsjáanleiki veiða og vinnslu er; því líklegri til árangurs. Það gildir um allar tegundir,“ segir í umsögn sjó grásleppuútgærða á Húsavík.

Í umsögninni er þó varað við áhrifum svæðaskiptingar veiðanna, „í ljósi sögunnar um aflabrest á milli svæða, náttúrulegra sveiflna og veiðiskyldu“. Undir umsögnina rita þeir Jóhann Gunnarsson sem gerir út Sóleyju ÞH, Sigurður Kristjánsson á Ósk ÞH, Gunnar Gunnarsson á Eyrúnu ÞH, Þórður Birgisson sem gerir út Mána ÞH, Guðmundur A. Hólmgæirsson á Aroni ÞH, Stefán Guðmundsson á Apenu ÞH og Gunnlaugur K. Hreinsson eigandi GPG Seafood.



Ljósmynd/Hafrannsóknastofnun

Æxlun Talið er að dílamjórinn hrygni í hreiður þar sem lirlurnar eru sagðar dvelja um nokkurn tíma áður en þær yfirgefa hreiðrið.

Telja dílamjóra hrygna í hreiður

● Uppgötvaðist í meltingarvegi hlýra

Gunnlaugur Snær Ólafsson
gso@mbl.is

Vísindamenn segjast hafa uppgötvað að dílamjórinn hrygni eggjum sínum í hreiður og að lirlurnar dvelji í hreiðrinu í einhvern tíma áður en þær dreifast á stærra hafsvæði. Er þessi ályktun dregin á grundvelli þess að 727 lirlur dílamjórans fundust í meltingarvegi hlýra sem veiddist í marsralli Hafrannsóknastofnunar á síðasta ári.

Í vísindagrein sem birt var nýverið í vísindatímaritinu *Journal of Fish Biology* er sagt frá því að allar dílamjórallirlurnar sem fundust í meltingarvegi 720 gramma hlýra hafi verið jafn mikið melta. Því hafi verið ályktað að hlýrinn hafi náð lirlunum á sama tíma sem bendir til þess að lirlurnar dvelji á sama stað eftir að þær klekjast úr eggjunum.

Rannsóknin sem vísindagreinin vísar til sýndi einnig fram á afrán hlýra á eggjum og lirlum fiska. „Lítið er vítað um fæðunám hlýra og hve mikið afrán hans er á eggjum og lirlum annarra fiska. Mjórur eru algengir í Norður-Atlantshafi

og þáttur þeirra í vistkerfi þess vanmetinn, en rannsóknir á þeim eru fáar. Hreiður mjóra eru afrænd af hlýra og væntanlega öðrum fiskum líka, þannig að upplýsingar um hrygningarsvæði þeirra myndu hjálpa til við að rannsaka dreifingu og fæðunám afræningja þeirra,“ segir um rannsóknina á vef Hafrannsóknastofnunar.

Þrjú sérfræðingar sem starfa hjá Hafrannsóknastofnun framkvæmdu rannsóknina, þau James Kennedy, Ásgeir Gunnarsson og Christophe Pampoulie. Einnig átti Rupert Wieneroither frá hafrannsóknastofnun Noregs (Havforskningsinstituttet) þátt í rannsókninni.

Dílamjóri er botnfiskur sem lifir á leirbotni á 150 til 1.200 metra dýpi í köldum sjó (innan við 5 gráður) og er fæðan nær eingöngu slöngustjórur. Tegundina má finna undan Norðvestur-, Norður- og Austurlandi en hans verður einnig vart djúpt undan Suðausturlandi suður á Íslands-Færeyjahrygg og í Berufjarðarál og undan Vesturlandi.



Morgunblaðið/Hafþór Hreiðarsson

Vertíðarfiskur Útgærðir á Húsavík styðja kvótasetningu grásleppuveiða.

Einar E. Sigurðsson á Raufarhöfn er sammála grásleppuútgærðunum á Húsavík og mælir með samþykkt frumvarpsins. Það gera einnig félagsmenn bátafélagsins Ægis í Stykkishólmi sem segja í umsögn: „Veiðistjórn sem felst í hlutdeildarsetningu tryggir ábyrgari fiskveiðistjórn, hættuminni sjósókn, betri nýtingu veiðarfæra og að veiðar falli betur að umhverfis- og náttúruverndarsjónarmiðum.“

LS á öðru máli

Snæfellingar eru þó ekki allir á einu máli og lýsir Runólfur Jóhann Kristjánsson, sem gerir út frá Grundarfirði, andstöðu sinni við frumvarpið og varar hann við samþjöppun veiðheimilda og fækkun atvinnutækifæra.

Landssamband smábátaveigenda (LS) leggst einnig gegn kvótasetningu grásleppu. „LS hefur að vel athuguðu máli komist að þeirri niðurstöðu að veiðistýring á grásleppu með aflamarki svarar engu af því sem ekki er hægt að uppfylla í núverandi veiði-

kerfi. Áratuga reynsla er af núverandi stjórnun veiðanna og er því fátt sem getur komið á óvart. Hún takmarkar það magn sem veiða má með fjölda veiðidaga, veiðarfæra og veiðileyfa. Jafnframt er einungis heimilt að stunda veiðarnar á bátum minni en 15 brúttótonn og nota net af skilgreindri stærð til veiðanna,“ segir í umsögn sambandsins.

Smábátaveigendur Reykjaness leggst einnig gegn frumvarpinu og segir Halldór Ármannsson formaður þess í umsögn sinni: „Verði þessi kvótasetning að lögum munu örfáir aðilar eignast allar aflaheimildir í gegnum margar eignarheimildir og grásleppa verður veidd á nokkrum stórum og öflugum bátum, því engar takmarkanir verða á stærð báta, möskvastærð neta, netafjölda eða fjölda daga.“

Það er hægt að stýra veiðunum áfram með takmörkunum eins og verið hefur hingað til með öðrum hætti og það hefur margoft verið bent á það en það fellur ekki í kramið hjá sumum.“

vfs.is

YATO

DAGAR

YATO VERKFÆRI Á TILBOÐI

VERKFÆRA SALAN

VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is

VOGIR

ELTAK sérhæfir sig í sölu og þjónustu á vogum

Bjóðum MESTA úrval á Íslandi af smáum og stórum vogum

ELTAK

-vogir eru okkar fag

Hlíðasmára 14 | S: 588 2122
www.eltak.is

Afurðaverð á markaði

21. febrúar, meðalverð, kr./kg

Þorskur, óslægður	461,68
Þorskur, slægður	588,08
Ýsa, óslægð	239,11
Ýsa, slægð	213,93
Ufsi, óslægður	211,60
Ufsi, slægður	201,54
Gullkarfi	236,59
Blálanga, óslægð	101,00
Blálanga, slægð	244,26
Langa, óslægð	286,16
Langa, slægð	216,41
Keila, óslægð	72,51
Keila, slægð	86,27
Steinbítur, óslægður	108,77
Steinbítur, slægður	172,00
Hlýri, óslægður	286,00
Hlýri, slægður	364,11
Skötuselur, slægður	467,94
Skarkoli, slægður	478,23
Þykkvalúra, slægð	1.195,77
Langlúra, óslægð	195,00
Sandkoli, óslægður	161,88
Sandkoli, slægður	154,66
Rauðmagi, óslægður	235,23
Grásleppa, óslægð	1.625,11
Gellur	1.860,00
Hrogn/þorskur	645,73
Lúða, slægð	914,54
Lýsa, slægð	92,88
Skata, slægð	78,18
Undirmálsýsa, óslægð	119,83
Undirmálsþorskur, óslægður	213,14
Undirmálsþorskur, slægður	260,06

Útsalan er hafin



Skíðafatnaður
40-70% afsláttur



Mammut útivistarfatnaður
40-70% afsláttur



Swix gönguskíðafatnaður
40-70% afsláttur



Mammut Protect Down
40% afsláttur
Verð **113.995,-**
68.397,-



Valdir bakpokar
50% afsláttur



Fjallaskíðaskór
30-50% afsláttur



Valin barnaskíði
87-117cm
30% afsláttur



Barnabretti og bindingar
30% afsláttur



Fjallaskíði
30-50% afsláttur



Head V-shape V8
Svígskíði **30% afsláttur**
Verð **115.995,-**
81.197,-



Fischer TS Race
Gönguskíði m. bindingum
Verð **95.995,-**
57.597,-



Rossignol Delta
Sport R-Skin
Gönguskíði m. bindingum
Verð **65.995,-**
35.000,-



Rossignol X-Tour
Escape R-Skin
Gönguskíði m. bindingum
Verð **49.995,-**
30.000,-



Åsnes Amundsen
Ferðaskíði - Án bindinga
Verð **89.995,-**
45.000,-



Rossignol Positrack
Ferðaskíði - Án bindinga
Verð **59.995,-**
30.000,-



HEAD
NORTHUG



Everest

OMX I15	2.534 -0,29 %	OMX C	1.893 -0,21 %	OMX H	9.904 0,16 %	Dow Jones	38.536 -0,07 %	FTSE	7.663 -0,73 %
OMX N40	2.692 -0,46 %	OMX S	2.415 0,01 %	OSEBX	1.260 -0,22 %	Nasdaq	15.530 -0,65 %	DAX	17.118 0,29 %



Morgunblaðið/María

Stýrivextir Gunnar Jakobsson vara-seðlabankastjóri fjármálastöðugleika vildi einn nefndarmanna í peningastefnunefnd lækka stýrivexti.

Vildi hefja vaxta-lækkunarferli

● Gunnar kaus gegn tillögu Ásgeirs

Gunnar Jakobsson vara-seðlabankastjóri fjármálastöðugleika vildi lækka stýrivexti Seðlabankans um 0,25 prósentustig fyrir vaxtaákvörðun bankans í byrjun febrúar. Aðrir nefndarmenn kusu með tillögu Ásgeirs Jónssonar seðlabankastjóra og formanns nefndarinnar um að halda vöxtum óbreyttum.

Þetta kemur fram í fundargerð peningastefnunefndar sem birt var í gær. Stýrivextir eru nú 9,25% en þetta var þriðja vaxtaákvörðun nefndarinnar í röð þar sem ákveðið var að halda vöxtum óbreyttum. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Gunnar greiðir atkvæði gegn tillögu seðlabankastjóra en hann kaus í fyrra tvisvar gegn tillögum um hækkun vaxta.

Í fundargerðinni kemur fram að Gunnar taldi að aðhald peningastefnunnar væri nægjanlegt enda hefði dregið úr umsvifum í þjóðarþúskapnum. Einnig féli nýleg þróun efnahagsmála,

verðbólguhorfa og raunvaxta í sér vísbendingar um að komið væri að því að lækka vexti. Hann benti jafnframt á að raunvextir bankans hefðu ekki verið hærrí síðan 2012 og allt benti til að þeir myndu hækka töluvert til viðbótar á næstu mánuðum. Rétt væri því að hefja lækkunarferlið en í litlum skrefum í ljósi þeirrar óvissu sem væri til staðar.

Í fundargerðinni segir jafnframt að nefndin hafi sammælt um að áhrif af auknu aðhaldi peningastefnunnar væru að koma hratt fram og líklega væri farið að nálgast vendipunkt væri enn þörf á háum raunvöxtum í hagkerfinu. Nefndarmenn töldu ánægjulegt að áhrif peningastefnunnar kæmu æ skýrar fram og að verðbólguhorfur hefðu batnað. Þó vildi nefndin sjá skýrari merki um hjöðun verðbólgunnar, þar sem enn væri talsverð óvissa um marga lykilþætti í efnahagslífinu og verðbólga væri enn mikil.

Teymin safnað um milljarði króna

● Nýsköpunarhraðallinn Hringiða óskar eftir þátttakendum

Magdalena Anna Torfadóttir
magdalena@mbl.is

Nýsköpunarhraðallinn Hringiða verður haldinn í fjórða sinn í ár, en þó með breyttu sniði. Í ár verður fyrirtækjum sem eru skammt á veg komin eða á hugmyndastigi boðið að taka þátt. Hringiða er viðskiptahraðall sem hefur það markmið að styðja við nýsköpunarfyrirtæki sem leggja áherslu á umhverfismál.

Jenna Björk Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Hringiðu hjá KLAK - Icelandic Startups, segir í samtali við Morgunblaðið að ástæðan fyrir því að nú standi fyrirtækjum á hugmyndastigi til boða að taka þátt sé að mikil vöntun sé á fyrirtækjum sem leggja áherslu á umhverfismál.

„Þátttaka í Hringiðu hefur hingað til aðeins staðið lengra komnum fyrirtækjum til boða en í ár ákváðum við að breyta til þannig að annað hvert ár bjóðum við þingra komnum fyrirtækjum að taka þátt og annað hvert ár fyrirtækjum sem eru styttra á veg komin,“ segir Jenna Björk.

Margir bakhjarlar

Þátttaka í Hringiðu er fyrirtækjum að kostnaðarlausu en fjölmargir bakhjarlar standa á bak við hraðalinn, þar á meðal umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið, Orkuveita Reykjavíkur, Faxaflóahafnir, Terra, Ölgerðin og Samtök iðnaðarins. Samstarfsaðilar Hringiðu eru Rannís, Breið þróunarfélag, Orkuklasinn, Evris, Sjávarklasinn, Grænvangur, Hugverkastofa, F6S og Hringrásarklasinn.

Þátttaka stendur yfir í 6 vikur og allt að 10 teymi verða valin til þátttöku. Frumkvöðlar sem komast inn í hraðalinn fá tækifæri til þess að móta sína hugmynd með aðstoð sérfræðinga og frumkvöðla úr íslensku



Nýsköpun Jenna Björk Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Hringiðu, segir að fjölmörg fyrirtæki sem tekið hafi þátt í hraðlinum séu enn starfandi í dag.


Hringiða

- » Teymin sem hafa tekið þátt í Hringiðu hafa safnað hátt í milljarði króna
- » Klak í samstarfi við MIT
- » Umsóknarfestur til þátttöku er til 25. febrúar næstkomandi
- » Þrátttöku stendur yfir í 6 vikur og allt að 10 teymi verða valin til þátttöku
- » Fleiri fyrirtækjum en áður verður boðin þátttaka

atvinnulífi, styrkja tengslanetið, fá skýra sýn á næstu skref og verkferin til að komast þangað.

Jenna Björk segir að fjölmörg fyrirtæki sem tekið hafi þátt í hraðlinum séu enn starfandi í dag og þau þekktustu eru Snerpa Power, Side Wind, Álvit og E1.

„Við höfum tekið saman tölur og teymi Hringiðu hafa safnað hátt í milljarði króna frá styrktaraðilum og fjárfestum. Fyrirtækin sem hafa tekið þátt hafa einnig verið ánægð með fyrirkomulagið sem samanstendur af leiðsögn frá reynslumiklu fólki á sviðinu. Við erum með mentorakerfi sem er byggt á samstarfi frá MIT og undirbúum fyrirtækin við að þróa hugmyndina sína og kynna hana. Við erum í raun að leita að næstu umhverfisstjörnu,“ segir Jenna Björk. Mentora fyrirkomulagið byggir á hugmyndafræði MIT Venture Mentoring Service, sem hafa þróað fyrirkomulag í yfir tvo áratugi.



VIÐ LEITUM AÐ LISTAVERKUM

ERUM AÐ TAKA Á MÓTI VERKUM Á NÆSTA LISTMUNAUPPBOÐ

Áhugasamir geta haft samband í síma 551-0400

FOLD
UPPBOÐSHÚS

Rauðarástigur 12-14 · 105 Reykjavík · sími 551 0400 · www.gallerifold.is



Allt um sjávarútveg
mbl.is

22. febrúar 2024

Gjaldmiðill	Gengi
Dollari	137.29
Sterlingspund	173.13
Kanadadalur	101.84
Dönsk króna	19.895
Norsk króna	13.092
Sænsk króna	13.219
Svissn. franki	155.68
Japanskt jen	0.9144
SDR	182.08
Evra	148.3
Meðalgengi/Viðskiptavog þróng	179.207

TOYOTA YARIS ACTIVE

Nýskráning 5/2021. Akstur 122 þ.km. Bensín. Sjálfskipting.

Flott verð kr. 2.190.000.

Verð áður 2.490.000.

Raðnúmer 457402



567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

BÍLAHÖLLIN

KLETTHÁLSI 2 110 REYKJAVÍK

Opið: Mánudaga-föstudaga kl. 10-17, laugardaga frá kl. 12 til 15
Erum staðsettir á Bílasölu svæðinu Kletthálsi

taxfree

af öllum vörum*

*Gildir af öllum vörum nema Skovby og sérpöntunum. Afsláttur jafngildir 19,35% afslætti. Gildir ekki sem viðbótarafsláttur af áður niðursettum verðum. Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söliverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

Reykjavík
Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
lokað sunnudaga

Akureyri
Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

 HÚSGAGNA
HÖLLIN

Þurfum að vera reiðubúin

● Rússar eru að undirbúa sig fyrir möguleg átök við Atlantshafsbandalagið á næstu árum ● Stýring á „stigmögnun átaka“ lykillinn að þankagangi Rússa ● Keflavík líklegt skotmark ef átök dragast á langinn

VIÐTAL

Stefán Gunnar Sveinsson
sgs@mbl.is



Undanfarnar vikur og mánuði hafa yfirmenn varnarmála í hinum ýmsu Evrópuríkjum varað við því að Rússland sé að undirbúa sig fyrir möguleg átök við Atlantshafsbandalagið á næstu fimm til tíu árum.

Það mat er þó ekki einhlítt, en Troels Lund Poulsen, varnarmálaráðherra Danmerkur, varaði við því fyrir tveimur vikum að Rússland gæti látið reyna á samstöðu vestrænna ríkja á næstu þremur til fimm árum og norski hershöfðinginn Eirik Kristofferson, yfirmaður norska hersins, sagði í síðustu viku að herinn hefði í besta falli eitt til þrjú ár til þess að auka varnargetu sína gegn Rússum.

Það er þó ekki einhlítt, en Troels Lund Poulsen, varnarmálaráðherra Danmerkur, varaði við því fyrir tveimur vikum að Rússland gæti látið reyna á samstöðu vestrænna ríkja á næstu þremur til fimm árum og norski hershöfðinginn Eirik Kristofferson, yfirmaður norska hersins, sagði í síðustu viku að herinn hefði í besta falli eitt til þrjú ár til þess að auka varnargetu sína gegn Rússum.

Fabian Hoffmann, sérfræðingur í varnarmálum, eldflaugatækni og þeim aðferðum sem beitt yrði til þess að heyja kjarnorkustríð, segir í samtali við Morgunblaðið að hann telji í þessu samhengi að margir ofmeti þann tíma sem Rússar gætu tekið sér til þess að undirbúa sig, og að of margir horfi á þann mikla getumun sem sé nú í bæði mannafla og tækni á milli NATO-ríkja og Rússlands.

„Rússar eru vel meðvitaðir um það, að þeir geta ekki haft betur í löngu stríði við NATO,“ segir Hoffmann. „Þannig að það sem rússneskir hernaðarspekingar og stefnusmiðir hafa gert er að þeir hafa búið til áætlanir um hvernig þeir geti sigrað bandalagið áður en það getur nýtt sér sína „hefðbundnu“ yfirburði.“

Þær áætlanir snúast að sögn Hoffmanns um að stýra stigmögnun átakanna á þann veg að Rússar muni setja sem mestan sálfræðilegan þrýsting á andstæðinga sína til þess að þeir samþykki þær kröfur sem Rússar setji fram og semji frið.

Spurður um líkindi við áætlanagerð Sovétmanna í kalda stríðinu segir Hoffmann þann mun vera á að Rússar viti að þeir eigi enga möguleika á að vinna stríð við Atlantshafsbandalagið ef það er háð á forsendum vesturveldanna. „Þeir vita að þeir geta ekki unnið langt stríð og því þurfa þeir að finna önnur ráð til þess að vinna það,“ segir Hoffmann en að hans mati gæti stigmögnun Rússa á átökunum meðal annars falið í sér eldflaugaárásir á borgaralega innviði vítt og breitt um Evrópu.

Hoffmann segir að Rússar myndu ekki beita kjarnorkuvopnum í fyrstu, heldur hefðbundnum eldflugum, sem geti gert milkin skaða líft og við sjáum í Úkraínu á nánast hverjum einasta degi. Hann segir að Rússar myndu reyna að valda sem mestum skada gegn óbreyttum borgurum og borgaralegum innviðum í upphafsárásunum sínum og bætir við að Rússar myndu þá ekki útiloka þann möguleika að beita kjarnorkuvopnum. „Fyrir Rússa viltu halda þeim möguleika opnum, því að það eykur líkurnar á því að „hefðbundnu“ árásirnar virki,“ segir Hoffmann.

Reyni að fæla NATO-rikin frá

Ein sviðsmyndin sem Hoffmann setur þannig upp gæti því falið í sér að Rússar réðust á Eystrasaltsríkin og hernæmu þau að hluta eða í heild, á sama tíma og þeir gerðu eldflaugaárásir á Evrópu. „Þá senda þeir þau merki, að þeir hafi þegar valdið heilmiklu skada, og að þeir gætu valdið miklu meiri skada, þar á meðal með kjarnorkuvopnum,“ segir Hoffmann. Markmiðið sé þá að sannfæra bæði ríkisstjórnir og almenning í NATO-ríkjunum um að þetta sé að leyfa Rússum að halda sínum illa fengna hlut.



AFP/Gints Ivuskans

Horft til austurs Landamæravörður við Lidumnieki í Lettlandi horfir hér í áttina að Rússlandi og stendur vörð.

EYSTRASALTSRÍKIN AUKA VIÐBÚNAÐ SINN GEGN INNRÁS

Rúmlega þúsund byrgi til varnar

Varnarmálaráðherra Eystrasaltsríkja þriggja undirrituðu í síðasta mánuði samkomulag, sem felur í sér að ríkin þrjú styrkja varnir sínar á landamærunum að Rússlandi, þar á meðal Kalínígrad, og Hvíta-Rússlandi.

Munu ríkin þrjú m.a. reisa rúmlega 1.000 byrgi, þar sem hermenn geti reynt að verjast innrás Rússa sem lengst, en fyrir framan þau verða löggæddavirsbelti, skotgrafir og svonefndar „drekatenur“, sem eiga að hamla för skriðdreka og annarra brynvarinna farartækja.

Er tilgangurinn sá að reyna að hægja á innrásarliði Rússa og neyða það í gegnum flöskuhálsa þar sem varnarsveitir eigi betri möguleika á að halda aftur af því.

Donatas Palavenis, liðsforingi í litháíska hernum, sagði við *The Times* í síðustu viku að áætlanirnar drægu lærdóm af reynslu Úkraínunnanna, en markmiðið er að reyna að stöðva innrásina þegar á fyrstum stigum hennar, og ef það gengur ekki upp, að teyfa hana nægilega til þess að bandamenn Eystrasaltsríkja geti sent aðstoð.

Hoffmann segir að miðað við það sem vitad sé um þankagang Rússa í þessum efnum muni þeir þannig reyna að stýra viðbrögðum Atlantshafsbandalagsins með óttanum við frekari árásir og hindra bandalagsríkin þannig til að bregðast við eins og þau myndu vilja. „Þeir eru að veðja á það að þessar árásir muni hafa fælingarmátt, og að þeir muni beita árásum sínum á mjög úthugsaðan hátt.“

Hoffmann lýsir þannig nokkurs konar „valdbeitingarstiga“ sem Rússar gætu nýtt sér, þar sem þeir myndu byrja með nokkrum eldflaugaárásum, og ef þær virkuðu ekki myndu þeir stigmagna upp í stærri árásir og ef það dygði ekki til gætu þeir farið enn lengra og jafnvel þá upp í beitingu vígvallarkjarnorkuvopna (e. Tactical Nuclear Weapons).

„Þeir gætu þá byrjað á að varpa einni þannig sprengju og ef það virkaði ekki gætu þær orðið fleiri og ef það virkaði ekki þá hefðu þeir þann valmöguleika að skjóta langdrægu eldflugunum sínum,“ segir Hoffmann, sem bætir við að samlíking blaðamanns við stiga sé að vissu leyti rétt, en einnig röng, þar sem Rússar myndu ekki fylgja „stiganum“ með því að klífa hann eitt þrep í einu upp á við, heldur myndu þeir vilja halda öllum valmöguleikum sínum opnum.

Miklar líkur á árás á Keflavík

Talið berst að Keflavíkflugvelli og varnarviðbúnaði Íslandinga, en líklegt þykir að borgaralegir innviðir

á borð við flugvelli væru ofarlega á skotmarkalista Rússa. „Góðu fréttirnar fyrir Ísland eru að ég held ekki að landið ykkar yrði forgangsskotmark fyrir Rússa þegar kæmi að stigmögnun átakanna. Það eru stefnusmiðir í Evrópu sem eru nær Rússum og eru mikilvægari skotmörk fyrir þá,“ segir Hoffmann.

„Slæmu fréttirnar eru þær að það eru engu að síður miklar líkur á því að Ísland yrði fyrir árásum, því að landið yrði að mikilvægri miðstöð fyrir Bandaríkjamenn og liðsflutninga þeirra til Evrópu, og það eru engar líkur á því að Rússar myndu líta fram hjá því,“ segir Hoffmann, sem bætir við að hann hafi þó ekki innsýn í það hvernig Rússar teldu sig best geta mætt þeirri hættu. „En ég er nokkuð viss um að þeir hafa áætlanir um hvernig þeir muni takast á við þennan flugvöll og mögulegan liðsflutning Bandaríkjamanna þar,“ segir Hoffmann og bætir við að frá sjónarhóli Rússa myndu þeir hafa nokkuð góða ástæðu til þess að ráðast á Keflavík, ekki síst ef átökin dragast á langinn og Bandaríkjamenn fara að senda herliði yfir Atlantshafið í stórum stíl.

Þurfum að sannfæra Rússa

En hversu raunhæft er að Rússar myndu láta reyna á þetta? „Það er frægt spakmæli um að engin áætlun lifir af fyrstu snertinguna við óvininn. Við getum talað fram og til baka um það hvort þessi strategía sé rökrétt, hvort hún geti virkað eða hvort miklar

Hugsanleg innrás í Eystrasaltslöndin



líkur séu á að þetta myndi ganga upp,“ segir Hoffmann.

„Ég hef sannast sagna mínar efasemdir um það af mörgum ástæðum, en ég tel það vera mjög mikilvægt að fólk átti sig á því að það skiptir engu máli hvort ég trúir því eða ekki, eða hvort þeir sem sitja við stjórnvölinn hér trúir því. Þeir einu sem við þurfum að sannfæra að þetta geti ekki gengið upp eru Rússarnir, því það eru þeir sem gætu látið reyna á þetta ef þeir trúu því að þetta geti virkað,“ segir Hoffmann.

Hann undirstrikar mikilvægi þess að fæla Rússa frá slíkri tækifærismennsku. „Því að jafnvel þó að besta sviðsmyndin rynni upp, þar sem varnarsveitir Eystrasaltsríkjanna og NATO héldu aftur af Rússum og þeir næðu engum af hernaðarmarkmiðum sínum, og þar sem öll bandalagsríkin stæðu saman gegn árás Rússa og gæfust ekki upp þrátt fyrir árásir þeirra, þá værum við samt í þeirri stöðu að við værum í átökum við Rússa. Það væru bein hernaðarátök á milli nokkurra kjarnorkuvelda og miklar líkur á að þau myndu stigmagna.“

Hoffmann segist því vera á þeirri skoðun að það sé of hjartstýnt að tala um að Rússar þurfi tíu ár til þess að endurreisa herafli sinn eftir innrásina í Úkraínu, og fimm ár sé jafnvel í það mesta í þessu samhengi. „Ég myndi segja að við þurfum að vera reiðubúin innan tveggja til þriggja ára,“ segir Hoffmann og vísar meðal annars í mat

Kristoffersons hershöfðingja. „Ég held ekki að það sé Rússum í hag að láta reyna á þetta á þessari stundu,“ segir Hoffmann og nefnir sem dæmi að kosningar fari fram í mörgum Evrópuríkjum og í Bandaríkjunum á þessu og næsta ári, sem geti breytt ýmsu, auk þess sem staða mála í Úkraínu geti þróast.

Sendum út veikleikamerki

– En hvernig getum við þá komið í veg fyrir að Rússarnir láti reyna á samheldni NATO?

Hoffmann segir að þeirri spurningu þurfi helst að svara á tvennan hátt. Annars vegar sé brýnt að vesturveldin sýni að þau geti svarað Rússum, ekki bara með því herliði sem bandalagið hafi til reiðu, heldur einnig með sérstakri getu til að svara hlutum eins og eldflugaárásum til stigmögnunar.

„Ein leið til að fæla þá frá er að vera með mjög góðar eldflaugavarnir til þess að verja borgaralega innviði okkar, og ég tel að við þurfum að fjárfesta mun meira í slíkum vörnum. Annað er að koma okkur upp getu til að svara eldflugaárásum með gagnárásum og sýna Rússum þannig að við getum ekki bara varist ykkur, við getum líka skotið til baka og ógnað rússneskum innviðum, án þess þó að við séum að ráðast á óbreytta borgara,“ segir Hoffmann. „Við þurfum að geta sent þau merki til Rússa að ef þið skjótið eldflugum á okkur munum við skjóta strax til baka.“

Hin hliðin sem vesturveldin þurfi að huga að til þess að fæla Rússa frá árás á NATO-ríki sé sú huglæga. „Hún felur í sér að við sendum þau merki til Rússa að við séum reiðubúin fyrir að þeir láti reyna á þetta, en að við munum ekki gefast upp. Að við munum standast sálfræðilega þrýstinginn og við munum ekki gefast upp gagnvart kröfum ykkar. En, og ég tel mjög mikilvægt að undirstrika það, við erum að standa okkur mjög illa núna á þessari hlið. Allt sem Rússar sjá núna er veikleikar, þar sem við hikum við að bregðast við,“ segir Hoffmann.

Hann nefnir sem dæmi hvernig vesturveldin virðist ekki vilja styðja Úkraínu af öllu afli, hvernig þau bregðist ekki við því þegar Rússar stigmagna stríðið þar, hvernig þau forðist að lýsa því beint yfir að markmiðið sé að Úkraína vinni stríðið og að Rússland þurfi að tapa því.

„Okkar eigin stefnusmiðir, sérstaklega í Þýskalandi og í Bandaríkjunum, eru að senda þau merki til Rússa að ímynd þeirra af vesturveldunum sé rétt og að við þolum illa sársauka. Það sendir þau skilaboð að við séum þau veik fyrir að Rússar gætu komist upp með að ráðast á okkur. Við þurfum að breyta því.“

Hoffmann segir að ein leiðin til þess sé sú að ræða opinberlega þessa hættu og að hún sé til staðar, þannig að almenningur sé undirbúinn að þetta sé möguleiki. Það sé þó ekki endilega hlaupið að því. „Ég er frá Þýskalandi og þegar þessi mál eru rædd þar er nánast eins og fólk setji kíkin fyrir blinda augað um leið. Fólk vill ekki hugsa um þennan möguleika, ólíkt því t.d. sem almenningur í Póllandi og Eystrasaltsríkjunum gerir, því að fólk þar skilur betur þá hættu sem stafar af Rússum gagnvart lífsháttum okkar.

Það er til dæmis ekki raunin að tilvist Íslands eða Þýskalands sé í hættu frá Rússum, en við þurfum að vera mjög hrædd við það að núverandi lífnáðarhættir okkar sem hafa veitt okkur velmegun ganga ekki upp í heimi þar sem Rússland hefur úrslitavald yfir Evrópu. Lífskjör okkar myndu versna mjög mikið við það,“ segir Hoffmann. „Við þurfum því að geta hindrað þá niðurstöðu. Við höfum ekki val um annað.“

Á MORGUN

Nánar um innrásina í Úkraínu og afleiðingar hennar.

Segjast enn hafa fótfestu við Dnípró

● Úkraínuher segir Rússa ekki hafa náð að hertaka Krinkí á ný þrátt fyrir yfirlýsingar Shoígús ● Ekkert sem bendir til sóknar Rússa þar ● Pútín og Gerasimov veittu heiðursmerki fyrir orrustuna við Avdívka

Tvö ár frá innrás

Stefán Gunnar Sveinsson
sgs@mbl.is

Úkraínuher sagði í gær að ekkert væri hæft í yfirlýsingum Rússa um að þeir hefðu náð að hertaka á ný bæinn Krinkí, sem er á austurbakka Dnípró-fljótsins í Kerson-héraði. Sergei Shoígú, varnarmálaráðgjafi Rússlands, sagði á þriðjudaginn við Vladimir Pútín Rússlandsforseta að Rússar hefðu náð bænum á ný á sitt vald, en Úkraínnumenn frelsuðu hann síðasta sumar.

Talsmenn suðurherja Úkraínuhers sögðu hins vegar á samfélagsmiðlum að það væri rangt, og að Úkraínnumenn



AFP/Anatolii Stepanov

Loftvarnir Úkraínskir loftvarnarhermenn skjóta hér á rússneska dróna frá varnarstöðu sinni í nágrenni við Bakhmút í Donetsk-héraði í fyrradag.

héldu enn fast í varnarstöður sínar í bænum. Hins vegar hefðu Rússar gert áhlaup á bæinn með miklu mannfalli.

Bandaríska hugveitan Institute for the Study of War sagði sömuleiðis í stöðumati sínu í gær að miðað við þær upplýsingar sem lögju fyrir benti flest til þess að Úkraínnumenn væru enn með fótfestu á svæðinu, og að engin myndbönd eða önnur slík gögn hefðu borist sem bentu til þess að Rússar hefðu reynt að sækja fram í bænum eða nágrenni hans.

Segir Avdívka vera vendipunktur

Pútín afhenti í gær rússneskum orrustuflugmönnum heiðursmerki fyrir aðgerðir sínar við bæinn Avdívka. Sagði Pútín m.a. að þökk sé aðgerðum þeirra hefði verið mögulegt að knýja

fram „vendipunktur á einu erfiðasta svæði víglínunnar“. Valerí Gerasímov, yfirmaður rússneska herráðsins, afhenti sömuleiðis heiðursmerki, en hann var staddur meðal fótgönguliða í Úkraínu. Sagði Gerasímov að bæinn hefði fallið á „mjög skömmum tíma eftir langan undirbúning“, en Rússar hófu núverandi sókn sína að bænum í október síðastliðnum.

Rússneski herblóggarinn Andrei Morosov, sem gekk undir heitinu Murz á Telegram, var í gær sagður hafa svipt sig lífi, en hann greindi frá því fyrr í vikunni að Rússar hefðu misst 16.000 hermenn og 300 brynvarin farartæki í orrustunni um Avdívka. Sagði Murz í síðustu skilaboðum sínum að þrýst hefði verið á sig að eyða færslunni og að hann hygðist taka eigið líf.

Veidibann sett á Biskajaflóa til að vernda sjávarspendýr

Komust ekki á sjó í mánuð

Franskir fiskimenn gátu á ný lagt net sín í Biskajaflóa í gær eftir mánaðarlangt veiðibann sem sett var í janúar til að vernda höfrunga og hnýsur og önnur sjávarspendýr á svæðinu.

Frönsk stjórnvöld höfnuðu veiðar í flóanum allt frá Bretagne-skaga að spænsku landamærunum vegna þess að fjöldi höfrunga hefur á undanförunum árum drepist við strendur Frakklands. Veturinn 2022 til 2023 fundust nærri 1.500 dauðir höfrungar sem hafði rekið á land og talið var að á annan tug þúsunda hefði drepist til viðbótar og sokkið til botns.

Bannið náði til báta sem eru 8 metrar og lengri og þýddi það að um 450 franskir bátar komust ekki á sjó þennan mánuð. Þegar veiðar voru leyfðar á ný nú í vikunni var leiðinlegt veður og því veiddist lítið.



AFP/Christophe Archambault

FÆREYJAR

Anfinn Kallsberg látinn

Anfinn Kallsberg, fyrrverandi lögmaður Færeyja, er látinn 76 ára að aldri að því er kemur fram í færeyskum fjölmiðlum.



Anfinn Kallsberg

Kallsberg var fyrst kjörinn á færeyska Lögþingið árið 1980 fyrir Fólkaplokkinn og varð formaður flokksins árið 1996 en því starfi gegndi hann í 11 ár. Kallsberg gegndi ýmsum ráðherraembættum, var formaður Lögþingsins um tíma og lögmaður Færeyja frá 1998 til 2004. Hann var kjörinn fulltrúi Færeyja á danska þinginu 2005 og sat þar í tvö ár en hætti afskiptum af stjórn málam árið 2011.

Ólafur Ragnar Grímsson, þáverandi forseti Íslands, sæmði Kallsberg árið 2001 stórriddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir starf hans við að efla samskipti Íslendinga og Færeyinga.

Gráðugt svarthol gleypir sól á dag


● Hugsanlega bjartasti hlutur alheims

Stjörnufræðingar hafa uppgötvað það sem kann að vera bjartasti hluturinn í alheiminum, dulstirni með svarthol í miðjunni sem vex svo hratt að það gleypir efni sem jafnast á við eina sól daglega.

Þessu er lýst í grein sem birtist í tímaritinu *Nature Astronomy* í vikunni. Svartholið sem knýr dulstirnið áfram er 17 milljörðum sinnum stærri en okkar sól og þótt dulstirnið sé eins og örmár depill á myndum segja vísindamennirnir að því sem þar á sér stað megi líkja við geimfellið. Þetta líti út eins og risavaxinn og segulmagnaður stormur þar sem hitinn er 10 þúsund gráður og vindarnir séu svo hraðir að þeir gætu farið umhverfis jörðina á sekúndu.

Dulstirnið, J0529-4351, sást fyrst árið 1980. Það var þá talið vera stjarna en á síðasta ári var staðfest með sjónaukum í Ástralíu og Síle að um væri að ræða dulstirni. Talið er að dulstirnið gleypi efni sem svarar til 370 sóla á ári og aðsópsvæðið sem framleiðir allt þetta ljós sé um sjö ljósár í þvermál.

Dulstirnið er í 12 milljarða ljósára fjarlægð og hefur því verið til staðar nánast frá upphafi alheimsins.



Teikning/ESO/AFP

Svarthol Teikning af því þegar stjarna nálgast svarthol.

Stjörnufræðingar nota hugtakið dulstirni til að lýsa þéttum og björtum kjörnum fjarlægtra vetrarbrauta sem eru knúin áfram af risasvartholum sem soga til sín efni í gríðarlegu magni. Þegar þetta efni sogast inn leysist það í sundur og gefur frá sér afar skært ljós.

„Það sem er óvenjulegt er magnið sem þetta gleypir, en það jafnast á við massa einnar sólar á dag sem er gríðarmikið. Og þess vegna er ljósið frá því afar skært,“ hefur breska ríkisútvarpið BBC eftir Rachel Webster, stjörnufræðingi hjá háskólanum í Melbourne í Ástralíu.

VORUM AÐ FÁ NÝJA SENDINGU AF HINUM VINSÆLU DREAMWORLD RÚMUNUM Í NÝJU OG ENDURBÆTTU ÚTLITI. RÚMIN ERU FÁANLEG MEÐ BÆÐI COMFORT OG LUXURY DÝNU.

20% FERMINGARAFSLÁTTUR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



BÚSTOÐ
síðan 1975

10 ÁRA
ÁBYRGÐ

Tjarnargata 2 - 230 Reykjanesbæ - ☎ 421-3377 - 🌐 bustod.is

Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913

Útgáfufélag: Árvakur hf., Reykjavík.

Ritstjóri: Davíð Oddsson
Ritstjóri og framkvæmdastjóri: Haraldur JohannessenAstoðarritstjóri:
Karl Blöndal

Lögreglulög

Mikilvægt er að efla lögregluna til varnar borgurinum

Guðrún Hafsteinsdóttir dómsmálaráðherra hefur lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum. Frumvarpið var lagt fram á síðasta þingi en hlaut ekki brautargengi þá, en hefur verið breytt nokkuð og lagt fram á ný. Tilgangur frumvarpsins er að styrkja stöðu lögreglunnar til að fást við skipulagða glæpastarfsemi og verja borgara landsins, en eins og dómsmálaráðherra benti á í umræðum um málið hvílir sú skylda á ríkinu að verja borgarana gegn skipulagðri glæpastarfsemi og hryðjuverkaögn.

Frumvarpið gengur ekki mjög langt í þessum efnum og þar er til dæmis ekki að finna rannsóknarheimildir sem teljast til þvingunarúrræða og krefjast aðkomu dómara, svo sem hlerun, sem í lögum er kallað hlustun. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að hægt sé að fylgjast með þeim sem tengst geta skipulagðri glæpastarfsemi í almennri umræðu, eða á opinberum stöðum, svo sem úti á götu eða þar sem opið er almenningi.

Í þessum efnum þarf vitaskuld að fara varlega því eins og Bryndís Haraldsdóttir formaður allsherj-

ar- og menntamálanefndar nefndi í umræðunum þá er friðhelgi einkalífs mikilvæg og

ætlunin með lögunum er ekki að allir séu undir smásjá hins opinbera. Þess vegna fylgir þessum auknu heimildum lögreglunnar aukni eftirlit með lögreglunni, sem á að tryggja að ekki verði farið út fyrir eðlileg mörk í eftirlitinu.

Vissulega má deila um hvar mörkin eiga að liggja eða hvernig eftirlitinu skuli vera háttáð og mikilvægt er að þingmenn ræði það og komist að skynsamlegri niðurstöðu sem tryggir réttindi almennings en veitir lögreglunni um leið nægar heimildir til að hindra starfsemi glæpasamtaka eða annarra sem ógna öryggi borgaranna eða ríkisins. Fréttir undanfarinna missera og skýrslur ríkislögreglustjóra um árábíl sýna að full ástæða er til að styrkja lögregluna að þessu leyti.

Athygli vekur að fyrsta umræða um frumvarpið var óvenjulega löng og bendir það til að í það minnsta Þíratar séu að búa sig undir hefðbundni málþóf. Miklu skiptir að aðrir vinni af heilindum að málinu og ljúki því á vandaðan og skjóttan hátt.

Ótrygg orka

Það er áhyggjuefni þegar skortur á orku hamlar uppbyggingu fyrirtækja

Orku ætti ekki að skorta á Íslandi. Sú staða er þó komin upp vegna aðgerðaleyfis um árábíl og menn standa frammi fyrir því að þurfa að skammta rafmagn.

Þetta er nú þegar farið að hafa áhrif á rekstur fyrirtækja hér á landi og í Viðskipta-Mogganum í gær var fjallað um fyrirtæki, sem hefur leitað út fyrir landsteinana vegna óvissu í orkumálum.

Fyrirtækið Borealis Data Center rekur þrjú gagnaver hér á landi. Í viðtali í ViðskiptaMogganum segir Björn Brynjólfsson, forstjóri þess og einn eigenda, að fyrirtækið hafi nú keypt gagnaver í Finnlandi.

„Þetta er stórt skref fyrir okkur sem félag að koma okkur fyrir utan Íslands, sér í lagi í ljósi núverandi aðstæðna í viðskipta- og raforkumhverfi Íslands,“ segir hann í viðtalinu.

Seinna talar hann um að þó að staðan sé þröng nú á orku-markaði sé fyrirtækið á lang-

tímavegferð: „Við erum með innviða-fjárfesta í okkar eigendahópi sem horfa til áratuga í sínum fjárfestingum. Okkur liggur ekkert mikið á en við þurfum stöðugleika og að geta séð fram í tímann. Við þurfum ákveðna tryggingu fyrir því að geta haldið áfram að nýta þá innviði sem við erum búin að byggja upp og ákveðið lágmarksmagn orku er forsenda fyrir framþróun geirans. Að öðrum kosti er áhættan við uppbyggingu hér á landi einfaldlega of mikil.“

Þannig hugsa ugglaustr fleiri, sem eru í orkufrekum rekstri hér á landi eða leita að aðstöðu til slíks rekstrar. Aðrir eru læstir inni og þurfa að sætta sig við að skipta yfir í dýra og mengandi olíu þegar rafmagnnið þrýtur.

Þetta er óboðleg staða í landi þar sem gnótt er af orku, sem hæglega er hægt að nýta í sátt við sjónarmið um náttúruvernd.

Reglur um beitarlönd vekja hörð viðbrögð

SVIÐSLJÓÐ

Ómar Friðriksson
omfr@mbl.is

Sauðfjárnætur eru margir ósáttir við reglugerðardrög um sjálfbæra landnýtingu og eru þungorðir í umsögnum um drögin sem matvælaráðuneytið lagði fram til umsagnar í samráðsgátt á dögunum. Komnar eru vel á fjórða tug umsagna, flestar frá bændum og fulltrúum þeirra og sveitarstjórnarfólki o.fl. sem gagnrýna tillögurnar. Í nokkrum umsögnum annarra er þó að finna jákvæðari afstöðu til þessara áforma.

Eitt þeirra atriða sem bændur gagnrýna hvað mest eru reglur eða viðmið sem sett eru um beit. Lagt er til í drögnum að ekki ætti að nýta til beitar landsvæði með minna en 20% æðplöntuþekju og takmarka ætti eins og kostur er að nýta land til beitar sem er ofan 600 metra hæðar yfir sjávarmáli eða í yfir 30 gráðu halla.

„Ef ekki á að beita land sem er með meira en 30° halla (stigur innanhúss eru með 30-36° halla) eða liggja að einhverju leyti í meira en 600 m hæð yfir sjó er ekki hægt að beita stóran hluta landsins. Ef girða á þessi svæði af væri kostnaður við girðingar og viðhald þeirra óviðráðanlegur,“ segir í umsögn búgreina-deildar sauðfjárnæta Bændasamtakanna um þetta.

Búnaðarsamband Suðurlands minnir á að bændur hafi unnið markvisst að uppgræðslu og landbótastörfum á afréttarlöndum í góðri samvinnu við Landgræðsluna til fjölda ára sem hafi skilað miklum árangri í að bæta þar ástand og gróðurfar. „Nái þessi reglugerð fram að ganga má gera ráð fyrir að meirihlutinn af því landbótastarfi sem bændur hafa unnið í samvinnu við Landgræðsluna leggist af með aukningu jarðvegseyðingar og minni framför á gróðri,“ segir í umsögn sambandsins.

Ólafur Jónsson, sem býr við utanverðan Tröllaskaga, spyr í umsögn hvort heimamönnum sé ætlað að girða af brattlendi og fara síðan upp í 600 metra hæð og girða toppana af á fjöllum til þess að kindur fari ekki í of mikla hæð. Þetta geri að verkum að sauðfjárnætur leggist af við á landinu



Morgunblaðið/Brynjar Gauti

Fjárrekstur Samkvæmt reglunum ætti ekki að beita land sem er yfir 30° halla og sem er ofan 600 metra hæðar yfir sjávarmáli.

og kindur færast niður á láglandi, með tilheyrandi vandamálum. „Með þessari reglugerð er í raun verið að leggja af heila atvinnugrein og íslenskt lambakjöt hverfur af diskum landsmanna,“ segir hann. Fleiri taka í sama streng. Landbúnaðarnefnd og fjallskilanefndir Húnabyggðar segja í umsögn að skv. reglugerðinni virðist stór hluti afrétta landsins vanhæfur til beitar og ef af þessu verði sé vegið að matvælaframleiðslu og þar með matvælaöryggi Íslands.

Reglugerðardrögin voru fyrst kynnt árið 2021 og gagnrýna margir í umsögnum að ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda og gagnrýni sem þá kom fram. Einnig er gagnrýnt að stofnuninni Landi og skógi sé falið að hafa allt mat og eftirlit með höndum.

Guðmundur H. Gunnarsson jarðræktarfræðingur segir í ítarlegri umsögn að viðmiðið um hvar nýta í umsögnum að ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda og gagnrýni sem þá kom fram. Einnig er gagnrýnt að stofnuninni Landi og skógi sé falið að hafa allt mat og eftirlit með höndum. Guðmundur H. Gunnarsson jarðræktarfræðingur segir í ítarlegri umsögn að viðmiðið um hvar nýta í umsögnum að ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda og gagnrýni sem þá kom fram. Einnig er gagnrýnt að stofnuninni Landi og skógi sé falið að hafa allt mat og eftirlit með höndum.

Ísland er uppselt

Undanfarin ár hefur Ísland tekið við áttfalt fleiri umsóknum um alþjóðlega vernd en Danmörk, Noregur og Finnland. Eftir hina svo kölluðu „þverpólítísku“ löggjöf í málefnum hælisleitenda sem samþykkt var á Alþingi 16. júní 2016 varð í raun stókkbreyting á fjölda þeirra sem sóttu um alþjóðlega vernd hér á landi.

Samþykktar voru sérreglur fyrir Ísland sem hvergi var að finna í nokkru öðru Schengen-ríki. Árið 2022 sóttu 4.520 einstaklingar um alþjóðlega vernd hér á landi og 4.155 árið 2023. Kostnaður skattgreiðenda vegna þessa hefur verið yfir 35 milljarðar kr. með tilheyrandi álagi á allt stoðkerfi samfélagsins sem þegar stendur á brauðfötum.

Árlegur kostnaður málaflökksins er t.d. jafnhár og rekstrarkostnaður allra heilsugæslustöðva á landinu. Einnig myndi hann nægja fyrir árlegum útgjöldum í rekstri allra lögregluembætta landsins eða til að fjármagna tæplega tvisvar allt viðhald á gatnakerfi landsins.

Hvernig voga ég mér að benda á rekstrarkostnaðinn við heilsugæslu, lögreglu og gatnakerfið og um leið bera það saman við kostnaðinn af hælisleitendakerfinu?

Það er vegna þess að ég er einn fárra kjörinna fulltrúa á Alþingi Íslendinga sem viðurkenna að ríkissjóður er ekki ótæmandi auðlinn. Ég viðurkenni að sama krónan verður ekki notuð tvisvar.

Pistill



Inga Sæland

Ég viðurkenni að það ríkir algjört ófremdarástand í málaflöknum og það er alfarið á ábyrgð Sjálfstæðisflökksins sem farið hefur sleitulaust með málaflökkin í 10 ár. Ég viðurkenni að Ísland er uppselt fyrir fleiri umsóknum um alþjóðlega vernd þar til við höfum unnið úr meginu af þeim málum sem eru fyrir liggjandi nú þegar og bíða úrlausnar.

Það er í raun óútskýranlegt hvernig nokkrum dettur í hug að það sé sjálfsagt að hella áfram í barmafullt glas svo út úr flæði. Nú hafa stjórnarflökkarnir sent frá sér ofvaxna fréttatilkynningu um að þau hafi náð samkomulagi um nauðsynlegar breytingar á útflendingalögnum sem eigi að draga úr fjölda þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd.

Einungis 1,7% fréttatilkynningarinnar snerust um beinar aðgerðir. Allt annað var „viljayfirlýsing“ sem engin víska er fyrir að nokkru sinni nái fram að ganga.

Í frumvarpi dómsmálaráðherra er lagt til að afnema séríslenskar reglur, þannig að framvegis þurfi að bíða í tvö ár til að geta sótt um fjölskyldusameiningu og ekki verður lengur hægt að fá vernd á Íslandi ef fólk er þegar með vernd í öðru Schengen-ríki. Flokkur fólksins styður þessar breytingar, en telur þær langt frá því að duga til að tryggja aukna skilvirkni og festu í málaflöknum.

Höfundur er alþingismaður og formaður Flokks fólksins.
ingasaeland@althingi.is

Endurtekin óvirðing

Íslendingar hafa sannarlega samúð með þolendum þeirra hörmunga sem dunið hafa yfir saklausa borgara fyrir botni Miðjarðarhafs. Hörmungar Palestínufólks hafa leiðtogar Hamas, sem búa í vellystingum í Katar, kallað yfir sína eigin þjóð. Nauðsynlegt er að förna lífi Palestínumanna til að sigra Ísrael, sagði Hamas-leiðtogi Khaled Mashal í sjónvarpsviðtali skömmu eftir hryðjuverkaárás Hamas á Ísrael 7. október sl. Hann færir að sjálfsgöðu engar fórnir.

Ísland hefur stutt við Palestínu og palestínska flóttamenn með margvíslegum hætti um árabil. Ísland var fyrst vestrænna ríkja til að viðurkenna Palestínu sem sjálfstætt ríki í desember 2011. Aðstoð Íslands til Palestínu frá þessum tíma nemur um tveimur milljörðum króna, sem er hlutfallslega hátt miðað við önnur ríki. Ísland tók á síðasta ári á móti fleiri Palestínumönnum en öll norrænu ríkin til samans. Fjölskyldusameiningar flóttamanna eru að sama skapi mun greiðari hér en í öðrum ríkjum. Útlendingastofnun hefur veitt flýtimeðferð um veitingu dvalarleyfa á Íslandi fyrir fjölskyldusameiningar frá



Birgir Þórarinnsson

» Seint verður sagt að þessi vanvirðandi háttsemi mótmælenda sé málstað Palestínumanna til framdráttar.

Gasa. Stjórnvöld vinna að því að aðstoða viðkomandi leyfishafa við að koma til Íslands. Þegar til Íslands er komið fá þeir sömu réttindi og Íslendingar í velferðarkerfinu.

Áralangur stuðningur Íslands við Palestínu

Hvaða augum er svo þessi áralangi góði stuðningur Íslands við Palestínu litinn af Palestínumönnum sem búa á Íslandi og hafa verið að mótmæla, ásamt öðrum háværum hópi fólks á Austurvelli? Ráðherrar og þingmenn hafa á undanförunum vikum fengið senda fjölmarga tölvupósta á degi hverjum frá mótmælendum. Í þeim er sagt að stjórnvöld hafi gert alla Íslendinga samseka um stríðsglæpi í Palestínu. Ísland er sagt styðja þjóðarmorð og þjóðernishreinsanir á Palestínumönnum. Ráðherrar eru sagði barnamorðingjar með blóð á höndum sér. Allt hljómar þetta eins og Ísland sé í hernaði gegn Palestínumönnum á Gasa. Ríkisstjórnin fundaði í Ráðherrabústaðnum með bæjaryfirvöldum í Grindavík vegna náttúruhamfaranna. Mótmælendur söfnuðust saman fyrir utan og hrópuðu ókvæðisorð að ríkisstjórn og ráðherra vegna Palestínu.



Mótmælandi flaggar palestínska fánanum á styttni af Kristjáni IX.

Lítið fór fyrir samúð í garð Grindvíkinga sem hafa þurft að yfirgefa heimili sín og eru flóttamenn í eigin landi. Á Austurvelli reistu mótmælendur tjaldbúð með leyfi Samfylkingar, Framsóknar, Viðreisnar og Pírata í borgarstjórn. Rafmagn var sótt heimildar-

laust til skattgreiðenda Reykjavíkur svo halda mætti hita á manskapnum. Vörubretti og gaskútar lágu eins og hráviði. Íslenski fáninn lá á götunni.

Offeldi mótmælenda

Óheimilt er að tjalda á Austurvelli en borgin gaf lögreglusamþykkt Reykjavíkur langt nef. Fánar Palestínu voru festir á alla stokka og staura. Styttni af Jóni Sigurðssyni var sýnd óvirðing með því að hengja á hana mótmælaspjöld og prílað var upp á stall hennar og palestínska fánanum flaggað.

Alþingi veitti ungri stúlku frá Palestínu ríkisborgararétt fyrir jólin. Stúlkan hafði misst fjölskyldu sína í stríðinu á Gasa og slasast alvarlega. Eftir komuna til Íslands mætti stúlkan á Austurvöll og var í hópi mótmælenda sem mótmæltu íslenskum stjórnvöldum.

Þegar tjaldbúðin var loks fjarlægð leið ekki á löngu þar til mótmælandi réðst að þingkonu Sjálfstæðisflokksins fyrir utan Alþingishúsið, skemmdi bifreið hennar og hreytti í hana ókvæðisorðum.

Nú hafa mótmælendur snúið sér að Stjórnarráðshúsinu og Kristjáni nífunda, sem færði þjóðinni frelsisráð okkar 1874. Hangið er á styttni konungs og palestínska fánanum veifað. Í flestum ríkjum værum menn handteknir fyrir þess konar háttsemi. Íslendingar hafa ekki átt að venjast annarri eins óvirðingu erlendra aðila gagnvart minningu látinna forystumanna okkar og hér hefur verið lýst. Seint verður sagt að þessi vanvirðandi háttsemi sé málstað Palestínumanna til framdráttar.

Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.

Öld liðin frá stofnun Íhaldsflokksins

Hinn 24. febrúar verður öld liðin frá stofnun Íhaldsflokksins, fyrsta eiginlega hægri flokksins á Íslandi. Hollt er að minnast hugsjóna flokksins á aldarafmælinu. Íhaldsflokkurinn adhylltist frjálslyndi í ríku mæli og var mikilvægur áfangi að myndun borgaralegs fjöldaflokks, Sjálfstæðisflokksins, árið 1929.

Tuttugu alþingismenn stóðu að stofnun Íhaldsflokksins árið 1924, sem í kosningunum 1923 höfðu átt aðild að Borgarflokknum, kosningabandalagi borgaralegra afla. Markmiðið með stofnun Íhaldsflokksins var að fylkja þessum öflum saman í einn skipulagðan flokk.

Jón Þorláksson, verkfræðingur og alþingismaður, var formaður Íhaldsflokksins og síðan fyrsti formaður Sjálfstæðisflokksins frá 1929-1934.

Frjálslyndi gegn sósíalisma

Íhaldsflokkurinn var stofnaður til mótvegis við Framsóknarflokkinn og Alþýðuflokkinn, sem starfað höfðu frá 1916, en þeir adhylltust víðtæk opinber afskipti. Sósíalistar voru í mikilli sókn víða um heim um þessar mundir. Þeir vildu gerbreyta þjóðskipulaginu, færa atvinnurekstur úr



Kjartan Magnússon

höndum einstaklinga yfir til hins opinbera, skerða athafnafrelsi og jafnvel afnema einkaeignarrétt.

Stofnendur Íhaldsflokksins litu svo á að hlutverk flokksins væri að berjast gegn sósíalísmum. Halda ætti í það frelsi sem landsmenn höfðu fengið í stað þess að ganga stjórnlyndi og miðstýringu á hönd.

Íhaldsflokkurinn myndaði ríkisstjórn í mars 1924, nokkrum vikum eftir stofnun flokksins. Ríkisstjórnin sat í þrjú ár og notaði þann tíma til að koma böndum á fjárhag ríkissjóðs, sem verið hafði í megnasta ólestri eftir mikla eyðslu og skuldaflokkun um árabil. Skuldir voru lækkaðar og ríkisafskipti minnkuð. Mikil áhersla var lögð á eflingu atvinnuveganna, afléttingu hafta og að leggja niður óþarfar opinberar stofnanir.

Framfarasinnaðir frumkvöðlar

Árið 1929 runnu Íhaldsflokkurinn og Frjálslyndi flokkurinn saman undir nafni Sjálfstæðisflokksins. Þar með voru borgaraleg öfl loks sameinuð í einn fjöldaflokk, sem hefur æ síðan verið burðarás íslenskra stjórnmalá.

Samkvæmt skilgreiningu Jóns Þorláksson-

» Frjálslyndi er vöntun á tilhneigingu til að gerast forráðamaður annarra.

ar er frjálslyndi vöntun á tilhneigingu til að gerast forráðamaður annarra. Af skrifum Jóns sést að hann taldi íhaldsstefnuna eiga að viðhalda festu í fjármálum og verja (halda í) fengið frjálslyndi gegn hinum stjórnlynda sósíalísmum.

Andstæðingar Íhaldsflokksins notuðu nafngiftina til árása á flokkinn og sögðu heitið bera með sér kyrrstöðu, ef ekki afturhalð. Ekkert var fjær sanni. Margir stofnendur og helstu stuðningsmenn flokksins voru framfarasinnaðir frumkvöðlar. Á sama tíma og þeir studdu flokkinn stóðu þeir fyrir umbreytingu atvinnulífsins og stóruaukinni verðmætasköpun með nýrri tækni og bættum vinnubrögðum.

Ýmsir flokksmenn voru þó ekki hrifnir af íhaldsnafninu og viðurkenndi Jón sjálfur að það hefði ókosti í för með sér. Það væri fremur ófullkomin þýðing á orðinu „konservatív“ og ætti orðið „varðveislustefna“ e.t.v. betur við.

Eiga hugsjónirnar enn erindi?

Mörg sjónarmið, sem lágu að baki stofnun Íhaldsflokksins fyrir hundrað árum, eiga

enn erindi. Nærtækast er að líta til stöðu opinberra fjármála. Ríkissjóður hefur verið rekinn með miklum halla í fimm ár og Reykjavíkurborg mun lengur. Brynt er að snúa af braut skuldaflokkunar og gera opinber fjármál sjálfbær að nýju.

Athafnafrelsi einstaklinga og atvinnufyrirtækja eru settar víðtækar skorður með ýmsum höftum og reglugerðum. Þá mælist skattheimta hér ein hin mesta í heimi. Draga þarf úr skattbyrði og reglugerðafargani með frjálslyndi að leiðarljósi.

Með stofnun Íhaldsflokksins og síðan Sjálfstæðisflokksins tókst að sameina krafta frjálslyndra hægri manna í sterkum og samstæðum flokki. Sú samvinna varð til mikillar gæfu, leiddi af sér festu í stjórnari og miklar framfarir í þjóðlífi.

Með fjölgun stjórnmalaflokka á undanförunum árum hefur hins vegar dregið úr stjórnfestu, sem er varhugaverð þróun. Eftir því sem flokkum fjölgar á þingi og í sveitarstjórnnum má búast við aukinni upplausn og veikara stjórnari.

Að þessu leyti má einnig horfa aftur til þess tíma þegar borgaralega sinnuð öfl báru gæfu til að standa sameinuð í einum flokki.

Höfundur er borgarfulltrúi og varabingmaður Sjálfstæðisflokksins.

267.910.184.000 krónur

Í lok árs 2022 skulduðu háskólamenntaðir á vinnumarkaði tæplega 268 milljarða króna í námslán. Upphæð sem slagar líklega hátt í þrjú hundruð milljarða króna á árinu 2024 eða 7% af landsframleiðslu. Vitneskjan um þetta ætti að valda okkur öllum áhyggjum, sérstaklega í ljósi hverfandi arðsemi af háskólamenntun á Íslandi. Þegar kostnaður af háskólamenntun er veginn á móti tekjuauka er augljóst að fjárfestingarkosturinn „háskólamenntun“ yrði snarlega settur í ruslflokk í kauphöllinni ef menntunin væri á markaði! BHM hefur kallað eftir því að grípa þurfi til sértækra aðgerða strax til að auka ráðstöfunartekjur háskólamenntaðra. Í það minnsta ef það er vilji stjórnvalda að loka kjarasamningum á opinbera markaðnum á vordögum.

Léttum greiðslubyrði í 2,4-3,4% af árstekjum

Háskólamenntaðir á vinnumarkaði greiða núna 3,4-4,4% af árstekjum sínum í endurgreiðslu námslána. Það jafngildir allt að þremur vikum af launaðri vinnu á ári, sem fara í að greiða af námslánnum. Þessi staða er sérstaklega sársaukafull fyrir háskólamenntað



Kolbrún Halldórsdóttir

fólk á opinbera markaðnum, fólk sem hefur langt nám að baki og fær greidd lág laun í miðað við markaðslaun fyrir sambærilegt nám á almennum vinnumarkaði. Þegar samningur losna í apríl 2024 munu sérfræðingar BHM hjá ríkinu og sérfræðingar Kennarasambandsins hjá ríki t.a.m. standa frammi fyrir kaupmáttarstöðnun í launum frá 2019. Á sama tíma og aðrir hópar á vinnumarkaði hlutu allt að 40% kaupmáttaraukningu. Í ljósi þess að kjaraviðræður háskólamenntaðra eru fram undan leggur BHM til að endurgreiðsluhlutfall G- lána lækki í 2,4% af árstekjum og í 3,4% á R-lánnum. Aðgerðin mun helst gagnast þeim sem hafa langt nám að baki og fá greidd lægri laun en aðrar háskólamenntaðar stéttir. Þar er ekki síst um að ræða fjölmennar kvennastéttir innan heilbrigðis- og félagsþjónustu.

Niðurfelling eftir hverja önn eins og í Noregi

Með nýjum lögum um menntasjóð námsmanna frá árinu 2020 var stuðningskerfi ríkisins við háskólamenntaða breytt í veigamiklum atriðum. Mikilvægasta breytingin fólst í 30% niðurfelling á höfuðstóls við lok prófgráðu, fyrir þau sem ljúka námi á réttum

» Í lok árs 2022 skulduðu háskólamenntaðir tæplega 268 milljarða króna í námslán. Upphæð sem slagar líklega hátt í þrjú hundruð milljarða árið 2024.

tíma. Á móti var alfarið hætt að niðurgreiða vexti fyrir lántaka. Námslánakerfinu var umturnað í markaðstengt styrkjakerfi, eins konar samfélagsbanka sem rúkkar markaðsvexti! Með þessu var verulega dregið úr stuðningi ríkisins við þann hóp háskólamenntaðra sem ekki getur þýtt sér hin meintu gæði kerfisins, vegna þess að líf fólks er alls konar og aldrei á vísan að róa. Ekki bætir úr skák að ekki er að sjá að innleiðing styrkjakerfis hafi hraðað námsframvindu eða skapað raunhæfa hvata eins og ætlunin var. Mun færri námsmenn nýta sér námsstyrki en áætlanir gerðu ráð fyrir. Yfirlýst markmið námslánakerfisins á Íslandi eru einfaldlega í hættu. Í ljósi þessa leggur BHM til að niðurfelling höfuðstóls námslána verði heimilud eftir hverja önn líkt og í Noregi. Í lok hverrar annar í Noregi fæst niðurfelling á allt að 25% höfuðstóls þess láns sem tekið var þá önnina, auk niðurfellingar á allt að 15% af öllum höfuðstól hvers námsláns við námslok.

Það væri sanngjarnara kerfi en það sem við nú búum við.

Hugsom markmið námslánakerfisins upp á nýtt og til lengri tíma

Samkvæmt lögum um menntasjóð námsmanna er markmið námslána að tryggja fólki jöfn tækifæri til náms, án tillits til efnahags og stöðu að öðru leyti. Í huga stjórnvalda virðist námslánakerfið því fyrst og fremst vera efnahagslegt fjónunartæki fyrir ungt fólk. Námslánakerfið gegnir þó mun göfugra og mikilvægara hlutverki. Hlutverki sem hvergi er nefnt í opinberri stefnumótun; að gera fólki kleift að skapa aukin verðmæti fyrir samfélagið, öllum til hella. Það er markmið sem stjórnvöldum ber að standa vörð um. Það verður best gert með því að hugsa námslánakerfið upp á nýtt. Taka ætti upp blandað kerfi námsstyrkja og vaxtaniðurgreiðslu, sem hefði það að markmiði að þjóna til jafns samfélagslega hlutverki og metnaði þeirra sem sækja sér háskólamenntun. Í því sambandi er er t.a.m. tímabært að horfa til aukinnar vaxtaniðurgreiðslu og styrkja til þjóðhagslega mikilvægara hópa, t.d. þar sem glímt er við tilfinnanlega manneklu í menntakerfi, heilbrigðis- og félagsþjónustu. Er ekki rétt að við tökum höndum saman um að skapa nýtt og betra námslánakerfi?

Höfundur er formaður BHM.

Bókun 35 og íslenska fullveldið

Mikið hefur verið rætt og ritað undanfarn misseri um hina svokölluðu Bókun 35. Hvað er það við þessa Bókun 35 sem gerir það að verkum að forsetaframbjóðandi lofar að synja lögum staðfestingar sem byggjast á frumvarpi utanríkisráðherra sem snýr að þessari bókun á þeim forsendum að frumvarpið feli í sér atlögu að fullveldi Íslands? Er þessi afstaða rétt? Svarið við þeirri spurningu er neitandi af eftirfarandi ástæðum.

Ímyndum okkur að Evrópusambandið setji reglu sem segir að þegar menn kaupa gallaða vöru eigi þeir rétt á skaðabótum ef varan veldur tjóni. Á grundvelli EES-samningsins ákveður Alþingi að setja lög til að fólk hér á landi



Róbert Spanó

geti nýtt þennan rétt. Þessi lagaregla sem Alþingi setur er skýr og óskilyrt. Síðar meir setur Alþingi önnur lög á sama sviði, af öðru tilefni, án þess að átta sig á því að nýju löginn kunna að afnema eða þrengja þann rétt sem Alþingi hafði áður veitt. Og þegar lögfræðingar (og dómarmarar) skoða vandamálið kemur í ljós að það er hreinlega ekki hægt að túlka nýju löginn með þeim hætti eftir aðferðum lögfræðinnar að fólk hér á landi skuli halda þeim rétti sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir og Alþingi hafði áður veitt. Við þessar aðstæður er það almenn regla í lögfræði að nýju löginn gilda, en ekki þau gömlu. Fólk hér á landi myndi því missa þann rétt sem

ljós að það er hreinlega ekki hægt að túlka nýju löginn með þeim hætti eftir aðferðum lögfræðinnar að fólk hér á landi skuli halda þeim rétti sem EES-samningurinn gerir ráð fyrir og Alþingi hafði áður veitt. Við þessar aðstæður er það almenn regla í lögfræði að nýju löginn gilda, en ekki þau gömlu. Fólk hér á landi myndi því missa þann rétt sem

» Ef þingmenn í krafti innlends lagasetningarvalds vilja þrengja eða afnema þann rétt sem þeir hafa áður veitt á grundvelli EES-samningsins þurfa þeir bara að taka það skýrt fram.

Alþingi hafði áður lögfest í því skyni að samræmi haldist á milli íslensks réttar og EES-samningsins.

Hér er augljóslega vandamál á ferðinni. Eftir allt saman er ekkert sem bendir til þess að Alþingi hafi ætlað að taka þennan rétt af fólk til bóta vegna tjóns sem gölluð vara hefur valdið. Getur Alþingi ekki fundið einhverja hentuga leið til að hafa áhrif á það að svona gerist ekki þegar engin ástæða er

til að ætla að Alþingi hafi ætlað að afnema þennan rétt með nýrri lagasetningu? Svarið er já. Um það snýst Bókun 35. Hún felur í sér skuldbindingu íslenska ríkisins til að leysa svona vandamál þannig að menn missi ekki þann rétt sem EES-samningurinn veitir fólk hér á landi. Og það er það eina sem frumvarp utanríkisráðherra leggur til. Lögskýringarreglan í frumvarpinu gerir ráð fyrir því að við þessar aðstæður beri að ganga út frá því að Alþingi hafi ekki ætlað að víkja frá þeirri reglu sem það hafði áður sett, nema það komi skýrt fram. Ef þingmenn í krafti innlends lagasetningarvalds vilja þrengja eða afnema þann rétt sem þeir hafa áður veitt á grundvelli EES-samningsins þurfa þeir bara að taka það skýrt fram. Eftir sem áður hafa þeir valdið, það er engan veginn tekið af þeim. Það er fullt af sambærilegum reglum til í íslenski löggröf, eins og rakið er í frumvarpinu.

Það sem ég held að sumir fárast yfir er að frumvarpinu er ætlað að mæta athugasemdom Eftirlitsstofn-

unar EFTA sem reist er á Bókun 35. Þá skoðun ber að virða, en slíkar skoðanir hafa ekkert með fullveldi Íslands að gera eða framsal lagasetningarvalds. Björn Bjarnason fyrrverandi dómsmálaráðherra hefur skilmerkilega rökstutt þá afstöðu og núverandi utanríkisráðherra hefur einnig fært fyrir henni skýr rök í nýlegri skýrslu um þetta efni sem lögð hefur verið fyrir Alþingi. Því jú, eftir sem áður er það Alþingi sem ræður. Ef Alþingi vill fara aðra leið en EES-samningurinn gerir ráð fyrir þá hafa alþingismenn sem fyrr það vald en þurfa bara að taka það skýrt fram þegar þeir setja lög. Ef þeir fara þá leið þá getur það vissulega haft áhrif á samstarf okkar á vettvangi EES-samningsins, en það er verkefni stjórnmalamanna að leysa úr því. Það vandamál heggur hins vegar ekki nærri íslensku stjórnarskránni.

Höfundur er lögmaður, lagaprófessor og fyrrverandi forseti Mannréttindadómstóls Evrópu.

Bréf til Þórðar Snæs

Í síðustu viku skrifaði sakborningurinn Þórður Snær tilfinningaþrunginn leiðara. Leiðarinn var um margt skiljanlegur miðað við stöðuna sem hann er í. Það er erfitt að hafa stöðu sakbornings og því sýni ég skilning. Bæði hefur Þórður Snær sett mig í þá stöðu og þá er fólk í kringum mig sem hefur haft þessa stöðu og það töluvert lengur en Þórður Snær. Því vænti ég þess að hann hafi samúð með þeim og öðrum sem munu fá þessa stöðu í framtíðinni. Annað væri skrifandi. Þórður Snær tekur væntanlega undir með mér að sú staðreynd að einhver hljóti stöðu sakbornings sé ekki ávisun á sekt. Grundvallarregla réttarríkisins, sem Ísland hefur löngum kennt sig við að fylgja, er að hver sá sem er sökum borinn skal teljast saklaus uns sekt er sönnuð. Annars erum við litlu skárri en þeir sem stunduðu norna-veidar hér á öldum áður.

Ég veit það líka og skil Þórð Snær að það er erfitt að mæta í fjölskyldu-



Páll Steingrímsson

boð og veislur og þurfa að útskýra stöðu sína. Ég hef þurft að gera það vegna skrifa Þórðar Snæs. Munurinn á okkur er hins vegar að ég hef aðeins Facebook-vegginn minn og einstaka sinnum samþykka fjölmiðlar að birta aðsendar greinar mínar en það hefur gengið frekar illa, eitthvað sem Þórður

» Vissu þeir að þeir myndu fá persónuleg samskiptagögn mín í hendur og voru því í startholunum þegar síminn barst í Efstaleiti og var afritaður?

Snær hefur ekki þurft að kvarta yfir. Fyrsta viðtalið sem ég mætti í (eftir að hafa verið synjað tvisvar af Ríkisútlitunum) var 12. júní 2023. Eða rúmu ári eftir að þessi hópur sakborninga var búinn að einoka

umræðuna og á þeim tíma hefur Þórður Snær aftur á móti átt fast sæti í útvarpi allra landsmanna – og fær greitt fyrir það – ásamt því að hafa gott aðgengi að öðrum fjölmiðlum, auk síns eigin, og einu stykki Blaðamannafélags Íslands. Það munar um minna.

Þórður Snær hefur þvert á sakborningsstöðu sína talið sig fórnarlamb. Hann hefur margsinnis lýst því yfir að hann skilji ekki hvers vegna hann sé til rannsóknar og að hann hafi aldrei eittrað fyrir nokkrum manni eða stolið síma. Það er því ágætt að hafa nokkrar staðreyndir á hreinu.

Enginn hefur ásakað hann um að eittra fyrir mér. Það er vissulega þannig að efnið kom ekki fram á því prófi sem notað var á spítalanum. Það kemur ekki fram nema prófað sé fyrir því. Það þýðir til dæmis lítið að láta mann blása í áfengismæli ef hann er grunaður um að hafa sprautað sig með heróíni. Enginn hefur ásakað hann um að stela símanum mínum. Það er vitað hver tók símann og hvar hann var afritaður. Hann er með stöðu sakbornings fyrir að hafa birt einkaefni opinberlega og grunur er um að ekki hafi verið þær refsileysisástæður fyrir hendi sem hann heldur fram. Lögreglan hefur verið skýr og skilmerkileg í skýrslutökum um það.

Það sem Þórður Snær og/eða félagar hans hafa hins vegar aldrei nokkurn tímann svarað er eftirfarandi: Vissu þeir að þeir myndu fá persónuleg samskiptagögn mín í hendur og voru því í startholunum þegar síminn barst í Efstaleiti og var afritaður? Það er stóra spurningin sem enginn hefur spurt og enginn heldur svarað.

Því verður nefnilega ekki neitað að brotthvarf Aðalsteins Kjartanssonar af RÚV fyrir hádegi 30. apríl og byrjun samdægurs á Stundinni þremur dögum áður en ég lenti inni á gjörgæslu í öndunarvél er nú frekar grunsamlegt svo ekki sé fastar að orði kveðið.

Eins og ég segi, ég skil að staða Þórðar Snæs sé erfið. Enda birti ég yfirlýsingu á Facebook-vegg mínum 17. febrúar 2022 og það fólk um að geta hófs í orðum í ykkar garð. Ég minnst þess ekki að þið hafið viðhaft slíkan boðskap vorið 2021. Ef ég man rétt var boðuð umræða á Alþingi til að fordæma mig og málþing á vegum Blaðamannafélags Íslands. Ásamt því að boða var til mótmæla niðri á Austurvelli áður en nokkur vissi um hvað málið snérist.

Ég minnst þess líka þegar Þórður Snær fór í viðtal á Hringbraut og fór yfir hversu erfitt það væri að fræða börnin sín um hvað það er að hafa stöðu sakbornings. Ég skil mætavel áhyggjur Þórðar Snæs af áhrifum umfjöllunar á börnin sín. Ég minnst þess hins vegar ekki að hafa mætt sambærilegum skilningi þegar við ræddumst við í síma skömmu fyrir viðtalið mitt 12. júní 2023 um börnin mín. Og vegna viðbragðsleysis hans, þá ákvað ég að fara í viðtal. Starfsmaður Þórðar Snæs á Kjarnanum sáluga sat nefnilega fyrir einu barni mínu á skemmtistað og var það aðgangsharður að samferðafólk dóttur minnar þurfti að beina viðkomandi í burtu.

Sá aðstöðumunur er nefnilega að ég er „nobody“ úti í bæ en titill Þórðar Snæs og verðlaunin sem eru að sliga hann ættu að veita honum sjálfkrafa traust og trúnað þjóðarinnar og út fyrir landsteinana. Því til viðbótar hefur Þórður Snær takmarkalaust aðgengi að öllum fjölmiðlum en eins og dæmin sanna er ég heppinn ef ég fæ eina grein birta. Einn eigandi fjölmiðils Þórðar Snæs lýsti því stoltur yfir um árið að hún hikaði ekki við að hjóla í manninn þegar rökin hennar þrutu. Hún klappar aftur á móti fyrir Þórði Snæ. Þó ég sé vissulega hærri í loftinu en Þórður Snær má spyrja, hver er í raun Davíð og hver er Gólfat?

Það er nefnilega margt skritið í kúrhausnum eins og sagt er. Þórður Snær hefur í gegnum tíðina lítið gefið fyrir hlið Samherja og annarra sem bornir hafa verið sökum. Viðhorfið hefur verið í áttna að „hvað er að marka það sem sakborningur segir, hann er bara að þyrlla upp ryki. Trúum brotapolum.“ Viðkvæðið hefur – a.m.k. í þessu máli – snúist við. „Hlustum á sakborninga, það er ekki orð að marka brotþola. Þeir geta bara sjálfum sér um kennt.“ Af hverju vill Þórður Snær ekki hlusta á Samherja, nú eða mig? En allir eiga að falla í stafi og gera orð hans að sínum eigin? Annað eins hefur stundum verið kallað samsæriskenning en það á varla við hér. Að minnsta kosti finnst mér það draga dálítið úr vægi orðanna slaufun, kæling, gaslýsing og hvað þetta heitir allt. Þórður Snær, hafandi upplifað nú hversu erfitt það er, með réttu eða röngu, að vera borinn sökum, hlýtur að gefa því betur gaum hvað aðrir í þeirri stöðu segja sér til varnar. Annars er nú lítið virði í öllum blekinu sem fór í leiðarann.

Höfundur er skipstjóri.

MEIRAPRÓF

14. Mars 2024

ovs@ovs.is
588-1414

NÁMSKEIÐ	TILBOÐ
Öll réttindi C + D + CE + B/far	kr. 640.000
Minni réttindi C1 + C1E	kr. 199.000
B/far + Harkari	kr. 150.000

Klukkan 11
Laugardagsfundur

24 feb

Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, verður gestur sjálfstæðisfélaganna í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ að Norðurbakka 1A Hafnarfirði.



Hugmyndalandið Dýrmætasta auðlind framtíðar

Iðnþing 2024

Hugmyndir breyta heiminum. Með þeim höfum við byggt upp blómlegt samfélag í nábýli við náttúruöflin, skapað meiri verðmæti úr takmörkuðum auðlindum og bylt lífsgæðum á Íslandi.

Á 30 ára afmælisþingi SI ætlum við að ræða um mikilvægar ákvarðanir í fortíð og framtíð.

Silfurberg, Harpa

Fimmtudagur 7. mars kl. 14 - 16

Boðið er upp á léttar veitingar að þingi loknu.



Skráning á si.is
eða skanna kóðann.



Velferðarríki Krístrúnar og opin landamæri

Það hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum sem fylgst hefur með framgöngu Krístrúnar Frostadóttur, formanns Samfylkingarinnar, að þar fer mikil talskona velferðarríkisins. Enda hefur boðskapur hennar gengið út á það að hér verði öflugt velferðarkerfi reist á rústum þess kerfis sem nú ríkir. Krístrún er þó ekki fyrsti stjórnmaðurinn sem boðar hér gott og öflugt velferðarkerfi og alls ekki sá síðasti.

Hugmyndir Krístrúnar eða stefna hennar og Samfylkingarinnar um velferðarríkið Ísland er meira að segja komin það langt að Krístrún segist standa klár á því hvernig fjármagna skuli allt dæmið. Það á auðvitað gera á þann eina hátt sem vinstrimenn og -konur kunna; hækka skatta. Að vísu er því haldið fram að almenningur muni ekki finna fyrir þeim skattahækkunum, því hærri skattar verði sóttir þangað sem peningarnir eru. Enn hefur samt ekki fengist svar við hvað gera



Kristinn Karl Brynjarsson

skuli svo næstu ár eftir þessar skattahækkningar, því augljóst er að kostnaður við velferðarkerfin okkar mun fara hækkanði næstu ár og áratugi. Stendur til að hækka bara árlega sömu skattana eða munu skattahækkningar á endanum bitna á venjulegu alþýðufólki þegar fram líður?

Það kvað þó við annan tón hjá Krístrúnu þegar hún sagði á dögunum í hlaðvarpsþætti það sem flestum ætti að vera ljóst, að ekki væri hægt að vera á sama tíma bæði með opin landamæri og velferðarríkið sem hún hefur þó verið ötul talskona fyrir, jafnvel áður en hún settist í stól formanns Samfylkingarinnar. Hingað til hefur sá sem dírft hefur að nefna opin landamæri eða hælisleitendur og velferðarkerfi í sömu setningu verið umsvifalaust brennimerktur sem argasti rasisti og jafnvel mannhatari í ofanálag.

Eins og við var að búast vöktu þessi orð Krístrúnar um landamærin og velferðarkerfið töluverða

» Enn hefur ekki fengist svar við hvað gera skuli svo næstu ár eftir þessar skattahækkningar.

athygli meðal almennings og skjálfta í hennar eigin herbúðum. Svo mikinn skjálfta að hver kanónan á fætur annarri og jafnvel hún sjálf hafa setið sveitt við og haldið því fram til þess að róa lýðinn að Krístrún hafi eiginlega ekki meint það sem hún í raun veru sagði, eða þá ekki sagt það sem hún meinti. Hversu ólíklegt sem það kann að hljóma.

Kjarninn í orðum Krístrúnar var og er auðvitað sá að valið stadi í raun á milli þess að vera með opin landamæri eða þá ná að byggja hér upp öflugt og gott velferðarkerfi. Orðaleppar og hártoganir áður nefndra kanóna og hennar sjálfrar breyta engu um það. Krístrún getur að vísu dregið orð sín til baka. En hvað verður þá um þetta velferðarríki sem hún hefur lofað að reisa, ef landamærin eiga að vera jafn opin sem fyrr?

Höfundur er formaður verkalýðsráðs Sjálfstæðisflokksins.

Ógöngur

Áætlaður kostnaður við hinn margumrædda samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins frá 2019 var 160 milljarðar króna. Í áttmálanum voru tiltekin verkefni sem áætlað var að ráðast í til að bæta samgöngur á höfuðborgarsvæðinu, sem eru nú þegar í algjörum ólestri eins og öllum má vera ljóst. Nú herma fréttir að



Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson

kostnaður við fyrirhuguð verkefni stefni í a.m.k. 300 milljarða króna en endurskoðun á samgöngusáttmálanum, sem nú stendur yfir og kynna á innan skamms, muni væntanlega leiða í ljós nýjar kostnaðartölur.

Þetta verkefni er komið í því líkar ógöngur að erfitt verður að sjá fyrir sér að ríki og sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafi bolmagn til að ráðast í svo umfangsmiklar framkvæmdir á næstu árum. Meðal annars var áætlað að Sæbrautarstokkur myndi kosta tæpa þrjá milljarða króna en stefnir nú í að muni kosta um 24 milljörðum meira.

Sú framkvæmd, ein og sér, mun þar að auki engum árangri skila til að bæta samgöngur úr miðborginni til austurhluta borgarinnar og sveitarfélaganna sunnan borgarinnar. Hún er á hinn bóginn gott dæmi um framkvæmd sem má slá út af borðinu og spara fjármuni, sem mætti þá verja í önnur brýnni verkefni, eins og til dæmis á sviði öldrunarmála og leikskólamála. Auk þess myndi á framkvæmdatíma slíkrar mannvirkjagerðar, sem mun taka mörg ár, skapast algjört umferðaröngþveiti í borginni og er þá engu á bættandi í þeim efnum eins og staðan er í dag. Áætlað var að borgarlína myndi kosta 67 milljarða króna en stefnir nú í að minnsta kosti 126 milljarða. Arnarnesvegur átti að kosta að kostna rúma tvo milljarða króna en endar sennilega í átta milljörðum. Fossvogsbrú hefur fjórfaldast í verði og gæti endað í fimmtán milljörðum króna. Mislæg gatnamót á Bústaðavegi og Reykjanesbraut eru nauðsynleg en þeirri framkvæmd hefur meirihlutinn algjörlega hafnað enda búa flestir borgarfulltrúar meirihlutans vestan Reykjanesbrautar.

Óviðunandi

Allar þær stórkaralegu framkvæmdir sem rætt hefur verið um að ráðast í á höfuðborgarsvæðinu eru svo langt inn í framtíðina að þær munu í engu bæta það ófremdarástand og ógöngur sem einkenna umferðarmál borgarinnar í dag. Ástandið í umferðarmálum í Reykjavík er nú með þeim hætti að það er algjörlega óviðunandi.

Engin ný umferðarmannvirki eða aðgerðir til að bæta ástand gatnakerfis borgarinnar hafa séð dagsins ljós síðustu árin og meirihlutinn í borginni hefur tafið fyrir verkefnum og jafnvel unnið frekar að aðgerðum í gatnamálum, sem gerir umferðina erfðari og flóknari.

Það þarf ekki 160 milljarða króna,

» Engin ný umferðarmannvirki í borginni eða aðgerðir til að bæta ástand gatnakerfis borgarinnar hafa séð dagsins ljós síðustu árin.

hvað þá 300 milljarða, til að gera ástandið í samgöngumálum bæri-legra fyrir íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir þá milljarða, sem nú er áætlað að samgöngusáttmálinn muni hækka um frá upphaflegri áætlun, mætti gera kraftaverk í samgöngu- og umferðarmálum á höfuðborgarsvæðinu ef rétt er að málum staðið. Fátt bendir til að núverandi meirihluti í borginni valdi því verkefni.

Áætlanir voru ekki í lagi

„Áætlanir voru ekki í lagi,“ segir formaður stjórnar Betri samgangna, sem heldur utan um samgöngusáttmálan. Það er augljóst og algjörlega ábyrgðarlaus að hafa ekki brugðist við þeirri staðreynd fyrir löngu. Þær hækkanir sem hafa verið kynntar á einstökum stórverkefnum hljóta að verða til þess að kjörnir fulltrúar hugsi sig tvisvar um hvort ekki eigi að fresta einhverjum þeirra eða slá þær alveg út af borðinu. Lagning Sundabrautar yfir Kleppsvík ætti þó að vera í forgangi. Þar fyrir utan væri nær að horfa til skemmri tíma með smærri nauðsynlegar aðgerðir.

Sporin hræða

Mér segir svo hugur að samgöngumálin séu eitt helsta málið sem brennur á kjósendum í Reykjavík. Það er einungis rúmt ár til þingkosninga og rúm tvö ár til borgarstjórnarkosninga. Það er því eins gott fyrir stjórnmaflökkana og frambjóðendur að hafa svör á reiðum höndum fyrir okkur kjósendur fyrr en síðar. Skattgreiðendur munu ekki láta bjóða sér lengur að hið opinbera fari í illa ígrundaðar framkvæmdir með áætlunum byggðum á sandi. Kostnaðurinn lendir jú á skattgreiðendum þessa lands. Sporin hræða.

Höfundur er fv. borgarstjóri.

Hver borgar?

Leiguakstur er ein af þeim atvinnugreinum sem þrífast af eftirspurn, því leigubifreiðarstjórar hafa engin laun á meðan þeir bíða eftir næstu ferð sem er það eina sem greiðir þeim einhver laun. Margir halda að bifreiðarstjórar séu á launum hjá Hreyfli til dæmis en nei, þeir þurfa að greiða til Hreyfils, fyrir símaþjónustu, innheimtu reikninga, tækjaleigu og afnot af þvottahúsi, sem er þjónusta í sérflökki.

Síðastliðið ár hafa flætt inn á markaðinn svokallaðir „munad- arlausir leigubílar“ sem í flestum tilfellum eru erlendir innflytjendur sem tala ekki íslensku og jafnvel bara lítið í ensku ef nokkra. Auk þess rata þeir ekkert um og reida sig á leiðsögukerfi sem stundum eru gloppótt. Þurfa farþegar þá að skilja þegar að þeim er ýtt leiðsögutæki eða farsíma til að setja inn heimilisfang? Þesslags þjónusta er ekki til fyrirmyndar og frekar lágkúrleg.

Hreyfill heldur uppi öflugri þjónustu fyrir „ferðaþjónustu fatlaðra og blindra“ auk þess sem mörg opinber og einkafyrirtæki reida sig á trausta þjónustu þeirra allan sólarhringinn. Hjá Hreyfli er það skilyrði að bílstjórnarnir tali íslensku



Jón Svavarsson

og æskilegt að hafa vald á einhverjum fleiri tungumálum, auk þess er stór hópur þeirra með leiðsögumenntun að baki og getur farið með ferðamenn í skoðunarferðir um landið með stakri þryði.

Svo gerðist það að Alþingi Íslendinga hafði sig í að setja ný lög um leigubifreiðaþjónustu og í þeim lögum var fallið frá ýmsum

skilyrðum og takmörkunum, sem kannski sum voru barn síns tíma, nema að fellt var út fjöldatakmörkun á leigubifreiðum og ekki þurfti lengur að ávinna sér reynslu og þekkingu á leiguakstri og ekki er lengur skylda að vera skráður á afgreiðslustöð eins og t.d. Hreyfil eða BSR. Hvert á fólk þá að leita? Á markaðinn hafa hrúgast upp „munad- arlausir leigubílar“ með mislélega þjónustu og að auki oftast en ekki hærri gjöld fyrir þjónustuna, hver sagði að samkeppni borgaði sig?

Án þess að fara út á þá hálu braut að skilgreina eftir þjóðernum þá er raunin sú að þeir erlendu skrá sig oftast ekki á neina afgreiðslustöð, á Hreyfli þurfa þeir nefnilega að tala íslensku, hvað sem öðrum kröfum líður. Þessir erlendu bílstjórar bitast um ferðir og dæmi eru um slagsmál til dæmis við Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkur-

» Lögregla hefur til meðferðar kærðu um nauðgun á konu en bílstjórinn fær að starfa áfram, hefði hann verið ölvaður þá hefði hann verið sviptur öku- réttindum á staðnum

flugvelli og jafnvel víðar. Síðir og almenn kurteisi fyrirfinnst ekki hjá þeim blessuðum og nú eru einhverjir þeirra með ákæru um alvarleg brot gagnvart konu, meint nauðgun er t.d. til meðferðar hjá lögreglu en samt fær bílstjórinn að starfa áfram. Hefði hann verið tekinn á ofsahraða eða undir áhrifum einhverra efna þá hefði hann verið sviptur ökuréttindum á staðnum. En, nei! Nauðgun er ekki svo alvarleg – eða hvað?

Með þessum nýju lögum eða öllu heldur ólögum er alvarlega vegið að atvinnubifreiðarstjórum og atvinnuöryggi þeirra ásamt þjónustu- staðli við notendur en nú er mál að linni og Alþingi gyrði sig í brók og breytti þessum lögum í umhverfis- vænna horf, erum við ekki alltaf að fjasa um umhverfi og öryggi?

Höfundur er leigubifreiðarstjóri, áhugamaður um greiðar samgöngur og flugmál.

20%
afsláttur af öllum
kattaklórurum í febrúar

gæludýr.is

Fiskislóð • Bildshöfði • Smáratorg • Helluhraun • Baldursnes
www.gaeludyr.is



Fjölgun landsmanna krefst viðbragða

Vinur minn fékk nýlega pláss á hjúkrunarheimili, heilsulítil en hugurinn er skýr. Hann greiddi alltaf í lífeyrissjóð. Hann borgar sjálfur um 570 þús. kr. á mánuði til hjúkrunarheimilisins, sem mun vera hámarkið. Eftir 500 þús. í skatta á hann rúmlega 100 þús. kr. afgang, svo hann getur gefið afkomendum sínum afmælis- og jólagjafir og borgað fyrir klippingu og slíkt, öðru hvoru.

Skattsvik ríkisins

Hann hittir fyrir kunningja á sama gangi. Sá hafði komið að húsbýggingu hans fyrir 50 árum og síðan annast viðhald. Seinni árin vildi hann bara vinna „svart“, til að skerða ekki tekjutengdar bætur. Ekki greiddi hann frekar en aðrir af þessum svörtu tekjum í lífeyrissjóð, hann sá engan tilgang með því, það mundi bara skerða bæturnar. Kunninginn hefur tæpar 500 þús. í tekjur á mánuði, sem skatturinn og hjúkrunarheimilið hirða, fyrir utan 90 þús. sem hann fær að halda sem „vasapeningi“, sagði hann vini mínum. Ég skynjaði biturð, þegar hann sagði: „Fyrst borgaði ég heilbrigðisþjónustu fjölskyldu hans og menntun barnanna hans og núna fara um 200 þús. af sköttunum mínum í að borga það sem upp á vantar að hann eigi fyrir sinni dvöl. Ég borga m.a.s. vasapeninginn hans. Við fáum nákvæmlega sömu þjónustu,“ sagði hann og bætti við: „Mér finnst ríkið vera skattsvikari, það svíkur skatta út úr þeim sem eru heildarlegir, til að hygla þeim sem eru það ekki,“ bætti hann við. „Hvað heldurðu að hann hafi svo sagt?“ spurði hann og bætti við: „Það er aldrei gert neitt fyrir gamla fólk.“

Íbúum landsins fjölga ört, sem kallar á endurskoðun lífeyrismála. Talið er að ríkissjóður verði af 4-5% af landsframleiðslunni vegna „svartar“ atvinnu, eða sem nemur um 200 milljörðum kr. á ári.

Við erum svo rík ...

Flestir nýir íbúar koma til að afla sér meiri tekna en þeir geta haft í heimalandi sínu. Þeir hafa öðlast einhver lífeyrissjóðir í fyrri heimkynnum, en þau miðast við laun og verðlag þar. Þeir flytja hingað á ýmsum aldri, ef til vill á miðjum starfsaldri að jafnaði. Útilokað er að þeir nái að afla sér nægilegra tekna til að geta séð sér farborða hér í landinu dýra, eftir starfslok. Sumir munu snúa til fyrri heimkynna, en börn og barnabörn þeirra verða rótgrónir Íslendingar. Það verður mörgum hindrun. Þá munu þeir snúa sér til TR. Ef ekki verður brugðist fljótt við verður til mikill vandi. Klifað er á að „við séum svo rík að við höfum vel efni á þessu“. Sú hugsun nær skammt. Enginn er svo ríkur að hann hafi efni á að setja sig á hausinn.

Atvinnulífið þarf vinnuafli ...

Ef lífeyrismálin ganga ekki upp í heild er fólk að greiða of lítið í lífeyrissjóð. Þá er erlenda vinnuaflið á of lágu verði og því sem upp á vantar er velt yfir á ríkissjóð í framtíðinni. Ekkert vit er í því að byggja hagnað atvinnulífs á því. Þeir sem vinna „svart“ borga ekki í lífeyrissjóð af þeim tekjum. Vangreidd lífeyrissjóðir eiga ekki að vera tilefni greiðslna frá almannatryggingum. Öllum íbúum landsins þarf að vera ljóst að hér er sjóðsöfnunarkerfi, sem ekki má sniðganga. Að gera það verður að hafa afleiðingar.

Hugað að lausnum

Okkur er að sjálfsgöðu skylt að láta aðflutta búa við sömu reglur og innfædda. Viðbrögðin við vandanum þurfa að þjóna því markmiði að

allir sem hafa haft fulla starfsorku, geti framfleytt sér eftir starfslok. Það þýðir að auka þarf lífeyrissparnað sem hlutfall af þeim tekjum sem viðkomandi hefur haft og lifað af í gegnum lífið. Það eru þeir sem eru eða hafa verið óvinnufærir, sjúkir, fatlaðir eða slasast, sem TR á að sinna, ekki fullhraust fólk.

Upplýsa ætti alla árlega um stöðu lífeyrissjóðarinnar

» Öllum þarf að vera ljóst að hér er sjóðsöfnunarkerfi, sem ekki má sniðganga. Að gera það verður að hafa afleiðingar.

sinna og um réttindi við starfslokaldur m.v. óbreytta ávinnslu og bera saman við framfærslukostnað. Gera fólk viðvart ef í óefni stefnir. Út frá þessum útreikningum má svo ákveða hæfileg iðgjöld. Þau yrðu samsett úr samtryggingarsparnaði, séreignarsparnaði og sérstöku einstaklingsbundnu viðbótargjaldi í séreign, í ljósi þess sem upp á vantar. Mikilvægt er að séreign verði ekki laus til útborgunar nema eigandinn eigi nægan samtryggingarsparnað. Sé svo ekki greiðist séreignin aðeins út á mörgum árum frá starfslokum. Hún mundi erfast við andlát og ganga inn í lífeyrissparnað erfingja.

Að lokum

Stjórn málin einkennast í seinni tíð af upphlaupum, reiði, hneykslun og skammtímasjónarmiðum. Ekki verður þó séð að tilefni sé til slíks, við erum vel í stakk búin þó gefi á báttinn, ef við bregðumst við. Torskilíð er að sá skilningur sé uppi að uppnám, reiði og hneykslun skapi traust, sem er það sem ræður því hvað fólk kys.

Höfundur er viðskiptafræðingur.

Langt gengið gegn landbúnaði og landsbyggðinni

Á vefsetri Félags atvinnurekenda (FA) segir: „FA er í stöðugri hagsmunabaráttu fyrir félagsmenn sína. Í ársskýrslunni okkar má sjá yfirlit um helstu baráttumál FA sem eru í deiglu þessa stundina.“ Þá eru upp talin fjölmörg þjóðþrífamál og má þar m.a. nefna: Baráttu fyrir heilbrigðri samkeppni í sjóflutningum, baráttu gegn lyfjaskorti í boði ríkisins, baráttu gegn spillingu og samkeppnishömlum í farmiðakaupum ríkisins og annað sem rík samstaða getur ríkt um ár eftir ár. Baráttu FA virðist ganga bærilega enda sýnir könnun að um 90% félagsmanna eru ánægð með störf félagsins í þeirra þágu.

Í frétt á framangreindu vefsetri FA kveður öndvert við annan tón. Þar segir: „FA benti á verðmun á blómum hér og í nágrennanöndunum, en gríðarháir tollar skýra hann að miklu leyti. Þá barðist félagið eindregið fyrir því að tollfríðindi fyrir vörur frá Úkraínu yrðu framlengd, en illu heilli höfðu sérhagsmunaafl í landbúnaði betur og tollar voru á ný lagðir á vörur frá hinu stríðshrjáða vinarríki okkar.“ Er félagið FA ekki „sérhagsmunaafl“ heildsala?

Hér spilar FA á tilfinningarnar eins og „vönduðu“ byltingarafi sémir. Parna er ekki verið að huga að þeim viðkvæma gróðri sem hér á landi vex úr grasi. Látið er í veðri vaka að e.k. þróunaraðstoð í forni innflutnings á kjúklingi geti ekki endað sem skaði í rekstri fyrirtækja í landbúnaði á Íslandi. Þetta kallar maður ómálefnalegan málflutning FA sem er bæði blekkjandi og ber hvorki vott um skynsemi né hyggjuvit þessa „sérhagsmunaafls“.

Í sömu frétt má lesa: „FA gagnrýndi stjórnvöld, skattinn og fjármálaráðuneytið harðlega fyrir stjórnslu þessara aðila er tollflokkan á pitsuosti var breytt vegna þrýstings frá hagsmunaaðilum í landbúnaði. Stjórnslu-

leyndi m.a. gögnum fyrir aðila máls, sem fer gegn stjórnsýslulögum, og fyrir dómstólum. Alþjóðatollastofnunin úrskurðaði að stjórnvöld hefðu tollflokkað vöruna ranglega.“

FA virðist hreinlega vinna gegn annarri atvinnugrein á Íslandi en þeirri sem flytur inn niðurgreiddar vörur að utan. FA þykir víst



Sveinn Óskar Sigurðsson

Norður-Kóreu og Kína um þessar mundir. Þessi málflutningur er ekki boðlegur og er beinlínis villandi.

Innan vébanda FA og í skjóli þess eru starfrækt a.m.k. fjögur ráð sem eru í e.k. viðskiptasamstarfi við félagið og teljast mikilvægir samstarfsaðilar. Ekki skal það dregið í efa. Þau eru Íslensk-kínverska viðskiptaráðið, Íslensk-indverska viðskiptaráðið, Íslensk-taflenska viðskiptaráðið og svo síðast en ekki síst Íslensk-evrópska verslunarráðið. Hefur FA komið því á framfæri við Kínverja hvers vegna í ósköpunum þeir styðji Rússa, bæði leynt og ljóst, í baráttu gegn Úkraínu í ljósi vilja FA til að auka innflutning þaðan svo styðja megi við baráttu þess ríkis gegn Rússlandi?

Nei, þetta snýr allt að hagsmunum. Þetta snýr allt að því hvort stjórn og starfsmenn FA haldi í 90% vinsældir. Það er gert með því að höggva í sama knérunn trekk í trekk án nokkurs vilja til að skilja íslenskan landbúnað, byggðamál og arðsemi til lengri tíma, fæðuöryggi og mikilvægi þess að tryggja sé að viðkvæm en mikilvæg atvinnugrein fái að þróast og dafna á Íslandi.

Um þessar mundir er umtalsverð þróun að eiga sér stað í íslenskum landbúnaði. Það dregur t.a.m. mikið úr opinberum stuðningi við mjólkurframleiðslu og unnið er markvisst að því að efla vörubrún og mæta markaðnum með gæðavörum.

Til framtíðar er mikilvægt að tryggja rekjanleika og gæði á öllum þeim landbúnaðarvörum sem verslunin býður upp á hér á landi. Matarsvik er umtalsverð um heim allan og eins og með aðra glæpastarfsemi mun Ísland ekki verða þar undanskilið frekar en önnur ríki. Mikilvægt er að FA, verslunin og Bændasamtökin vinni saman fyrir neytendur en stuðli ekki að ósanngjörnum og ómálefnalegum málflutningi sem uppfullur er af undirmálum og jafnvel fölskum fréttum.

Höfundur er BA í hagfræði og heimspeki, MBA og MSc í fjármálum fyrirtækja.

» Hér má lesa út e.k. „helstefnu heildsala“ gegn íslenskum landbúnaði og landsbyggðinni í heild sinni.

betur fara að fá afslátt úr hendi erlendra skattgreiðenda en innlendra þar sem leitast er við að gæta að jöfnuði við niðurgreiðslur sem innfluttar vörur njóta erlendis þar sem þær eru framleiddar. Vill FA leggja niður íslenskan landbúnað?

Einnig segir að FA hafi sent matvælaráðherra kröfu um að félagið fengi aðild að endurskoðun búvöru-samninga hvað tollamál varðar. Segir í fréttinni að FA hafi fært rök fyrir því að ríkin væri ekki stætt á að „semja við einkaaðila, Bændasamtökin, um að hækka skatta á öðrum einkaaðilum, innflytjendum búvöru, án aðkomu hinna síðarnefndu“. Hér má lesa út e.k. „helstefnu heildsala“ gegn íslenskum landbúnaði og landsbyggðinni í heild sinni. Er skynsamlegt að gæta hagsmuna félagsmanna FA með slíkum málalíbúnaði?

Það vita það allir sem versla á Íslandi að FA er að berjast fyrir herra hagnaðarhlutfalli í rekstri innflytjenda. Það er látið í veðri vaka að innan FA sé rekin hagsmunabaráttu fyrir neytendur. Svo er bara ekki. Væri svo má ekki reikna með 90% fylgi við baráttu félagsins enda sjást slíkar fylgiskannanir aðeins í Rússlandi,

Ortækni

Sérhæfum okkur í samsetningu og viðgerðum á öllum gerðum kapla

Mikið úrval

Ljósleiðara

Skjákapla

Hljóðkapla

Netkapla

Skipastrengja

USB kapla



Nánari upplýsingar á www.ortækni.is

Hátúni 10c, 105 Reykjavík
S: 5526800 - ortækni@ortækni.is

Úrval af garni og uppskriftum á frábæru verði

ICEWEAR GARN



@iceweargarn
www.iceweargarn.is

mbl.is

SMARTLAND
MÖRTU MARÍU

Mjúkar kinnar! Chanel Sublimage La Crème Texture Suprême mýkir húðina svo um munar og veitir raka. Það kom í nýjum umbúðum á dögnum.



Fegurð Þessi stígvél fást á [andrea.is](#).

Þráhyggja! Það er auðvelt að missa sjónar á því sem skiptir máli í lífinu þegar þessi stígvél eru annars vegar. Þau eru frá Chanel og eru hluti af vor- og sumartískunni.

Maskari sem haggast ekki! YSL Lash Clash Waterproof-maskarinn gerir hverja manneskju svipsterkari og svo lætur augnsvæðið ekki á sjá þótt það lendi í táraflóði eða snjókomu.



Stórir eyrnalokkar! Þessir eru frá íslenska hönnunarmerkinu Sif Benedicta!

Er ólin of stutt? Töskur með styttri ól eiga upp á pallborðið í sumar. Þessi fæst á [Zara.com](#).

Fortíðarþrá! Þessi stígvél minna á áttunda áratuginn. Þau fást á [andrea.is](#).



Skvísugangur! Silki-skyrta og gullbelti frá Sif Benedicta.



Hressstu þig við!

Á þessum árstíma, þegar fólk er orðið frekar þreytt á því að vera fast í skafli í háhæluðum skóm, þá er tvennt í stöðunni: Að fá sér betri kuldaskó og svo gott rakakrem að áferð andlitsins verði eins og þú búir í Hollywood Hills í Kaliforníu Bandaríkjanna. Nú eða leggja grunn að því hvaða týpa þú ætlar að vera í sumar! Þú mátt velja hvort tveggja ef þú vilt!

Marta María Winkel Jónasdóttir
mm@mbl.is

Gott vetrarkrem!

Þegar veðrið er eins og það er skiptir máli að eiga gott rakakrem. Þegar þú ert búin/n að finna rakakrem við hæfi skaltu dreifa því yfir andlitið í nokkrum doppum og nudda því vel inn í húðina. Þetta skaltu gera bæði kvöld og morgna því það jafnast fátt á við það að sofa með vel nært andlit.

Ef húðin er þroskuð, orðin fertug eða eldri, þá getur Chanel Sublimage La Crème Texture Suprême gert mikið gagn. Í formúlunni eru fjögur innihaldsefni sem gera áferð húðarinnar mjúka og næringarríka. Formúla kremsins var þróuð á rannsóknarstofu Chanel á Madagaskar og inniheldur til dæmis Vanillu Planifolia sem býr yfir húðbætandi eiginleikum. Á dögnum kom þetta góða krem í nýjum umbúðum sem gerir það að verkum að fólk getur virkjað sinn innri umhverfissinna því hægt er að kaupa áfyllingu þegar gamla kremið klárast.

Slaufuskór! Þessir fást á [Zara.com](#) og breyta beiglituðum mánudagsbuxum í föstudagsbuxur.



Vatnsheldur maskari!

Ef það er eitthvað sem fólk þarf á þessum árstíma þá er það vatnsheldur maskari. YSL Lash Clash Waterproof-maskarinn er tilvalinn fyrir fólk sem býr við veðurofsa. Nú eða bara svo mikinn innri ófrið að tár geta lekið niður kinnar þegar síst skyldi. Þessi maskari haggast ekki og þarf að þrifa hann af með sérstökum augnhárhreinsi. Fyrir margar sakir er það hinn mesti kostur. Auk þess þykkir hann og lengir augnhárin, sem getur fegrað augnumgjörðina umtalsvert.

Gellustígvél!

Eitt af því sem má láta sig dreyma um á þessum árstíma eru skvísustígvél sem láta alla gömlu larfana líta út fyrir að vera nýir af nálinni. Ljósblá Chanel-stígvél með svartri tá eru líklega eitthvað sem margir væru til í að eignast en þau minna á sjöunda áratuginn eins og hann gerist bestur. Stígvél í sama stíl er að finna í sumartískunni í öllum verðflokkum fyrir þá sem eru að spara.

Áberandi skart!

Stórir eyrnalokkar eða hálsmen verða áberandi í vor- og sumartískunni. Það má alveg setja stórt hálsmen yfir þykka rullukragapeysu eða geyma það þangað til það verður aðeins betra veður.

Taska með stuttri ól!

Töskutiskan í ár er kvenleg og falleg. Töskur með stuttri ól eða keðju eiga upp á pallborðið hjá tískuskvísimum heimins. Ítalska tískuhúsið Prada er með úrval af slíkum töskum en svo er líka hægt að kaupa töskur í svipuðum stíl héraendis.



Sagði einhver 1970? Skór með þykkum botni eru aftur orðnir móðins. Litla fólkid fagnar því. Þau eru frá Jodisi og fást á [skor.is](#).

Húðfegrin býr yfir 23 ára reynslu í húðmeðferðum

Vilt þú lyfta augnlokum eða þétta húð undir augum!

Húðfegrin býður uppá öflugustu augnlokalyftinguna án skurðaðgerðar á markaðnum í dag.



Meðferðin örvar einnig kollagen framleiðslu húðar og er einnig hægt að framkvæma til þess að þétta slappa húð undir augum og grynnka hrukkur og fínar línur.

Húðfegrin

Tímabantanir í síma 533 1320 | Vegmúli 2 | www.hudfegrin.is



Skannaðu mig



SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957

EIGNAMIDLUN

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588 9090 | eignamidlun.is

5%
ÚTBORGUN
MEÐ HLUT-
DEILDARLÁNI

Móa byggð

– Þorlákshöfn

Ný íbúabyggð Hamrakórs í Ölfusi samanstendur af lágreistum fjölbýlishúsum með fjölbreyttum íbúðum og mörgum af kostum sérþýlis. Húsin eru staðsteypt, einangruð að utan og með álkæðningu.

Íbúðirnar eru 70,5 til 95 fm, 3ja til 4ra herbergja. Vandaðar Svansvottaðar innréttingar frá HTH og tæki frá AEG eru í eldhúsi. Sérafnotafloitur er á jarðhæðum auk aukinnar lofthæðar. Hamrakór leggur áherslu á að öll umgjörð hverfisins verði hlý og aðlaðandi. Byggðin skiptist í nokkra kjarna sem tengjast með vistgötum. Hún er miðsvæðis og stutt er í alla helstu þjónustu; heilsugæslu, leik- og grunnskóla.



Hlutdeildarlán



Kári Sighvatsson
Löggiltur fasteignasali
kari@eignamidlun.is
899 8815



Oddný María Kristinsdóttir
Löggiltur fasteignasali
oddny@eignamidlun.is
777 3711



Rögnvaldur Örn Jónsson
Löggiltur fasteignasali
rogvaldur@eignamidlun.is
660 3452

Stærð íbúða	70,5 fm	80,5 fm	95,8 fm
Verð íbúða	46.800.000	52.800.000	55.800.000
Útborgun 5%	2.340.000	2.640.000	2.940.000
Hlutdeildarlán - engin greiðslubyrði	9.360.000	10.560.000	11.760.000
Fasteignalán	35.100.000	39.600.000	44.100.000
Afborgun m.v. verðtryggt lán	165.806	187.641	208.712
Afborgun m.v. blandað lán	226.507	255.982	284.867

m.v. lánareiknivél Arionbanka 14.02.2024

Matur á mbl.is

– stærsti uppskriftarvefur landsins!

Eliza Reid forsetafrú tók á móti fyrstu „köku ársins“

Formaður Landssambands bakameistara, LABAK, Sigurður Már Guðjónsson og höfundur kökunnar, Eyjólfur Hafsteinsson hjá Bakameistararnum, afhentu Elizu Reid forsetafrú fyrstu „köku ársins“ sem þakklætisvott fyrir allt hið góða sem hún hefur látið af sér leiða fyrir land og þjóð síðastliðin átta ár.

Sjófn Þórðardóttir
sjofn@mbl.is

Peir mættu á Bessastaði ásamt Sigurði Hannessyni framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins þar sem forsetafrúin Eliza tók vel á móti þeim, full tilhlökkunar að smakka á kökunni.

Sala á köku ársins 2024 hefst í bakaríum Landssambands bakameistara í dag, fimmtudag, en kakan er að venju kynnt til leiks í bakaríum í tilefni konudagsins sem er alla jafna fyrsta sunnudag í góu, þetta árið nú á sunnudaginn, 25. febrúar.

Kaka ársins er valin í keppni sem LABAK efnir til árlega og fer þannig fram að keppendur skila inn tilbúnum kökum sem dómnefnd metur og velur úr þá sem þykir best til þess fallin að hljóta titilinn kaka ársins. Í ár var keppnin haldin í samstarfi við Nóa Sírius og inniheldur Nóa Smákröpp.

Kakan létt og hæfilega sæt

Eliza skar fyrstu sneiðina af fyrstu köku ársins af sinni alkunnu snilld og naut hvers bita. „Kakan er mjög góð, mér finnst kakan létt og hæfilega sæt, kókosbragðið kemur vel út á móti ávaxtabragðinu, góð blanda, það er ekki of mikið appelsínubragð heldur gott jafnvægi. Síðan er þessi krönsí áferð og Nóa Kröppið sem gefur tóninn,“ segir Eliza og bætir við: „Þessi væri mjög góð í eftirrætt þegar boðið er upp á grillað lambakjöt á undan í aðalrétt eða bara við hvert tilefni þegar okkur langar að bjóða upp á fallega og góða köku.“

Aðspurð segist Eliza baka reglulega. „Mér finnst mjög gaman



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Hátíðleg stund Það er ávallt hátíðleg stund þegar kaka ársins er afhjúpuð og vel við hæfi að forsetafrúin á Bessastöðum afhjúpi leyndardóma kökunnar og skeri fyrstu sneiðina. Eyjólfur Hafsteinsson hjá Bakameistararnum, Sigurður Hannesson framkvæmdastjóri SI og Sigurður Már Guðjónsson fylgdust spenntir með.

að baka og með krökkunum, það er svo skemmtileg fjölskyldustund að baka saman. Einnig finnst mér mjög gaman að elda.“ Gaman er að segja frá ákveðinni hefð hjá Elizu

þegar börnin eiga afmæli, það er að setja peninga í afmælskökuna. „Þá er peningurinn settur í álpappír og allir fá einn pening. Það er sem sagt einn peningur í hverri sneið. Ég

held að ég fari rétt með að þetta sé skoskur siður,“ segir Eliza.

Skrifaði niður uppskriftir úr tímaritum hjá ömmu

Forsetafrúin hefur ávallt haft áhuga á bakstri og matargerð og á margar góðar minningar tengdar þeim áhuga. „Þegar ég var barn og fór að heimsækja ömmu og afa sem bjuggu í Norður-Ottawa-fylki, fór ég í tímarit og matreiðslubækurnar hjá ömmu minni þar, en hún átti gott safn af þeim, og skrifaði niður uppskriftir sem vöktu áhuga minn. Mér fannst það svo gaman að skrifa niður uppskriftir og stúdera þær.

Þetta voru ófáar uppskriftir og ég á enn í dag möppurnar með þessum uppskriftum hér heima hjá mér. Ég held að ég hafi verið á bilinu 8-10 ára

Kaka ársins
Eliza var mjög ánægð með kökuna, fannst hún létt og hæfilega sæt. Kakan er einstaklega falleg, hjúpuð appelsínukrydduðum mjólkursúkkulaðiganas með Nóa-smákröppi sem Elizu líkaði vel.

gömul þegar ég stundaði þetta hvað mest,“ segir Eliza og bætir við að hin amma hennar hafi safnað matreiðslubókum frá árunum 1965 til 1975, með einföldum og gamaldags uppskriftum með asísku ívafi.

„Mér finnst frábært að sjá hvernig fólk eldaði og bakaði áður fyrr og hvernig þetta hefur þróast. Ekki síst hve mikill munur er á hraefni sem til var áður fyrr og nú.“

Kakan klár í annarri tilraun

Eins og fyrri ár er mikið lagt í köku ársins en í ár er hún í mörgum lögum. Mjúkir marensbotnar blandaðir með kókosykri og létristuðum kókos og heslihetum. Tertan er fyllt með karamellu og nuggat-frómas og bragðbætt með ferski appelsínupúrru. Kakan er hjúpuð appelsínukrydduðum mjólkursúkkulaðiganas með Nóa Smákröppi.

Aðspurður segir Eyjólfur að hugmyndin að kökunni hafi fæðst bara sí-svona. „Eina skilyrðið var að nota Nóa Smákröpp frá Nóa Síriusi í uppskriftina og þá var eftir að hugsa bragð og útlit. Hugmyndin var að gera ekki of flókna tertu en að sama skapi vanda val á hraefnum. Grunnur að köku ársins var svo að segja klár í annarri tilraun,“ segir Eyjólfur og brosir. „Ég hugsa og prófa hluti mjög reglulega. Nýja hluti sem gætu gengið í sölu en það er misjafnt hvað tíminn leyfir mér að framkvæma Ástríða mín í bakstri liggur jafnt í köku, tertu, smábítum og súrdeigi en þegar upp er staðið snýst það alltaf um hina fullkomnu vöru sem sómir sér vel í búðarborði Bakameistarans. Þá er ég sáttur,“ segir Eyjólfur að lokum með bros á vör.

Sala á kökunni hefst í bakaríum félagsmanna LABAK um allt land í dag, fimmtudag, og verður til sölu það sem eftir er ársins.




Kaka ársins Eyjólfur Hafsteinsson bakari og höfundur kökunnar afhenti Elizu Reid forsetafrú fyrstu „köku ársins“ á Bessastöðum.

Ferming



FERMINGAVEISLUR

Veislulist sér um veitingar fyrir fermingar af öllum stærðum, hvort sem er í veislusal eða heimahúsi



3JA RÉTTA
STEIKARHLAÐBORÐ



PINNAMATUR



KAFFIHLAÐBORÐ



Hólshraun 3, 220 Hafnarjörður • Símar 555 1810, 565 1810 • veislulist@veislulist.is • www.veislulist.is

Veislulist

Tilboð í febrúar

Uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi innifalin.
Sendum steina frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.



TILBOÐ 1 (ljósmynd)

Svargrár litur

Sett eins og á mynd - 565.000
án blómaramma - 465.000

TILBOÐ 2

Demantur - passar líka á duftleiði
149.000 (199.000 með lukt)

TILBOÐ 3

Drangi 70cm hár frá sökkli
410.000



Svartur



Paradiso



Blár



Grár



Rúmar vel tvö nöfn

TILBOÐ

Viðhaldsfrír bekkur úr granít
Svartur, grár eða paradiso.
Sjá heimasíðu.

150cm - 160kg

frí sending með LF

Afhending í mai. 160.000 kr



Grænn dagur í minningu látins sonar

Daníel Sæberg Hrólfsón undirbýr styrktarviðburð til minningar um ungan son sinn sem lést af slysförum árið 2021. Ágóðinn rennur óskiptur til Arnarins.

Ásthildur Hannesdóttir
asthildur@mbl.is

Laugardaginn 2. mars verður Græni dagurinn til minningar um Jökul Frosta haldinn í WorldFit-salnum í World Class á Tjarnarvöllum. Græna deginum er ætlað að halda minningu Jökuls Frosta Sæberg Daníelssonar á lofti en hann var aðeins fjögurra ára gamall þegar hann lést af slysförum árið 2021.

„Mér fannst viðeigandi að tengja Græna daginn við afmælið hans. Svo varð þetta nafn á viðburðinum fyrir valinu vegna þess að hann var með svo græn og falleg augu,“ segir Daníel Sæberg Hrólfsón, faðir Jökuls Frosta. Daníel átti upphaflega hugmyndina að því að láta Græna daginn verða að veruleika í minningu sonar síns og á afmælisdegi hans en í ár hefði Jökull Frosti fagnað sjö ára afmæli hefði hann verið á lífi.

Þekktir tónlistarmenn taka þátt

Þetta er í annað sinn sem Græni dagurinn er haldinn og hefur viðburðurinn vaxið mikið á milli ára. Þar sameinast hreyfing og lifandi tónlist en margar af skærustu tónlistarstjörnum landsins munu koma fram í góðgerðarskyni og eru allir hvattir til að klæðast einhverju grænu þennan dag til heiðurs Jökli Frosta.

„Dagskrá viðburðarins er þannig að það verða æfingar í World-

Fit-salnum á klukkutíma fresti og á hálf tíma fresti taka þekktir tónlistarmenn og plötusnúðar lagið á milli æfinga,“ segir hann og vísar til tónlistarmanna á borð við Pál Óskar, Herra Hnetusmjör, Prettyboitjokko, Emmsjé Gauta og Birni, ásamt fleiri þekktum nöfnum úr tónlistarbransanum sem einnig munu koma fram.

„Það eru ekki til orð yfir það hversu þakklátur ég er öllu þessu fólki og fyrirtækjum sem hafa viljað leggja Græna deginum lið og gefa vinnu sína. Þetta er ómetanlegt fyrir mig og mína,“ segir Daníel og er þakklátur fyrir alla þá góðvild sem honum hefur verið sýnd við undirbúning Græna dagsins.

„Ég veit ekki af hverju þetta er. Ég hef verið duglegur að nota mín samþönd en svo hafa ótrúlegustu hlutir líka dottið upp í hendurnar á mér. Kannski tengja aðrir foreldrar við minn missi og vilja leggja málefnið lið. Það vill enginn þurfa að upplifa það að missa barnið sitt fyrir fullt og allt. Það eru óhugsandi aðstæður og óbærilegar tilfinningar sem því fylgja.“

Svefn og hreyfing skipta höfuðmáli

Hreyfing og tónlist hefur hvort tveggja aðstoðað Daníel við að byggja upp andlega og líkamlega heilsu eftir sonarmissinn. Í dag starfar Daníel sem plötusnúður og þjálfari en brátt mun hann útskrifast sem ÍAK-styrktarþjálfari frá Keili. „Hreyfing, svefn og mataræði



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Hreyfing Daníel Sæberg Hrólfsón fór að stunda meiri hreyfingu eftir sonarmissinn, það segir hann hjálpa sér.



Góðar minningar Jökull Frosti Sæberg var mikill pabbastrákur. Hér eru þeir feðgar á góðri stundu sem mun aldrei hverfa föðurnum úr minni.

hefur mikil áhrif á það hvernig mér líður hverju sinni. Mér finnst ég sérstaklega hafa fundið hvað þetta þrennt skiptir miklu máli eftir áfallið. Það varð til þess að ég fór að stunda aukna hreyfingu og kom sjálfum mér í raun á óvart. Fljótlega fór ég að sjá hvað ég gat gert mikið og hvað þetta hjálpaði mér mikið sem syrgjanda við að losa um spennu og fá útrás fyrir þann mikla andlega sársauka sem ég fann fyrir,“ segir Daníel og viðurkennir að hafa

á tímabili misst sjónar á tilgangi lífsins eftir andlát Jökuls Frosta.

Óbærileg sorg og óendanlegur söknuður

„Það er enginn viðbúinn því að missa barnið sitt. Ég held að það sé eðlilegt að fara í vonleysið fyrst um sinn en það er engin ein rétt leið til að fást við sorgina. Við syrgjum öll á okkar hátt og það er allt í lagi. Þó svo að mér líði vel akkúrat núna þá er það ekkert alltaf þannig. Ég upplifi ennþá mjög strembna tíma, ég ætla ekki að ljúga um það.“

Daníel segir það hafa verið þungbært að sætta sig við að þurfa að halda áfram að lifa lífinu án Jökuls Frosta. Á þeim tíma hafi hann þó fundið tilganginn í eldri syni sínum, Hrólfi Sæberg. „Auðvitað vildi ég halda áfram fyrir hann og vera honum góð föðuréttind. Nýlega eignaðist Daníel svo annan dreng með sambýliskonu sinni en sá hefur fengið nafnið Míó Sæberg.“

„Við fjölskyldan munum sjá til þess að hann fái að heyrja sögur af

Jökli Frosta stóra bróður sem fór alltof snemma frá okkur. Við munum halda minningu hans á lofti svo lengi sem við lifum.“

Ágóðinn til Arnarins

Viðburðurinn er aðgengilegur og opin öllum á meðan húsrúm leyfir. Húsið verður opnað kl. 8.00 og stendur viðburðurinn frá kl. 9.00 til kl. 15.00. Þátttakan kostar litlar 1.000 krónur en einnig verður tekið við frjálsum framlögum. Allur ágóði af viðburðinum mun renna óskiptur til Arnarins minningar- og styrktarsjóðs sem hefur stutt þétt við bakið á eldri bróður Jökuls Frosta í sorgarúrvinnslunni.

„Hjá Erninum er unnið magnað starf. Örninn hefur gert mikið fyrir elsta son minn, Hrólfi Sæberg, sem missti mikið þegar Jökull Frosti lést,“ segir Daníel og vill á einhvern hátt reyna að borga Erninum til baka fyrir allt það sem sjóðurinn hefur gert fyrir börn og unglinga sem misst hafa náinn ástvin.

„Ég er Erninum mjög þakklátur og ég vil að sem flestir kynni sér starfið og sér í lagi þeir sem eiga börn sem misst hafa náinn ástvin,“ segir Daníel og bætir við: „Svo langar mig til að biðja alla um að klæðast grænu í tilefni Græna dagsins. Hvort sem þið takið þátt í viðburðinum sjálfum eða ekki. Og ekki gleyma að styrkja Örninn ef þið hafið tök á – margt smátt gerir eitt stórt.“

Frekari upplýsingar um viðburðinn má sjá á Facebook undir leitarorðunum „Grænn dagur í minningu Jökuls Frosta“ og er skráning á viðburðinn hafin.

Örninn minningar- og styrktarsjóður, reikningsupplýsingar:

**Reikn. 0318-26-2372
Kt. 660618-0900**

ÞAÐ SKIPTIR EKKI MÁLI HVORT ÞÚ KALLAR ÞAKPAPPA, TJÖRUPAPPA EÐA TJÖRUDÚK



Pakefnasala Íslands býður þakpappa, þakefni og verkfæri til þaklagna í hæsta gæðaflokki í verslun okkar að Drangahrauni 4.

ÞAKEFNASALA ÍSLANDS

Fáðu ráðgjöf hjá fagmönnum í þakefnasölu og þakviðgerðum

www.thakefnasala.is

EIGNAMIDLUN

Kvistaland 10 - Fossvogur



Fallegt og vel skipulagt 231,1 fm vel staðsett einbýlishús á einni hæð með sérstæðum bílskúr. 4 svefnherbergi. Húsið var mikið endurnýjað fyrir 20 árum. **Verð 210 milljónir.**



Kjartan Hallgeirsson
Löggiltur fasteignasali / framkvæmdastjóri
kjartan@eignamidlun.is
824 9093

Grensásvegi 11 108 Reykjavík | Sími 588-9090 | eignamidlun.is

Bjarni Guðbrandsson

† Bjarni Guðbrandsson pípulagningameistari fæddist í Reykjavík 17. nóvember 1932. Hann lést á Landakotsspítala 9. febrúar 2024.

Foreldrar hans eru Guðbrandur Jónsson landsbókasafnsvörður, f. 30.9.1888, d. 5.7.

1953, og Sigríður Bjarnadóttir húsmóðir, f. 23.1.1911, d. 27.1.2007. Systur samfélara Kristín og Ragnheiður, báðar látnar, albræður Jón, Logi og Ingi Steinar, Logi lifir systkini sín.

Bjarni kvæntist 13. ágúst 1955 Guðrúnu Guðlaugu Ingvarsdóttur, f. 26. september 1932. Foreldrar hennar voru Ingvar Grímsson, f. 22.3.1910,



d. 7.1.1982, og Herriður Unnur Baldvinsdóttir, f. 5.11.1910, d. 7.5.1963.

Börn Bjarna og Guðrúnar eru: 1) Kristín Karólína, f. 22.5.1955, maki Helgi Sigurbjartsson, f. 5. febrúar 1955, börn þeirra eru Berglind, f.

1975, Sigurbjartur Ingvar, f. 1979, og Guðlaug Helga, f. 1984. Þau eiga fimm barnabörn. 2) Guðbrandur, f. 2.10.1960, maki Guðný Freyja Pálmadóttir, f. 3.12.1961, þau eiga eitt uppeldisbarn, Benedikt, f. 1996. Börn Guðbrands af fyrri hjónabandi eru Þórey Helena, f. 1983, Dagný Ásta, f.1986, Ástrós Tanja, f. 1990, og Díana Rós, f. 1992,

settust niður með mér í eldhúsinu til að spyrja mig hvers vegna ég væri alltaf svona leið á morgnana þegar ég svaraði með góðan daginn á móti. Þegar þið komust að þessari sannfæringu minni skelli hlóguð þið bæði tvö í góðan tíma áður en þið ljóstruðuð því upp að það mætti alveg fara upp í aftur þó það væri búíð að bjóða góðan daginn.

Elsku afi, þú hefur verið mér viss stöðugleiki í lífinu og einhvern veginn var ég farin að halda að þú værir eilífur. Mik-ið sem við höfum verið heppin að fá að hafa þig svona lengi, fjölskyldusérfræðinginn! Þú varst alltaf með alveg sérstaka Bjarna afa-lykt sem mér finnst svo góð. Ég er búin að hugsa oft um hana síðustu daga, líklegast kaffi og tópas í bland við flannel. Ef það væri hægt að setja hana á ilmþjöld myndi ég kaupa fimm kassa.

Takk fyrir allt brasið í garðinum, fyrir samverustundirnar í Hlíð, fyrir að horfa stundum fram hjá prakkarastrikunum, fyrir skutlið í skólann, að laga alla ofnana og mest af öllu hlýju knúsin! Takk fyrir að gefa þér alltaf svo góðan tíma til að kveðja og horfa svo fallega í augun mín og segja með þeim hvað þú ert ánægður með okkur. Aldrei skal ég efast það. Þegar ég hugsa til

auk stjúpsonarins Magnúsar Gunnars Erlendssonar, f. 1979. Barn Guðnýjar af fyrri sambandi er Pálmi, f. 1980. Saman eiga þau Guðbrandur og Guðný 14 barnabörn. 3) Unnur Inga, f. 20.8.1965, maki Sveinbjörn Sveinbjörnsson, f. 10.3.1964, börn þeirra eru Eydis Ósk, f. 1985, sem Unnur átti af fyrri sambandi, Guðrún Dögg, f. 1991, og Bjarney Rósa, f. 1993. Þau eiga fimm barnabörn.

Bjarni útskrifaðist sem pípulagningamaður frá Iðnskólanum í Reykjavík og varð síðar meistari í faginu. Hann starfaði við iðn sína alla tíð.

Bjarni lét mikið að sér kveða í félagsmálum, var virkur í Sjálfstæðisfélagunum í Reykjavík. Einnig starfaði hann mikið að verkalyðsmálum, var stjórnarmaður í Sveinafélagi pípulagningamanna og einnig í Meistarafélagi pípulagningamanna.

Útför fer fram frá Digraneskirkju í dag, 22. febrúar 2024, klukkan 13.

þess hvað þú ert að bralla í sumarlandinu þá sé ég þig fyrir mér við eldhúsbordið í Ljárskógunum með kaffibollann að lesa blaðið eða í sjónvarpsstofunni að leggja kapal í hægindastólnum þínum. En þú ert auðvitað að spila golf í góðu veðri!

Ég á eftir að sakna þín þar til ég sé þig næst og alltaf mun ég minnast þín.

Ég elska þig afi.
Eydis Ósk Ásgeirsdóttir.

Elsku afi.

Þú varst frábær afi og okkur fannst þú vera klárasta manneskjan sem við þekktum og töluðu um þig sem alfræðiorðabókina okkar. Við gátum alltaf hringt í þig ef okkur vantaði hjálpuð með heimavinnu, ritgerðarskrif eða vantaði orð í krossgátuna. Oft var hægt að plata þig í að skutla okkur í skólann þegar í menntaskóla var komið, eða bara í vinnuna. Og þegar barnabarna börnin komu varstu alltaf til í að stökkva til og skutla á reiðnámskeið eða golfnámskeið. Þó það hafi fylgt að einu barnabarnabarninu fannst þú fara helst til hratt yfir hraðahindranir.

Minningarnar eru margar í gegnum árin og tengjast í flestum tilfellum heimsóknum okkar til ykkar ömmu í einbýlishúsið

sem þið amma byggðuð í Ljárskógum. Húsið var undraheimur fyrir okkur barnabörnin og neðri hæðin var full af krókum og kimum til að skoða og fara í leiki í.

Einhvern veginn var það nú þannig að þegar við komum í heimsókn voru kossar og faðmlög, og svo hurfum við niður í kjallarann þar sem hægt var að eyða mörgum klukkustundum í að skoða skrifstofuna þína, saumastofuna hennar ömmu og vöfundarhúsið sem geymslan var. Allir þessir staðir voru alveg tilvaldir fyrir þykjustuleiki okkur frændsystkina. Á skrifstofunni þinni fundum við alls konar hluti sem við sáum ekki annars staðar og eyddum við miklum tíma í að leika okkur þar. Þar var nefnilega tölva og ljósritunarvél sem maður nýtti sér óspart. Þar var líka að finna flugvélarstýri og fótstig sem þú notaðir með flughermisforriti sem þú áttir, myndavél og kiki. Þú getur rétt ímyndað þér hvað manni fannst um þetta sem krakka. Í raun var alveg ótrúlegt hvað við fengum að leika lausum hala í öllum fjölskylduböðunum hjá ykkur. En kannski, með þessa hrúgu af barnabörnum sem voru misuppátækjasöm en öll jafn hávær, var kannski ekki hægt að fylgjast með öllu heldur bara vona að við myndum brjóta sem minnst.

Þegar kíkt var í kaffi í Lómasölunum var uppáhaldsumræðuefnið seinni heimsstyrjöldin, nokkuð sem þú hafðir mjög mikla ástríðu fyrir og mikla vitneskju um. Jafn mikinn áhuga höfðuð þið amma á barnabarnabörnunum og fannst fátt skemmtilegra en þegar barnabarn barni setti á svið söng- og dansleik.

Þegar árin liðu kom að okkur að aðstoða ykkur ömmu með ýmislegt. Svo sem búðarferðir og önnur erindi. Ein skemmtilegasta minning síðustu ára var að fyrir jóln 2023 fórum við í ísbíltúr og keyrðum um og skoðuðum jólaljósinn sem héngu uppi.

Elsku afi. Við komum alltaf til með að hugsa til þín ef skinkubréf, Jonagold-epli eða Sólkjarnabraud fara ofan í innkaupakörfuna hjá okkur. Við munum sakna þín.

Hvíldu í friði, elsku afi.

Þín barnabörn,

**Berglind,
Sigurbjartur
og Guðlaug.**

jafnt til vinnu sem og þegar hann skrapp til veiða, þá var gott frelsi að skreppa á Zetor-vélinni sem komst nánast allt.

Sveitin og dalurinn var allt fyrir honum og þráði hann ekkert frekar en að vera í sveitinni þar sem honum leið best og ef hann var staddur á öðrum stöðum þá var hugur hans á Kirkjubólí og spurði ávallt fréttu þaðan og af fólki sem var þá stadd þar og hvernig stáðan væri á þessu og hinu í dalnum og sveitinni.

Aldrei hugnaðist Bjarna ferðir til útlanda í frí að njóta sólar og hita, það var eitthvað of fjarri dalnum og heimahögunum. En hann hafði þó ávallt gaman af mannfögnuðum og þar sem gleði og gaman var eins og sagt er. Enda hélt hann nokkrar stórveislur á afmælum sínum þar sem fjöldi vina og ættingja fögnuðu með honum og urðu

það eftirminnlegar veislur með miklum og glæsilegum veitingum og söng.

Eftir að ég kynntist eiginkonu minni sem Bjarni tók nú aldeilis vel á móti og þótti óstjórnlega vænt um þá fórum við stundum í ferðalög saman eins og í sumar-bústaðaferðir og fleira sem gaf okkur öllum yndislegar minningar eftir frábærar samverustundir. Var sérstaklega gaman að fara með Bjarna á nýjar slóðir í ferðalög um landið í seinni tíma eftir að róast fór í sveitinni og búskap hætt.

Nú er komið að ferðalokum okkar Bjarna og langar mig að þakka fyrir allt það góða sem hann auðgaði líf mitt með og okkar fjölskyldunnar á Kirkjubólí og megi Guð blessa elsku vinn okkar hann Bjarna alla tíð.

Þínir góðu vinir,
Einar Rúnar og Rowena.

Minningargreinar

Morgunblaðið birtir minningargreinar endurgjaldslaust alla útgáfudaga.

Óheimilt er að taka efni úr minningargreinum til birtingar í öðrum miðlum nema að fengnu samþykki.

Formáli | Minningargreinum fylgir formáli sem nánustu aðstandendur senda inn. Þar koma fram upplýsingar um hvar og hvenær sá sem fjallað er um fæddist, hvar og hvenær hann lést og loks hvaðan og klukkan hvað útförin fer fram. Þar mega einnig koma fram upplýsingar um foreldra, systkini, maka og börn. Ætlast er til að þetta komi aðeins fram í formálanum, sem er feitletraður, en ekki í minningargreinunum. **Undirskrift** | Minningargreinahöfundar eru beðnir að hafa skírnanöfn sín en ekki stútnefni undir greinum.

Bjarni Hansson

† Bjarni Hansson fæddist 30. október 1928 og var skírður fullu nafni Bjarni Kristján Elías Hansson. Hann lést 29. janúar 2024. Útför fór fram 16. febrúar 2024.



Það er erfitt að kveðja góðan vin, þó háum aldri hafi náð þá virðist maður aldrei tilbúinn fyrir þessa hinstu kveðjustund. Sorgin er mikil og þung byrði að bera en ekki verður samt horft framhjá þeim forréttindum og þakklæti sem eru mér ofarlega í huga fyrir að hafa fengið að njóta samveru, samvinnu og ómetanlegs vinskapar hans Bjarna í gegnum lífið. Hann Bjarni varð mikill áhrifavaldur í mínu lífi og áttum við mörg sameiginleg áhugamál saman eins og sveitina okkar, dalinn, náttúruna, veiðina sem við stunduðum reglulega og áttum okkar gæðastundir saman við skotveiði og laxveiði, en einnig svo margt annað bæði við leik og störf í sveitinni.

Ég byrjaði ungar að árum að fara með Bjarna til veiða. Ávallt var það þó þannig að þegar til veiða átti að fara var Bjarni fyrstur að vakna, mæta

og banka á hurðina hjá stráknum sínum því góðan tíma gat tekið að koma honum úr rúminu og skapið ekki alltaf upp á sitt besta svona snemma morguns og fannst mér stundum algjör óþarfi að leggja svona snemma af stað, maður myndi sko bara ekkert veiða neitt meira með því heldur væri betra að kúra aðeins lengur og mæta aðeins seinna með góða skapið, en bankið á hurðina hætti ekki fyrr en ég drattaðist fram úr og við lögðum af stað saman í laxveiðina sem við báðir elskuðum svo mikið. Nú er bankið á hurðina endanlega hætt og nú vaknar maður bara með minninguna góðu og reynsluna sem hann hefur skilið eftir sig, hana tekur maður með sér í sitt eigið ferðalag.

Bjarni var ávallt svo áhugasamur og hjálpsamur við öll störfin í sveitinni og vildi ekki horfa á aðra vinna og sjálfur sitja hjá, hann var alltaf þar sem hlutirnir voru að gerast, bæði af forvitni og hjálpsami. Duglegur með afbrigðum var hann og handsterkur til verka. Hann elskaði að vera á dráttarvélinni



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

ELSIE SIGURÐARDÓTTIR,

lést á heimili sínu, Boðapingi, 9. febrúar. Jarðarför hennar fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi miðvikudaginn 28. febrúar klukkan 13.

**Sigmar Teitsson Hafdís Hlöðversdóttir
Vilborg Teitsdóttir**
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn



Ástkær bróðir okkar,

ÖRN CLYDE WEBB JÓNASSON,

lést á Droplaugarstöðum mánudaginn 5. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþep að ósk hins látna.

**Sólvi Jónasson
Stefanía Jónasdóttir
Kristján Maríus Jónasson
Jóhanna Jónasdóttir
Kristín Margrét Jónasdóttir**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

SVAVA JÓHANNA PÉTURSDÓTTIR,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu við Hraunvang í Hafnarfirði mánudaginn 12. febrúar. Útförin fer fram frá Garðakirkju í Görðum á Álftanesi þriðjudaginn 27. febrúar klukkan 13.

**Sigurður Örn Bernhöft Katrín Gunnarsdóttir
Pétur Már Bernhöft
Sigríður Kristín Bernhöft
Svava Rós Bernhöft
Sandra María Bernhöft**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

HILDUR HERMÓÐSDÓTTIR,

lést 18. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 27. febrúar klukkan 13. Hlekk á streymi má nálgast á mbl.is/andlat.

**Jóhanna S. Jafetsdóttir Jón Björgvín Stefánsson
Ari Hermóður Jafetsson Sonja Wiium
Sigríður Þóra Jafetsdóttir Guðmundur Ingi Gunnarsson
Matthildur María, Jafet Stefán, Arney Tinna,
Katrín Tanja og Hildur Karen**



Ástkær faðir minn, stjúi, tengdafaðir, afi og langafi,

**PORLEIFUR FINNSSON,
Krókahrauni 6,
Hafnarfirði,**

lést á Vífilsstöðum miðvikudaginn 14. febrúar. Útförin fer fram frá Hafnarjarðarkirkju fimmtudaginn 29. febrúar klukkan 13.

**Sigríður Sch. Porleifsdóttir
Sigurður Arnar Kristjánsson Ísabella Danielsdóttir
Kristján Jens Kristjánsson Anna Sigríður Jónsdóttir
afa- og langafabörn**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi

KARL SIGURBJÖRNSSON

lést í faðmi fjölskyldunnar á gjörgæsludeild Landspítalans 12. febrúar. Útförin fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 26. febrúar klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hann er bent á Hjalparstarf kirkjunnar.

**Kristín Þórdís Guðjónsdóttir
Inga Rut Karlsdóttir Sigurður Arnarson
Rannveig Eva Karlsdóttir
Guðjón Davíð Karlsson Ingibjörg Ýr Óskarsdóttir
og barnabörn**



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

INGUNN ERLA KLEMENZDÓTTIR
hjúkrunarfræðingur,

lést á Landspítalanum 10. febrúar. Útför hennar fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 26. febrúar klukkan 11.

Sigurður Ólafsson Margrét Þorvaldsdóttir
Sigfús Ólafsson Kristín Björg Konráðsdóttir
Einar Ólafsson Ingibjörg Arnarsdóttir
Sólveig Rósa Ólafsdóttir
Gunnar Rúnar Ólafsson Steinunn Haraldsdóttir
barnabörn og langömmubörn



+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

BIRGIR ÞÓR JÓNSSON
skipherra,
Mánatúni 1,
Reykjavík,

lést á gjörgæsludeild Landspítala 19. febrúar. Jarðarför verður auglýst síðar.

Louisa Gunnarsdóttir
Hrund Birgisdóttir Reynir Magnússon
Brynja Ása Birgisdóttir Gunnar Ingimarsson
Guðmundur Þór Birgisson Alma Dröfn Benediktsdóttir
og barnabörn



+

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN KARÍTAS ALBERTSDÓTTIR,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða Akranesi mánudaginn 19. febrúar. Útför hennar fer fram frá Akranesirkirkju fimmtudaginn 29. febrúar klukkan 13. Streymt verður frá athöfninni á vef Akranesirkirkju, www.akranesirkirkja.is. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Höfða fyrir kærleiksrika og góða umönnun.

Dis Nielsdóttir
Albert Jónsson Pálmi Þór Ævarsson
Petrína Jónsdóttir
Sigurður Jónsson
Karítas Jónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn




+

Elskulegur sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

VALDEMAR RAGNARSSON,

varð bráðkvaddur á heimili sínu í Juva, Finnlandi, laugardaginn 10. febrúar. Útförin mun fara fram í Finnlandi.

Liisa Kajo
Anitta Olsson Bygg Tommy Olsson
Ragneiður Valdemarsdóttir Hanhisalo, Markus Hanhisalo
Brynjólfur Valdemarsson
Arinbjörn Valdemarsson
Ágerður Ragnarsdóttir
Óli Þór Ragnarsson Ingibjörg Marinósdóttir
Árni Ragnarsson Ásrún Guðmundsdóttir
Guðrún Ragnarsdóttir Valdimar Einisson
og barnabörn



+

Okkar ástkæri

ÞORVALDUR HARALDSSON
rafvirkjameistari

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans í Kópavogi mánudaginn 19. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 28. febrúar klukkan 13. Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildarinnar fyrir frábæra umönnun, einstaka hlýju og gott viðmót.

Katrín G. Helgadóttir
Jóhanna Áskels Jónsdóttir Þröstur Lindal
Helga Áskels Jónsdóttir Ólafur Ólafsson
Iris Áskels Jónsdóttir
Guðrún Bjarnadóttir
Úlfhildur Haraldsdóttir Jóhannes K. Sveinsson
Jóhanna Haraldsdóttir
Þorbjörg Valdímarsdóttir Hannes Þór Pétursson
Puríður Valdímarsdóttir Róar Örn Hjaltason
Guðrún Jóhanna Haraldsd. Þóririnn Jóhannsson
Kristín Halla Haraldsdóttir Lárus Sverrisson
barnabörn og systkinabörn



Haukur Pálsson

† Haukur Pálsson fæddist 9. janúar 1928 á Hærakollnesi við Álftafjörð S-Múlasýslu. Hann lést 30. janúar 2024 á Hrafnistu Laugarási.

Foreldrar hans voru Sigríður Ingvaldur Ásmundsdóttir frá Flugustöðum í Álftafirði, f. 14.1.1886, d. 1.2.1929, og Páll Þorsteinsson bóndi á Hærakollnesi í Álftafirði, f. 14.4.1891, d. 2.5.1977. Haukur átti sjö systkini, þau eru öll látin.

Árið 1952 giftist Haukur Sigríði Sigurðardóttur, hún lést 25.2.1997. Foreldrar hennar voru Elin Snorraddóttir Welding og Sigurður Sæmundsson.

Haukur og Sirrý eignuðust fjögur börn. 1) Páll Ingi, f. 19.3.1952, fv. maki Guðlaug



Lyngberg, eiga þau saman þrjú börn og sex barnabörn, fyrir átti Guðlaug eina dóttur og á hún þrjú börn. 2) Sigurður, f. 10.9.1955, maki Þórunn Lína Bjarnadóttir og eiga þau saman þrjú börn og fjögur barnabörn, fyrir á Sigurður einn

son og á hann eitt barn. 3) Bryndis Elín, f. 27.2.1958, maki Bjarni Þór Guðjónsson, eiga þau saman þrjú börn og fjögur barnabörn. 4) Þórir, f. 26.5.1965, maki Valgerður Hanna Hreinsdóttir, eiga þau saman þrjár dætur.

Haukur var eins árs þegar hann missti móður sína, þá tvístraðist systkinahópurinn á aðra bæi, en þeir feðgar voru saman þar sem Haukur var langyngstur. Þeir voru einn vetur á Tunguhlíð þar sem

Í dag er ástkær tengdafaðir minn jarðsunninn eftir farsæla 96 ára ævi.

Kynni mín af Hauki hófust fyrir 43 árum þegar ég kynntist Sigga mínun. Haukur og Sirrý tóku mér opnum örmum og datt ég svo sannarlega í lukkupottinn með tengdajölskyldu. Virðing, traust og þakklæti er okkur hjónum efst í huga þegar við minnumst þeirra stunda sem við áttum með þeim.

Haukur var mikill listasmíður og fagmaður, enda húsgagnasmíðameistari. Hann var alltaf tilbúinn að hjálpa sínum nánustu og þegar við byrjuðum að byggja var hann aldrei langt frá.

Haukur var mikill fjölskyldumaður. Hann hélt fast í allar hefðir, en sú eftirminnilegasta er án efa hangikjötsveislan á jóladag.

Haukur og Sirrý buðu öllum börnum og fjölskyldum þeirra í hangikjötsveislu og hélt Haukur þeirri hefð áfram eftir að Sirrý féll frá. Hangikjötsmagnið jókst en plássíð í íbúðinni minnkaði með hverju árinu eftir því sem fjölskyldurnar litlu stækkuðu. Haukur passaði upp á að allir kæmst fyrir á hinni árlegu jólamynd og að allir skrifuðu í gestabókina.

Haukur var hógvæð, athugull, hlýr og traustur. Hann var alltaf búinn að finna út hvað barnabörnin langaði í í jölgjöf og smíðaði dúkkurúm, kojur, stóla og borð sem glöddu miknið og ganga nú á milli kynslóða barnabarna.

Elsku Haukur, ég man þegar þú komst í mat og ég hafði orð á hvað borðstofuborðið væri mjótt og ég kæmi engu fyrir á því. Þú sagðir að það væri nú ekkert mál að breikka borðið og spurðir hvað ég vildi hafa það breitt. Stuttu seinna var búið að breikka borðið og bæta við stækkunum.

Svona var Haukur. Alltaf tilbúinn að rétta hjálparhönd og gerði það með bros á vör. Sama hvað verið var að gera. Leggja parket, smíða eldhúsnréttingar, allt lék í höndunum á honum.

Fjölskylduútilegan á hverju sumri var ein af mörgum hefðum sem Haukur hélt fast í. Þessar ferðir voru ómetanlegar og skilja eftir sterkar gleðminningar hjá öllum sem tóku þátt í þeim.

Afmælisferðirnar fæddust við börn og tengdabörn gengum Laugavegin og þegar við fórum í Álftafjörðinn. Allt voru þetta dásamlegar ferðir.

faðir hans var vinnumaður og síðan fóru þeir að Geithellum og voru þar þar til Haukur var fjórtán ára. Haukur sótti skóla á bæjum í kring. Haukur fór einnig á Djúpvog og skóla en dvaldist þá hjá frænda sínum. Þegar Haukur er fimmtán ára fer hann í Reykholt í Borgarfirði einn vetur. Hann flytur svo til Reykjavíkur og býr hjá systur sinni Kristínu, þar hóf hann nám í lónskólanum og lærði húsgagnasmíði og útskrifaðist sem slíkur árið 1949. Hann fékk svo meistara-réttindin árið 1954. Haukur hóf störf hjá Guðmundi blinda þar sem húsgagnaúhuginn byrjaði en lærði svo hjá Max Jeppesen í Viði. Mestalla sína ævi starfaði hann hjá TM húsgögnum. Hann var svo hjá syni sínum Þóri í Trévirkanum í mörg ár.

Haukur og Sirrý hjuggu í Gnoðarvogi 72 svo til alla sína ævi.

Útför fer fram í Langholtskirkju í dag, 22. febrúar 2024, klukkan 13.

Takk elsku Haukur fyrir allar góðar stundir, við geymum góðar minningar um góðan þabba, tengdapaþba, afa og langafa. Þórunn og Sigurður (Síggi).

Elsku tengdapaþbi. Árið er 1987 og ég að kynnast tengdajölskyldunni og venjast því að vera yngsti meðlimur hennar sem er alveg nýtt fyrir mér þar sem ég er elsta barn foreldra minna. Strax við fyrstu kynni fann ég hvaða ljúfa og trausta mann þú hafðir í ad geyma og þótti mér strax mjög vænt um þig. Nærvera þín var ljúf og þægileg og við gátum þagað saman án þess að það væri óþægilegt. Árin líða og skyndilega erum við komin með þrjú börn, búið að stofna fyrirtæki og byggja raðhús, allt á tveimur og hálfu ári.

Þá var nú gott að eiga svona klett eins og þig sem var alltaf tilbúinn að hjálpa til ef þurfti. Þú varst svo sannarlega duglegastur í því að sjá til þess að húsíð yrði íbúðar-hæft áður en tvíburarnir fæddust í maí 2002. Það tókst og við tók tímabil þar sem þú „masteraðir“ afahlutverkið með afastelpunum þínum þegar sem elskuðu allar afa sinn til tunglsins og til baka. Hefðirnar sem þú áttir þátt í að skapa í stórrí fjölskyldu munu ylja okkur öllum um hjartarætur um ókomin ár. Allar útilegurnar og páskaeggjaleit í Heiðmörk á föstudaginn langa eru ógleymanlegar minningar þar sem gleði barnanna var mikilvægust af öllu.

Það var alltaf eitthvað svo gott við þig og sá ég þig aldrei skipta skapi öll þessi ár þrátt fyrir mörg tilefni. Elsku tengdapaþbi minn, ég þakka þér fyrir allt sem þú hefur gert fyrir mig og þú munt alltaf eiga stórt pláss í hjarta mínu.

Þín tengdadóttir,
Hanna.

Elsku afi okkar. Þá hefur þú fengið hvíldina þína og vitum við að þér líður vel núna komin í sumarlandið. Við eigum bara góðar minningar um þig enda varstu besti afinn. Alltaf varstu tilbúinn að sækja okkur og gera eitthvað skemmtilegt með okkur. Margar eru sundferðirnar og eftir sundferðum við oft í bakarfíð í Glæsibæ eða pylsuvagninn að fá okkur eitthvað gott að borða. Þú hafðir gaman af allri útiveru og var oft farið í berjamó, veiði eða útilegur í tjaldvagninum. Margar voru fjölskylduferðirnar þar sem þú varst með tjaldvagninn sem þú varst svo ánægður með og var alltaf eins og nýr. Einnig fannst þér gaman þegar við komum í heimsókn til þín og áttum við alltaf gott spjall um lífið og tilveruna. Þú vildir alltaf eiga eitthvað til handa okkur hvort sem það var góður brandari eða kleinur og appelsín. Oftar en ekki var svo tekinn ólsen ólsen og teljum við að

keppnisskapið komi líklegast frá þér. Við vorum alltaf velkomin í vinnuna til þín og fannst gaman að kíkja í TM húsgögn, miknið vorum við alltaf montin með allt sem þú gerðir. Ekki má gleyma öllum afmælisgjöfumunum og jólagjöfunum sem þú sérsmíðaðir fyrir okkur. Kristín Eva átti flottasta dúkkudótið sem þú smíðaðir, m.a. dúkkukoju, kommóðu, rúm og fleira sem enginn átti, strákarnir fengu sverð og skjöld.

Í seinni tíð fannst þér ekkert skemmtilegra en að fá okkur í heimsókn og litlu börnin. Þú hafðir svo gaman af börnunum.

Takk fyrir að vera heimsins besti afi.

Haukur Elmar, Kristín Eva og Friðrik Þór.

Elsku afi Haukur.

Þú varst langbesti afi sem við hefðum getað beðið um og erum við ævinlega þakklátar fyrir þig og allt sem þú hefur gert fyrir okkur. Við erum stoltar af því að geta sagt að þú hafir verið afi okkar og ert þú ein okkar helsta fyrirmynd.

Við eigum óteljandi minningar um þig sem munu fylgja okkur alla tíð. Þegar við lítum til baka og förum að hugsa um tímamann sem við áttum með þér er okkur efst í huga: Sundferðirnar í Laugardalslaug og bakaríð í framhaldinu af þeim, ólsen ólsen, grjónaagrautur og vöflur í Gnoðarvoginum og súkkulaðistykkin sem þú komst með handa okkur þegar þú komst í heimsókn í Ljósuvík. Þú fórst í sund upp á hvern einasta dag og þegar við förum með vinkonum okkar í sund var alltaf hægt að gera ráð fyrir því að hitta þig þar, fundum við þig þá nánast alltaf í sjópottinum.

Þú varst ekki maður margra orða en það skipti okkur engu máli því okkur leið alltaf vel í kringum þig og það sem þú sagðir vissum við að þú meintir. Það var allveg sama hvert við förum með þér, þú hittir alltaf einhverjum sem þú þekktir og fengum við þá að heyra hvað við áttum frá þér.

Ein skemmtilegasta hefðin sem við áttum með þér var þegar við komum í Gnoðarvog og skreyttum jólatréð fyrir þig. Okkur leið alltaf vel í Gnoðarvoginum með þér og fundum fyrir mikilli öruggistilfinningu að vera þar. Þú varst ótrúlega þolinmóður gagnvart okkur og gast setið og spilað við okkur í óratíma án þess að leiðast, allavega sýndir þú það ekki. Þú sagðir aldrei nei við að gera grjónaagraut eða vöflur fyrir okkur þegar við báðum um það og var það besti grjónaagrautur sem við fengum. Þú passaðir upp á að eiga nóg til af Vilko-vöfludeigi þegar við komum í heimsókn til þín og ef það var ekki til varstu rokinn út í búð. Þú fórst oft með vísuna Þagur fiskur í sjó fyrir okkur og sama hvað við reyndum að læra hana tókst það aldrei.

Þú borðaðir oft kvöldmat með okkur og fylgdumst við reglulega með bflnum þínum keyra upp götuna heima og hlupum svo að dýrunum þegar þú lagðir bílnum fyrir utan húsíð. Þegar þú komst í heimsókn varstu oftast með súkkulaðistykki handa okkur, uppáhaldið okkar var þegar þú komst með Freyju-draum.

Þegar við vorum allar þrjár í þróttum skutlaðir þú okkur oft á æfingar út um allan bæ og sóttir okkur þegar við vorum búar. Þú sagðir aldrei nei við neinu og var hægt að læra margt gott af þér sem við höfum svo sannarlega gert. Það helsta sem við höfum tileinkað okkur frá þér er að vera duglegar í vinnu eins og þú varst alltaf og bera virðingu fyrir náunganum.

Hvíl í friði elsku afi okkar, þín verður sárt saknað og munum við alltaf elska þig. Takk fyrir allt sem þú gafst okkur.

Þínar afastelpur,
Freyja Ósk, Unnur Lóa og Harpa Sigríður.

FRÍMANN & HÁLFDÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA

 Frimann 897 2468	 Hálfmán 898 5765	 Ólöf 898 3075	 Kristín 699 0512
--	--	---	--

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS síðan 1996

Auðbrekku 1, 200 Kópavogi

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

 Sverrir Einarsson Útfararstjóri S: 896 8242	 Jón G. Bjarnason Útfararstjóri S: 793 4455	 Jóhanna Eiríksdóttir Umsjón útfara	 Guðmundur Örn Jóhannsson Frankvæðingastjóri Umsjón útfara S: 862 0537
--	--	--	---

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is | Dofrahellu 9b, Hafnarfirði | s: 565 5892

Hjálmar Lýðsson

Hjálmar Lýðsson var fæddur 29. október árið 1930 í Sóleyjartungu á Akranesi. Hann lést 12. febrúar 2024. Hann var sonur hjónanna Lýðs Jónssonar yfirfiskmatsmanns og verkstjóra og Mekkínar Nikolínu Sigurðardóttur



véltjörn árið 1954. Hjálmar hóf sinn starfsferil sem sendisveinn í matvöruverslun Haraldar Böövarssonar og Co, þá 12 ára gamall. Hjálmar var véltjóri á hvalskipum á 11 vertíðum, eða til ársins 1961, og leysti einnig af á

millilandaskipum þegar vertíðum lauk. Árið 1961 réði hann sig til Haraldar Böövarssonar og Co, hann hugðist starfa í landi á vélaverkstæðinu en fór fyrir fyrirtækið til Noregs til að fylgjast með ísetningu véla og breytingum á þeim á Höfrungi III sem hann starfaði síðar á sem 1. véltjóri í nokkur ár. Árið 1968 fór Hjálmar alfarið í land en leysti þó af og til af sem véltjóri, til dæmis á skuttogar-

Elsku afi minn. Ég á eftir að sakna bréfa þinna með nýjustu tíðindum af Skaganum sem voru mér ætíð yndislestur. Göngutúrar að vitanum með ömmu, veðurfar, vísur þinna uppáhaldsskálða, gamlar ferðasögur og svo auðvitað hvað var í matinn þann dag. Nokkrir hlutir sem þér fannst gaman að deila og færðu huga minn nær ykkar og minntu svo á sumrin sem ég kom að heimsækja ykkur þegar ég var gutti. Í einni heimsókninni var keyptur ÍA-búningur svo að allir sæju nú að ég væri Skagastrákur, hvíti BMW-inn stútylltur af mat og útilegugræjum og svo lagt í hann. Ég man að eitt sinn stoppuðum við á Djúpavogi og ég fékk að dorga á bryggjunni og róa bát með frænda mínum í blankalogni og sólskini. Hvort sem við fórum hringinn eða styttri ferðir var aðalatriðið að njóta náttúrunnar og kynnast landinu sem við svo sannarlega gerðum. Svo þegar ég var orðinn aðeins eldri og fjölskyldan hittist um jól var hefðin að þú tækir mig tali niðri í kjallara á verkstæðinu eða bílskúrnum þar sem þú sagðir sögur af sjónum, spurðir út í líf mitt eða hreinlega skipaðir mér að standa mig og að hafa alltaf nóg að gera. För svolítið eftir stuðinu sem þú varst í og hversu mikið ég var til í að rífa kjaft. Hins vegar var nú alltaf stutt í hlaturinn og ótalmörgu vísurnar sem þú kunnir utan að. Þessir fundir okkar verða mér nú dýrmætari minningar þar sem þú barst alltaf virðingu fyrir skoðunum mínum og skrifaðir hjá þér þá hluti sem þú vildir ei gleyma. Nú sit ég í vélinni á leiðinni heim að kveðja þig í hinna sinn. Sjáumst öruglega aftur og skiptumst á nýjustu fréttum. Elska þig og gleymi þér ei.

Þinn nafni,

Hjálmar Örn.

Okkur systkinum er efst í huga þakklæti þegar við kveðjum þessa okkar.

Þabbi kynntist mömmu þegar hann var í vélskólanum. Hún vann í mótuneyti skólans og hefur hún oft minnst á það hversu svakalega sætur henni fannst þabbi. Þannig hófust þeirra kynni. Foreldrar okkar hófu búskap fyrst á Vitateigi 3 þar sem foreldrar þessa þjuggu, ásamt Huldu frænku. Þegar þabbi ákvað að byggja hús fyrir fjölskylduna á Vitateigi 4 tók faðir hans ekki annað í mál en að flytja með yfir. Þabbi var alla tíð einstaklega hlýr, hjálpsamur og góður við foreldra sína og systur. Þabbi hafði mikla ánægju af afa-hlutverkinu og naut þess að fá barnabörn in í heimsókn, alltaf með útbreiddan faðminn, áhugasamur og spurull um þeirra hag. Í seinni tíð vissi hann ekkert betra en þegar börn eða barnabörn komu við á Vitateigi.

Þabbi var mikill fjölskyldumaður, hún var honum allt. Fyrir það eru börn hans óendanlega þakklát, fyrir allan þann stuðning sem hann veitti í hvívetna, alltaf til staðar, alltaf tilbúinn að aðstoða.

Þabbi hafði gaman af því að ferðast. Fjölskylduferðalögin innanlands voru mörg og minnisstæð. Einnig ferðir til Þýskalands og Akureyrnar þar sem dæturnar bjuggu. Í seinni tíð er minnisstæð ferð til Berlínar, þegar þabbi var um áttrætt en tilefnið var einmitt að fagma afmælinu hans. Hann gekk um borgina eins og unglingur, marga kílómetra á dag, til að skoða sig um. Hann hafði alltaf sérstakt dálæti á Þýskalandi og þýskri sögu.

Þabbi varð þeirrar gæfu að njótandi að búa við góða heilsu, honum varð aldrei misdægurt. Hann var þó sælkeri en var svo stálheppinn að búa með sjálf-lærðum næringarfræðingi henni mömmu sem passaði upp á hollt og hreint mataræði. Það er helst heyrnarleysið sem plagaði hann, en fjölskyldan áttaði sig samt á því að oft heyrði hann það sem hann vildi. Hann dró það samt ansi lengi að fá sér heyrnar-tæki, fannst bara ofur eðlilegt að maður hækkaði raust sína í samræðum. En mikið voru allir fegnir þegar heyrnar-tækin voru lóksins komin í eyrun á honum.

Þabbi fagnaði 93 ára afmæli sínu í október, fór í bíltúr með Mörthu Mekkín og um kvöldið var kjótsúpuveisla. Þabbi var mikill neðri-Skagamaður og þegar einhver kom í heimsókn fór hann gjarnan í bíltúr niður að vita og Breið og sagði frá þeim tíma þegar allt ídæði þar af lífi. Um jólin síðustu fagnaði hann með fólkinu sínu og við borðið sátu fjórir kynslóðir.

Þabbi var stálminnugur, strangheidarlegur og ávallt vel að sér um það sem var að gerast í samfélaginu hverju sinni, fram á síðasta dag.

Þabbi bjó í húsinu sínu nánast fram á dánardag, frá 1958, umvafinn góðum nágrönnum.

Elsku þabbi, þú talaðir um það þegar við vorum að kveðja þig að ekkert skipti máli í lífinu nema hjálpssemi og kærleikur. Við höfum það að leidarljósi. Við munum sakna þín og mamma mun sakna þín, við þössum upp á hana. Nú eru fagnaðarfundir í Sumarlandinu, berðu öllum kveðju okkar, sérstaklega Lýð bróður, umvefðu hann frá okkur. Við hittumst þegar okkar tími kemur.

Þín

Esther, Valur, Hafdís og Hulda.

Elsku afi minn var alltaf góður og alltaf jákvæður. Hann tók alltaf vel á móti mér þegar ég kom á Akranes, með opinn

anum Haraldi Böövarssyni. Hjálmar starfaði óslitið hjá H.B. og Co þar til hann lét af störfum 73 ára gamall. Hjálmar líkaði vel að starfa hjá H.B. og Co, og bar hann virðingu fyrir fyrirtækinu og væntumþykju til samstarfsmanna, eigenda og stjórnmenda þess.

Hjálmar giftist eftirlifandi eiginkonu sinni Katrínu Karlsdóttur frá Djúpavogi sumardaginn fyrsta, 23. apríl 1958. Börnin urðu sex talsins: Lýður Sigurður, f. 1957, hann lést 1989. Esther, f. 1958, hennar sonur er Hjálmar Örn. Lítil stúlka sem fæddist 1960 og lést sama dag. Valur Karl, f. 1962, hans sonur er Oddur og dóttir er Eygló. Hafdís Björg, f. 1967, hennar dóttir er Martha Josefíne Mekkín. Hulda Mekkín, f. 1969, hennar börn eru Egill Már, Arnar Valur og Katrín Rós. Langafabörnin eru tvö.

Útförin fer fram frá Akranes-kirkju í dag, 22. febrúar 2024, klukkan 13.

faðm. Hann fór alltaf eldsnemma á hverjum degi í bakaríð og þegar ég vaknaði var borðið fullt af flottu bakkelsi. Þegar ég var lítil setti afi upp rólu handa mér á snúrastaurnum í garðinum, sömu rólu og mamma mín hafði átt. Þar sat hann lengi og horfði bara á mig róla og við töluðum saman. Á hverjum degi bauð hann upp á ís og amma kom með á rúntinn. Við fórum í Borgarnes og keyrðum um Akranes. Mér fannst svo flott að afi keyrði enn þá bíl sinn og amma sat alltaf frammi í hjá honum eins og prinsessa með sólgleraugun sín. Af sagði mér alltaf að vera dugleg í skólanum og að ég ætti að læra tungumál, þá myndi heimurinn opnast fyrir mér. Hann talaði um að vera góður við dýrin. Að þeir sem eru góðir við dýrin séu góðar manneskjur, hann var líka mikill dýravínur sjálfur. Mér fannst svo gaman að fara með afa á Stokkseyri, í húsið hans þabba. Hann elskaði að fara þangað, hann sagði að það væri eins og paradís að horfa út á hafði. Af las mikið og mér fannst ótrúlegt hvernig hann gat haldið höndunum uppi lengi í rúminu og lesið blaðið og bækur. Þó að ég hafi þurft aðeins að hækka röddina stundum svo afi myndi heyra í mér; þá var alltaf gaman og gott að tala við hann. Af var svo gláður og stoltur þegar ég fékk norska þjóðbúninginn minn, sérsaumaðan á mig í Lófóten, en þangað hafði hann komið og hann var mjög hrifinn af Noregi. Mér fannst svo skemmtilegt að sjá hvað það gladdi hann mikið að ég fór að æfa fimleika hjá fimleikafélaginu á Akranesi, ÍA. Hann kallaði mig litlu Skagakonuna sína. Hann horfði oft á mig gera fimleikastökk í garðinum hjá sér. Hann horfði stoltur á mig keppa á bikarmóti í sjónvarpinu á RÚV, það var gott að hugsa það þegar ég keppti að ég vissi að hann væri að horfa heima með ömmu. Ég man alltaf eftir skemmtilegri ferð til Berlínar. Af labbaði allan daginn með mig í litlu kerrunni. Hann sá um það. Ég er stolt af afa mínum. Hann er besti afi í heiminum. Ég er þakklát fyrir hvað ég átti hann lengi, í 18 ár. Hann verður alltaf hjá mér í hjartanu að eilífu.

Þín

Martha Mekkín.

Drottinn horfir á mennina af himnum ofan til þess að sjá hvort nokkur sé hygginn, nokkur sem leiti Guðs.

Sálm. 14.2

biblian.is

Við eigum eftir að sakna afa Hjálmars mikið. Því fylgdi mikil tilhlökkun hjá okkur systkinunum að bruna í vetrarfríinu suður á Vitateig þar sem amma og afi biðu með útbreiddan faðminn eftir okkur. Afí fór alltaf eldsnemma í bakaríð á hverjum morgni og keypti rúnstykki og vinarbrauð með bleiku handa okkur. Á sumrin var það svo hefð að koma með rúntinni að norðan í heimsókn. Afí sá til þess að gera sumarfríð ógleymanlegt fyrir okkur. Oft var tekinn rúntur í Borgarnes þar sem farið var í sund og svo Geirabakarí. Svo fórum við í sundlaugin á Hlökkum þar sem afi skelli sér með ofan í en amma horfði á. Svo fórum við alltaf í Ferstiklu í ís. Eitt sumarið var Arnar Valur að keppa í frjálsum íþróttum í Borgarnesi. Amma og afi mættu á öll hlaupin og sátu í brekkunni til að hvetja hann áfram. Þau fylgdust alltaf vel með okkur og hvöttu okkur áfram. Þegar Katrín Rós útskrifaðist sem stúdent 17. júní 2021 komu þau norður og fögnuðu með okkur. Jólin voru líka í uppáhaldi hjá okkur á Vitateig og komum við margoft yfir jól og áramót á Akranes. Afí var mikill dýravínur og hann og Loppa okkar voru einstakir vinir. Hann var með lifrarpölsu tilbúna handa henni og kallaði á hana eldsnemma á morgnana til að gefa henni. Við erum þakklát fyrir þennan tíma með afa og vitum að hann mun fylgjast áfram með okkur. Við munum styðja ömmu sem sér nú á eftir honum í sumarlandið eftir tæp 70 ár saman.

Egill Már, Arnar Valur og Katrín Rós.

Það voru ávallt fagnaðarfundir hjá okkur Hjálmar er við hittumst og hann ávarpaði mig alltaf sem frænda og jafnvel stórfrænda ef hann hafði meira við. Við vorum systkinasynir og Hjálmar þótti alltaf vænt um frændsemi við Austurbæjarfjölskylduna á Vatnsleysu. Það er ekki hægt að segja að afi okkar og amma hafi fæðst með silfur-skeið í munni enda hún varla til um aldamótin 1900 þegar þau systkinin voru að taka fyrstu sporin norður á Ströndum. Fátækt var mikil og þau hjón, Hjálmarfríður og Jón afi okkar og amma, jarðnæðislaus og í húsmennsku má ég segja. Í þessari stöðu voru þau dæmd til að koma börnunum í föstur og sum voru heppnari en önnur. Móðir mín ólst upp í Biturfirði á Ströndum á bæ sem heitir Gröf hjá hjónum sem sýndu henni ástríki. Hóllt er á þessum tímum velmegunar að hverfa í huganum rúm 100 ár aftur í tímann og ímynda sér þessar aðstæður hjónanna með börnin sex.

Þó leiðin til mennta væri takmörkuð átti Jón auðvelt með að setja saman vísur og þessa hef ég fyrir satt að hann hafi ort. Hún gefur til kynna að sjálfsmatið hafi ekki verið hátt þegar hann segir:

„Parna ríður þessi Jón, þekktur í Hrutafirði. Stundum maður, stundum flón, stundum einskis virði.“

Afkomendur voru vinnusamir og komu sér vel í starfi. Lýður og fjölskylda hans bjuggu alla tíð á Akranesi. Störfin voru tengd sjósókn, véltjörn og fiskmati. Hjálmar lærði

véltjörn eins og faðir hans og lífsstarf hans var hjá Haraldi Böövarssyni hf. Ævistarf hjá sama fyrirtæki vitnar um trúmennsku og ég má segja að Hjálmar hafi átt Harald og Haraldur Hjálmar, svo mikil var hollusta og vinskapur yfir þrjár kynslóðir eigenda fyrirtækisins.

Með miklum dugnaði byggðu þeir feðgar saman fjölskylduhús við Vitateig. Enn er í mínu minni þegar þeir feðgar komu í heimsókn austur í sveitir á nýjum yfirbyggðum Willys-jappa sem var klæddur með plussi að innan sem tók öllu fram í finheitum. Bíltúr í þessum bíl var hreint ævintýri hjá sveitastráknum sem þá var ekki hárf lofti. Hjálmar erfði bílaáhugann frá föður sínum og í uppáhaldi voru þýskir bílar, Benz og BMW. Það brást ekki að bílskúrinn á Vitateignum var opinn þegar maður bar að garði. Ég tók það þannig að Hjálmar vildi að bíllinn hefði fullt andrými. Ekki fór hjá því að Hjálmar fylgdist með gengi ÍA í fótboltanum. Arsenal var liðið sem hann studdi í enska boltanum og sjónvarpið var hátt stillt svo áhrifa leiksins gætti sem best.

Um árabil heimsóttu Hjálmar og Didda okkur hjón að Hreðavatni í sumarhúsi okkar þar. Meðan systkini mín lifðu var þeim gjarnan stefnt til þessa samfundar. Þar áttum við gláða stund sem tók fyrir með hækkandi aldri og covid.

Ég lýk þessu minningabroti með setningu Estherar frænku minnar: „Hann þabbi var ljúflingur, við börnin hans ásamt mömmu vorum alltaf í 1. sæti.“ Betri eftirmæli eru vandfundin. Við Guðrún sendum fjölskyldunni innilegar samúðar-kveðjur við fráfall Hjálmars frænda.

Viðar Þorsteinsson.

Hispurslaus, heill og sannur, traustur vinur og samstarfsmaður og einstaklega góður nágranni okkar hefur kvatt.

Við höfum saknað þess undanfarin misseri að heyra ekki sterka rödd Hjálmars hljóma: Er ekki einhver heima? Hjálmar var auðfuglegur og hafði ávallt frá ýmsu að segja. Oft var það bók sem hann vitnaði orðrétt í eða ljóð sem hafði hriðið hann. Hann var hrfínægur og hafði sterka réttlætiskenn. Hann var duglegur að hrósa og tók sterkt til orða þegar honum mislíkaði. Hjálmar var kominn af dugmiklu fólki sem lagði mikið til atvinnulífsins á Akranesi.

Hann nam véltjörn og vann lengst við það. Hann vann í yfir 40 ár hjá HB, byrjaði 12 ára sem sendisveinn fyrir verslunina og þeyttist þá um Skagann þveran og endilangan á hjóli.

Eftir véltjóránám var hann 11 vertíðir á hvalveiðibátum en frá 1961 starfaði hann fyrir HB bæði á sjó og síðar í landi.

Hjálmar lauk jafnan fræknum sjóarasögum með því að segja þegar hann sá undrunarsvipinn á okkur „ja það er nú líklega maður“. Það var mikið ævintýri þegar hann fékk það vandasama verkefni að fara til Noregs 1963 að vera eftirlitsmaður með smíðunum á Höfrungi III AK. Í það skip voru settar fyrstu hliðarskrúfurinn í fiskiskip í heiminum en sú nýjung gjörbreytti nútaveiðum. Goðsögnin Garðar Finnsson tók svo við Höfrungi III og Hjálmar við véltjörninni. Síðustu vinnuárin vann hann á vélaverkstæðinu eða „Sleggjunni“. Þar eignaðist hann trygga vini sem tóku oft saman lagið til að létta verkin.

Ungur kynntist hann Katrínu sinni og saman eignuðust þau fimm börn. Það mæddi mikið á henni við uppeldi barnanna þar sem heimilisfaðirinn var langdvölum á sjónum. Það var mikil sorg þegar elsti sonurinn Lýður greindist með alvarlegan sjúkdóm sem enga lækningu var hægt að fá við. Það hefur oft reynt mikið á þau hjón en þau kunnu að lifa lífinu með reisu. Hjálmar var oft harður í horn að taka, kvartaði ekki heldur leitaði lausna.

Enginn var gláðari en hann á góðri stund. Hann fór vel með alla hluti, sem sást best á bílunum hans, og hann þoldi ekki sóun. Benti okkur nett á að stundum mætti nú fara betur með. Til hvers ertu með bílskúr Haraldur minn? Góð spurning en fátt um svör. Strákarnir okkar minnst hans og þakka en dætur hans voru ótalar barnfóstrur strákanna og þeir voru tíðir gestir í heimilinu.

Þær voru ófáar rúðurnar sem brotnuðu í húsi Hjálmars og Katrínar þegar mest gekk á við fótboltaæfingur á lóðinni okkar. „Þetta er allt í lagi kæru vinir, ég vil lif í kringum mig,“ sagði hann ávallt þegar strákarnir komu uppburðarlitlir eftir hasarinn. „Ég vil sjá líf á túninu þótt það kosti eina og eina rúðu,“ bætti hann gjarnan við. Ávallt fylgdi á eftir: „Komið þið bara inn strákar til hennar Katrínar, hún er að steikja kleinur, jafnvel baka pönnus.“ Þannig var viðmótið á Vitateignum.

Undanfarnir mánuðir hafa verið strangir hjá vini okkar. Fjölskylda hans hélt samhent utan um hann til síðustu stundar.

Með innilegu þakklæti kveðjum við okkar trúfasta vin og óskum honum góðrar ferðar.

Fólkinu hans biðjum við gæsku Guðs.

Ingbjörg Pálmadóttir og Haraldur Sturlaugsson.

✝

Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts okkar ástkæru,

BJARGAR BJARNADÓTTUR

sem lést 8. janúar og var jarðsungen frá Seltjarnarneskirkju 24. janúar.

Álfþór B. Jóhannsson og fjölskylda

Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚT FARAR STOFA
ÚTR
REYKJAVÍKUR

Við andlát ástvinar Nergætni, hlýja og virðing

Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn

Áratuga reynsla við útfararþjónustu



Elsku hjartans drengurinn okkar,

DAGBJARTUR LEÓ SINDRASON,

lést í faðmi fjölskyldunnar laugardaginn 17. febrúar. Útförin fer fram í Kópavogskirkju fimmtudaginn 29. febrúar klukkan 13.

Ársól Þóll Guðmundsdóttir Sindri Kristján Magnússon
Freyja og Guðmundur Elín og Magnús
Pétur

Okkar ástkæra mamma, amma, sambýliskona, dóttir og systir,

KRISTÍN JÓHANNA MIKAELSDÓTTIR,
Skafthlíð 10, Reykjavík,

lést á Landspítalanum 14. febrúar. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 28. febrúar klukkan 13.

Auður Elísabet Ólafsdóttir Alexander F. Gunnarsson
Egill Mikael Ólafsson Agla Björk Egilsdóttir
Philippe Baltz-Nielsen Jóhann Skarphéðinsson
Auður Halldórsdóttir Birgir Mikaelsson Valborg Sveinsdóttir

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og systir,

KRISTÍN ÁGÚSTA BJÖRNSDÓTTIR,sem lést 8. febrúar sl., verður jarðsöngin frá Neskirku miðvikudaginn 28. febrúar klukkan 13. Streymi á útförina má nálgast á www.mbl.is/andlat.**Viðar F. Welding Björk Viðarsdóttir Björn Pétur Sigurðsson**
Björn Viðarsson Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Egill Viðarsson Ilaria Lorusso
Estiva Birna Björnsdóttir Baldur Harðarson
barnabörn og aðstandendur

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐLEIF KRISTJANA
JÓHANNESDÓTTIR,
Norðurbakka 17a, Hafnarfirði,

lést á taugadeild Landspítalans í Fossvogi fimmtudaginn 1. febrúar. Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki þar fyrir frábæra umönnun og viðkyrningu. Útför fór fram í kyrreþey þriðjudaginn 20. febrúar.

Viðar Þorsteinsson Svavar Þorsteinsson
Hildur Þorsteinsdóttir Sveinbjörn Þórisson
Ari Þorsteinsson Anna María Sigtryggsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Gunnar Jóhannes Árnason

† Gunnar Jóhannes Árnason fæddist í Reykjavík 27. nóvember 1959. Hann lést á líknardeild Landspítalans 10. febrúar 2024 eftir tveggja ára veikindi.

Foreldrar Gunnars voru Erla Cortes, f. 1939, d. 2006, og Árni Kristinnsson, f. 1935. Þau skildu. Síðari kona Árna var Asta Marie Faaberg, f. 1935, d. 2017. Sambýliskona Árna er Sigríður Ásgeirsdóttir. Bræður Gunnars eru Kristinn Halldór, f. 1963 og Snorri Örn, f. 1970. Eftirlifandi eiginkona Gunnars er Soffía Karlsdóttir, f. 1962. Foreldrar hennar eru Hulda Bjarnadóttir, f. 1932 og Karl Hans Björnsson, f. 1929, d. 1991. Gunnar og Soffía gengu í hjónaband árið 1992. Þau eiga þau þrjú börn: 1) Árna Frey, f. 1991, sambýliskona hans er Nína



Hjördís Þorkelsdóttir, f. 1989, barn þeirra er Stígur, f. 2022. 2) Sunnefu, f. 1993, sambýlismaður hennar er Pedro Gunnlaugur Garcia, f. 1983. 3) Júlía, f. 1999, sambýlismaður hennar er Adolf Smári Unnarsson, f. 1993.

Gunnar ólst upp í vesturbæ Reykjavíkur en bjó í London á árunum 1963 til 1968. Gunnar lauk stúdentsprófi frá MR árið 1978. Eftir það stundaði hann nám við nýlistadeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Á árunum 1981 til 1982 lagði hann stund á nám við School of Visual Arts í New York. Hann nam heimspeki við Háskóla Íslands árin 1983 til 1986 og var í framhaldsnámi í fagurfræði og heimspeki lista við Cambridge-háskóla á Englandi á árunum 1986 til 1990.

Elsku pabbi.

Síðastliðin tvö ár hafa ekki verið auðveld. En þótt margar stundir hafi verið þungar eru svo ótal margar kærar minningar sem ég veit að munu aldrei hverfa mér úr minni. Eins og heimsókn ykkar mömmu til okkar í Berlín, þegar við fórum í Schaubühne og á sýrlenska veitingastaðinn með öllum smáréttunum. Þegar við sóluðum okkur úti á palli í Reykholti og hlustuðum á útvarpið. Eða þegar við grínuðumst í haustsólinni á líknardeildinni, þótt málið þitt væri nánast farið. Og þegar ég sat við rúmstokkinn þinn síðustu vikuna og við hlustuðum á upphaldsrokktónlistina þína – þegar þú réttir út höndina og deildir með mér þessu einstaka augnaráði. Þá þurfti engin orð til þess að skilja.

Þú kenndir mér svo margt. Ekki kenndirðu mér bara að tala, lesa og hjóla, heldur varstu alla mína ævi eins konar viskurbrunnur. Þú kenndir mér að laga ofninn þegar hann fór að stíflast, þú kenndir mér að taka bensín, mála vegg og pumpa í dekk. Svo ertu klárasti maður sem ég hef nokkurn tíma þekkt. Ég gat alltaf komið til þín eða hringt í þig í minni forvitni og þú gast (eftir eitt dás) svarað með mikilli þolinmæði og nákvæmni. Þótt spurningarnar hafi verið óskýrar og yfirgripsmiklar – eins og af hverju gerðist Hrunið eða geturðu sagt mér allt um Kant – voru svörin alltaf kristalskýr, pottþétt og hjálpleg. Mörg þessa svara eru svo sem ekki langt undan, ég gæti auðveldlega flett þessu upp í bókum þínum og skrifum, en að heyra þau koma frá þér er eitthvað sem ég mun alla tíð sakna.

Því verður seint gleymt hversu æðrulaus og sterkur þú varst í gegnum allt ferlið. Sterkari en við öll til samans. Brosmildur og hláturgjarn allt fram að síðustu stundu. Og þótt ég viti að þú hafir ekki deilt sömu hugmyndum

um eftirlífið, þú mikli heimspekingur, þá veit ég að þú ert þarna einhvers staðar. Kannski að ræða málin við Kirkegaard eða Hegel, kannski að heimsækja öll framanandi löndin, kannski bara hérna í stofunni með okkur að púsla. En ég hlakka til að deila með þér sigrum mínum. Ég hlakka til að fagna með þér áföngum og deila með þér tímamótum. Því ég veit að þú munt alltaf verða til staðar til þess að fylgjast með. Og ég veit að þú verður stoltur af mér. Ég elska þig pabbi minn.

Góða ferð.

Þín

Júlía.

Þó svo lengi hafði verið vitað að hverju stefndi var það áfall þegar fréttist að Gunnar, vinur okkar til meira en hálfir aldar, væri látinn. Vonin um kraftaverk var endanlega úti.

Á yngri árum var margt brall að í vinnu og samheldnin mikil. Þá strax kom í ljós hve listhneigður Gunnar var og hugsunin háleit. Það var oft farið heim til hans eftir skóla til að hlusta á nýjar vinnur og fjölbreytningarnar sem Gunnar dró okkur á. Þó svo margt eftirminnilegt hafi verið að sjá á sýningunum var það sennilega mesta upplifunin að fara með honum og sjá hvernig hann skoðaði sýningar. Myndlist var ekki aðeins fyrir augu, heldur líka huga. List hafði oftan en ekki boðskap.

Eins og gengur og gerist fór samvistunum að fækka eftir því sem árin liðu. Hver valdi sér ævistarf á sínu sviði og Gunnar var langdvölum erlendis við nám. Við tók að stofna fjölskyldur og byggja framtíðarheimili yfir þær. En þó að við hittumst sjaldnar en áður var vináttan óskert. Þá kom í ljós að grallaraskapurinn hafði allavega ekki elst af öllum. Við reyndum að koma á reglulegum spílavöldum, en sáum fljótt að okkar biði líftill frami við spílaborðið enda leystust þau oft fljótlega upp í djúpvitrar umræður um heimsmálin eða upprifjanir á eldri uppátækjum. Þá var mikiló hlegið, en lítið spilað.

Frá árinu 1990 starfaði Gunnar sem listgagnrýnandi og sjálfstæður fræðimaður. Hann skrifaði um íslenska myndlist hérlendis og fyrir erlenda útgefendur. Auk þess kenndi hann heimspeki lista og fagurfræði við Listaháskóla Íslands og Háskóla Íslands.

Eftir Gunnar liggja fræðibækur og fjöldi greina á sviði myndlistar og heimspeki. Árið 2017 kom út bók hans Ásýnd heimsins – Um listir og fagurfræði í hugmyndaheimi nútímans. Þá var hann einn höfundaritráðarinnar Íslensk listasaga sem Forlagið og Listasafn Íslands gáfu út árið 2011. Gunnar gegndi trúnaðarstörfum fyrir Listfræðifélag Íslands og átti sæti í dómnefnd myndlistarverðlaunanna Carnegie Art Award á árunum 2008-2012.

Jafnhliða fræðimennsku og ritstörfum var Gunnar sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, nú barna- og menntamálaráðuneyti, frá árinu 2004 þar til hann lést.

Útför Gunnars verður gerð frá Neskirku í dag, 22. febrúar 2024, kl. 15.

Gunnar setti spor sín á samfélögin. Kenndi víða, hélt marga fyrirlestra og ritaði fjölda greina. Eftir Gunnar liggja veglegar fræðibækur sem halda munu minningu hans á loft um langa framtíð.

Fráfall Gunnars skilur eftir tómarúm í hugum okkar. Það er þó ekki tómt heldur er þar flögrandi fjöldi minninga um góðan vin sem lifa munu með okkur svo lengi sem við drögum andann.

Soffíu eiginkonu Gunnars og börnum, föður hans Árna Kristinnssyni og bræðrum Gunnars vottum við innilega samúð um leið og við þökkum fjölmargar ánægjustundir.

Jón Bragi og Ásgeir.

Við kveðjum Gunnar J. Árnason mág okkar með þungum söknuði en um leið þakklæti fyrir allar glaðar og góðar stundir. Lífið er núna allt fátæklega eftir á Gunnar er horfinn. Í minningunni er hann ómissandi hluti af öllum helstu gleðistundum okkar. Þegar fagnað var afmæli, jólum eða eftir til uppákoma með börnum okkar, nú eða tekið í spil, var hann alltaf fremstur í flokki.

Vitað var um nokkurt skeið að hverju stefndi. Veikindi Gunnars voru þess eðlis. Hann virtist þó hafa minni áhyggjur af því en aðrir. Var ekki að bera áhyggjur sínar á borð fyrir aðra.

Gunnar var fagurkeri fram í fingurgöma. Hafði mikinn myndlistaráhuga. Eftir hann liggja mikil og merkileg skrif um íslenska myndlist og myndlistarsögu. Átti auðvelt með að greina og lýsa með orðum listsköpun gömlu meistaranna, enda sprenglærður listheimspekingur. Listfengi hans kom fram á mörgum öðrum sviðum. Hann var einstakur matgæðingur sem eftir var tekið og alltaf tilhlökkun að koma í heimsókn. Þá hafði Gunnar galdrað fram framandi rétti jafnt frá Marokkó sem Mexíkó. Fjölskyldulífið bar merki fagurkerans. Þau Gunnar og Soffía, systir okkar, voru samstiga á öllum sviðum, ekki síst í tónlistar- og menningaráhuga sínum. Árangurinn sést best í börnum þeirra þriggja, Árna Frey, Sunnefu og Júlíu. Öll tónsnillingar og listfeng með afbrigðum.

Gunnar var hávaxinn og bar með sér reisin, hæversku og góðan þokka. Hann var vel að sér á öllum sviðum, hvort sem voru heimsmál eða heimilishald, tækni, tölvur eða tiskufyrirbrigði, menntamál eða matargerð. Samræður við Gunnar voru alltaf innihaldsríkar og alltaf

varð maður margs vísari eftir að hafa lent á spjalli við Gunnar. Við sjáum Gunnar fyrir okkur sumarlegan í ljósum hörjakkaftunum með ljósan hatt á höfði, eins og suðrænan herramað á sólardegi.

Við vottum Soffíu og börnum þeirra Gunnars okkar dýpstu samúð. Hvíldu í friði elsku Gunnar.

Ásta, Emil B., Harpa og Björn Karlsbörn.

Góður vinur og félagi er fallinn frá langt fyrir aldur fram. Hann mætti örlögum sínum í þeim anda sem hann lifði, yfirvegaður, einarður og ákveðinn. Okkur félögum sem höfum þekkt hann frá unglingsárum kom saman um að það sem einkenndi Gunnar vin okkar væri högværð á flest er að honum sneri. Hann var einstaklega vel að sér um menningu, heimspeki og listir en stærðfræði og tölvunarfræði voru honum einnig hugleiknar og fátt stóðst honum snúning sem hann lagði fyrir sig, fjölmenntaður hugvísindamaður, gegnheill og sannur.

Við höfum haft þann síð félögarnir að hittast ávallt um áramót og gleðjast yfir nýju ári. Þennan síð tókum við upp eftir að hafa risið sem einherjar að morgni gamlársdags 1977 heima hjá Gunnari og byrjað daginn á því að tæma ísskáp hans af vistum. Okkur fannst þetta svo ágæt veisla að ákveðið var að gera hana að árlegum viðburði. Þótt háskólanám heima og erlendis hafi fækkað veislugestum á 9. áratugnum var alltaf hist þótt einhver vantaði, enda vitað að sá myndi skila sér fyrr eða síðar. Nú er hins vegar höggvið skarð í hópinn sem ekki verður fyllt.

Einhvern tímann á þessum árum datt okkur í hug að gaman væri að hefja krocketleik til vegs hér heima og fjárfestum í alvöru krocketsetti í Bretlandi. Síðan var stofnað Krocketfélag Reykjavíkur og eftir til Íslands móts sem haldið var árlega um árabíl. Gunnar var sá síðasti er hampaði titlinum og kveður okkur því sem ríkjandi Íslandsmeistari í krocket. Þótt krocketleikjum hafi fækkað hefur vinahópurinn ávallt kennt sig við Krocketfélagið og viðburði á okkar vegum haldnir í nafni þess.


Önnur hugmynd sem hrint var í framkvæmd snemma á 10. áratugnum var að stofna málfundadeild Krocketfélagsins og hittumst við reglulega og fólum einum í hópnum að undirbúa fyrirlestur og stýra umræðum. Þetta reyndist hin besta skemmtun og urðu umræður oft eins líflegar. Þar sýndi Gunnar á sér hlit hins varkára en staðfasta vísindamanns, gaf ekkert eftir af sannfæringu sinni, skaut hikkaust niður illa grundaðar fullyrðingar og naut þess innilega að taka þátt í þessum rökræðum. Vorum við félagar sammála um að hann hefði oftan rétt fyrir sér en við hinir. Hann bauð einnig upp á hvað fjölbreyttast umræðuefni og hafði lítið fyrir að efna í fyrirlestur um hvaðeina sem okkur datt í hug að ræða.

Þegar fjölskyldur okkar fóru að stækka breyttust áherslur og var eftir til sumarferða og fjölskyldurnar kynntust, börn og eiginkonur.

Undanfarnir ár hefur fuglafræðideild Krocketfélagsins farið á hverju vori til fuglatalningar í Skagafirði og hefur það orðið að skemmtilegri samveru úti í náttúrunni.

Gunnar var mikill fjölskyldumaður og börnin þeirra Soffíu og Gunnars, þau Árna Frey, Sunnefa og Júlía, eru einstaklega vel gerð og góðar manneskjur. Þeirra missir er mestur og vottum við þeim okkar innilegustu samúð. Minningin um góðan dreng lifir.

Árni Leifsson, Arnór Guðmundsson, Friðrik Diego, Hávar Sigurjónsson, Magnús Ingi Óskarsson og Þórður Kristjánsson.



HARPA

ÚTFARARSTOFA

Harpa Heimisdóttir
s. 842 0204Brynja Gunnarsdóttir
s. 821 2045Kirkjulundur 19 | 210 Garðabær
s. 842 0204 | www.harpaoutfor.is**Hjartaheill**Minningar-
kort á
hjartaheill.is
eða í síma 552 5744

Það liðu um tvö ár frá því Gunnar greindist með krabba-mein þar til hann var allur. Þetta var sársaukafullur tími en líka dýrmætur. Með sínum sterka persónuleika og æðruleysi hélt Gunnar sinni reisu allt til enda. Þar naut hann líka sambandsins sem hann hafði ræktað við Soffiu, sem stóð eins og klettur við hlið hans, og börnin þeirra þrjú. Gunnar var ætíð dulur á sjálfan sig, sínar tilfinningar og innri þanka en afstaða hans fór yfirleitt ekki á milli mála. Jafnvel undir lokin þegar hann var hættur að geta tjáð sig með orðum sagði látbragðið allt sem segja þurfti og maður skildi hvar hans hugur stóð.

Í bók sinni, *Ásýnd heimsins*, velti Gunnar fyrir sér spurningum um list og stöðu hennar í samtímanum. Eftir að hafa farið yfir helstu hugmyndastrauma heimspekilegrar fagurfræði í nútímanum er niðurstaða hans sett fram á hógværan en vel rökstuddan hátt og helstu línur greindar. Þetta var ein-kennandi fyrir Gunnar. Hann aflaði sér ítarlegrar þekkingar á viðfangsefnum sínum og greindi þau af heimspekilegri nákvæmni. En hann var líka handgenginn leitinni að fegurðinni og leitaðist við að lifa hana.

Leiðir okkar lágu saman í vinahópi sem myndaðist í lok menntaskólaáranna og síðar urðum við samstarfsmenn í menntamálaráðuneytinu. Mér er minnstætt þegar við Gunnar unnum saman á mats- og grein-ingarsviði og ákváðum að gefa út fréttir á föstudögum. Hann kom þá yfirleitt með tölur sem við ræddum og lögðum út af. Tölur geta verið pólitískar og það varð mitt hlutverk að finna málamíðlanir milli greinandans Gunnars og yfirstjórnar ráðuneytisins. Tókumst við þá oft harkalega á þegar rökvisi og rík réttlætiskennð Gunnars rakst á önnur sjónarmið.

Gunnar sóttist ekki eftir frama í ráðuneytinu. Til þess hefði hann þurft að gera of margar málamíðlanir og ganga á sína sannfæringu. Hugur hans stóð til annarra ferða; heimspekiðkunar, kennslu í Listaháskólanum og að njóta lista og menningar. Hann skapaði sér rými þar sem hann gat fengist við það sem honum fannst skipta máli og gáfur hans og hæfileikar nýttust. Þekking hans og röklegir hæfileikar komu sér vel í ráðuneytinu við greiningu á málefnum og lögðu oft mikilvægan grunn að stefnumótun.

Sem vinur og félagi var Gunnar vakandi uppspretta vangaveltna um lífið og tilveruna, menntun og menningu. Betri og fróðari viðmælandi var vandfundinn. Húmorinn var aldrei langt undan og umhyggjan fyrir velferð annarra alltaf rík. Fjölskyldan var honum hjartfólgin og mörg voru þau ferðalögin sem hann og Soffía tókust á hendur.

Í skrifum sínum um listheimspeki lýsir Gunnar heimsmynd fyrri alda þar sem fegurðarinnar var leitað í æðri tilveru handan mannglegrar reynslu. Nútíminn leysti upp þessa sýn á hlutverk lista og skildi okkur eftir á byrjunarreit. Þökk sé lífi Gunnars og því sem hann gaf höfum við sem eftir lifum fengið auknið veganesti til að takast á við stóru lífsspurningarnar.

Við Helga vottum Soffiu og börnum þeirra Gunnars okkar innilegustu samúð.

Arnór Guðmundsson.

Gunnar kom að mig minnir inn í tíu ára bekkinn minn í Melaskóla, nýfluttur heim frá Englandi með fjölskyldu sinni. Hæglátur drengur með fágæða framkomu og féll strax inn í hlutverk enska herramannsins í skólaleikritinu þann veturinn.

Við áttum sameið á vegferð okkar til menntunar og þroska.

Í MR fengu listrænir hæfileikar Gunnars að njóta sín og átti hann myndskreytingu við ljóð chilenska skáldsins Pablos Neruda í Skin-faxa, blaði Málfundafélagsins Framtíðarinnar, í febrúar 1977. Ljóðið sótti umfjöllunarefni sitt til borgarastríðsins á Spáni á fjórða áratug tuttugustu aldar. Mynd Gunnars hæfði efninu einkar vel, skírskotaði til frægrar ljósmyndar Roberts Capa af blóðvellingum.

Merkilegt hvernig lífið fer í hringi og bítur í skottíð á sjálfu sér, en við Gunnar urðum síðar samstarfsfélagar í menntamálaráðuneytinu. Þar fékkst hann við margs slags greiningar og framsetningu upplýsinga um menntun landsmanna. Hann hafði lag á að setja hlutina fram með hætti sem kom jafnvel innviðum á óvart og renndi stoðum undir nýjan skilning á viðfangsefninu. Hann hafði sig lítt í frammi, en kom verkum sínum áreynslulaust á framfæri, sami hægláti herramaðurinn og hann var á fyrstu árum okkar í Melaskóla.

Það mun hafa verið á síðasta ári okkar saman á þeim vinnustað að mér auðnaðist að grafa upp frumgerð teikningarinnar góðu úr Skinfaxa og afhenti Gunnari. Ég er ekki frá því að það hafi glatt þennan heldur hafði hann einnig lagt stund á myndlistarnám áður en hann sneri sér að heimspeki og hafði því óvenju góða innsýn í viðfangsefni listheimspekinnar. Þessi innsýn í heim myndlistarinnar birtist í kennslu hans við Myndlista- og handiðaskóla Íslands og síðar, eftir nokkurt hlé, við Lista-háskóla Íslands, en einnig og kannski ekki síður í ritmiðum hans. Um áraáðir skrifaði hann greinar og gagnrýni um myndlist sem birtust á síðum dagblaða landsins, auk fjölmargra kafla í bækur og sýningarskrár, þar sem hann miðlaði skilningi sínum á hinum heimspekilegu viddum í myndlist samtímans. Þá er ótalin bók hans, *Ásýnd heimsins*: Um listir og fagurfræði í hugmyndaheimi nútímans (2017), þar sem helstu fagurfræðikenningar nútímans eru settar fram á að-gengilegu máli.

Gunnar var í fyrstu stjórn Listfræðafélags Íslands, sem stofnað var 2009, og var ópreytrandi við að koma félaginu formlega á laggirnar og skipuleggja starfsemina svo að félagið gæti dafnað. Það var auðvelt að hrifast af djúpum skilningi hans og skörpum og frumlegum athugasemdum, bæði í mæltu og rituðu máli. Í verkum hans fór saman innsæi, vandvirkni og virðing fyrir viðfangsefninu. Í samstarfi var hann hvers manns hugljúfi og kunnir vel þá list heimspékkinnar að rökræða til gagns. Það er mikill missir fyrir fræða- og listsamfélagið að hans njóti ekki við lengur.

Um leið og við kveðjum góðan féлага vottum við fjölskyldu Gunnars J. Árnasonar innilega samúð.

Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, Gunnar Harðarson, Jóhannes Dagsson, Margrét Elisabet Ólafsdóttir.

Kveðja frá samstarfsfólki í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Við fráfall Gunnars J. Árnasonar minnumst við trausts samstarfsfélaga og góðs drengs sem nú er genginn allt of snemma. Með honum fer mikil þekking og reynsla sem var grunnur að úrlausn margs konar viðfangsefna í ráðuneytinu. En við söknum ekki síður anda heimspeki, djúprar hugsunar og þægilegrar nærveru og félagsskapar til fjölda ára þar sem oft var stutt í kímnri og glettni.

Gunnar hóf upphaflega störf í mennta- og menningarmálaráðuneytinu við verkefni um upplýsingatækni í menningarmálum á þróunarsviði ráðuneytisins skömmu eftir aldamótin. Þar naut þekking hans á listum og menningarmálum sín vel en fljótlega komu hæfileikar hans í greiningu og meðferð gagna einnig í ljós. Hann varð smám saman lykilmáður í að vinna með gagnasöfn, greina töluleg gögn og standa skil á upplýsingum innanlands og til alþjóðlegra stofnana. Var hann frumkvöðull í að sækja gögn í ólíka gagnagrunna, setja saman ný gagnasöfn og greina. Oft kom hann fram með mikilvægar upplýsingar sem nýttust við stefnumótun. Hægt var að ganga frá því sem vísu að tölur og greiningar frá honum stæðust alla skoðun.

Frá 2006-2015 var hann sérfræðingur á mats- og grein-ingarsviði sem vann þvert á ráðuneytið að mati á skólastarfi og öflun og greiningu gagna um mennta- og menningarmál.

Síðar fór Gunnar til starfa á fjármálasviði ráðuneytisins þar sem hann hélt áfram að vinna með töluleg gögn vegna stefnumótunar, fjárlagagerðar og alþjóðlegs samstarfs en hann fylgdist afar vel með alþjóðlegum mælikvörðum, straumum og stefnum. Hann tók þátt í ýmsum stefnumótunarverkefnum á vegum ráðuneytisins og þar nýttust afburðagreiningarhæfni hans og

rökhugsun vel. Hann kynnti sér vel þau málefni sem til umfjöllunar voru og hafði lag á því að spyrja gagnrýnna spurninga.

Gunnar var rölegur maður, hógvæð og kurteis, bjó yfir góðu jafnvægi og haggaðist lítið þegar á ýmsu gekk í ráðuneytinu. Hann var virkur í ýmsu sem starfsmenn tóku sér fyrir hendur utan vinnutíma. Minnisstætt er þegar hann tók þátt í að skipuleggja menningarferðir fyrir starfsfólk með heimsóknum í vinnustofur listamanna og aðra viðburði. Þar kom ástríða hans fyrir listum og menningu vel fram. Einnig eru minnisstæðar ýmsar göngu-ferðir með samstarfsfólki í ráðuneytinu um náttúruperlur hálendisins, t.d. á Fjallabaksvæðinu og í Kerlingarfjöllum. Fjölskylda Gunnars tók stundum þátt í ferðunum og þeim fylgja ljúfar minningar sem lifa.

Við vottum Soffiu konu Gunnars og börnum þeirra okkar dýpstu samúð. Minning um góðan og hlýjan mann og féлага lifir.

Erna Kristín Blöndal og samstarfsfólk og vinir í ráðuneytinu.

Deyr fé, deyjja frændur, deyr sjálfur ið sama. En orðstír deyr aldregi heim er sér góðan getur. (Úr Hávamálum)

Við minnumst Gunnars J. Árnasonar með þakklæti í huga. Hann var góður félagi okkar á fagsviðum sem snertast og næra hvert annað, myndlist, listfræði og heimspeki. Hann bjó ekki aðeins yfir fræðilegri þekkingu á heimspeki listanna heldur hafði hann einnig lagt stund á myndlistarnám áður en hann sneri sér að heimspeki og hafði því óvenju góða innsýn í viðfangsefni listheimspekinnar. Þessi innsýn í heim myndlistarinnar birtist í kennslu hans við Myndlista- og handiðaskóla Íslands og síðar, eftir nokkurt hlé, við Lista-háskóla Íslands, en einnig og kannski ekki síður í ritmiðum hans. Um áraáðir skrifaði hann greinar og gagnrýni um myndlist sem birtust á síðum dagblaða landsins, auk fjölmargra kafla í bækur og sýningarskrár, þar sem hann miðlaði skilningi sínum á hinum heimspekilegu viddum í myndlist samtímans. Þá er ótalin bók hans, *Ásýnd heimsins*: Um listir og fagurfræði í hugmyndaheimi nútímans (2017), þar sem helstu fagurfræðikenningar nútímans eru settar fram á að-gengilegu máli.

Gunnar var í fyrstu stjórn Listfræðafélags Íslands, sem stofnað var 2009, og var ópreytrandi við að koma félaginu formlega á laggirnar og skipuleggja starfsemina svo að félagið gæti dafnað. Það var auðvelt að hrifast af djúpum skilningi hans og skörpum og frumlegum athugasemdum, bæði í mæltu og rituðu máli. Í verkum hans fór saman innsæi, vandvirkni og virðing fyrir viðfangsefninu. Í samstarfi var hann hvers manns hugljúfi og kunnir vel þá list heimspékkinnar að rökræða til gagns. Það er mikill missir fyrir fræða- og listsamfélagið að hans njóti ekki við lengur.

Um leið og við kveðjum góðan féлага vottum við fjölskyldu Gunnars J. Árnasonar innilega samúð.

Aðalheiður Lilja Guðmundsdóttir, Gunnar Harðarson, Jóhannes Dagsson, Margrét Elisabet Ólafsdóttir.

Traustur, hógvæð og heilsteyptur. Þessi orð koma upp í hugann þegar Gunnari Árnasyni er lýst.

Gunnari og Soffiu konu hans kynntumst við þegar börn okkar, Árni Freyr og Nína Hjördis, hófu að feta lífsstígin saman. Fyrstu fundir okkar voru matarboð með krökkunum, þar sem Gunnar tófræði fram framandi rétti.

Alltaf var gaman að koma á falletta heimilið þeirra Gunnars og Soffiu. Þar var listin í hávegum höfð í ýmsum myndum. Gunnar

hafði afar þægilega nærveru og gaman var að spjalla um heima og geima. Hann var mjög fróður og vel lesinn. Gunnar og Soffía ferðuðust víða, oft til fjarlægra staða. Oftar en ekki voru krakkarnir með, enda fjölskyldan mjög samrýnd.

Þegar Nína okkar og Árni ákváðu að flytja heim frá Englandi hjálpuðumst við foreldrarnir að við að mála nýju íbúðina þeirra og áttum góða kvöldstund við vinnu, spjall og pítsu. Þar kom í ljós að Gunnar var liðtækur og útsjónarsamur í framkvæmdum.

Gleði okkar allra var mikil þegar við eignuðumst barnabarnið Stíg fyrir tveimur árum. Það er þungt að hugsa til þess að Stígur og Gunnar afi fái ekki að njóta lengri samvista.

Eftir Gunnar liggja fjölmargar greinar og bækur um myndlist og heimspeki, auk myndlistargagnrýni í ýmsum miðlum. Lífsstarf hans var gjöfult og arfleifðin fögur, en aldrei barst hann á, enda hógvæð og litillátur.

Deyr fé, deyjja frændur, deyr sjálfur ið sama. En orðstír deyr aldregi heim er sér góðan getur. (Úr Hávamálum)

Að leiðarlokom þökkum við Gunnari fyrir samfylgdina, hans verður sárt saknað. Fjölskyldunni vottum við einlæga samúð.

Kolbrún Anna Jónsdóttir og Ólafur Hand.

Deyr fé, deyjja frændur, deyr sjálfur ið sama. En orðstír deyr aldregi heim er sér góðan getur. (Úr Hávamálum)

Gunnar Árnason var einstaklega vandaður maður, uppbyggilegur í samskiptum, opin, leitandi og forðumalaus könnuður, en um leið gagnrýnninn rýnandi, alltaf tilbúinn að gripa boltann á lofti. Gunnar lét gott af sér leida á upplifgandi hátt fyrir alla sem voru svo heppnir að kynnst honum, og ég var einn af þeim.

Leiðir okkar Gunnars lágu saman án nokkurs fyrirvara í New York, þar sem við vorum báðir í listnámi, þegar við vorum enn á þeim aldri að heimurinn birtist sem leikvöllur hugmynda og möguleika. Drjúgan part úr vetri leigðum við saman íbúð í heimsborginni, þar sem hver dagur reyndist vera nýtt ævintýri óvæntar upplifunar og góðunar. Enda þótt skólarnir hefðu upp á margt að bjóða reyndust samræðurnar yfir matnum, kaffibolla eða björglasi vera sá úrvinnsluvettvangur sem tók skólunum fram á mörgum sviðum, og þá var oft nokkrum guðum boðið til sætis; Gilles Deleuze, Roland Barthes, Ludwig Wittgenstein, ásamt óteljandi hálfguðum úr listageiranum, og Michel Foucault sem gjarnan var í hlutverki Seifs og Óðins á þessum árum í meðvitaða hluta borgarinnar sem aldrei sefur. Í þessum málstofum, oft í góðra vina hóp, reyndist Gunnar á heimavelli, hrókur alls fagnaðar og kviknaði þá oft á listamanninum og fagurfræðingnum á flugi með haukfrán augu hinnar gagnrýnu sýnar.

Við Gunnar komumst smám saman að þeirri niðurstöðu að jafnvel guðir og hálfguðir hafa fæðst og fræðst af öðrum guðum og þess vegna ákváðum við að vænlegasta framhaldið væri að banka upp á í heimspekideild Háskóla Íslands. Þar opnaðist nýr akur undir bláum himni. Fræ, sáning og uppskera, allt frá botni Miðjarðarhafs og nýja heiminum til norðurhjarans, frá fornöld til samtímans. Á þessum akri birtist Þorbergur Þórsson eins og heimamaður, og hver vinnudagur reyndist öðrum styttiri. Tími samræðu og hugleiðinga um eðli heimsins, tungumálsins og listarinnar var á þessum árum ekki mældur í mínútum, klukkutímum eða dögum. Það sem eftir

var af tuttugustu öldinni var fát eitt brallað sem varðaði skapandi vinnu, hvort heldur um var að ræða sýningar, hönnun, kennsluhætti, gagnrýni og greiningu eða torfskurð, að Gunnar Árnason væri ekki á staðnum með yfirvegaða sýn á það sem var í deigluinni.

Einhvern veginn atvikaðist það þannig að eftir því sem líða fór á tuttugustu og fyrstu öldina hittumst við Gunnar æ sjaldnar; þau ár þegar tíminn var endalaus voru líðin. Ég þakka þó innilega fyrir þau ár þegar við köstuðum á milli okkar boltanum undir bláum himni.

Hannes Lárusson.

Deyr fé, deyjja frændur, deyr sjálfur ið sama. En orðstír deyr aldregi heim er sér góðan getur. (Úr Hávamálum)

Ég kynntist Gunnari þegar við vorum ungir. Gunnar var eldri. Hann var myndarlegur, hávaxinn, teinréttur, grannur og bar sig vel. Hann var líka yfirvegaður í fasi. Gunnar var ekki framfærinn, eiginlega hlédrægur en hafði gott skopskyn og gat verið glaðvæð.

Við vildum tileinka okkur heimspeki. Sú grein tengdi okkur en ekki síður áhugi okkar á listhræringum samtímans. Hann var nýkominn úr veturlangri dvöl í New York með Hannesi Lárussyni myndlistarmanni. Þar voru þeir báðir að læra myndlist. Um langt skeið hefur borið á hástemmdri og torskiljanlegri umræðu um listir hjá myndlistarkennurum og þeir félagar töldu nauðsynlegt að læra heimspeki til að geta lag mat á slíkan málflutning. Og þá kynntist ég þeim. En ég kom úr allt annarri átt.

Við Gunnar áttum samt báðir rætur í Vesturbænum. Þar bjuggu föðurömmur okkar nánast í sama hverfi. Gunnar og Kristinn bróðir hans bjuggu í húsi ömmu sinnar á Sólvallagötunni. Ég man ekki vel eftir henni en kom samt með Gunnari upp til hennar í einhver skipti. Mér hafa alltaf verið minnisstæðar svarthvítar myndir í römmum á veggjum í stofunni, þetta voru ljósmyndir af styttnum sem grískir listamenn gerðu fyrir 2.000 til 2.500 árum. Mér finnst að þarna hafi verið myndir af Afróditu og Sókratesi og kringlukastaranum og líklega fleiri myndir. Ég varð hrifinn af þessum myndum. Mér hefur alltaf fundist þessar svarthvítu myndir lýsandi fyrir jarðveginn sem Gunnar spratt úr. Hann var alinn upp í mjög menningarlegu umhverfi og þess sá alla tíð stað í fasi hans og viðhorfum. En ekki er hægt að segja annað en að það hafi verið mikill munur á andblæ svarthvítu ljósmyndanna í kyrrlátri stofunni á hæðinni og á pönktónlistinni sem þeir Gunnar og Kristinn spiluðu stundum niðri í kjallara. Reyndar spiluðu þeir ekki síður klassíska tónlist. En pönktónlistin var glæný underground-tónlist. Öll tónlist var auðvitað spiluð af plötum, kannski litlum singles-plötum og af segulböndum. Þessi tónlist kom í ferðatöskunni frá New York, en þar dvöldu þeir báðir, hvor í sínu lagi, nokkuð við nám á þessum árum.

Gunnar var heimsmaður og

áhugasvið hans var vítt, allt frá hinu forna Grikklandi til nútímasenunnar í myndlist, bókmenntum og tónlist. Og hann hafði sótt helstu listasöfn heimsins og drukkið myndlistina í sig.

Þrátt fyrir sameiginlegan áhuga okkar Gunnars á myndlist og heimspeki voru áherslur okkar ólíkar. Ég hafði af einhverjum ástæðum ekki áhuga á fagurfræði og ekki heldur á fræðum Hegels, sem þeir félagar, Gunnar og Hannes, mátu mikils.

Þegar námsárum lauk og annríki brauðstrits og fjölskyldulífs tók við dró úr sambandi okkar Gunnars, eins og svo oft gerist.

Fyrir nokkrum árum fékk ég svo loks áhuga á fagurfræði. Þá varð tilefni til að hafa samband við Gunnar. Við áttum fáein símtöl um þessi efni en svo var Gunnar orðinn veikur. Því miður varð ekkert úr að við hittumst eftir það.

Í mínum huga er bjartur ljómi yfir minningunni um þennan góða dreng. Það var lán að fá að kynnst honum. Ég vil votta allri fjölskyldu hans mína innilegustu samúð.

Þorbergur Þórsson.

Deyr fé, deyjja frændur, deyr sjálfur ið sama. En orðstír deyr aldregi heim er sér góðan getur. (Úr Hávamálum)

Ekki man ég fyrir vist hvenær við Gunnar J. Árnason hittumst fyrst, en það er æði langt síðan og allt frá þeirri stundu áttum við einkar gefandi og farsælt samstarf – ræddum oft málin, skrifuðumst á í samtalsformi í löngum tölvupóstum og hann skrifaði fyrir mig sýningartexta með ófáum sýningum. Þetta skilaði sér í mikilli bók sem í mínum huga er góður vitnisburður um skilning Gunnars á myndlist og þá sérstaklega þeirra sem alla starfsævina hafa varla náð að gera það sjálfir. Nokkru síðar kom stóri ópusinn, ritgerðasafnið *Ásýnd heimsins*, sem alla jafna er stutt undan hjá mér og ég grip ótt til þegar ég vil koma mér á þvæling í hugmyndaheimi myndlistarinnar. Það er mikilvægt framlag til samræðu um listina og samfélagið sem hún sprettur úr.

Síðastliðið vor áttum við Gunnar saman góðan dagspart á sýningu minni allt er nálægt í galleríinu mínu í miðborginni. Hann var þá illa veikur, en á sinn hægláta hátt ræddi hann sig inn að kjarna sýningarinnar og lagði út af textaverkum á veggjunum um tímang og einkennilegar birtingarmyndir hans. Hann tengdi sterkt við hugmyndina um að lifaður tími, framtíðin sem við áttum, væri nú fortíðin sem við eigum í minningum okkar og verkum – hún væri að baki. Það hefur setið í mér æ síðan hvernig hann lagði út af hugmyndinni og af hve miklu æðruleysi, þakklæti og heilsteyptri sýn hann ræddi um eigið líf og fjölskyldu. Þrátt fyrir erfið veikindi var hann sáttur og velti því fyrir sér hverju hann hefði komið til leiðar í lífi og tíma annarra. Við hin vitum hvað það var og sjálfur kveð ég þennan góða vin með söknuði og virðingu og aðstandendum öllum sendi ég mínar bestu kveðjur.

Kristinn E. Hrafnsson.

+

Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

AGNAR RAFN J. LEVY bóndi, fyrrverandi oddviti og hreppstjóri,

varð bráðkvaddur á heimili sínu föstudaginn 16. febrúar.

Útför verður frá Hvammstangakirkju 1. mars klukkan 14. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á krabbameinsfélagið á Hvammstanga. Hjartans þakkir til Brynjars Viðarssonar læknis fyrir alla hans hjálp og hlýju. F.h. fjölskyldunnar,

Hlíf Sigurðardóttir





Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

HILMAR MAGNÚS ÓLAFSSON,
fv. kaupmaður,

lést 9. febrúar á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 29. febrúar klukkan 13. Aðstandendur þakka starfsfólki hjúkrunarheimilisins Sóltúns fyrir umönnun og hlýju.



Helgi Hilmarsson **Hrafnhildur Ragnarsdóttir**
Jón Stefánsson
Ólafur Hilmarsson
Jónína Auður Hilmarisdóttir **Ásgeir Óskarsson**
barnabörn og barnabarnabörn



Elskulegur eiginmaður minn, pabbi okkar, tengdapabbi, afi og afi-lang,

ÓLAFUR MARTEINSSON
flugvirki,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu við Hraunvang í Hafnarfirði fimmtudaginn 15. febrúar. Útför hans fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 28. febrúar klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á björgunarsveitirnar.



Margrét Jóna Guðjónsdóttir
Margrét Jamchi Ólafsdóttir **Jamil Jamchi**
Elín Ólafsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SVAVAR HARALDSSON
bæklunarlæknir,
Miðleiti 7,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 16. febrúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 1. mars klukkan 15.



Sigríður Jónsdóttir
Haraldur Svavarsson **Sonja Arna Chan**
Jón Svavarsson **Heiða Óskarsdóttir**
Helgi Svavarsson **Guðrún Birna Ólafsdóttir**
Ingunn Björg Arnardóttir **Gunnlaugur Sveinn Ólafsson**
barnabörn og barnabarnabörn



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

ÁSA LÓA EINARSDÓTTIR,
Viðihlíð,
áður Borgarhrauni 7,
Grindavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 30. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Alúðarþakki fær frábært starfsfólk á HSU fyrir einstakar móttökur eftir náttúruhamfarirnar í Grindavík. Sérstakar þakki til starfsfólks á HSS fyrir góða umönnun. Eins færum við góðar þakki til starfsfólks Viðihlíðar.




Ellen S. Björnsdóttir
María M. Benónýsdóttir **Hörður Guðbrandsson**
Edda B. Benónýsdóttir **Jóhann Örn Kristinsson**
barnabörn og barnabarnabörn



Elskulegur pabbi okkar, tengdapabbi, afi, langafi og langalangafi,

SIGURÐUR R. GUÐMUNDSSON,
fyrirverandi skólastjóri
Leirarskóla, Heiðarskóla
og Skíðaskólans í Kerlingarfjöllum,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, föstudaginn 16. febrúar. Útför hans fer fram frá Akranesirkirkju þriðjudaginn 27. febrúar klukkan 13. Kransar afþakkaðir. Streymt verður frá athöfninni á vef Akranesirkirkju, www.akranesirkirkja.is. Innilegar þakki til starfsfólks Höfða fyrir góða og kærleiksrika umönnun.



Guðbjörg Sigurðardóttir
Guðmundur Brói Sigurðsson **Anna Lea Björnsdóttir**
Haukur Sigurðsson **Jónína Kristjánsdóttir**
Reynir Katrínarson
Ragnhildur Sigurðardóttir **Jón Birgir Guðmundsson**
Erna Sigurðardóttir
öll afabörn

Þorbjörg Gréta Traustadóttir

Þorbjörg Gréta Traustadóttir fæddist í Sveinungsvík í Þistilfirði þann 11. júlí árið 1950. Hún varð bráðkvöld á heimili sínu á Akureyri þann 9. febrúar 2024.



Þorbjörg var dóttir Trausta G. Hallgrímssonar, f. 2. febrúar 1930, d. 26. september 1981, og Friðnýjar Friðriksdóttur, f. 18. október 1929, d. 4. nóvember 2015.

Þorbjörg giftist Haraldi Sigmari Arnasyni þann 12. september árið 1973. Foreldrar hans voru Árni Bjarnarson, f. 4. febrúar 1910, d. 29. júní 1992, og Gerður Sigmarsdóttir, f. 23. nóvember 1911, d. 8. október 1999. Börn Þorbjargar

Í dag verður til moldar borin okkar fallega og yndislega mágkona og með ást og virðingu kveðjum við þig, elsku Bobba. Við kveðjustund streyma minningarnar fram sem tengjast flestar ættarparadísinni Árnagarði sem var þér svo kær og þú sagðir að hvergi líði þér betur. Þú elsaðir þessa paradís okkar og fannst þar alltaf frið og ró. Okkar minningar snúast um sól og sumaryl og Bobbu að hlúa að blómum eða reyttandi arfa eins og enginn væri morgundagurinn. Á kvöldin mátti sjá þig hlaupandi um með spjaldtölvuna þína að biða eftir rétta augnablikinu til að fanga fallegasta útsýni í heimi, eins og þú gjarnan sagðir.

og Haraldar eru Trausti Heiðar Haraldsson, f. 7. nóvember 1972, Eva Björk Haraldsdóttir, f. 13. mars 1978, og Friðný Rut Haraldsdóttir, f. 8. júlí 1979.

Þorbjörg ólst upp á Akureyri og lauk námi sínu þar. Um nokkurra ára skeið bjuggu þau hjónin Reykjavík meðan Haraldur var í námi, en fluttu síðan til Akureyrar, þar sem þau hafa búið síðan. Þorbjörg vann lengst af við ýmis verslunar- og þjónustustörf en fyrst og fremst var hún húsmóðir. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju í dag, 22. febrúar 2024, klukkan 13.

Í Árnagarði var í nógu að snúast og í okkar augum var hvergi fallelgra en þegar dagur var að kvöldi kominn og horft var yfir vel slegið túnið og vel snyrta runna. Gaman var að sjá skemmtiferðaskipin sigla inn fjörðinn og leggja að bryggju á Akureyri. Það var alltaf eitthvað sem við gátum glaðst yfir. Málin voru rædd og áætlanir gerðar sem snérust oftast um að betrubæta garðinn eða bara spjalla við okkur mágkonurnar yfir kaffibolla í sól og sumaryl.


Hún er þyngri en tárur taki tilhugsunin um Árnagarð án þín. Þú varst svo nátengd paradísinni okkar þar. Elsku bróðir og fjölskyldan öll. Missir ykkar er mikill, en minningin lifir.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

SVEINN GUÐBERG SVEINSSON
á Tjörn á Skaga,

lést á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Blönduósi laugardaginn 10. febrúar. Útför hans fer fram frá Hólanesirkirkju á Skagaströnd laugardaginn 24. febrúar klukkan 14. Streymt verður frá athöfninni og má nálgast hlekk á streymi á mbl.is/andlat



Synir hans, tengdadætur, afabörn og langafabörn



Innilegar þakki fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför

GUÐRÍÐAR GUÐBJARTSDÓTTUR
heilbrigðisritara,
Selvaði 1,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 16. janúar. Útför hennar fór fram frá Seljakirkju föstudaginn 9. febrúar.



Tómas Tómasson
Björn Magnús Tómasson **Hrafnhildur Tryggvadóttir**
Yngvi Tómasson **Jóhanna Guðmundsdóttir**
Egill Jón Björnsson **Kristín Alfreðsdóttir**
Magnús Sigurðsson **Kolbrún Ólafsdóttir**
og barnabörn



Okkar ástkær

GUÐMUNDUR HALLDÓR
GUÐMUNDSSON

lést í faðmi fjölskyldunnar á líknardeild Landspítalans Kópavogi fimmtudaginn 15. febrúar. Útför hans fer fram frá Ríkissal votta Jehóva, Hraunbæ 113, fimmtudaginn 22. febrúar klukkan 14. Athöfninni verður streymt á Zoom: Númer 879 9822 8991. Aðgangsorð: 1930. Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkar fá líknarþjónustan Hera og líknardeild Landspítalans Kópavogi.



Ástríður E. Guðmundsdóttir **Hervé A. Depuydt**
Ragnheiður Guðmundsdóttir **Mark Davidson**
Hans Kr. Guðmundsson **Elísabet Jónsdóttir**
barnabörn **Samúel, Tómas, Sóley, Andrew og Helena**
og langafabörn

Fjarst í eilífðar útsæ vakir eylandan þín, nóttlaus voraldrar veröld, þar sem víðsýnið skín.
(Stephan G. Stephansson)

Þínar mágkonur,
Ásdís Árnadóttir,
Helga Árnadóttir.

Það er með söknuði og hryggð að ég minnst æskuvinkonu minnar Þorbjargar Trausta-dóttur. Við Bobba eins og ég kallaði hana alla tíð kynntumst 1960 þegar við fjölskylda mín fluttum í næsta hús við hennar í Hamarsstíg. Það liðu ekki margir dagar þar til við Bobba vorum orðnar bestu vinkonur, ég nfu ára og hún tíu ára. Það er margt að minnst, við brólluðum mikió saman, mest heima hjá henni því þar var meira næði. Bobba átti ekki systkini þannig að þar var svo fint að gera það sem okkur langaði til, enginn að trufla. Foreldrar hennar áttu flotta plötuspilaramublu og fullt af plötum og á stofugólfinu lærðum við að tjúttá saman. Þar heima voru líka til tiskublöð og Vikan sem við eyddum miklum tíma í að skoða og spá í, t.d. hver yrði næsta fegurðardrottning.

Bobba kynntist Haraldi sínum 15 ára og hafa þau gengið saman í gegnum súrt og sætt í gegnum árin og alltaf haldist í hendur og verið trygg hvort öðru alla tíð. Það vildi svo til að þegar Haraldur fór í Tækni-skóla Íslands í Reykjavík fór Guðmundur kærasti minn það sama ár í sama skóla og ég flutti ári síðar suður þegar ég kláraði mitt nám. Þannig hélst okkar samband áfram, báðar komnar í borgina. Við eignuðumst báðar okkar fyrsta barn þar og fæddust drengirnir okkar Trausti og Einar á sama ári, 1972.

Bobba gaf alla tíð mikió af sér, oft of mikió. Ef hún vissi af einhverjum sem leið ekki nógu vel þá var hún farin að reyna að bæta úr því. Þetta tók mikió á líf hennar og krafta, þannig var hún og gekk oft nærri sjálfri sér.

Bobba trúði á líf eftir þetta líf og ég sé hana fyrir mér dansandi glaða í faðmi foreldra sinna og vinanna sem farnir eru. Elsku vinkona, hvíl þú í friði og ró, við hittumst seinna.

Elsku Haraldur, börnin þín og fjölskyldur, innilegar samúðar-kveðjur.

Bjarney (Didda).

Nú sigur rökkrið mjúkt á fjall og fjörð, og friðinn dreymir sumargræna jörð. Ó, blíða nótt, er bjarni dagsins flýr, þú blessar hjartans þrár og ævintýr.
(Friðrik Hansen, Sumarkvöld 1932)

Komið er að kveðjustund sem ekki gerði boð á undan sér og höggjó var sárt. Minningar sækja ódfluga að og kalla fram bros í gegnum tárin. Samfylgd í einlægri vináttu tæpa fimm áratugi er nú á enda. Hún er huggun harmi gegn, sú vissa, að Bobba hafði þá sýn á lífið að jarðvistin væri aðeins áfangi á lengri leið. Leið sem væri ferðalag inn í Sumarlandið þar sem endurfundur yrðu með þeim sem þar biðu eftir henni með opinn faðminn. Það yrðu fagnaðarfundir. Ég kveð vinkonu mína með trega og söknuði, þakka henni allar ómetanlegar og ógleymanlegar gleiðstundir sem við áttum saman með börnum og mökum. Góðar minningar eru dýrmætur fjársjóður og þær eigum við öll margar með Bobbu.

Ströndin var um árabíl gríðastaður hennar og naut hún þar fegurðar fjarðarins sem henni þótti svo vænt um. Þegar kvöldsólin hverfur í himinblátt hafði út við sjóndeildarhring Eyjafjarðar og gullin ský baða sig í geislum hennar þá minnumst við Bobbu, hjartnæma fagurkerans sem naut sín best í leik og gleði. Elsku, Bobba, hvíl í friði í faðmi blárra fjalla, í sólskini við fjörðinn, undir stjörnuþubliki. Blessuð sé minning þín og friður veri með fjölskyldu þinni í sorginni.

Hólmfríður Jóhannsdóttir
(Fríða).

Hulda Hanna Jóhannsdóttir

Þú Hulda Hanna Jóhannsdóttir fæddist 6. febrúar 1945. Hún lést 2. desember 2023. Útför hennar fór fram 19. desember 2023.



Elsku Hulda Hanna, mín kærastu vinkona, ég er ennþá að átta mig á að þú sért farin í sumarlandið. Ég kynntist þér fyrst þegar við vorum að byggja raðhús í Réttarbakka, við í nr. 9 og þið nr. 11, í Breiðholti ásamt eiginmönnum okkar og börnum árið 1973. Þú að sauma allt mögulegt og allt mjög fallett sem þú gerðir, mörg bútasamsteppin mjög falleg og þegar þú tókst gamlari bútasamsteppi og fallettu töskurnar sem þú saumaðir úr öllu mögulegu. Ég á eina frá þér og þú lánaðir mér dress á árhátíð, og það var gaman hjá okkur á Benidorm þegar við fórum þangað með eiginmennina með okkur. Okkur datt í hug að fara upp á svið og gerast söngkonur með hljómsveit sem var að spila í bænum, og gekk svona vel að við vorum ráðnar til að syngja næsta kvöld, en við vorum ekki alveg til í það, en þetta var gaman. Við hjónin og þið Tommi þinn fórum oft á Broadway niðri í Mjódd ásamt öðrum hjónum, Dóru og Sævari, sem bjuggu á nr. 7, þar var Útsýnarkvöld, matur, dans og mikió fjör. Eins er að minn-

ast á gamlárskvöld, í mörg ár hittumst við öll úr raðhúsallengjunni og skáluðum og höfðum gaman allir vinir, já og við héldum sameiginleg grill úti í garði á sumrin, við konurmar með hatta og klæddum okkur upp, alltaf gaman hjá okkur. Svo datt okkur í hug

að fara að þrifa uppi í Breiðholti-skóla við og Dóra í nr. 7, vorum þar í mörg ár. Já það var gaman hjá okkur, það var gott að geta komið við hjá þér stundum þegar ég kom heim úr vinnu um hádegi og heima blóðþrýsting. Þú mældir mig og gafst mér sterkt kaffi til að hækka hann og það virkaði, en svo fluttum við í Garðabæ eftir 32 ár. Það var gott að búa við hliðina hjá ykkur og ég fékk mér mæli til að fylgjast með blóðþrýstingnum en ég kom samt til að kíkja til þín og þú líka flutt, alltaf gaman að heimsækja þig og Mæja þín tók vel á móti mér, góður hundur, og þið lituð hvor eftir annarri. Þú í heimahjúkrun í mörg ár, allir elskuðu þig, þú varst góð við alla. Ég og Guðmundur vottum aðstandendum innilega samúð.

Þú þú sért horfinn úr heimi, ég hitti þig ekki um hríð, þín minning er ljós sem lifir og lýsir um ókomna tíð.
(Þórunn Sigurðardóttir)

Þín vinkona,
Ósk Davíðsdóttir.

Prautir


Finndu fimm breytingar




Fimmkrossinn

Er hægt að búa til tvö fimm stafa orð með því að nota textann að neðan? Já, það er hægt ef sami bókstafur kemur fyrir í báðum orðum. Hvern staf má nota einu sinni.

VILLIGATA



Stafakassinn



Prautin er að fylla í reitina með sex þriggja stafa orðum og nota eingöngu stafi úr textanum að neðan. Notaðu má sama stafinn oft en einu sinni.

AÉKLNOSST

Sudoku

1	3	8						
	6					8		
			4				7	3
			7				4	
	7		3	6				2
			4	2				
								9
4	1						2	6
6		8				3		

9		5	4	3				
3			8	4				
		5	6					
8								3
4			7				1	
6	1	3	9		5			7
			4				8	
		8						
7				6				5

	7		3					
			5			7	8	
	4	7				3		
3		9		2		4	7	8
	5					9	1	
	1							
4		3	2	8				
		8	7		1			3

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3-reit birtist tölurnar 1-9. Það verður að gerast þannig að hver níu reita lína bæði lárétt og lóðrétt birti einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Orðarugli


G D V A L A R S T A Ð I R P I
 R E I Z S B D Q J E V A E Ð S
 E R V A G B N L L E S T N K P
 I L B P M X E D T K A A H Á K
 N Í G C D S G T Á L Ð G F O A
 A R B A B O V L G A Y A F Ð H
 R U T P S A D J R D S A K I Y
 H N Z I N K Ö M N T R E T F S
 Ö N Ð G O R A L Ó Æ N I T S Q
 F A I N Ð N Æ L K N O T Q A Z
 U R A U N K S S I N P F Y G D
 N N R I J I N N O C S H J U Y
 D L N U N U G T J D Z X I G L
 I N M S M U T A G V R N K T S
 R J N H Q N P X V Z J S S I U

Algjörður
Aðkenningu
Dvalarstaðir
Eldgosið

Greinarhöfundur
Íðnaðarmanninn
Kofaræksnum
Lækjum

Lírunnar
Páfastólsins
Skáldkonan
Vettvangi


Krossgáta



Lárétt 1 skorðað 5 heilum 10 alkalmálmur 12 einsömul 13 stjórni 14 óþjálfður 16 drykkjarlát 18 ný 19 svifryk 21 ræktaði 23 afturendi 24 fulltrúar 27 lengdareining 28 reiðihljóð 30 óskrifuð 31 ósvíni 33 nýju 34 verður súrt 36 almanakið
Lóðrétt 1 form 2 hávaxið lauffré 3 hitagráða 4 golfpinni 6 búlgörsk mynteining 7 miðaði áleiðis 8 unaður 9 málgefninn 11 litlir askar 15 órólegur 17 leysing 20 vagg 22 óhreinindi 25 leyfi ekki 26 sjónfærið 29 rimlagrind 32 boga 33 vefslóð 35 mora

Skák

Helgi Áss Grétarsson | skak@mbl.is



Svartur á leik

1. d4 Rf6 2. c4 e6 3. Rc3 d5 4. Bg5 Be7 5. e3 h6 6. Bh4 b6 7. cxd5 exd5 8. Bd3 0-0 9. Rf3 Bb7 10. 0-0 Re4 11. Bxe7 Dxe7 12. Hc1 Rd7 13. De2 c5 14. dxc5 Rdx5 15. Hfd1 Had8 16. Rd4 Rxd3 17. Dxd3 De5 18. Rce2 Hfe8 19. Da3 Df6 20. Rf3 Bc8 21. Red4 Bg4 22. Hc6 Hd6 23. Hxd6 Rxd6 24. Dxa7 Bxf3 25. Rxf3 Dxb2 26. h3 Re4 27. Hf1 Hc8 28. Rh2.
 Staðan kom upp á Íslandsmóti 65 ára og eldri sem lauk fyrir skömmu.
Ógmundur Kristinsson (1.938) hafði svart gegn **Braga Halldórssyni (2.051)**. **28. ... Hc1!** **29. Db8+** hvítur hefði orðið mót eftir **29. Hxc1 Dxf2+**. **29. ... Kh7 30. Df4 Rd2!** **31. Dxf7 Rxf1 32. Rxf1 Db1** og hvítur gafst upp. Lokastaða efbu manna varð eftirfarandi: 1. Ógmundur Kristinsson 4 vinningar af 5 mögulegum. 2. Bragi Halldórssyni 3 1/2 v. Þór Valtýsson (1.901) og Björgvin Víglundsson (2.166) deildu þriðja sætinu með 2 1/2 v.

Brids

Guðmundur Páll Arnarson | brids@mbl.is

Mamman. N-AV
Norður
 ♠ 1083
 ♥ 1052
 ♦ 763
 ♣ G1086
Vestur
 ♠ 6
 ♥ ÁD643
 ♦ D1095
 ♣ ÁK9
Austur
 ♠ G54
 ♥ KG96
 ♦ KG842
 ♣ 7
Suður
 ♠ ÁKD972
 ♥ 7
 ♦ Á
 ♣ D5432

Suður spilar 4♣ dublaða.
 Góður árangur Martins Schaltz á íslensku bridshátíðinni rifjaðist upp fyrir Magnúsi mörgæs þar sem hann sat við tölvuna og fylgdist með foreldrunum spila í dönsku öldungadeildinni, þeim Peter og Dorthe Schaltz. „Strákurinn sækir greinilega ýmislegt til mömmu sinnar,“ tuldraði Magnús í barminn, stórhreifinn af tilþrifum frárinna.
 Dorthe var í suður og opnaði á 4♣ eftir pass Peters og austurs. Vestur dublaði og austur valdi að verjast. Laufásinn út og Dorthe fylgdi hratt og óhikað lit með drottningunni! Það dugði til að fæla vestur frá lafinu og stungan fór fyrir ofan garð og neðan. Tíu slagir.
 Á hinu borðinu opnaði suður á 1♣, vestur kom inn á 2♥ og austur stökk í 4♣ til að sýna stuttlit og gott hjartafitt (splinter). Suður sagði 4♣ til fórnar, sem vestur dublaði og þrumaði út áskóng og meira laufi. Einn niður.

Málið Sjálfsgagt verður aldrei af því að andlit manns prýði orkudrykkjardós. En svona má nota sögnina að prýða. Ófugt við sögnina að skarta, þótt hún þýði að fegra e-ð, skreyta sig með e-u; „andlit hennar skartar dósina“ gengur ekki. Andlit hennar prýðir dósina, falletgar myndir prýða veggir heimilisins, hógværd prýðir manninn.

Traust og rótgróin fasteignasala
Sími 552 1400 fold.is

Viðar Böldvarsson Viðskiptaf. og lg.f. vidar@fold.is S: 694 1401	Anna Ólafía Guðnadóttir Íslenskfræðingur anna@fold.is	Gústaf Adolf Björnsson Lögg. fasteignasali og Íþróttfræðingur gustaf@fold.is S: 895 7205	Rakel Viðarsdóttir Viðsk.lögfr. og lögg. fasteignasali rakel@fold.is S: 699 0044	Hörður Sverrisson Hagfræðingur, lögg. fast. hordur@fold.is S: 899 5209
--	---	---	---	---

Álfheimar 27, kj

Vantar íbúðir til kaups eða leigu:
Fyrir opinberan aðila og stórfyrirtæki

Við leitum að íbúðum og húseignum til kaups eða leigu í öllum hverfum Reykjavíkur fyrir opinberan aðila og stórfyrirtæki.

- Traustar greiðslur
- Langur leigutími
- Öruggir samningar

Nánari upplýsingar á skrifstofu Foldar og hjá Gústaf s. 895 7205, gustaf@fold.is, Viðari s. 694 1401, vidar@fold.is og Herði s. 899 5209, hordur@fold.is

Opið hús þriðjudag 27.2. kl. 16:30-17:00
Verið velkomin

Sóltúni 20, 105 Reykjavík • Sími 552 1400 • fold@fold.is • fold.is
Viðar Böldvarsson viðskiptafræðingur, lögg. fasteignasali

Lausnir

9	7	5	3	1	8	2	6	4
2	8	1	6	7	4	5	9	3
6	3	4	5	9	2	7	8	1
1	4	7	8	6	9	3	2	5
3	6	9	1	2	5	4	7	8
8	5	2	4	3	7	9	1	6
7	1	6	9	5	3	8	4	2
4	9	3	2	8	6	1	5	7
5	2	8	7	4	1	6	3	9

Sudoku →

Stafakassinn
 SAL KNÉ OST

Fimmkrossinn
 GALTÍ VILLA

Krossgáta ↓

9	8	7	5	1	4	3	6	2
3	2	6	7	8	9	4	5	1
1	4	5	6	3	2	9	7	8
8	7	2	4	6	1	5	9	3
4	5	9	3	7	8	2	1	6
6	1	3	9	2	5	8	4	7
5	6	1	2	4	3	7	8	9
2	9	8	1	5	7	6	3	4
7	3	4	8	9	6	1	2	5
6	9	5	8	2	4	3	1	7

Lárétt 1 fest 5 öllum 10 lítin 12 eina 13 áki 14 ófærur 16 glas 18 ung 19 ar 21 orti 23 rass 24 umbar 27
 mm 28 urr 30 auð 31 ybhn 33 ungn 34 súnar 36 dagatalið
 Lóðrétt 1 í 6 tíg 3 tíg 4 tíg 7 línu 8 unun 9 margorður 11 nóar 15 réstur 17 losun 20 ramh
 22 ím 25 barni 26 augað 29 rist 32 bug 33 ur 35 va

Stjörnuspá

21. mars - 19. apríl

Hrútur Þú munt sjá að samvinna skilar betri árangri en að hver sé í sínu horni. Leyfðu vinum þínum að umvefja þig kærleika.

20. apríl - 20. maí

Naut Tíminn fer ymist í vinnu eða skemmtanir, núna vilt þú bara lyfta þér upp. Taktu til í geymslunni og gefðu það sem þú ekki notar.

21. maí - 20. júní

Tviburar Þú veist upp á háir hverju þú vilt ná fram í viðskiptum í dag. Einhverjir þurfa að horfast í augu við vandamál tengd eldri borgurum.

21. júní - 22. júlí

Krabbi Einhver kemur þér skemmtilega á óvart svo taktu þátt í gamninu. Þú ert upp á aðra kominn í vissu máli. Reyndu samt að gera sem mest sjálfur.

23. júlí - 22. ágúst

Ljón Nú er loksins komið að því að þú fái tækifæri til þess að koma þínum málum á framfæri. Leitaðu skjóls hjá æskuvini.

23. ágúst - 22. september

Mejja Þú þarft ekki að hlaupta til þótt fólk sé í kringum þig sé með einhver leiðindi. Safnaðu þér fyrir hlutunum, ekki taka endalaus lán.

23. september - 22. október

Vog Það er svo auðvelt að misskilja hlutina og það hefur einmitt gerst núna. Einhver reynir að bregða fyrir þig fæti, vertu fyrri til.

23. október - 21. nóvember

Sporðreki Ef aðstæður valda þér óþægindum skaltu endilega endurskoða þær og nú með hjartanu en ekki skynseminni. Þú sogast að hinu óvenjulega.

22. nóvember - 21. desember

Bogmaður Blandaðu geði við fólk í dag. Þú veist aldrei hvað getur gerst ef þú gefur öðrum tækifæri. Þú færð boð um að fara í viðskiptaferð.

22. desember - 19. janúar

Steingeit Þrár þínar eru ofarlega í huga og hjarta í dag. Vertu ánægður með það sem þú hefur og mundu að þakka oft og vel. Þú ert lukkunnar þamfill í einkalífni.

20. janúar - 18. febrúar

Vatnsberi Gefðu þér tíma til að sinna heimilinu og breyta til. Það að mála einn vegg getur gert gæfumuninn. Ekki breyta um stefnu í ástamálunum.

19. febrúar - 20. mars

Fiskar Það er ekkert að því að verðlauna sjálfan sig þegar maður hefur staðið sig vel. Þér gæti ekki verið meira sama um hvað aðrir segja um þig.

Jóhanna Gunnlaugsdóttir húsmóðir – 100 ára



1961 Fjölskyldan á Bakka. Frá vinstri: Jóhanna, Anna Guðrún, Gunnlaugur, Haukur, Ingibjörg og Júlíus, en myndin var tekin á Patreksfirði 1961.



Bakkasystkinin F.v.: Jóhannes, Ragnar, Egill, Björn, Aðalheiður, Jóhanna og Elísabet, en myndin er tekin í Stykkishólmi 1994 við útföt Ingibjargar.

Heilsugóð alla sína starfsævi

Jóhanna Gunnlaugsdóttir fæddist í Bakkakoti, síðar Bakka, í Víðidal í Þorkelshólshreppi í Vestur-Húnavatnssýslu 22. febrúar

1924. Hún er næstelst nú systkina en eitt þeirra lést í bernsku. Hún gekk í farskóla í Víðidalnum eins og skólagoöngu barna var háttað á þeim tíma. Hún fór snemma að vinna fyrir sér í kaupavinnu til sveita á sumrin og síðar sem húshjálp, við matreiðslu og á saumastofu í Reykjavík. Hún lauk námi frá Húsmæðraskólanum á Blönduósi vorið 1945. Á þessum árum var hún m.a. tvö sumur í kaupavinnu á Sámstöðum í Fljótshlíð og skipaði Fljótshlíðin ætíð sérstakan sess í huga hennar upp frá því.

Haustið 1948 ræðst Jóhanna fyrir nokkra tilviljun til starfa í eldhúsinu á Bændaskólanum á Hvanneyri í Borgarfirði. Þar skárust leiðir hennar og Júlíusar Reynis Ívarssonar frá Rauðasandi í Vestur-Barðastrandar-sýslu sem var nemandi við skólann. Þar með voru örlögin ráðin.

Jóhanna og Reynir fluttu vestur á Rauðasand árið 1949. Þau keyptu jörðina Móberg á Rauðasandi árið 1951 og nokkru síðar jörðina Skóg sem var samliggjandi Móbergi. Þar byggðu þau upp gott blandað bú og bjuggu þar fram til ársins 1995, þegar þau flytja til Reykjavíkur. Reynir lést árið 2011 en Jóhanna hélt heimili á



Afmælisbarnið Jóhanna í eldhúsinu heima á Fálkagötu fyrir fjórum árum.

Fálkagötu 6 fram til ársins 2023 en þá flutti hún á Hrafnistu við Laugarás.

Það var yfirleitt langur vinnudagur gegnum áratugin hjá húsmóðurinni á Móbergi við margháttað störf innan húss sem utan, framan af yfirleitt við erfiðar aðstæður. Það þurfti að fæða og klæða fjögur börn og vinna öll venjuleg bústörf utanhúss, fyrir utan

allt annað. Föt voru saumuð á gömlu saumavélinu og þrjónað það sem þrjóna þurfti. Jóhanna var afar natin við skepnur og hafði næma tilfinningu fyrir og skilning á hvað þurfti til svo þeim liði sem best og skiluðu hámarksafurðum. Umgengni og sinning dýranna á bænum var hennar stærsta lífsfylling þegar börnin höfðu

vaxið úr grasi og voru flutt að heiman. Þegar tími gafst til var svo lesið og saumað út.

Jóhanna hefur alla tíð verið mjög heilsugóð þrátt fyrir að hafa unnið mikið á langri starfsævi. Þegar hún var komin yfir nírrætt hafði hún einu sinni lagst inn á spítala, fyrir utan fjórar barnsfæðingar, en það var þegar hún fótbrotnaði við að annast veika kú.

Sá hluti ævinnar eftir að Jóhanna og Reynir brugðu búi og fluttu suður reyndist svo vera besti hluti ævi hennar að hennar sögn. Þá segist hún loks hafa orðið frjálst til að geta gert það sem hana langaði til. Það var hvort heldur að vera í samneyti við fjölskyldu sína, vini og kunningja, ferðast innan lands sem utan, fara í gönguferðir, njóta útivistar og náttúrunnar og svo framvegis. Hún sótti tónleika af miklum áhuga og kom líklega í flestar kirkjur Reykjavíkur í þeim tilgangi. Bókasöfnin stundaði hún ötullega því hún hafði alla tíð lesið mikið eftir því sem stundir gáfust.

Á seinni árum, þegar hún er að mestu hætt að fara út úr húsi, þá er hennar besta lífsfylling að fylgjast með þroskaferli barnabarna og sístækkandi hópi barnabarnabarna. Lífsgleði, nægjusemi og jákvæðni hefur einkennt hana alla tíð og gerir enn.

Til hamingju með daginn

Baldur Helgason

40 ÁRA Baldur Helgason myndlistarmaður ólst upp í miðbænum í Reykjavík og segist varla muna eftir sér öðruvísi en teiknandi. „Ég var á leikskólanum Tjarnarborg og þar voru allir kennararnir myndlistarmenn og svo var afi minn áhugalistamaður og hann teiknaði myndina Drottinn blessi heimilið, sem er á öðru hverju heimili landsins.“ Eftir hefðbundna grunnskólagöngu ákvað Baldur að helga sig listinni og byrjaði í fornámi í Myndlistarskóla Reykjavíkur og fór þaðan í Listaháskólann þar sem hann var í nýlistardeildinni, með áherslu á konseptlist. „Þegar ég lauk náminu fann ég að ég vildi auka tæknina og ég ákvað að fara til San Francisco í Academy of Art University sem var akademískur skóli sem kenndi meiri tækni og meira hefðbundið málaranám.“ Hann bjó í San Francisco í fimm ár og segir það hafa verið frábæran tíma og þar kynntist hann eiginkonu sinni Patricíu Spyarakos, sem er einnig listamaður. Þegar þau kynntust ákváðu þau að flytjast til Chicago til að vera nær fjölskyldu hennar og þar bjuggu þau í sjö ár. Þau ákváðu að flytja til Íslands þegar kórónuveirufaraldurinn skall á. „Það var erfiðt að vera með tvær ungar dætur sem þurftu að geta leikið sér og hlapið úti í þessu ástandi þar sem allt var lok, lok og læs.“

Baldur er búinn að vera að vinna að sýningu undanfarið sem verður opnuð 2. mars nk. í Gallerí Port.



FJÖLSKYLDA Eiginkona Baldurs er Patricía Spyarakos listakona, f. 1974, og dætur þeirra eru Harriet Selma, f. 2013 og Petra Freyja, f. 2017. Foreldrar Baldurs eru Helgi Kristjánsson, stálvirkjasmíður og sagnfræðikennari, f. 1961, d. 2019 og Selma Ósk Kristiansen, f. 1960, var leikskólakennari og rekur nú eigið fyrirtæki.



Konudags-tilboð

Allskonar fallegt á tilboði til 25. febrúar




Skoða

Laugavegi 178, 105 Reykjavík | Sími 551 3366 | misty.is

Opið virka daga kl. 11-18, laugardaga kl. 10-14



Ætt Jóhönnu Gunnlaugsdóttur



Jóhanna heldur upp á afmælið sitt laugardaginn 24. febrúar frá kl. 14-17 á Hrafnistu við Laugarás.

Fjölskylda

Eiginmaður Jóhönnu var Júlíus Reynir Ívarsson, f. 23.4. 1927 á Melanesi á Rauðasandi, d. 23.4. 2011. Þau voru gift í tæp sextíu ár. Foreldrar Reynis voru Ívar Rósinkranz Halldórsson, f. 30.7. 1904 á Móbergi á Rauðasandi, d. 21.11. 1978 og Ingibjörg Júlíana Júlíusdóttir, f. 16.7. 1900 á Sjöundá á Rauðasandi, d. 11.5. 1975. Ívar og Ingibjörg bjuggu allan sinn búskap á Melanesi á Rauðasandi.

Börn Jóhönnu og Reynis eru: 1. Haukur, f. 20. 7. 1950, búfræðikandidat og verktaki, búsettur á Hvanneyri í Borgarfirði. Eigin kona hans er Ingibjörg Jónasdóttir, f. 28.12. 1952, hannyrðakona. 2. Gunnlaugur Auðunn, f. 8.9. 1952, hagfræðingur og

leiðsögumaður, búsettur í Reykjavík. Eigin kona hans var Sigrún Sveinsdóttir lyfjafræðingur, f. 3.12. 1956, d. 4.2. 2024. 3) Ingibjörg, f. 8.4. 1955, sjúkraliði, búsett í Reykjavík. Eiginmaður hennar er Bragi Guðjónsson, f. 7.9. 1947, slökkviliðsmaður. 4) Anna Guðrún, f. 25.5. 1959, verkakona, búsett í Reykjavík. Barnabörnin eru 11 og barnabarnabörnin eru 13.

Systkini Jóhönnu eru Ingibjörg, f. 7.6. 1922, d. 16.8. 1994, Teitur, f. 20.5. 1925, d. 24.12. 1925, Björn Teitur, f. 25.9. 1926, d. 16.12. 2012, Jóhannes, f. 9.8. 1929, d. 23.11. 2013, Elísabet, f. 13.7. 1932, Aðalheiður Rósa f. 30.10. 1934, d. 8.2. 2024, Egill, 29.9. 1936, d. 31.8. 2013, Ragnar, f. 17.3. 1941.

Foreldrar Jóhönnu voru hjónin Gunnlaugur Auðunn Jóhannesson, f. 16.11. 1894, d. 1.1. 1970, og Anna Teitsdóttir, f. 1.12. 1895, d. 10.7. 1978, bændur á Bakka í Víðidal, V-Hún.


Grettir



Hrólfur hræðilegi




Ferdinand



Í klípu



Hermann



Vísnaðhorn

Geta þrotið gæfuspor

Ingólfur Ómar laumaði að mér einni vísu og þarfnast hún ekki skýringa:

Líkast til hef lifað hátt löngum spreðað mikið. Þénað vel en aldrei átt aura fyrir vikið.

Á Boðnarmiði spyr Þorgeir Magnússon: Hvor gerðin skyldi nú skárri?

Geta þrotið gæfuspor ef götu hála treð ég, fer því oft með fadírvar sé forin djúp sem veð ég.

Geta þrotið gæfuspor er götu vota treð ég, fæ að nota fadírvar ef for og blota veð ég.

Við þessu urðu mikil viðbrögð og athugasemdir. Philip Vogler á Egilsstöðum svaraði með ferskeytlu:

Þegar kostir teljast tveir ei tekst mér festa í letri hvað mér finnst né hvernig þeir hvor sé öðrum betri.

Hafsteinn Reykjalín Jóhannesson rifjar upp limru frá 2015:

Rigningin ráðskast með alla, hún rennur um götur og palla.

Staðan í gær, staðfest ófær, en steindrepur okkur þó valla.

Og síðan yrkir Hafsteinn:

Nóg á sá er nægja lætur, nýtir það sem á. Árla morguns fer á fætur, fegurðin er þá.

Morgunskíman björt þar birtist, bergnuminn ég sá, að heimur minn og veröld virtist, vilja mig enn sjá.

Hallmundur Guðmundsson yrkir Kanariljód – Dagur 8.

Hér um slóðir kenjar mínar kunna sér vart læti. Þær kumra drjúgt ef fögrum snótum mæti. Þá gjarnan drykk á barnum á mig bæti og bæli niður hjá mér forna; neðanbeltiskæti.

Hallmundur deyr ekki ráðalaus:

Rétt að segja næturlangt í stappinu ég stóð, því stíflaður var hugmyndalækur. Ég get ei lengur framleitt þessi gömlukarlaljód, en gæti reynt við kerlingabækur.

Halldór Blöndal halldorblondal@simnet.is

Bragðlaukaferð til
Marche
ÍSLENSK FARARSTJÓRN héraði á Ítalíu
17. SEPTEMBER Í 7 NÆTUR

FRÁ **358.000**
Á MANN M.V. 2 FULLORÐNA

Heimsferðir 595 1000 www.heimsferdir.is

BAKVÖRDUR

Vidur Sigurðsson
vs@mbl.is

Það er dálítið einkennilegt að tala um fyrsta leikinn í sex leikja undankeppni sem algjöran úrslitaleik. En í þessu tilfalli er það fyllilega réttlætlegt.

Ísland mætir Ungverjalandi í Laugardalshöllinni í kvöld í fyrstu umferð undanveppinnar fyrir úrslitakeppni Evrópumóts karla í körfubolta sem fram fer í fjórum löndum á næsta ári.

Hin tvö liðin í riðlinum, Ítalía og Tyrkland, eiga að vera mun sterkari og þar með er fjórsjáanlegt einvígi milli Íslands og Ungverjalands um þriðja sætið og keppnisréttinn á EM.

Þar með er ekki sagt að íslenska liðið geti ekki krækt sér í stig gegn öðrum en Ungverjum.

Ítalir áttu að vera alltof sterkir fyrir Ísland í síðustu undankeppni HM en samt vann Ísland leik liðanna með ótrúlegri frammistöðu í Ólafssal í Hafnarfirði, sællar minningar.

Ísland hefur líka átt hörkuleiki gegn öflugum liði Tyrkja. Margir muna eftir mögnuðum leik Þjóðanna á EM 2015 þegar Logi Gunnarsson jafnaði með þriggja stiga skoti en Tyrkir unnu að lokum í framlengingu.

Ísland er með eitt sitt sterkasta lið frá upphafi í leiknum í kvöld. Nú er loks hægt að tefla Tryggva Snæ, Martin Hermanns og Elvari Friðriks öllum fram í einum og sama leiknum.

Leikirnir tveir við Ungverja fara fram með eins árs millibili. Þessi sex leikja undankeppni er einhver sú langdregnasta í sögunni og óralangt á milli leikja. Eftir leikinn í Tyrklandi á sunnudag spilar Ísland ekki aftur fyrr en í nóvember. Hver leikur hefur gríðarlegt vægi og sigur í kvöld yrði íslenska liðinu ótrúlega mikilvægur.

HANDBOLTI

Olíseidd karla

Leikur Vals og HK var ekki hafinn þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld.

Danmörk

Silkeborg - Viborg..... 23:29
● Andrea Jacobsen lék ekki með Silkeborg vegna meiðsla.

KNATTSPYRNA

EM U17 kvenna

Undankeppni, A-deild, 2. riðill:
Portúgal - Ísland 1:0
Finland - Kósóvó 5:0
■ Ísland mætir Finnlandi á laugardag og Kósóvó á þriðjudag. Riðillinn er leikinn í Portúgal og sigurliðið kemst í lokakeppnina í Svíþjóð í vor.

Meistaradeild karla

Porto - Arsenal og Napoli - Barcelona léku í 16-liða úrslitum í gærkvöld. Leikirnir voru ekki hafnir þegar blaðið fór í prentun. Sjá mbl.is/sport.

England

Leikur Liverpool og Luton í úrvalsdeildinni var ekki hafinn þegar blaðið fór í prentun. Sjá mbl.is/sport/enski.

Sambandsdeild karla

Umspil, fyrri leikur:
Gent - Maccabi Haifa 1:1

Meistaradeild N/M-Ameríku

1. umferð, fyrri leikur:
St. Louis City - Houston Dynamo 2:1
● Nökkvi Þeyr Þórisson var allan tímann á varamannabekk St. Louis City.

Vináttulandsleikir kvenna

Finland - Filippseyjar 4:0
Höndland - Eistland 4:3
Hong Kong - Kósóvó 0:1

„Engir leikir vinnast fyrirfram“

● Sveindís Jane segir að betri staða á FIFA-lista hafi ekkert að segja í Serbíu

Í STARA PAZOVA

Vladimir Novak
vnovak@eunet.rs

Sveindís Jane Jónsdóttir er komin aftur í íslenska landsliðið í knattspyrnu fyrir umspilsleikina tvo gegn Serbíu eftir að hafa misst af öllum sex leikjum þess í Þjóðadeildinni í haust. Hún sagði í samtali við Morgunblaðið fyrir æfingu í Stara Pazova, skammt frá serbnesku höfuðborginni Belgrad, í gær að hún væri afar ánægð með að klæðast landsliðsbúningi Íslands á ný en fyrri leikur þjóðanna fer fram í Stara Pazova á morgun.

Sveindís viðurkenndi að það hefði verið erfitt að fylgjast með liðsfélögum sínum frá hliðarlínunni í haust. „Já, það var mjög erfitt. Maður fær annað sjónarhorn á leikinn, getur ekki hjálpað liðinu og verður að láta sér nægja að horfa á. En þær stóðu sig vel, það var stundum gaman að fylgjast með þeim og stundum var það erfitt. Þetta var öðruvísi fyrir mig,“ sagði Sveindís.

Þjálfari Serba sagði við Morgunblaðið á þriðjudag að hann ættri

á breytingum á leikskipulagi Íslands með endurkomu Sveindísar. Spurð hvort henni þætti gaman að heyra slíkt svaraði hún:

Sama hvað aðrir segja

„Ég er fyrst og fremst ánægð með að vera komin aftur. Það er frábært að vera hérna með stelpunum og vonandi get ég fært liðinu eitthvað, þannig að við getum gert enn betur en í Þjóðadeildinni. Mér er sama hvað aðrir segja um mig, ég reyni bara að gera mitt besta.“

Við eigum fram undan leiki við Serbíu sem er með mjög gott lið og við verðum að eiga okkar besta leik til að ná góðum úrslitum hérna. Þetta eru úrslitaleikir um sæti í A-deildinni svo þeir eru afar mikilvægir.“

Ísland er sigurstranglegrí aðilinn en stundum er erfitt að vinna slíka leiki ef hugarfarið er ekki rétt. Þú ert væntanlega með það í huga?

„Já, það er engin spurning. Við eigum að vera sterkari á pappírnum, erum ofar á FIFA-listanum, en það segir ekkert þegar út í leikinn er komið. Þú verður að mæta til leiks og standa þig. Engir leikir vinnast fyrirfram.“



Ljósmynd/KSÍ

Stara Pazova Sveindís Jane Jónsdóttir sagði að það hefði verið erfitt að fylgjast með landsliðinu þegar hún var fjarverandi vegna meiðsla.

Serbía er með gott lið, spilar góðan fótbolta og er með hörkuleikmenn. Þetta verður erfiður mótherji og stundum er erfiðara að vera sigurstranglegra liðið. Það setur meiri pressu á þig á meðan mótherjinn getur spilað pressulaust. Við eigum vonandi okkar besta leik og þá vinnum við.“

Talaði ekki mikið við Ewu

Serbía spilaði tvo jafna leiki við Pólland sem vann riðilinn í B-deildinni. Þú spilar með Ewu Pajor í Wolfsburg, spurðir þú hana út í serbneska liðið?

Nei, ég talaði ekki mikið við Ewu um Serbíu. Mér finnst oft betra að vita ekkert alltof mikið um mótherjana. Þá geturðu spilað eins og þú vilt spila án þess að láta andstæðingana

hafa of mikil áhrif á þig. En Pólland er með gott lið sem vann sinn riðil í B-deildinni og það segir sitt um styrkleika serbneska liðsins. Þetta verður mjög erfiður leikur.“

Hafið þið eitthvað getað skoðað Belgrad, hótelið ykkar er nálægt líflegu svæði í borginni?

„Það vill svo skemmtilega til að við vorum hér í fyrria, þurftum að spila leik gegn Hvít-Rússum hérna í Belgrad og erum á sama hóteli svo við þekkjum umhverfið vel. En við spáum ekkert í næturliðið. Við einbeitum okkur að leiknum og að vera í sem bestu formi. Við gengum aðeins um svæðið hjá hóteliinu og fórum á Starbucks, það var allt og sumt,“ sagði Sveindís Jane Jónsdóttir við Morgunblaðið.

Þrír berjast um formannsembættið

● Nýr formaður kjörinn á ársþingi Knattspyrnusambands Íslands á laugardaginn

Þrír sækjast eftir formannsembætti Knattspyrnusambands Íslands á 78. ársþingi sambandsins sem fram fer í íþróttamiðstöðinni í Úlfarsárdal á laugardaginn. Guðni Bergsson, Vignir Már Þormóðsson og Þorvaldur Örlygsson eru allir í framboði og sigurvegarinn tekur við keflinu af Vöndu Sigurðardóttur sem lætur af störfum eftir að hafa gegnt embættinu frá því í október 2021.

Það er verk að vinna

Guðni, sem er 58 ára gamall, er fyrrverandi atvinnu- og landsliðsmaður en hann lék með uppeldisfélagi sínu Val, ásamt því að leika með Tottenham og Bolton á Englandi. Alls lék hann 80 A-landsleiki þar sem hann skoraði eitt mark. Guðni gegndi embætti formanns KSÍ frá 2017 til 2021 en sagði af sér í ágúst 2021 eftir að KSÍ var harðlega gagnrýnt fyrir þöggvan og meðvirkni með meintum gerendum innan sambandsins. Guðni tilkynnti um framboð sitt í nóvember.

„Ég brenn fyrir fótboltann og ég er búinn að fara í gegnum þennan feril sem áhugamaður, atvinnumaður og svo fyrirliði landsliðsins,“ sagði Guðni í Dagmálum Morgunblaðsins.

„Ég hef alltaf verið tengdur fótbolta og ég brenn fyrir hann. Það er eitthvað sem togar í mig og ég tel mig eiga erindi í þetta. Ég tel mig líka vera góðan fulltrúa fyrir knattspyrnusambandið og ég bý yfir bæði þekkingunni og reynslunni sem þarf í þetta starf. Ég tel það mjög mikilvægt á þessum tímamarki þar sem við erum meðal annars að missa framkvæmdastjórn okkar og stjórnnin er tiltölulega reynslulítillika. Það er verk að vinna og ég



Guðni Bergsson.

myndi gjarnan vilja fá umboðið til þess að takast á við formennskuna,“ sagði Guðni.

Reynsla og þekking

Þorvaldur, sem er 57 ára gamall, er einnig fyrrverandi atvinnumaður og landsliðsmaður í knattspyrnu en hann hóf ferilinn með uppeldisfélagi sínu KA áður en hann hélt til Englands árið 1989 þar sem hann lék með Nottingham Forest, Stoke City og Oldham. Hann snéri svo heim og var spilandi þjálfari KA en hann lék einnig með Fram á láni frá Nottingham Forest sumarið 1991.

Þorvaldur hefur einnig stýrt Fjarðabyggð, Fram, ÍA, HK, Keflavík og U19-ára landsliði Íslands en hann starfar í dag sem rekstrarstjóri knattspyrnu-deildar Stjórnunnar. Þá á hann að baki 41 A-landsleik og skoraði sjö mörk en hann tilkynnti um framboð sitt í byrjun janúar.

„Ég tel mig hafa góða reynslu, þekkinguna og kunnáttuna sem þarf til þess að sinna þessu starfi,“ sagði Þorvaldur.



Vignir Már Þormóðsson.

„Það er ekki sjálfsagður hlutur að fólk bjóði sig fram í embættið í dag. Þetta er stórt starf og ábyrgðarfullt og ég heyrði í mörgum innan hreyfingarinnar, áður en ég ákvað að gefa kost á mér, og það var ýtt á mig að bjóða mig fram. Eftir að ég ræddi við fjölskyldu mína ákvað ég að gefa kost á mér. Ég hef unnið innan sambandsins og í hreyfingunni líka í langan tíma. Hreyfingin er stór og fjölbreytt í dag. Það er ýmislegt sem þarf að gera og breyta að mínu mati og ég býð mig fram til þess,“ sagði Þorvaldur.

EKKI SÍST ÁSTRÍÐAN

Vignir Már, sem er 56 ára gamall, er uppalinn hjá KA og á að baki einn leik í efstu deild fyrir félagið en hann hefur verið virkur þátttakandi í bæði atvinnulífinu og innan knattspyrnuhreyfingarinnar undanfarna áratugi. Hann var formaður knattspyrnu-deildar KA frá 2007 til 2019, sat í stjórn KSÍ frá 2007 til 2019 og undanfarin tíu



Þorvaldur Örlygsson.

ár hefur hann verið starfandi eftirlitsmaður hjá evrópska knattspyrnusambandinu, UEFA. Vignir Már tilkynnti um framboð sitt 9. febrúar.

„Ég tel mig hafa reynsluna, þekkinguna og síðast en ekki síst ástríðuna til þess að takast á við embættið,“ sagði Vignir Már.

„Ég sat lengi í stjórninni, ég hef líka starfað í grasrótinni og verið sjálfbóðaliði þannig að ég þekki það betur en margir aðrir. Ég hef rekstrarreynslu úr atvinnulífinu og er vel tengdur þar, sem hjálpar. Það hittir þannig á í lífinu að ég er ekki í fastri vinnu og hef ágætis tíma núna. Ég hef ákveðnar hugmyndir um embættið og hef áhuga á því að breyta því aðeins. Þetta hafði blundað í mér í einhvern tíma og ég ákvað að elta hjartað og er klár í slaginn eftir fimm ára fjarveru frá stjórnunarstörfum fyrir sambandið,“ sagði Vignir meðal annars.

Ítarleg viðtöl við þremningana má sjá í heild sinni á mbl.is/dagmal.

Ísland fer í efsta styrkleikaflokk

Karlandslíð Íslands er í áttunda sæti á nýjum styrkleikalista sem Handknattleikssamband Evrópu, EHF, gaf út í gær.

Röð þjóða á listanum ræðst af frammistöðu á þremur síðustu stórmótum, í lokakeppni og undankeppni, þannig að nú eru það EM 2022, HM 2023 og EM 2024 sem ráða. Mest eru gefin 160 stig fyrir efsta sæti móts, 144 fyrir annað sætið og þannig koll af kolli niður í átta stig fyrir neðsta sæti í forkeppni.

Þessi listi verður hafður til

viðmiðunar þegar dregið verður í undankeppni EM 2026 en sá dráttur fer fram í vor. Danmörk, Svíþjóð og Noregur eru þar sameiginlegir gestgjafar og fara því ekki í undankeppnina þannig að ljóst er að Ísland verður í efsta styrkleikaflokki í þeim drætti.

Ísland er með 232 stig og fær 104 stig fyrir EM 2022, 56 stig fyrir HM 2023 og 72 stig fyrir nýafstaðið Evrópumót 2024 í Þýskalandi. Reyndar eru Ísland og Króatía jöfn að stigum en Íslandi er raðað ofar á listann.

Danir eru áfram efstir á listanum með 432 stig en Frakkar skjótast upp fyrir Svía og í annað sætið með 424 stig eftir sigurinn á EM. Svíar eru með 408 stig, Þjóðverjar 328, Spánverjar 324, Norðmenn 296 og Ungverjar 244 í sætunum fyrir ofan Ísland.

Færeyingar eru hástökkvarar listans en þeir fara upp um tíu sæti og í 20. sætið með 86 stig með frammistöðu sinni á EM. Austurríki (13. sæti) og Grikkland (21. sæti) hækka sig líka umtalsvert eftir Evrópumótið. [vs@mbl.is](#)



AFP/Ina Fassbender

EM Ísland er númer átta þrátt fyrir 10. sætið á EM í janúar.

Eitt og annað



■ Ítalska knattspyrnustórveldið Juventus vill fá **Albert Guðmundsson** í sínar raðir frá Genoa í sumar, samkvæmt frétt fjölmiðilsins Tuttosport í gær. Þar er sagt að Juventus sé tilbúid að bjóða argentínska varnartengiliðinn Enzo Barrechea í skiptum fyrir Albert en hann leikur nú sem lánsmaður með Frosinone í A-deildinni. Fram hefur komið að Genoa vilji frá um 35 milljónir evra fyrir Albert en það samsvarar um 5,2 milljörðum íslenskra króna.

■ Írskur knattspyrnumarkvörður, **Samuel Blair**, er genginn til liðs við KR-inga en hann var síðast í röðum Norwich City. Blair er 21 árs gamall, uppallinn hjá Norwich þar sem hann hefur leikið með U18 ára og U21 árs liðum undanfarin ár, og jafnframt leikið sem lánsmaður með utandeildaliðunum Bury Town og King's Lynn. Þar með teflir KR fram tveimur erlendum markvörðum í ár en hinn hollenski **Guy Smit** er kominn til félagsins frá Val.

■ **Vinstri bakvörðurinn Luke Shaw** gæti misst af því sem eftir er af tímabilinu hjá Manchester United í ensku knattspyrnunni. Hann tagnaði aftan í læri í leik liðsins gegn Luton um síðustu helgi. Hann var fjarverandi í þrjú mánuði í haust vegna sams konar meisla, og þá gæti þetta sett strik í reikning hans fyrir EM í Þýskalandi með enska landsliðinu í sumar.

■ **Marc Kossicke**, umboðsmaður **Jürgens Klopps** knattspyrnustjóra Liverpool, sagði við SkySports í gær að útilokað væri að Klopp tæki við liði Bayern München í sumar. Umræða um það fór af stað eftir að ljóst varð að **Thomas Tuchel** myndi yfirgefa Bayern eftir tímabilið. Kossicke sagði að eins og áður væru áform Klopps þau að taka sér í það minnsta eins árs frí frá fótbolta eftir að hann hættir störfum hjá Liverpool í sumar.

■ Þýski handknattleiksvefurinn Handball-World segir að erfiðlega gangi hjá **Degi Sigurðssyni** að ganga frá starfslokum hjá japanska handknattleikssambandinu en hann sagði að dögnum upp starfi sínu sem þjálfari karlandslíðs Japans. Reiknað er með að hann taki við liði Króatíu sem er á

leið í undankeppni Ólympíuleikanna um miðjan mars. Vefmiðillinn segir að engin svör hafi fengist um stöðuna, hvorki hjá Degi né króatíska handknattleikssambandinu.

KÖRFUBOLTI

Subway-deild kvenna

Leikur Keflavíkur og Grindavíkur var nýhafinn þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld.

Í KVÖLD

KÖRFUKNATTLEIKUR

Undankeppni EM karla: Laugardalsh.: Ísland - Ungverjaland .. 19.30

HANDKNATTLEIKUR

Úrvalsdeild karla, Ólisdeildin: Úlfarsárdalur: Fram - Selfoss 19.30

KNATTSPYRNA

Deildabíkar karla, Lengjubíkarinn: Egilshöll: Fjölnir - Stjarnan 19.30

EM Í KÖRFUBOLTA

Bjarni Helgason
bjarni@mbl.is



„Ég á von á hörkuleik gegn þessu ungverska liði,“ sagði Craig Pedersen, þjálfari íslenska karlandslíðsins í körfuknattleik, í samtali við Morgunblaðið fyrir æfingu íslenska liðsins í Laugardalshöll í gær.

Íslenska liðið hefur leik í B-riðli undankeppni Evrópumótsins í kvöld þegar það tekur á móti Ungverjalandi í Laugardalshöllinni en leikurinn hefst klukkan 19:30.

Ítalía og Tyrkland leika einnig í sama riðli og mætast þau í Pesaro á Ítalíu á sama tíma en Ísland mætir svo Tyrklandi í Ístanbul hinn 25. febrúar í síðari leik sínum í landsleikjaglugganum. Þrjú efstu liðin komast í lokakeppni EM 2025.

„Við erum fullmannaðir ef svo má segja og það er lítið um meiðslu núna sem er mjög jákvætt. Martin Hermannsson er mættur aftur sem eru frábærar fréttir fyrir okkur og koma hans minnkar líka álagið á aðra leikmenn liðsins eins og til dæmis Elvar Friðriksson, sérstaklega í sóknarleikum.“

Elvar hefur verið stórkostlegur fyrir okkur undanfarin ár og sérstaklega í fjarveru Martins þar sem hann hefur þurft að axla aukna ábyrgð. Það munu koma upp augnablik í leiknum þar sem þeir verða að öllum líkindum báðir inni á vellinum. Það hjálpar okkur samt gríðarlega mikið að geta haft annan hvorn þeirra inni á vellinum, öllum stundum, og það er algjör leikbreytir fyrir okkur,“ sagði landsliðsþjálfarinn.

Lykilmaður Ungverja

Ísland er sem stendur í 48. sæti heimslista FIBA á meðan Ungverjaland er í 43. sæti.

„Ádám Hanga er mættur aftur í leikmannahóp ungverska liðsins eftir þónokkra fjarveru undanfarin ár og liðið þeirra er heilt yfir mjög sterkt. Hanga lék með Barcelona í nokkur ár sem segir manni ýmislegt og hann er þannig leikmaður að hann gerir aðra betri í kringum sig. Hann getur nánast allt og við þurfum að hafa góðar gætur á honum.“

Taktískt eru þeir líka mjög sterkir og þeir eiga marga leikmenn sem spila í Evrópu deildinni. Þeir eru líka stórir og mjög líkamlega sterkir og það getur verið erfiðt að eiga við þá. Á sama tíma er það líka eitthvað sem ég tel að við getum nýtt okkur og vonandi tekst okkur það í leiknum gegn þeim.“

Hefur trú á sínu liði

Hver er lykillinn að því að leggja Ungverjiana að velli?

„Það er gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að mæta með kassann út, fullir sjálfstrausts, og að við séum á fullu allan tímann. Við þurfum að láta boltann rúlla vel á milli manna



Morgunblaðið/Eggert

Þjálfari Craig Pedersen hefur tvisvar farið með Ísland í lokakeppni EM.

og skjóta vel. Það þarf ýmislegt að ganga upp hjá okkur ef við ætlum okkur að leggja Ungverjiana að velli.

Á sama tíma hefur þetta lið sýnt og sannað á undanförunum árum að við getum unnið mjög sterka andstæðinga með ólíkum aðferðum, og ég hef mikla trú á mínu liði. Við þurfum samt sem áður að spila áfram þennan hraða körfubolta sem hefur reynst okkur vel síðustu ár og reyna að koma Ungverjunum þannig úr jafnvægi.“

Mikill vilji til staðar

Craig hefur stýrt íslenska liðinu frá árinu 2014, eða í tíu ár, en undir hans stjórn hefur liðið tvívegis tryggt sér sæti í lokakeppni Evrópumótsins og þá var liðið ansi nálægt því að tryggja sér sæti í lokakeppni heimsmeistaramótsins 2023 sem fram fór á Filippseyjum, í Indónesíu og Japan.

„Það er mikil spennan í leikmannahópnum að hefja leik í undankeppni EM. Það voru mikil vonbrigði að tapa fyrir Sviss í lokaleik 2. umferðar forkeppninnar í ágúst árið 2019 en tapíð gerði það að verkum að við komust ekki í undankeppnina og það sat lengi í okkur. Núna tekur við alveg ný undankeppni og við erum svo sannarlega klárir í slaginn.“

Það er mikið hungur í öllum höpnum að komast aftur í lokakeppnina, líkt og við gerðum 2015 og 2017. Það eru ennþá nokkrir í hópnum sem tóku þátt í lokakeppni og þeir þekkjá þá tilfinningu að spila á stórmóti.

Viljinn er því mikill að fá tækifæri til þess að upplifa þær tilfinningar aftur.“

Liðin sem enda í þremur efstu sætum riðilsins tryggja sér sæti á EM sem fram fer í Finnlandi, á Kýpur, í Letlandi og í Póllandi í ágúst og september á næsta ári.

„Mér finnst við eiga góða möguleika en á sama tíma verður það mjög erfiðt. Ungverjaland er líklega sá mótherji sem við viljum einna helst bera okkur saman við og leikirnir gegn þeim eru algjörir lykilleikir í þessum riðli, það er ekkert flóknara en það.“

Þeir hafa spilað mjög jafna leiki við lið á borð við Frakkland, Litháen og Pólland, síðustu ár, og þetta eru allt topplið. Það sýnir hversu sterkir þeir eru og svo eru auðvitað Ítalía og Tyrkland með okkur í riðli þannig að þetta er ærið verkefni en eins og ég hef áður sagt þá hef ég mikla trú á þessu liði.“

Meiri breidd á bekknum

Líkt og Craig kom sjálfur inn á er Martin Hermannsson, sem hefur verið besti leikmaður íslenska liðsins undanfarin ár, mættur aftur í leikmannahópinn eftir að hafa slitið krossband snemma á árinu 2022 en Martin missti af allri undankeppni HM vegna meisla.

„Undanfarin ár hefur markmiðið verið að gefa óreyndum leikmönnum stærri hlutverk í liðinu, meðal annars vegna meisla lykilmanna. Það hefur ákveðin enduruppygging

átt sér stað og allir í hópnum eru mun reynslumeiri í dag en þeir voru fyrir nokkrum árum, á þessu stærsta sviði körfuboltans.

Í dag erum við komnir á þann stað að við erum með mjög öflugum leikmenn á bekknum. Leikmenn sem geta komið inn á og breytt leikjum fyrir okkur og gert gæfumuninn. Það var ekki alltaf þannig en ég er mjög ánægður með hópinn í dag og þau skref sem leikmenn liðsins hafa tekið á síðustu árum, bæði með landsliðinu og með félagsliðum sínum.“

Mikill lærdómur í Tíblisi

Íslenska liðið var aðeins einu stigi frá því að tryggja sér sæti í lokakeppni HM 2023 eftir sigur gegn Georgíu í Tíblisi, 80:77, en þriggja stiga skot Elvars Más Friðrikssonar geigaði á lokasekúndum leiksins og fór Georgía áfram í lokakeppnina á kostnað Íslands.

„Auðvitað voru það gríðarlega mikil vonbrigði að komast ekki á HM. Það tók okkur tíma að jafna okkur á þeim leik en það má samt ekki gleymast að við unnum þann leik með þremur stigum, á mjög erfiðum útivelli, fyrir framan 10.000 stuðningsmenn georgíska liðsins. Þetta var risastór leikur fyrir bæði lið og Georgía stóð sig líka frábærllega á HM.“

Það var því mikið afrek að vinna leikinn, þó það hafi ekki dugað til þess að komast á HM. Við höfum lært að faðma þennan leik á einhvern hátt og nýta okkur hann til góds. Hann sýndi okkur svart á hvítu að við erum hörkukörfuboltaalið sem getur gefið hvaða liði sem er leik. Í dag held ég að þessi leikur gefi okkur mun meira en fólk gerir sér grein fyrir og vonandi hjálpar hann okkur á leiðinni inn í þessa undankeppni.“

Allt til fyrirmyndar

Miðar á leik kvöldsins seldust upp á nokkrum dögum og er mikill áhugi á íslenska liðinu um þessar mundir.

„Við finnum svo sannarlega fyrir stuðningi íslensku þjóðarinnar og það er klárlega mikill áhugi á liðinu í dag. Það er allt saman mjög jákvætt og við reynum að nýta okkur það eins og best verður á kosid. Sjálfur finn ég fyrir áhuganum og spennunni sem ríkir fyrir þessari undankeppni og auðvitað spennunni sem ríkir fyrir þessu liði sem við eigum.“

Þetta eru allt frábærir strákar og það sem hefur heillað mig einna mest við þá er sú staðreynd að þó þeir séu ekki alltaf í jafn stórum hlutverkum í landsliðinu og þeir eru hjá félagsliðum sínum þá virðist það ekki skipta þá neinu máli. Við erum eitt lið og ein heild. Hér eru allir að róa í sömu átt, strákarnir elska að spila fyrir landið sitt og þjóðina, og hugarfarið er til mikillar fyrirmyndar,“ bætti landsliðsþjálfarinn við í samtali við Morgunblaðið.

Húsið er eins og skrímlið í sögunni

● Natatorium frumsýnd annað kvöld ● Hlotið mikið lof gagnrýnenda ● Ferlið búið að vera mikill rússíbani ● Fyrsta mynd leikstjórans í fullri lengd ● Verður sýnd á hátíðum víða um heiminn

VIÐTAL

Anna Rún Frímansdóttir
annarun@mbl.is



„Fyrsta myndin sem birtist mér var af kvöldverði þar sem fjölskylda er samankomin. Ég sá fyrir mér ofboðslega fallegan fjölskyldukvöldverð þar sem þjáning eða gremja krauma undir yfirborðinu en allir eiga að vera glaðir,” segir Helena Stefánsdóttir, leikstjóri og handritshöfundur, spurð að því hvernig hugmyndin að nýjustu kvikmynd hennar *Natatorium* hafi kviknað. „Ég átti líka tilbúið handrit að stuttmynd um hálfsvystkin sem verða ástfangin og ég mátaði þau inn í þennan kvöldverð. Svo stækkaði sagan og persónurnar í henni smám saman.“

Natatorium er fyrsta kvikmynd Helenu í fullri lengd en titillinn er fenginn að láni úr latínu og merkir sundhöll. Þá hefur Helena leikstýrt sex stuttmyndum og tveimur heimildarmyndum. Sjálf er hún fædd og uppalin í Reykjavík og hefur búið þar mestan hluta ævinnar. Hún fékk þjálfun í leiklist og leikstjórn í París og MFA í myndbandalist í Gautaborg í Svíþjóð. Samhliða gerð stutt- og heimildarmynda hefur hún verið sjálfstætt starfandi myndbandslistakona, gert vídeólist fyrir öll stærstu leikhúsin í Reykjavík, óperuna og sjálfstæð leikfélög.

Bjóst ekki við neinu

Natatorium var heimsfrumsýnd á International Film Festival Rotterdam í janúar við mikið lof gagnrýnenda. „*Natatorium* er töfrandi frumraun Helenu Stefánsdóttur og fléttar listilega saman marglaga fjölskylduharmleik. Hin djúpstæða þrá eftir lausn á áratuga gömlum vandamálum kemur sterklega fram í framúrskarandi leik, ljóðrænu handriti og öruggri leikstjórn,” segir til að mynda í umfjöllun *The Hollywood Reporter*.

Spurð út í þessar góðu viðtökur sem myndin hefur fengið segist Helena ekki hafa búist við neinu. „Þetta er fyrsta bíómyndin mín og það er



Sálfræðilegur tryllir Elin Petersdóttir og Ilmur María Arnarsdóttir í hlutverkum sínum sem Áróra og Lilja. Tónlistin í myndinni leikur stórt og mikið hlutverk en hún verður gefin út af Naxos á næstunni.



Ljósmynd/Kolfinna Nikulásdóttir

Leikstjórnin að störfum „Ég er að fara að gera næstu mynd mjög fljótlega,” segir Helena sem er komin með umboðsmann hjá William Morris Endeavor.

afrek því það er búið að vera mikið af hindrunum. Ég er oft búin að hætta við, oft búin að þurfa pepp. En daginn eftir frumsýninguna komu þessir fjögurra stjórnu dómar og þá gat ég einhvern veginn andað.“

Myndin segir frá ungrri 18 ára stúlkunni, Lilju, sem kemur til Reykjavíkur til að þreyta inntökuþróf í alþjóðlegan gjörningahóp. Hún ákveður að dvelja hjá ömmu sinni og afa sem hún hefur ekki séð lengi vegna ósættis í fjölskyldunni. Lilja kynnist frænda sínum Kalla, sem býr enn þá heima hjá foreldrum sínum en hann þjáist af dularfullum lungnasjúkdómi sem gerir það að verkum að hann er að mestu rúmliggjandi. Fljótlega verður Lilja vör við ýmislegt undarlegt í húsinu og kvöld eitt við matarborðið kemur í ljós að fjölskyldan býr yfir hræðilegu leyndarmáli.

Margar hliðar meðvirkinnar

Í myndinni fylgjumst við með fjölskyldumeðlimunum takast á við þetta stóra og myrka leyndarmál á mismunandi hátt svo meðvirknin með ástandinu á heimilinu er stór hluti af söguþræðinum. Spurð út í þessa nálgun segist Helena sjálf vera einstaklega áhugasöm og forvitin um allt í manlegu fari fólks. „Ég er alltaf að stúdera og skoða. Meðvirknin á sér líka svo margar hliðar því í meðvirkninni þróar fólk með sér alls konar fíkni til að lifa af.“ Útskýrir hún. „Ég kynntist Celeste Ramos rithöfundu í miðju handritsferlinu og fékk áhuga á karakter með drukknunarfíkn, í smásögu hennar *Swim*, sem varð mér innblástur að karakter Kalla. Ég heillaðist af þessari furðulegu fíkn og við að kynna mér hana fékk ég hugmyndina að ömmunni sem heldur öllu í heiljargreipum. Ég raðaði svo persónunum inn í fyrstu myndina sem kom upp í kollinn á mér, fjölskyldukvöldverðinn, en ég var trú henni allan tímann. Fyrir mér þá leiðir allt að þessum kvöldverði þar sem leyndarmálin koma upp en enginn vill samt trú þeim.“

Langt og strembið ferli

Innt eftir því hvernig það sé að ráðast í svo stórt verkefni að gera sína fyrstu mynd í fullri lengd segir Helena að efniviðurinn hafi einfaldlega ekki boðið upp á annað. „Þegar ég áttaði mig á því þá byrjaði ég að skrifa þetta handrit og sækir um fyrsta handritsstyrkinn og fæ hann. Sæki svo um annan handritsstyrk og fæ hann líka. Svo sækir ég um þriðja handritsstyrkinn og fæ hann ekki en þá er ég orðin svo ákveðin að ég ætli að gera þetta og orðin ástfangin af þessum karakterum að

ég gafst ekki upp. En guð minn góður hvað þetta er búið að vera mikill rússíbani,” segir hún og bætir því við að hún hafi stungið handritinu ofan í skúffu í eitt og hálf ár þegar hún komst að því að hún fengi ekki þriðja styrkinn.

„Ég sótti svo um aftur, fékk já og fór í það að leita að framleiðanda en þetta er bara maraþon. Ég varð samt að „fæða“ þetta því ég var búin að ganga með þetta svo lengi, þetta varð bara að koma,” segir Helena og tekur fram að hún hefði ekki getað gert þetta án stuðnings. „Það eru tvær konur hjá Kvikmyndamiðstöð sem hafa alltaf trú á mig en það eru þær Sarma, Sigríður Margrét Vigfúsdóttir, og Gréta Ólafsdóttir. Þær eru eiginlega mínir bjargvættir og ástæðan fyrir því að ég gafst ekki upp á þessum tíma. Sarma sagði við mig að þetta væri eitt af þeim handritum sem hún hefði lesið á sínum ferli sem stæðu upp úr. Svona lifir með manni, þegar fólk talar svona við mann þá verða orðin stærri en efasemdirnar sem maður hefur um að þetta sé ekki neitt.“

Öll heilkenni spennandi

Í *Natatorium* er hið þekkt heilkenni Munchausen Syndrome by Proxy tekið fyrir en um er að ræða sálrænt ástand þar sem einhver framkallar vísitandi einkenni veikinda hjá annari manneskju. Er megintilgangurinn að vera ómissandi, að fá viðurkenningu fyrir að vera góð við sjúklinginn og vera miðpunktur athyglinnar. Svarar Helena því aðspurð að nálgun á svo viðkvæmt málefni krefjist góðs undirbúnings. „Ég er rosalega vandvirk sjálf og undirbý mig alveg þrjá æðislega vel. Ég var búin að lesa eiginlega allt sem hægt er að lesa um þetta heilkenni og þessar konur eru sjálfar yfirleitt með alvarlegt tráma. Þetta eru alltaf konur, það er ekki til neitt dæmi um karlmann með þetta heilkenni. Mér fannst þetta bara spennandi því mér finnst öll heilkenni spennandi, þessar hliðar manneskjunnar sem eru ekki samþykktar í okkar samfélagi.“

Í myndinni má einnig sjá ýmis táknaen skilaboð hér og þar. Litapallettan er áberandi, blár litur hafsins kemur víða við og vatnið leikur stórt hlutverk í myndinni. „Það eiginlega bara gerðist smám saman. Eftir að sú hugmynd kviknaði að hafa sundlaug í kjallaranum, þá fékk ég þessa ástríðu, það kveikti eitthvað í mér. Svo var bara nóg fyrir mig að segja við hljóðhönnuðinn, tónskáldið og leikmyndahönnuðinn orðið „vatn“. Þá kom bara þessi sköpun frá þeim. Það er mikilvægt fyrir mig að fólkið sem vinnur með mér fái vængi til að taka mína hugmynd og lyfta henni upp á æðra plan, með sínum hæfileikum. Ég þarf ekki að fá heiðurinn af öllu. Án listrænna stjórna og allra sem koma að myndinni væri útkoman ekki sú sem hún er,” segir Helena.

Hrollvekjandi sálfræðidrama

Þá hefur *Natatorium* meðal annars verið lýst af gagnrýnendum sem hrollvekjandi sálfræðidrama en innt eftir því hvort sú nálgun hafi verið meðvitað segir Helena svo vera. „Það var meðvitað hjá mér að húsið væri svoltið eins og skrímlið í sögunni. Það er mjög, mjög langt síðan sú hugmynd kviknaði. En svo var mér skyndilega bent á af aðila sem las handritið að þetta væri tryllir og ég hugsaði bara með mér, já geggjað,” segir hún og hlær.

Á næstu misserum mun myndin verða sýnd víða og á mörgum hátíðum, meðal annars í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu. „Hún er að fara út um allt. Það verður prógramm í allt sumar og fleiri og fleiri að biðja um hana, sem er rosalega gaman. Það er svo frábært að vita að hún fái framhaldslíf,” segir Helena að lokum.


25%

afsláttur af öllum Flügger vörum

Navy FL8048

Flügger

FIRST HE CHANGED MUSIC THEN HE CHANGED THE WORLD



BOB MARLEY
ONE LOVE

"INTENSE"
"FEEL-GOOD"
"A BOLD 5 OUT OF 5 STARS!"
"WILL MAKE YOU STAND UP AND CHEER"
"A TRIUMPHANT, ELECTRIFYING MASTERPIECE"
"AN UNBELIEVABLE, ELECTRIFYING TRUE STORY!"

KOMIN Í BÍÓ

SAMBÍÓINN

Nánari upplýsingar um sýningartíma á sambio.is

HER WEB CONNECTS THEM ALL



DAKOTA JOHNSON
MADAME WEB

KOMIN Í ÖLL SAMBÍÓIN

KVIKMYND EFTIR SIGURJÓN KJARTANSSON



Fullt hús
hann er kominn heim.

The Holdovers
THE BEEKEEPER

KOMIN Í BÍÓ

Listaverk þjóðarinnar



Ragna Róbertsdóttir (f. 1945)
Landslag, 1999
Vikur 200 x 200 cm

Hraunið sem efniviður

Ragna Róbertsdóttir tilheyrir þeirri kynslóð íslenskra listamanna sem tekur hefðbundna landslagstúlkun til endurskoðunar. Á tunda áratug liðinnar aldar var Ragna farin að vinna með jarðarbundinn efnivið, hraun, torf eða gler sem jafnvel kemur beint úr því landslagi sem ætlað er að túlka. Ýmist vísa titlar verka hennar til staðarins þaðan sem efni verkanna eru fengin, svo sem Heklu, eða með almennari titlum eins og Landslag. Birtingarmynd landslagsins – fyrirmyndarinnar – kemur fram í formi efnisins, ekki myndmálinu sem slíku.

Í Hekluverkem Rögnu er ekki um að ræða myndir af eldkeilunni eins og hún hefur oft verið túlkuð af landslagsmálurum. Ragna gengur alla leið að hrauninu og notar það sem efniviðinn, í formi vikurs, rauðamalar eða hraungrýtis. Samruni efnis og inntaks verður einstakur innan þess þrönga ramma sem hún sníður verkunum. Þótt list Rögnu virðist minimalísk í framsetningu má greina persónulega þræði í inn-taki verka hennar sem einkennast af nánd við landslagið og náttúru-öflin. Hvað þetta áhrærir eiga þau ýmislegt sameiginlegt með

verkum umhverfislistamanna á borð við Bretann Richard Long eða Bandaríkjamanninn Robert Smithson. Þeir drógu landslagið inn í sýningarrýmið á sjöunda og áttunda áratug liðinnar aldar með því að flytja þangað náttúrulegan efnivið, grjót, sprek eða jafnvel steingerðan kóral. Vikurmulningurinn í Landslagi Rögnu – rauðamöl eða glermulningur í öðrum tilvikum – tvinnar saman tvívíða list og þrívíða. Samkvæmt strangri formrænni flokkun fellur verk Rögnu undir lágmynd en áferð þess og ásýnd er mun nær teikningu.

Verkið er í eigu Listasafns Íslands og er hluti af sýningunni Viðnám í Safnahúsinu við Hverfisgötu. Listasafnið er opið alla daga nema mánudaga kl. 10-17. Umfjöllunin er birt í samvinnu við Listasafn Íslands.

Nielsen og Schumann með Veru og Sinfó

„Nielsen og Schumann“ er yfirskrift tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborg í kvöld, fimmtudaginn 22. febrúar, kl. 19.30. Þar leikur Vera Panitch annar konsertmeistari fiðlukonsert danska tónskáldsins Carls Nielsens. „Nielsen hafði háleit markmið þegar hann hóf að semja konsertinn árið 1911 og reyndist verkið bæði áhrifamikilið og frumlegt í formi. Á efnisskránni er einnig þriðja sínfónía Schumanns, sannkallað meistaraverk innblásið af fegurð Rínarlanda og æsileg þjóðlagafantasía fyrir hljóm-sveit eftir György Ligeti,“ segir í



Fiðlukonsert Vera leikur áhrifamikilið verk Nielsens með Sinfóníunni.
tilkynningu. Hljómsveitarstjóri er Christian Óland en Leo McFall sem upphaflega átti að stjórna tónleikunum forfallaðist.

Borgarleikhúsið

Eitruð lítil pilla (stóra sviðið) Söngleikur með tónlist Alanis Morissette

Fös. 23 / 02 kl. 20:00	U	Fös. 01 / 03 kl. 20:00	U	Fim. 07 / 03 kl. 20:00	U
Lau. 24 / 02 kl. 20:00	U	Sun. 03 / 03 kl. 20:00	U	Fös. 08 / 03 kl. 20:00	U
Fim. 29 / 02 kl. 20:00	U	Mið. 06 / 03 kl. 20:00	U	Fim. 14 / 03 kl. 20:00	Ö

Fíasól (stóra sviðið) Nýjar dagsetningar komnar í sölu

Lau. 24 / 02 kl. 13:00	U	Lau. 09 / 03 kl. 13:00	U	Sun. 21 / 04 kl. 13:00	L
Sun. 25 / 02 kl. 13:00	U	Sun. 10 / 03 kl. 13:00	U	Lau. 27 / 04 kl. 13:00	L
Lau. 02 / 03 kl. 13:00	U	Lau. 16 / 03 kl. 13:00	Ö		
Sun. 03 / 03 kl. 13:00	U	Sun. 17 / 03 kl. 13:00	Ö		

Lúna **** „Leikhús að gera það sem við ætlumst til af því.“ - Þ.T., Mbl

Fös. 23 / 02 kl. 20:00	U	Mið. 06 / 03 kl. 20:00	U	Lau. 23 / 03 kl. 20:00	U
Lau. 24 / 02 kl. 20:00	U	Fim. 07 / 03 kl. 20:00	U	Lau. 06 / 04 kl. 20:00	Ö
Fös. 01 / 03 kl. 20:00	U	Fös. 08 / 03 kl. 20:00	U	Fös. 12 / 04 kl. 20:00	Ö
Sun. 03 / 03 kl. 20:00	U	Lau. 16 / 03 kl. 20:00	U	Lau. 13 / 04 kl. 20:00	L

Níu líf (stóra sviðið) Átt þú eftir að sjá?

Fim. 09 / 05 kl. 20:00	U	Fim. 23 / 05 kl. 20:00	U	Fös. 31 / 05 kl. 20:00	U
Fös. 10 / 05 kl. 20:00	U	Lau. 25 / 05 kl. 20:00	U	Sun. 02 / 06 kl. 20:00	L
Sun. 12 / 05 kl. 20:00	U	Sun. 26 / 05 kl. 20:00	Ö	Fös. 07 / 06 kl. 20:00	U
Fim. 16 / 05 kl. 20:00	U	Fim. 30 / 05 kl. 20:00	Ö	Lau. 08 / 06 kl. 20:00	L

Deleríum búbónis Síðustu sýningar fyrir páska

Sun. 25 / 02 kl. 20:00	Ö
Lau. 02 / 03 kl. 20:00	L
Lau. 09 / 03 kl. 20:00	L
Fös. 15 / 03 kl. 20:00	L

Vaðlaheiðargöng

Lau. 02 / 03 kl. 20:00	Ö
Fös. 15 / 03 kl. 20:00	L
Sun. 24 / 03 kl. 20:00	L

X Dulmagnað spennuleikrit

Lau. 16 / 03 kl. 20:00	U
Sun. 17 / 03 kl. 20:00	Ö
Lau. 23 / 03 kl. 20:00	Ö

Óbærilegur léttleiki knattspyrnunnar

Sun. 25 / 02 kl. 20:00	U
Fim. 29 / 02 kl. 20:00	U
Lau. 02 / 03 kl. 20:00	U

Flairi sýningar á borgarleikhus.is | midasala@borgarleikhus.is | 568 8000



Veitingar frá Jómfrúnni fást í Borgarleikhúsinu!





AFP/Stringer

Freykið Bítlarnir fjórir munu lifna við á hvíta tjaldinu árið 2027.

Gera fjórar kvikmyndir um Bítlana

Fjórar kvikmyndir um Bítlana eru væntanlegar, ein ævisöguleg mynd um hvern meðlim hljómsveitarinnar, í leikstjórn Sams Mendes. Gert er ráð fyrir að myndirnar fari í sýningu árið 2027. Þetta hefur AFP eftir kvikmyndafyrirtækinu Sony Pictures.

Er þetta í fyrsta sinn sem eftirlifandi Bítlarnir Paul McCartney og Ringo Starr og fjölskyldur Johns Lennons og George Harrison, sem og útgáfufyrirtæki þeirra Apple Corps Ltd., hafa gefið leyfi fyrir gerð slíkra mynda. Ýmsar heimildarmyndir um þá félagu hafa verið gerðar en engar leiknar myndir byggðar á frumsömdu handriti.

Mendes er þekktur fyrir myndir á borð við *American Beauty* og James Bond-myndirnar *Skyfall* og *Spectre* en hann mun leikstýra myndinni ásamt Pippu Harris.

Þrjú myndlistarmenn sýna í SÍM



Af sýningunni.

Sýningin *Frosti verður opnuð í SÍM-salnum Hafnarstræti 16 í dag, fimmtudaginn 22. febrúar, kl. 17-19. Sýningin samanstendur af nýjum og nýlegum verkum þriggja myndlistarmanna sem dvelja hér á landi í residensíu á vegum Slovak Union of Visual Artists, SVU og SÍM. Listamennirnir þrjú eru Diana Cizmarová, Martina Šottová og Stanislav Bubán.*

Með marbletti á rótunum

BÆKUR

EINAR FALUR
INGÓLFSSON



Ljóð

Sólgarðurinn ★★★★★

Eftir Beini Bergsson.
Guðrún Brjánsdóttir þýddi.
Sæmundur, 2023. Kilja, 68 bls.

Leggir þú bakið bert upp við maga minn fínnurðu hve múkt grasið er og hvernig það grær á milli tveggja heitra linda (7)

Í þessu ónefnda upphafsljóði eða upphafserindi *Sólgarðsins* eftir færeyska skáldið Beini Bergsson er tónn verksins sleginn, fallega einlægur og tregafullur samruni eða flétta persónulegra minninga, hugleiðinga um gróðurrikan garð og svo ásta. Beinir er meðal efnilegustu rithöfundu og skálda eyjanna átján; aðeins hálfþrítugur



en hefur sent frá sér bæði ljóð og prósavverk. Tvítugur að aldri hreppti hann færeysku EBBA-bókmenntaverðlaunin fyrir sína fyrstu bók og *Sólgarðurinn*, sem kom út 2021, var tilnefndur fyrir hönd Færeyska til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs ári síðar.

Sólgarðinn má lesa sem einn samfelldan bálk um sextíu laustengdra ljóða eða erinda sem eru frá tveimur upp í hátt í þrjátíu línur hvert. Ljóðmælandinn er ungur karlmaður og eftir upphafsljóðið, þar sem fyrst er lýst atlotum tveggja karla og þau tengd gróðri, er næst kölluð fram minning um ömmu í garðinum sínum sem hún sagði að „þrifist / á blóðinu okkar“. Og strax í næsta ljóði spyr ljóðmælandinn burnirót hvað fái hana til að þrifast betur hjá honum og persónugerð biður hún hann um að tala um föður hans og aðra menn í garðinum. Brota-



Skáldið Beinir var tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

kenndar minningar um ömmuna og garð hennar, um föðurinn sem er látinn og hvílir í öðrum garði, og svo uppgötvanir unga mannsins í ástarlífinu bindast saman; garðurinn og svefnherbergið með núningi svitastokkinna atlota kallast stundum á eða verða eitt í ljóðunum, undirbyggð með vísunum í heim garðs og gróðurs. Eins og þegar ljóðmælandinn stendur eitt sinn einn í herberginu og horfir á kuðluð sængurfötin, elskhuginn er farinn og

ég dreg frá gluggatjöldin anda inn kvöldinu og leyfi fjallafræhyrnni að vaxa

hún skýtur rótum í lungunum og dregur upp úr mér tárin (10)

Sólgarðurinn vakti talsverða athygli þegar bókin kom út í Færeysjum og hefur verið lýst sem tímamótaverki þar, og þá ekki síst vegna þess hve fjallað er á einlægum og opinskáan hátt um hinseginn ástir. Hvergi er notalegra að koma en til Færeysja, og heimamenn rómaðir fyrir gestrisni og hlýju, en þó hefur líka því miður þrifist þar sérlega forpokuð og fordómafull afstaða til vissra hluta og til að mynda samkynhneigðar. Eftirminnilegt er til að mynda þegar þarlendur stjórnmálamaður neitaði að taka í

hönd íslensks ráðherra vegna kynhneigðar hans. Það hefur því líklega verið mikilvægur sigur í eðlilegri frelsibaráttu hjá frændum okkar þegar þetta fallega einlæga og vel skrifaða verk Beinís var tilnefnt til verðlauna Norðurlandaráðs. Það er líka ánægjuefni að sjá bókina þetta lipurlega þýdda af Guðrúnu Brjánsdóttur; miklu meira ætti líka að þýða af færeyskum bókmenntum en gert er. Nokkrum áhugaverðum verkum hefur verið snarað á undanförunum árum en minna af ljóðum en vera ber, til dæmis var hið frábæra ljóðasafn Róa Paturssonar, Líkasum, sem vann Bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir hálfum fjórða áratug, því miður aldrei þýtt á íslensku.

Í ljóðum Beinís er líkami ljóðmælandans látinn kallast fallega á við gróðurinn í görðum ömmunnar og þeim sem faðirinn hvílir í. Stundum með afar einföldum hætti, eins og hér:

Steinbrjóturinn:

Ég er með alveg eins marbletti og þú á rótunum mínum (23)

Og í allnokkrum ljóðanna eru dregnar upp myndir af atlotum elskendanna sóttar í garðyrkjuna:

Þú smyrð olíu á bakið á mér nuddar lófnum upp eftir hryggsúlunni mýkir jarðveginn (37)

Þá eru líkamshár kölluð í öðru ljóði magagras og skegg breytist í kynlífinu í „ullarhár / eins og klóffa / sem vex í votlendi“.

Brota kenndar minningarnar um föðurinn og ömmuna sem birtast eru ljúfsárar en skáldinu tekst iðulega að tengja þær fallega saman við gróðurlýsingarnar, eins og undir lok verksins þar sem ljóðmælandinn tekur „rabarbarastilk úr sólgarðinum / sem við gróðursettum saman / dýfi honum í sykur / finn fyrir þér á tungunni“. En jafnframt er garðurinn með árstíða-kenndum breytingunum áminning um hringrás lífsins og dauðans, líka í rúminu þar sem ljóðmælandinn upplifir sælustundirnar:

Ég legg eyrað við dýnuna heyrir í öndandi möðkum (68)

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



ELITE stólfalínan
3 gerðir: William, Alex, Charles,
3 möguleikar: Rafdrifinn, manual
eða með skammeli.
3 litir Cognac, dökk brúnt, svart,
alþóstráður með anelinn leðri.



VIKTOR Hækkanlegur rafdrifinn
hvíldarstóll með innb. skammeli.
Til í svörtu leðri og gráu tauðklæði.



ALEXANDER Hækkanlegur rafdrifinn
hvíldarstóll með innb. skammeli.
Til í svörtu leðri og gráu tauðklæði.

NYFORM
HÚSGAGNAVERSLUN

Komið og skoðið úrvalið

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

„Óvenju spennandi listamaður“

● Hallgrímur fær fimm stjörnur

Sýning Hallgríms Helgasonar á Nordatlantens brygge í Kaupmannahöfn hlaut nýverið afar góðan dóm hjá myndlistargagnrýnanda vefsins Kulturinformation, Louise Frevert. Gefur hún sýningu hans, *Gruppeportræt af selvet* eða *Hópmynd af sjálfí*, fimm stjörnur af sex og hefur greininna á að segja að Hallgrímur sé kænn listmálari og að honum liggi mikið á hjarta.

Frevert segir Hallgrím neyða áhorfandann til að vera athugulan. „Þú getur ekki bara gengið hratt fram hjá málverki og trúað að þú sleppir undan taki hans. Hugsanirnar í málverkunum tákna hver um sig eins konar rödd, sem saman skapa heildrænan skilning.“

Þá skrifar hún einnig: „Úff, ég varð næstum móð af þessu stórvirki í krókum og kimum heilans, sem rignir yfir mann á sýningunni. Hver mynd krefst nákvæmrar athugunar.“

Frevert skrifar að hún haldi að maður geti aldrei lokið við að túlka málverk Hallgríms. „Þau eru stöðugt á hreyfingu. Þetta er ofsalega góð leið til þess að



Morgunblaðið/Kristinn Magnússon

Listamaður Hallgrímur sýnir sjálfsmyndir í Kaupmannahöfn.

miðla boðskap sínum,“ skrifar hún og lýkur máli sínu á að segja Hallgrím vera „óvenju spennandi listamaður“.

Hallgrímur hefur nýverið hlotið góða dóma fyrir skáldsögur sínar erlendis, til að mynda í Frakklandi, en hann virðist einnig vera farinn að vekja athygli utan landsteinanna fyrir hinn hluta listsköpunar sinnar, myndlistina. Sýning hans í Kaupmannahöfn stendur til 26. maí.



WALT DISNEY

SYRPA

MÃNADARIN
ER KOMIN TIL ÁSKRIFENDA



Nýjar spennandi sögur
í hverjum mánuði.

KOMDU Í ÁSKRIFT Á SYRPA.IS

edda
WWW.EDDA.IS

„Þetta er tónlistarafrek út af fyrir sig“

● Tvær kynslóðir takast á ● Feðraveldið skorað á hólm ● Evrópufrumsýning annað kvöld í Borgarleikhúsinu ● Jagged Little Pill var valin besta söngleikjaplatan á Grammy-verðlaununum 2021

VIÐTAL

Anna Rún Frímansdóttir
annarun@mbl.is



Söngleikurinn *Eitruð lítill pilli*, sem byggður er á tónlist af plötu Alanis Morissette *Jagged Little Pill* verður frumsýndur annað kvöld klukkan 20 í Borgarleikhúsinu. Var platan talin ein sú áhrifamesta á tíunda áratugnum en hún er jafnframt ein söluhæsta hljómplata allra tíma.



Alfrún Helga Órnólfsdóttir

Þá þykir tónlist Morissette einkennast af óbeisluðum krafti og hráum og hnitmiðuðum textum en lög á borð við „You Oughta Know“, „You Learn“ og „Ironic“ eru ótvírætt

meðal helstu einkennislaga tíunda áratugarins.

„Þessi plata, sem við þýðum *Eitruð lítill pilli*, er ein mest seldi rokkplata í Bandaríkjunum þannig að fyrst og fremst var það músíkin sem kveikti áhuga til að byrja með,“ segir Alfrún Helga Órnólfsdóttir, leikstjóri og leikari, spurð að því hvernig það hafi komið til að þessi söngleikur var valinn til sýningar hér á landi. „Handritið er ótrúlega sterkt og sagan á brýnt erindi við samtímann. Það sem er líka svo spennandi er að þetta er Evrópufrumsýning.“

Fékk algjört nostalgíukast

Söngleikurinn var frumsýndur á Broadway í nóvember árið 2019 og hlaut hann tvönn Tony-verðlaun og 15 tilnefningar auk Grammy-verðlauna fyrir bestu söngleikjahljómpötuna.

„Ég var 14 ára þegar platan kemur út árið 1995 og ég man eftir því að hafa arkað í Skifuna á Laugaveginum í einhverri slyddu og slabbi til að kaupa mér þennan disk. Svo var hann bara á „repeat“ næstu árin,“ segir Alfrún og hlær.



Ljósmyndir/Iris Dögg Einarsdóttir



Dramatísk viðfangsefni Alfrún segir Diablo Cody vera þekktu fyrir að nálgast flókin og erfið málefni með góðum skammti af húmor.

Óbeislaður kraftur Textar Alanis Morissette þykja hráir og hnitmiðaðir en lög á borð við „You Oughta Know“ og „Ironic“ voru ansi vinsæl á tíunda áratugnum.

„Ég fékk því algjört nostalgíukast þegar ég byrjaði að hlusta aftur á tónlistina og mundi einmitt hvað hún er ótrúlega grípandi. Textarnir og þessi hráir og sanni tónn Alanis fara með mann í því líkt tilfinningaferðalag. Platan hefur enn þá sömu áhrif á mig núna og þegar ég var unglingur svo það er einhver galdur þarna,“ segir hún og bætir því við að sem leikstjóri sé svo mikilvægt að hafa efnivið sem maður sé innblásinn af.

Smá tónleikafillingur

Spurð að því hvernig höfundunum hafi tekist upp við að flétta löginn inn í söguþráðinn segir Alfrún að útkoman sé fyrst og fremst alveg mögnuð.

„Þetta eru algjörlega löginn hennar eins og við þekkjum þau en það er búið að bæta inn í útsetningarnar meira af bakraddakörum. Það hefur tekið því líkan tíma fyrir leikþópinn að læra allar þessar raddanir svo þetta er tónlistarafrek út af fyrir sig. En þessar útsetningar virka mjög vel, þær stækka einhvern veginn söguheiminn og skapa nokkur gæsaúðarmóment, skapa smá meiri söngleikjafilling án þess að missa tengingu við rokkið og hráleikann,“ segir hún og tekur fram í kjölfarið að platan sé einstaklega beinskeytt, einlæg og hrá.

„Við notum svolítið þessa tónleikafagurfræði í uppsetningunni. Bæði í útliti og fíling. Það er til dæmis fimm manna hljómsveit sem flytur tónlistina á sviðinu, uppi á þakinu á húsi fjölskyldunnar. Þannig að þú ert greinilega á tónleikum en svo mætir tíu manna kór og dansarar og sprengja út raunveruleikann.“

Innt eftir vali á leikarahópnum segir Alfrún margt spila inn í en að hópurinn sé æðislegur og ótrúlega hæfileikaríkur.

„Fyrir söngleik er ekki bara nóg að vera með geggjaða söngvara. Það er jafnmikilvægt að vera fær leikari sem getur miðlað tilfinningaferðalagi persónunnar og hrifið okkur með inn í hennar sársauka og gleði. Þannig að þegar valið er í hlutverk þarf að taka með í reikninginn leikhæfileika og færni til þess að heilla með söng,“ útskýrir hún.

„Sumir í leikhópnum eru þrautþjáfaðir söngvarar á meðan aðrir eru að stíga sín fyrstu skref í söngleik. Verkið fjallar annars vegar um konu á miðjum aldri

sem þarf að horfast í augu við gamalt áfall, sem hún hefur grafið djúpt innra með sér, og hins vegar um ungt fólk sem býður gömlum hugmyndum byrginn og vill tala opin skátt um sársauka og ranglæti heimsins. Þetta eru ungar manneskur sem eru að leita að sjálfum sér og vilja frelsi til að berjast fyrir sínum tilverurtti á sínum forsendum. Mér finnst stundum betra að söngurinn sé ekki algjörlega fullkominn heldur hrár og fallega ófullkominn. Aðalmálið er að hann komi frá hjartanu, frá innsta kjarnanum eins og hjá Alanis Morissette sjálfri.“

Viðkvæmt viðfangsefni

Í verkinu fáum við að fylgjast með hjónunum Mary Jane og Steve, ásamt börnun þeirra Nick og Frankie, glæsilegri fyrirmyndar fjölskyldu á yfirborðinu, þar til Mary Jane lendir í bílslysi og fer að taka nokkrar óþiófða-töflur á dag. Smátt og smátt fer að kvarnast úr fallettu fjölskyldu-myndinni, sem Mary Jane sendir með jólakortinu á hverju ári, og áður en yfir lýkur þarf fjölskyldan að horfast í augu við óþægilegar staðreyndir sem eru kannski, þegar betur er að gáð, grundvöllur líffsins.

En ætli það sé ekkert erfitt að takast á við svo viðkvæmt viðfangsefni sem óþiófðafíkn er?

„Það eru í rauninni mörg stór og dramatísk viðfangsefni í þessum söngleik en Diablo Cody, sem skrifar þetta verk, er þekkt fyrir að nálgast flókin og erfið málefni með góðum skammti af húmor. Textinn er orkumikill og hrytinn og karakterarnir gera oft grín að sjálfum sér á sínum erfiðustu augnablikum. Músíkin kemur svo með umbreytingarkraftinn, vonina og gleðina,“ segir Alfrún.

„Mér finnst magnað hvað þessar konur, sem þjuggu til söngleikinn, eru óhræddar við að tækla stór vandamál í nútímasamfélagi inn í þetta form söngleiksins sem maður tengir oft við eitthvað létt og skemmtilegt. Verkið er vissulega skemmtilegt en það er líka hárbætt og spyr stórra spurninga um hvernig samfélagi við viljum búa í. Höfundarnir skora feðraveldið á hólm með sínum kvenlega kynngikrafti.“

Verkið á erindi við stóran hóp

Segur Alfrún verkið eiga að geta höfðað til breiðs hóps.

„Í verkinu höfum við tvær kynslóðir sem takast á. Ungt fólk á menntaskólaaldri sem berst fyrir réttlæti og breytingum en það er miklu víðsýna og opnara en foreldrarnir og samfélagið sem er íhaldssamara, lítað af feðraveldinu og gömlum hugmyndum um hvað má segja og hvað ekki. Það er flókið að breyta gömlum mynstrum en persónurnar þurfa flestar að ganga í gegnum einhvers konar hreinsunareld til að þroskast og vakna. Það verða því til átök þegar baráttan um nýjan og betri heim á sér stað.“

Þá tekur Alfrún fram að lokum að undirbúnings- og æfingartímabilið hafi einkennast af fallettri samvinnu og sprúðlandi sköpunarkrafti og að eftirvæntingin fyrir frumsýningardegnum sé mikil. „Þetta er svo dásamlegur hópur og ég mun sakna þess að hitta þau á hverjum degi. Þetta er stærsta leikstjórnarverkefnið sem ég hef fengið við en ég veit svo sem ekkert skemmtilegra en góða áskorun. Ég er virkilega þakklát fyrir að hafa fengið tækifæri til að búa til svona stórsýningu með þessu undratými. Tilfinningin er eins og að hafa fengið að leika með risastóran dótakassa í besta starfi í heimi.“



comma,

FALLET, FÁGAÐ & TÖFF

ÁRMÚLI 5



www.arctictrucks.is

Glænýr og brakandi ferskur Arctic Trucks vefur



Allt um breytingar og fróðleikur um
jeppa- og ferðamennsku á fjöllum

Vefverslun með mikið úrval aukahluta,
dekk, felgur, breytinga- og ferðavörur



Strands Led Bar með blikkljósum



Motul olíu
og efnavörur



Viair loftdælur

ARB
driflæsingar



Thermal Blade
upphitaðar
rúðupurrkur



Dráttartóg



Húdd- og
gluggavindhlífar



Come Up dráttarspil



Strands
númerarammaljós



Dekk og felgur

Komdu í heimsókn á **www.arctictrucks.is** allan sólarhringinn
eða á Kletthálsinn á milli kl. 8-17 alla virka daga

Samfelldir töfrar í 75 mínútur

TÓNLIST

MAGNÚS LYNGDAL
MAGNÚSSON



Harpa

Víkingur leikur Goldberg-tilbrigðin
★★★★★

Verk eftir Johann Sebastian Bach.
Víkingur Heiðar Ólafsson (einleikari á píanó). Tónleikar í Eldborg Hörpu föstudaginn 16. febrúar 2024.

Þessi [Goldberg-]tilbrigði eru þannig að þau eru mikilfenglegasta hljómborðsverk sögunnar og í mínum skilningi mikilfenglegasta tónverkið af því að þau eru svo þversagnarkennd. Þau eru mikilfenglegasti tónlistarstrúktúr sem ég hef séð. Þannig komst Víkingur Heiðar Ólafsson að orði í viðtali við Morgunblaðið hinn 14. febrúar síðastliðinn en tónleika hans í Hörpu 14., 16. og 18. febrúar var beðið með mikilli eftirvæntingu. Á efnisskránni voru einmitt Goldberg-tilbrigðin eftir Johann Sebastian Bach (1685-1750) og fylgir hann þannig eftir nýrri hljómplötu sem kom út hjá þýska forleggjaranum Deutsche Grammophon í fyrra. Víkingur ferðast nú um heiminn og leikur tilbrigðin, þar á meðal fyrir skemmstu í Norður-Ameríku þar sem hann fór mikla sigurför og hlaut mikið lof gagnrýnenda vestra. Raunar hlaut hljóðritun hans á Goldberg-tilbrigðunum líka lofsamlega dóma, nánast alls staðar þar sem ég hef séð, og það ríkti því spennan í Eldborgarsal Hörpu föstudagskvöldið 16. febrúar, það er að segja daginn sem undirritaður sá Víking Heiðar leika. Löngu uppseldum fyrstu tónleikunum í seríunni (14. febrúar) var líka sjónvarpað víða og mæltust þeir vel fyrir.

Bach samdi Goldberg-tilbrigðin árið 1741, þá 56 ára gamall, og voru þau eitt tiltölulega fárra verka tónskáldsins sem komu út á prenti meðan Bach lifði. Verkið var samið fyrir, tileinkað og kennt við Johann Gottlieb Goldberg (1727-1756), ungan nemanda Bachs. Um er að ræða alls þrjátíu tilbrigði með aríu sem leikin er á undan og á eftir (da capo) flutningi tilbrigðanna.

Ég var mjög hrifinn af hljóðritun



Morgunblaðið/Eggert

Víkingur „Þessir tónleikar voru upplifun og það er mín fjallgrimm víska að þeir eiga eftir að vera greypdir í minni þeirra sem á hlýddu,“ segir rýnir.

Víkings Heiðars á tilbrigðunum fyrir Deutsche Grammophon og í dómi í Morgunblaðinu hinn 2. nóvember 2023 komst ég meðal annars svo að orði að í túlkun Víkings Heiðars byggir nokkurs konar frásögn, það er að segja að hann væri að segja hlustendum frá einhverju með leik sínum og drægi því upp eins konar „mynd“: „Sú mynd er einmitt afar sannfærandi; verkið myndar heild sem einkennist af útskotum hér og þar eða einhvers konar krókum og kimum sem Víkingur rannsakar gaumgæfilega – aldrei þó á kostnað heildarinnar.“ Ég var því spenntur að heyra lifandi túlkun Víkings Heiðars en fram að tónleikunum í Hörpu hafði hann leikið Gold-

berg-tilbrigðin á tónleikum í á sjötta tug skipta og sjálfur segist hann alltaf vera að uppgötva eitthvað nýtt í verkinu.

Fá tónskáld hafa gert jafn mikið úr jafn litlu og Bach í upphafs (og loka) aríu Goldberg-tilbrigðanna en hana lék Víkingur Heiðar stundum eilítið til baka í upphafi tónleikanna nú og dró aðeins seiminn í lokaendurtekningunni (hann þurfti reyndar að byrja tvisvar því rétt eftir að hann hóf leik fór sími í salnum að hringja hátt og snjallt og ég er viss um að eigandi hans kemur til með að muna eftir því að slökkva á símanum næst). Fyrstu fjórtán tilbrigðin eru öll í G-dúr (eins og arían) og lék Víkingur Heiðar þau

flest þýsna hratt miðað við marga aðra píanista, einkum fyrsta, fimmta og fjórtánda tilbrigðið (en kannski að frátöldu því þrettánda). Um leið var flutningurinn þó ákaflega skýr (þannig komu bassa- og tenórraddir afar vel fram). Tónninn var syngjandi og fíngerður en barst þó vel. Ég hef líka áður getið þess að Víkingur Heiðar hefur mikið vald á að stjórna styrkleika- og hraðabreytingum (rubato) á sama tíma og því var einmitt að heilsa í Hörpu. Ef við miðum við hljóðritun Víkings Heiðars á verkinu var flutningurinn nú kannski ívið ákafari en um leið dýnamískari; túlkunin var raunar um marga dýpri sem er auðvitað ekkert skrítið miðað við það að hann er búinn að leika verkið í yfir fimmtíu skipti á tónleikum á undanförunum mánuðum.

Tilbrigðin í g-moll hefjast með því fimmtánda en hin eru númer 21 og 25 (sem er jafnframt lengsta tilbrigðið tímalega séð). Fimmtánda tilbrigðið (Canone alla Quinta) er áleitinn músik sem Víkingur túlkaði í þýsna rólegu tempói, jafnvel ívið hægar en hann gerir á Deutsche Grammophon-hljóðritun sinni. Hann hægði á hér og þar og notaði styrkleikabreytingar afar smekklega hvort sem um var að ræða staccato (þar sem nótur eru slitnar í sundur) eða legato (þar sem nótur eru bundnar saman); einkum var þetta áberandi undir lok fimmtánda tilbrigðisins í lúshægu tempói sem Víkingur lék undurblift. Túlkunin var afar fágúð en um leið öll á dýptina. Ljósastýringin í Eldborgarsalnum var líka notuð til þess að auka áhrifin en ljósin voru færð niður í nánast almyrkur í 15. og 25. tilbrigðinu.

Fimmtánda tilbrigðið myndar svo að segja nokkurs konar „forleik“ að seinni helmingi Goldberg-tilbrigðanna. Ef frá eru talin g-moll-tilbrigðin númer 21 og 25 er seinni hluti tilbrigðanna skrifaður í nokkuð hröðu tempói. Leikur Víkings Heiðars í seinni hlutanum var því þýsna gangandi, þar á meðal 17. og 23. tilbrigðið, en þau númer 26 og 28 lék hann á leifturhraða (og ekki var tæknin að þvælast fyrir honum). Þá var 30. tilbrigðið eftirminnilegt og miðað við Deutsche Grammophon-upptökuna fannst mér Víkingur Heiðar hafa ívið meiri stjórn á dýnamíkinni til að mynda þar.

Eftir um það bil klukkustundarleik Víkings Heiðars var komið að

25. tilbrigðinu (Adagio), sem eins og áður segir tekur lengstan tíma allra tilbrigðanna í flutningi. Hér var leikur Víkings Heiðars margslunginn en tilbrigðið er stundum nefnt „svarta perlan“. Það er skrifað í taktboðanum 3/4 og miðað við hvað tilbrigðið er „hægt“ er laglinan sem Bach skrifar yfir hljómganginn þýsna „hröð“ og alsett krómáttik. Þetta tilbrigði hefur reynst mörgum píanóleikurum nokkur ráðgáta og ekki eru allir sammála um hvernig beri að túlka það. Mér fannst Víkingur Heiðar hins vegar hafa skýra sýn á þessa ljóðrænu krómáttik sem Bach skrifar, þó vissulega sé túlkun hans í hægari kantinum miðað við margt af því sem ég hef heyrt. Ef eitthvað var þá var túlkun hans nú ögn hægari en á hljóðrituninni sem fór saman við djúpa líkamstjáníngu og nær almyrkvaðan sal.

Eftir að tilbrigðunum sjálfum lauk endurtók Víkingur Heiðar aríuna (da capo). Hann lék aríuna hér án allra endurtekinga og túlkun hans var í senn innhverf og ihugul og rammaði þannig glæsilegan flutning inn. Hér var eins og að allt kæmi heim og saman eftir um það bil sjö tíu og fimm mínútna langt ferðalag um ólík tilbrigði, tóntegundir og taktbreytingar.

Það er auðvitað í besta falli akademísk æfing að bera saman annars vegar stúdíó-hljóðritun og hins vegar upplifun á tónleikum, jafnvel þó svo að verið sé að flytja sama verkið. Ef við leyfum okkur samt sem áður einhvers konar samamburð, með öllum þeim fyrirvörum sem eðlilegt er að setja, þá var túlkun Víkings Heiðars í Hörpu dýpri, dýnamískari og jafnvel ljóðrænni en heyrst á Deutsche Grammophon-hljóðrituninni. Auðvitað eru engir tvennir tónleikar eins og jafnvel bara hljómburður í tilteknum tónleikasal getur haft mikil áhrif á upplifun hlustenda, hvað þá hvernig píanóleikari notar pedala hverju sinni. Hljómburðurinn í Eldborg Hörpu er auðvitað frábær og það setti meðal annars mark sitt á túlkun Víkings Heiðars nú. Þannig bárust til að mynda veikustu tónarnir (pianississimo) um allan sal og það sem meira var, hver einasta nóta söng, en það er auðvitað Víkingi Heiðari og hæfileikum hans að þakka. Þessir tónleikar voru upplifun og það er mín fjallgrimm víska að þeir eiga eftir að vera greypdir í minni þeirra sem á hlýddu. BRAVÓ!

EILEEN GRAY BORDIÐ
Verð 189.000 kr.

Casa

Casa Skeifan 8 | Sími 588 0640 | casa.is



20% afsláttur
af öllum pöntunum

Sérfræðingur

frá **auping** verður verslun okkar
Skeifunni 6, í dag, á morgun
og laugardag, 22. -24. febrúar



auping
with love

Skeifan 6 / Kringlan / Smáralind / Laugavegur 7 / www.epal.is



Skóðuðu rúmin
okkar áður en þú
tekur ákvörðun.

RÚV

- 13.00 Fréttir með táknmalstúlkun
- 13.25 Heimaleikfimi
- 13.35 Kastljós
- 14.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1992-1993
- 15.20 Orðbragð II
- 15.50 Venjulegt brjálæði - Hvað kostar hegóm-inn?
- 16.30 Síðasti séns
- 17.00 Mann dómsár Mikkos - Fimmta þrautin - Þríþraut
- 17.30 Landinn
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Lesið í líkamann
- 18.29 Maturinn minn
- 18.40 Nei sko!
- 18.45 Krakkafréttir með táknmalstúlkun
- 18.50 Lag dagsins
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Gettu betur
- 21.30 Okkar á milli
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Löggluvalaktin
- 23.05 Dansmeyjar
- 23.50 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 12.00 Heartland
- 12.45 Love Island: All Stars
- 13.45 The Block
- 14.45 Top Chef
- 15.35 The Bachelorette
- 17.10 Everybody Hates Chris
- 17.35 The King of Queens
- 18.00 Ghosts
- 18.25 Love Island: All Stars
- 19.20 Fram - Selfoss BEINT
- 21.00 Punktalínan
- 21.15 Law and Order
- 22.05 Rabbit Hole
- 22.50 The Orville
- 23.35 The Good Wife
- 00.20 NCIS: Los Angeles
- 01.05 Venjulegt fólk
- 01.40 Tulsa King
- 02.25 Mayor of Kingstown
- 03.20 Love Island: All Stars

Skjár 1

- 17.00 Goðsögnin um Titanic
- 19.00 Ríta menntar sig
- 21.00 Heimsins Hraðskreyðasti Indjáni
- 23.00 Dauðinn hesti ríður

Ljósavakinn Anna Rún Frímansdóttir

Fær góð ráð frá hinum látnu

Nýlega uppgötvaði ég ansi skemmtilega þáttaröð á streymisveitunni Disney+ sem ber heitið *Not Dead Yet*. Þar segir frá hinni nýlega einhleypu og ráðvilltu Nell Serrano sem reynir hvað hún getur að finna sig á ný í lífinu eftir erfið sambandslit.



Bládamadurinn Gina Rodriguez leikur Nell.

Nell vinnur sem blaðamaður á fjölmiðli og dreymir um að fá að skrifa flottar og eftirtektarverðar greinar. Því miður gengur þó eitthvað brösuglega hjá henni að sanna sig fyrir yfirmanni sínum því eina starfið sem henni býðst, og er treyst fyrir, er að skrifa minningargreinar. Nell er í fyrstu hundfúl yfir þessu hlutskipti sínu en það breytist skyndilega þegar látna fólk, sem hún er að skrifa um, fer að birtast henni á öllum tímum sólarhringsins og gefa henni alls konar góð ráð. Þættirnir eru byggðir á *Confessions of a Forty-Something F**k Up* eftir Alexöndru Potter og voru frumsýndir í fyrra. Þá hafa framleiðendur þáttanna gefið það út að ný þáttaröð sé væntanleg á næstunni og er ég ein af þeim sem biða spennu eftir henni. Það er hin geðþekka Gina Rodriguez sem leikur Nell en hún fór meðal annars á kostum sem Jane Villanueva í þáttaröðinni *Jane the Virgin* en það hlutverk tryggði henni Golden Globe-verðlaunin.

Rás 1 92,4 • 93,5

- | | |
|---------------------------------|---|
| 06.45 Morgunbæn og orð dagsins | 14.00 Fréttir |
| 06.50 Morgunvaktin | 14.03 Á tónsviðinu |
| 07.00 Fréttir | 15.00 Fréttir |
| 07.30 Fréttayfirlit | 15.03 Sögur af sjó og landi |
| 08.00 Morgunfréttir | 16.00 Síðdegisfréttir |
| 08.30 Fréttayfirlit | 16.05 Viðsjá |
| 09.00 Fréttir | 17.00 Fréttir |
| 09.05 Segðu mér | 17.03 Lestin |
| 09.45 Morgunleikfimi | 18.00 Kvöldfréttir |
| 10.00 Fréttir | 18.10 Spegillinn |
| 10.03 Veðurfregnir | 18.30 Þjóðsögukistan |
| 10.13 Á reki með KK | 18.50 Veðurfregnir |
| 11.00 Fréttir | 18.53 Dánarfregnir |
| 11.03 Mannlegi þátturinn | 19.00 Sinfóníukvöld: Á leið í tónleikasal |
| 11.57 Dánarfregnir | 19.27 Sinfóníutónleikar |
| 12.00 Fréttir | 22.00 Fréttir |
| 12.03 Uppástand | 22.05 Veðurfregnir |
| 12.10 Síðasta lag fyrir fréttir | 22.10 Lestur Passíusálma |
| 12.20 Hádegisfréttir | 22.15 Á reki með KK |
| 12.42 Þetta helst | 23.05 Lestin |
| 13.00 Samfélagið | |

Stöð 2

- 08.00 Hvar er best að búa?
- 08.50 Shark Tank
- 09.30 Bold and the Beautiful
- 09.55 Necessary Roughness
- 10.35 Family Law
- 11.20 Um land allt
- 11.55 Draumaheimilið
- 12.25 Neighbours
- 12.50 Hell's Kitchen
- 13.35 Lego Masters USA
- 14.15 Leitni að upprunum
- 14.55 Britain's Got Talent
- 16.00 Hvar er best að búa?
- 16.45 Friends
- 17.10 Friends
- 17.30 Bold and the Beautiful
- 18.00 Neighbours
- 18.25 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.10 Æði
- 19.30 The Love Triangle
- 20.25 NCIS
- 21.15 Shameless
- 22.00 Shameless
- 22.50 The Graham Norton Show
- 23.50 Friends
- 00.10 Friends
- 00.35 La Brea
- 01.15 Fósturbörn
- 01.50 Fósturbörn
- 02.15 Sneaky Pete
- 03.05 The Tudors

Omega

- 05.30 Tomorrow's World
- 06.00 Catch the Fire
- 07.00 Joyce Meyer
- 07.30 Blandað efni
- 08.00 Blessun, bölvun eða tilviljun?
- 08.30 Benny Hinn
- 09.00 Joni og vinir
- 09.30 Máttarstundin
- 10.30 The Way of the Master
- 11.00 United Reykjavík
- 12.00 Í ljósinu
- 13.00 Joyce Meyer
- 13.30 Tónlist
- 14.30 Bill Dunn
- 15.00 Tónlist
- 15.30 Global Answers
- 16.00 Blandað efni
- 16.30 Gegnumbrót
- 17.30 Tónlist
- 18.30 Joel Osteen
- 19.00 Joseph Prince-New Creation Church
- 19.30 Joyce Meyer
- 20.00 Blönduð dagskrá
- 23.00 Let My People Think
- 00.00 Joyce Meyer
- 00.30 Bill Dunn
- 01.00 Global Answers
- 01.30 Blandað efni
- 02.00 Tónlist

K100



AFP/Michael Tran

Frekjan fór alveg með Kelly Rowland

Það varð aldeilis drama í hljóðveri NBC á dögunum þegar söngkonan Kelly Rowland og hennar teymi yfirgáfu svæðið vegna þess að henni þótti búningsklefningur sem henni var ætlaður ekki nógu flottur. Rowland átti að vera gestastjórnandi í þættinum „Today with Hoda and Jenna“ sem er með þeim þekktari í amerísku sjónvarpi. Það fór ekki betur en svo að söngkonan geðþekka Rita Ora þurfti að leysa Rowland af hólmí því hún sætti sig ekki við aðstöðuna og neitaði að taka þátt klukkustund fyrir útsendingu. Nánar á K100.is.



- 6 til 10 Ísland vaknar Þór Bæring, Bolli Már og Kristín Sif vakna með hlustendum K100 alla virka morgna.
- 10 til 14 Yngvi Eysteins Skemmtileg tónlist og létt spjall yfir daginn með Yngva.
- 14 til 16 Ásgeir Páll Fersk og skemmtileg tónlist, létt spjall og leikir ásamt því að fara skemmtilegri leiðina heim með hlustendum síðdegis.
- 16 til 18 Skemmtilegri leiðin heim Ásgeir Páll og Regina Ósk eða bara Gína og Geiri með hressilegar uppákomur, spjall og tónlist.
- 18 til 22 Heiðar Austmann Betri blandan af tónlist öll virk kvöld á K100.
- 7 til 18 Fréttir Auðun Georg og Valtýr Björn flytja fréttir frá ritstjórn Morgunblaðsins og mbl.is á heila tímanum alla virka daga.



Dagmál mbl.is/dagmal




Hælisleitendamál í brennidepli

Umræða um hælisleitendamál hefur sprottið fram að undanfögnu, skoðanakannanir benda til þess að þjóðin sé óþolinmód um þau og stjórnmálin að taka við sér. Gísli Freyr Valdórsson fer yfir þá stöðu með Andrésí Magnússyni.

Veðrið kl. 12 í dag

Yfirleitt hægviðri og bjart, en skúrir eða dálítil el sunnanlands. Gengur í norðan- og norðaustan 13-20 m/s með snjókomu á norðurhelmingi landsins seinnipartinn, hvassast og úrkomest norðvestan til. Hiti í kringum frostmark.



Á föstudag: Norðan og norðaustan 8-15 m/s og el, en bjartviðri um landið sunnanvert. Hiti kringum frostmark, en fer kólnandi um kvöldið. Á laugardag: Norðan 5-10 m/s og dálítil el á Norður- og Austurlandi og allra syðst, en annars léttskýjað. Frost 1 til 10 stig. Á sunnudag: Suðvestlæg átt, talsvert frost og þykkar smám saman upp.

22. febrúar	Sólarupprás	Sólsetur
REYKJAVÍK	9:06	18:18
ÍSAFJÖRÐUR	9:19	18:14
SIGLUFJÖRÐUR	9:03	17:57
DJÚPIVOGUR	8:38	17:45

Byggt á upplýsingum frá Veðurstofu Íslands

Veður víða um heim kl. 18.00 í gær að isl. tíma	°C	Veður
Reykjavík	1	skýjað
Sauðanesvíti	4	skýjað
Litla-Ávík	1	alskýjað
Egilsstaðir	3	rigning
Keflavíkurlflugv.	2	skýjað
Nuuk	-3	þoka
Þórshöfn	4	rigning
Ósló	0	alskýjað
Kaupmannahöfn	6	léttskýjað
Stokkhólmur	3	rigning
Helsinki	0	snjócoma
Lúxemborg	8	heiðskirt
Brussel	8	rigning
Dublin	11	léttskýjað
Glasgow	8	skýjað
London	11	alskýjað
Paris	9	rigning
Amsterdam	8	súld
Hamborg	8	léttskýjað
Berlín	10	léttskýjað
Vín	11	heiðskirt
Moskva	-4	alskýjað
Algarve	19	heiðskirt
Madrid	14	heiðskirt
Barcelona	14	léttskýjað
Mallorca	15	léttskýjað
Róm	15	heiðskirt
Áþena	12	skýjað
Winnipeg	-6	þoka
Montreal	-2	skýjað
New York	2	alskýjað
Chicago	12	skýjað
Orlando	17	heiðskirt

Hugsaðu jákvætt, það er léttara

Ræktum og verndum geðheilsu okkar. Nýir skammtar daglega á gvitamin.is

TUNGLGRÁR

Ljósgrár litur með örlítið grænleitum undiróni sem fer afskaplega vel sem grunnlitur með öðrum dökkgrænum litatönum.

Mér hefur alltaf þótt það skapa fallegri heild að nota liti með sama undirtóni þegar fleiri litir eru notaðir í sama rými

Jóhanna
-Litaráðgjafi í BYKO



**JÓHANNA
MÆLIR MEÐ**

**GJOCO
MÁLNING
OG LÖKK
-25%**



MÁLNINGAR- DAGAR

Vnr. 80738127



NÚNA -25%
6.296
8.395



GJOCO ALLE ROM

2,7L

Akrýl-innimálning sem hægt er að setja á veggj sem og loft. Hún er Svansvottuð, lyktarlítill og fljót að þorna. Alle Rom er þvottheldin og blettavarin sem gerir það að verkum að auðvelt er að þrifa þrátt fyrir að um matta málningu sé að ræða. Hún er með 5% gljástig.

Vnr. 80602727



NÚNA -25%
4.946
6.595



GJOCO INTERIOR 10

2,7L

Gjoco Interior 10 er akrýl-innimálning ætluð á veggj. Hún hefur góða þekju og er slitsterk. Málningin er svansvottuð og lyktarlítill. Hún er með 10% gljástig sem er hefðbundinn glans á veggjum innandyr. Fáanleg í mörg hundruðum lita í 0,68L, 2,7L og 9L einingum.

Vnr. 80602809



NÚNA -25%
9.371
12.495



GJOCO PROFF TAK/LOFT

Loftmálning 2% - Gjoco Tak/Loft 02 er hvít vatnsþynnaleg PVA-innimálning ætluð á loft. Hún hefur góða þekju og er Svansvottuð og fljót að þorna. Hún er með 2% gljástig sem er hefðbundinn glans á loft innandyr. Fæst í 9L einingu.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Birt með fyrirvara um prentvillur og/öðr myndabrengl.

Hraðlestin gefur skóla 20 milljónir

● Hagnaður af sölu indverskrar matvöru til Indlands

Steinþór Guðbjartsson
steinthor@mbl.is

Chandrika Gunnarsson, eigandi og framkvæmdastjóri veitingahúsa-keðjunnar Hraðlestarinnar, færði SKS-barnaskólanum í Kodlipet í Coorg-héraði á Suður-Indlandi styrk að andvirði 20 milljónir króna skömmu fyrir jól. Stórfjölskylda hennar hefur byggt upp skólann frá grunni og Hraðlestin hefur verið mikilvægur bakhjarl, en þessi styrkur er að stórum hluta ágóði af sölu matvöru Hraðlestarinnar í verslunum hérlandis frá 2019.

Skólinn var stofnaður að frumkvæði fjölskyldu Chandriku 2002 og nú eru um 400 fimm til sautján ára nemendur í honum. „Við stofnuðum skólann og höfum stutt hann alla tíð,“ segir hún. Hraðlestin hafi útbúið indverskar vörur eins og naan-brauð, vefjur, kryddsmjör, sultur og sósur og hafi þær verið til sölu í Krónunni, Melabúðinni og víðar síðan haustið 2019. „Ýmist 50 eða 100 krónur af sölu hverrar vöru renna til skólans. Rekstur hans er fjármagnaður með fjálsöm framlögum og Íslendingar hafa lagt sitt af mörkum með því að kaupa þessar tólvörutegundir, sem við framleiðum.“

Mikilvægur stuðningur

Coorg-hérað er þekkt fyrir kaffi- og kryddræktun og fjölskylda Chandriku hefur verið umsvifamikil í kaffiframleiðslu. Í Kodlipet búa tæplega 4.000 manns. Chandrika fæddist og ólst upp í smáþorpi skammt frá og fór í enskan einkaskóla í Bangalore þegar hún var fimm ára. Hún segir að rekstur Hraðlestarinnar og Austur-Índíafjelagsins hafi gengið vel og hún hafi viljað láta gott af sér leiða í sinni heimabyggð. Mikil fátækt sé í þorpunum, sem séu í allt að 50 km frá skólanum, litlir möguleikar séu til náms og skólinn gegni því mikilvægu hlutverki. „Ísland er mitt heimaland, hér hef ég haft heildur af því að kynna indverska matarmenningu í 30 ár og okkur hefur alltaf þótt mikilvægt að gefa til baka



Framtak Chandrika Gunnarsson afhenti skólanum styrkinn fyrir í vetur.



Gleði Stórfjölskylda Chandriku hefur byggt upp skólann.

til staðarins sem var innblástur alls þessa. Ánægjulegt er að geta stuðlað að aðstoð Íslendinga á Indlandi með því að þeir kaupir indverskar matvörur.“

Nemendurnir eru sóttir í fjórum rútum skólans og þeim ekið heim að skóladegi loknum. Eftir því sem nemendum hefur fjölgað hefur verið bætt við húsnæði og 2017 var reist álma í nafni eiginmanns Chandriku, Gunnars Gunnarssonar heitins. Fjórðingur hefur verið í tölum fyrir nemendur og byggt upp gott bókasafn. „Við leggjum áherslu á að hafa vel menntaða kennara til að geta veitt sem besta fræðslu, borgum þeim betri laun en almennt bjóðast

í fámennu þorpunum og framlag Íslendinga hefur mjög mikið að segja,“ áréttar hún. „Leiksvæði skólans hefur farið illa í monsunrigningum og verið er að laga undirlagið svo krakkarnir geti leikið sér úti.“

Á hverju ári eru tveir nemendur í útskriftarárgangi skólans styrktir til framhaldsnáms í háskóla úr sjóði sem kenndur er við Gunnar Gunnarsson. Chandrika segir að Íslendingar hafi sýnt framtakinu mikinn velvilja og styrkt skólann beint. „Ég aðstoða fólk við það og það er áhugasamt um framgang skólans. Þetta er mitt hjartans mál og það er gaman að sjá árangur erfiðisins.“

ÍÞRÓTTIR



Breytir miklu fyrir leik liðsins

Craig Pedersen, þjálfari karlalandsliðsins í körfuknattleik, segir að það breyti miklu fyrir leikinn gegn Ungverjum í kvöld að vera með bæði Martin Hermannsson og Elvar Friðriksson í liðinu og að geta alltaf haft að minnsta kosti annan þeirra inni á velli. Leikur þjóðanna í undankeppni EM hefst í Laugardalshöllinni klukkan 19.30. » 61

MENNING

Ragnar Kjartansson sýnir í 18

Ragnar Kjartansson opnar sýninguna *Móðir og barn, gin og tónik í dag*, fimmtudaginn 22. febrúar, kl. 17 í 18 galleríi. Á sýningunni eru ný málverk eftir Ragnar og er þetta fimmta sýning hans í galleríinu. „Í verkunum tekst Ragnar á við málverkið, hið hefðbundna form formanna. Hann graðkar í sig stemningum úr vinnustofunni og heimilinu og færir þær með olíu á striga. Einhvers konar kyrrð ríkir í mannlausum verkunum en óreiðan ber vitni um sýsl og basl á undan og eftir,“ segir í tilkynningu. Sýningin stendur til 20. apríl.



Í lausasölu 919 kr.
Áskrift 9.965 kr. Helgaráskrift 6.248 kr.
PDF á mbl.is 8.705 kr. iPad-áskrift 8.705 kr.

Sími 569 1100
Ritstjórn frettir@mbl.is Auglýsingar augl@mbl.is
Áskrift askrift@mbl.is mbl.is:frettir@mbl.is

TAX FREE

af öllum vörum*



Houston hornsófi
275x210x85 cm Fullt verð: 284.900 kr.
Nú **229.772 kr.**



Elegance heilsurúm
160x200 cm
Fullt verð: 247.900 kr.
Nú **199.931 kr.**

#1 i heilsudýnum í Ameríku



Sealy Woodlake heilsudýna og botn
160x200 cm Fullt verð: 307.900 kr.
Nú **248.321 kr.**

Posturepedic

Barcelona

svefnsofi
193x93x100 cm
Fullt verð: 239.900 kr.
Nú **193.479 kr.**



Tampa tungusófi
242x145x85 cm
Fullt verð: 179.900 kr.
Nú **145.089 kr.**

Avignon hægindastóll
Fullt verð: 209.900 kr.
Nú **169.284 kr.**



Miami lyftistóll
Fullt verð: 279.900 kr.
Nú **225.739 kr.**



*Taxfree tilboðið jafngildir 19,35% afslætti og gildir um allar vörur. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Dorma

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA

Láttu drauminn ræstast

Atvinnublaðið

Morgunblaðið [mbl.is](#) FINNAQ

[atvinna@mbl.is](#) • Sölufulltrúi • Berglind Guðrún Bergmann, [berglindb@mbl.is](#), 569 1246



Vélstjóri á flutningaskip

Eimskip óskar eftir að ráða vélstjóra með alþjóðleg réttindi á skip félagsins.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Öll kyn eru hvött til að sækja um.

Menntunar- og hæfniskröfur

- STCW réttindi samkvæmt reglum III/2 eða III/1
- Jákvæðni, þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar
- Íslensku og ensku kunnátta

Nánari upplýsingar um starfið, áhafnastýring Eimskip, [crewing@eimskip.com](#).

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Eimskips, [www.eimskip.is](#).

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.



Skipaefitirlitsmaður

Samgöngustofa óskar eftir að ráða skipaefitirlitsmann í deild siglinga- og hafnaefitirlits. Starfið er fjölbreytt, í alþjóðlegu umhverfi og felst í eftirliti með skipum, gerð skoðunarhandbóka og verklagsreglna, eftirliti með skoðunaraðilum skipa og önnur verkefni er til falla. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Handhafi sé eða hafi verið handhafi STCW réttinda til vélstjórnar, BSc gráða í skipa- eða véltæknifræði, skipa- eða vélaverkfræði, skipstjórnarréttindi og mikil reynsla af skipstjórn.
- Þekking á öryggi skipa.
- Reynsla af umsjón eða eftirliti með ástandi skipa og skipsbúnaðar, skipahönnun eða viðhaldi er kostur.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Áhugi og forvitni til að læra.
- Leitað er að samvisskusómum og jákvæðum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt, hefur gott viðmót og sýnir frumkvæði í starfi.
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.

Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélaga.

Umsóknarfrestur er til **26. febrúar 2024**.

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á heimasíðu Starfatorgs.



Embætti héraðsdómara laust til setningar

Dómsmálaráðuneytið auglýsir laust til setningar embætti héraðsdómara með fyrsta starfsvettvang við Héraðsdóm Reykjavíkur meðan á leyfi skipaðs héraðsdómara stendur. Sett verður í embættið hið fyrsta eftir að dómnefnd um hæfni umsækjenda um embætti dómara lýkur störfum og er miðað við að setningin vari til 28. febrúar 2029. Um launakjör fer samkvæmt lögum um dómstóla nr. 50/2016.

Umsækjendur skulu fullnægja skilyrðum 2. mgr. 29. gr. laga nr. 50/2016. Í samræmi við 4. gr. reglna nr. 970/2020 er áskilið að í umsókn komi fram upplýsingar um: 1) menntun og framhaldsmenntun, 2) reynslu af dómstörfum, 3) reynslu af lögmannsstörfum, 4) reynslu af stjórnsýslustörfum, 5) reynslu af fræðistörfum, s.s. kennslu og öðrum akademískum störfum og upplýsingar um útgefnar ritrýndar greinar og bækur, fræðilega fyrirlestra o.s.frv., 6) reynslu af stjórnun, 7) reynslu af öðrum aukastörfum sem nýtast dómaraefni, s.s. vinnu í tengslum við undirbúning lagasetningar o.fl., 8) almenna og sérstaka starfshæfni, 9) andlegt atgervi og sjálfstæði í vinnubrögðum, 10) tvo fyrrverandi/núverandi samstarfsmenn/yfirmenn, sem og símanúmer þeirra eða netföng, sem geta veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni umsækjanda, sbr. 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 og 11) aðrar upplýsingar sem varpað geti ljósi á faglega eiginleika og færni umsækjanda sem máli skipta fyrir störf héraðsdómara.

Með umsókn skal fylgja eftir því sem við á: 1) ferilskrá, 2) afrit af prófskírteinum, 3) afrit dóma í munnlega fluttum málum sem umsækjandi hefur samið atkvæði í síðustu 12 mánuði, 4) afrit af stefnu og greinargerð í málum sem umsækjandi hefur samið og flutt munnlega síðustu 12 mánuði, 5) afrit af úrskurðum stjórnvalda sem umsækjandi hefur samið síðustu 12 mánuði og 6) útgefn fræðirit og ljósrít af tímaritsgreinum umsækjanda. Þess er óskað að þær tímaritsgreinar sem hafa verið ritrýndar verði auðkenndar. 7) Önnur gögn sem varpa ljósi á faglega færni umsækjanda til starfa sem héraðsdómari.

Umsóknir skulu berast dómsmálaráðuneytinu **eigi síðar en 4. mars nk**. Til þess að hraða afgreiðslu umsókna og bréfaskiptum er áskilið að umsóknir og fylgigögn berist dómsmálaráðuneytinu á minnislykli eða með rafrænum hætti á netfangið [starf@dmr.is](#).

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um setningu liggur fyrir.

Dómsmálaráðuneytinu,
16. febrúar 2024.

Stjórnarráð Íslands
Dómsmálaráðuneytið

Háskólinn á Hólum býður upp á gæðanám á grunn- og framhaldsstigi háskóla, sem og öflugt rannsóknastarf. Háskólinn er miðstöð þekkingar á þremur sérsviðum sem eru hestafræði, ferðamálafræði og fiskeldis-, sjávar- og vatnalíffræði. Starfsstöðvar háskólans eru á Hólum í Hjaltadal og á Sauðárkróki.

Háskólinn á Hólum og Háskóli Íslands hafa hafið viðræður um stofnun nýrrar háskólasamstæðu og er því talið líklegt að störfín sem hér eru auglýst verði unnin í nánú samstarfi við tilsvarendi starfssvið Háskóla Íslands í framtíðinni.

Gæðastjóri

Háskólinn á Hólum leitar að framsæknum gæðastjóra, sem sér tækifærin í því að leiða gæðastarf skólans á tímum breytinga og þjartrar framtíðar.

Helstu verkefni:

- Utanumhald og innleiðing gæðahandbókar
- Leiða uppbyggingu, rekstur og samþættingu heildstæðs gæðastjórnunarkerfis
- Leiða stefnumótun á sviði gæðamála og taka þátt í stefnumótun á öðrum sviðum
- Endurskoða og móta ferla á sviði gæðamála
- Veita ráðgjöf og stuðning við stjórnendur á sviði gæðamála
- Samskipti við aðrar stofnanir varðandi gæðamál
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, meistaraþróf er æskilegt.
- Reynsla af verkefnastjórnun og/eða gæðastjórnun er æskileg
- Þekking og/eða reynsla af rekstri gæðastjórnunarkerfa er kostur
- Frumkvæði og metnaður til sjálfstæðra og skipulagðra vinnubragða
- Góð samskiptahæfni og hæfni til að vinna í teymi
- Góð tölvukunnátta og færni í upplýsingatækni.
- Góð íslensku og enskukunnátta.

Um er að ræða 100% stöður og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Háskólinn aðstoðar við að útvega húsnæði í Skagafirði ef þess er þörf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Edda Matthíasdóttir framkvæmdastjóri, edda@holar.is, sími 455 6300.

Umsóknarfrestur er til og með 26 febrúar 2024. Sótt er um starfið á starfatorg.is.

Um meðferð umsókna, mat á hæfi umsækjenda og ráðningu í starfið er farið eftir ákvæðum laga um opinbera háskóla nr. 85/2008. Launakjör eru skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.

www.holar.is

Innri endurskoðandi

Stjórn Kviku banka leitar að innri endurskoðanda bankans, sem jafnframt er forstöðumaður einingar innri endurskoðunar. Aðal áhersla innri endurskoðunar er að meta hvort innra eftirlit í daglegri starfsemi sé fullnægjandi. Deildin starfar óháð öðrum deildum í skipulagi bankans, er þáttur í eftirlitskerfi hans og ber ábyrgð gagnvart endurskoðunarnefnd og stjórn.

Helstu verkefni eru:

- Ábyrgð á innri endurskoðun Kviku og dótturfélaga eins og fram kemur í erindisbréfi
- Mat á innra eftirliti í daglegri starfsemi bankans og dótturfélaga
- Leiðir, skipuleggur og stjórnar vinnu innri endurskoðunar
- Ábyrgð á þróun og viðhaldi á gæðakerfi innri endurskoðunar
- Samskipti við aðila innan bankans, stjórn og aðrar eftirlitseiningar
- Samskipti við eftirlitsaðila og ytri endurskoðendur


Hæfnis- og menntunarkröfur

- Sérþekking og haldbær reynsla af störfum á sviði innri endurskoðunar
- Faggilding innri endurskoðunar (CIA) æskileg eða löggilding í endurskoðun
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Framúrskarandi samskiptafærni, drifkraftur og jákvætt viðhorf
- Hæfni í stjórnun verkefna og eftirfylgni
- Góð greiningarhæfni og færni í framsetningu gagna, skriflega og munnlega
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Kvika er öflugur banki með mikla áherslu á nýsköpun og stafrænt vöruframboð ásamt því að leggja mikið upp úr upplifun viðskiptavina. Starfsambverfið einkennist af samvinnu, jafnrétti og sveigjanleika, með áherslu á frumkvæði starfsfólks og gefur tækifæri til að starfa með fjölbreyttum hópi séfræðinga með víðtæka reynslu.

Umsóknarfrestur er til 4. mars 2024. Sótt er um starfið á vef.vinnvinn.is

Nánari upplýsingar veita Erna Agnarsdóttir, mannauðsstjóri, erna.agnarsdottir@kvika.is og Hilmar Garðar Hjaltason, hilmar@vinnvinn.is.





Fjölbreytt og skemmtileg störf

Sveitarfélagið Hornafjörður er öflugt og vaxandi samfélag umvafið stórkostlegri náttúru við rætur Vatnajökuls. Rekstur sveitarfélagsins er mjög traustur og í Hornafirði er gríðarleg uppbygging. Við hvetjum öll áhugasöm til að sækja um störfin, óháð kyni.



SVEITARFÉLAGIÐ
HORNAFJÖRÐUR

Stjórnsýslu- og upplýsingafulltrúi

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laust til umsóknar starf Stjórnsýslu- og upplýsingafulltrúa. Um er að ræða fjölbreytt starf þar sem reynir á öguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Stjórnsýslu- og upplýsingafulltrúi þarf að búa yfir framúrskarandi samskiptahæfileikum, reynslu og færni í samskiptum.

Stjórnsýslu- og upplýsingafulltrúi sinnir málefnum er varða skjalavistun, skjalagerð, gæðamál, eftirfylgni og vinnu við stefnur og reglur sveitarfélagsins. Viðkomandi sinnir einnig textaskrifum, undirbúningi funda, ritun og eftirvinnslu funda, kynningar- og markaðsmálum, auk ýmissa tilfallandi verkefna svo sem í kringum kosningar og fleira.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Umsjón með skjalavistunaráætlun sveitarfélagsins
- Ritari bæjarráðs og bæjarstjórnar
- Undirbúningur og eftirfylgni funda í samráði við bæjarstjóra og sviðsstjóra stjórnsýslusviðs
- Umsjón með gerð samþykktu og erindisbréfa ásamt eftirfylgni
- Samskipti við kjörna fulltrúa og starfsfólk nefnda
- Kynningarmál og upplýsingagjöf til íbúa og lögaðila
- Skýrslugerð ásamt eftirfylgni við stefnur sveitarfélagsins
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af samskipta- og kynningarmálum
- Haldgóð þekking á opinberri stjórnsýslu
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Jákvætt viðmót og frumkvæði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Frumkvæði, metnaður og skipulagshæfileikar
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti

Verkefnastjóri mannvirkjasviðs

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir laust til umsóknar starf verkefnastjóra mannvirkjasviðs. Leitað er að öflugum aðila sem verður hluti af kröftugu teymi starfsmanna á mannvirkjasviði. Verkefnastjóri mun taka þátt í fjölbreyttum verkefnum á sviðinu, en undir mannvirkjasvið heyrir meðal annars verkefni byggingarfulltrúa, nýframkvæmdir, viðhald og umsjón fasteigna, áhaldahús, slökkvilið, Hornafjarðarhöfn og Hornafjarðarveitur.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Úttektir og eftirlit með byggingarframkvæmdum
- Yfirferð hönnunargagna og annarra umsóknargagna
- Úrvinnsla umsókna um byggingarleyfi og byggingarheimild
- Þátttaka í undirbúningi verklegra framkvæmda
- Þátttaka í mótun viðhaldsáætlunar mannvirkja sveitarfélagsins
- Skráning fasteigna og landeigna, skráning í Mannvirkjaskrá
- Samskipti við hönnuði, byggingaraðila, stofnanir og íbúa
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði byggingar-, verk- eða tækniþæðni, iðnmenntun eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg
- Reynsla á sviði byggingarmála er æskileg
- Þekking á teikniforritinu Autocad er æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum, þjónustulund og samvirkusemi
- Nákvæmni, skipulagshæfileikar og lausnamiðuð hugsun
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu og lagaumhverfi málaflokksins er kostur
- Reynsla af vinnu í One, málakerfi sveitarfélaga, er kostur
- Gott vald á íslensku í ræðu og riti

Umsóknarfrestur er til og með **4. mars nk.**

Um er að ræða 100% störf og er starfsstöð í Ráðhúsinu á Höfn í Hornafirði.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar ásamt rökstuðningi fyrir hæfi til að sinna starfinu.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Þórdís Sif Arnarsdóttir, thordis@hagvangur.is.



Sótt er um störfin
á hagvangur.is

Ljósmyndari á ritstjórn - helgarstarf

Árvakur, sem rekur meðal annars Morgunblaðið, mbl.is og K100, leitar að metnaðarfullum ljósmyndara um helgar í ritstjórn.

Helstu verkefni:

- Annast myndatökur fyrir Morgunblaðið og mbl.is
- Skila myndum samvæmt verklagsreglum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Ljósmyndanám kostur
- Reynsla í fíróttamyndatöku kostur
- Reynsla í viðburðamyndatöku kostur
- Reynsla í portrett myndatöku kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Bílpróf er skilyrði

Ljósmyndari þarf að leggja til með sér fullnægjandi ljósmyndataeki til þess að leysa starfið af hendi.

Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2024.

Umsóknum skal skilað á arvakur.is/storf með starfsferilskrá og kynningarbréfi.

Nánari upplýsingar veitir

Klara Vigfúsdóttir, starfsmannastjóri
klara@mbl.is, sími 569-1332



[mbl.is](#) **Morgunblaðið** **K100**

Stýrimaður á flutningaskip

Eimskip óskar eftir að ráða stýrimann með alþjóðleg réttindi á skip félagsins.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Öll kyn eru hvött til að sækja um.

Menntunar- og hæfniskröfur

- STCW réttindi samkvæmt reglum II/2 eða II/1
- Jákvæðni, þjónustulund og góðir samskiptahæfileikar
- Íslensku og ensku kunnátta

Nánari upplýsingar um starfið, áhafnastýring Eimskip, crewing@eimskip.com.

Eingöngu er tekið á móti umsóknum í gegnum heimasíðu Eimskips, www.eimskip.is.

Hreint sakavottorð og 18 ára aldur er skilyrði fyrir ráðningu hjá Eimskip.



Sérfræðingur á fjármálasviði

Árvakur, sem rekur meðal annars Morgunblaðið, mbl.is og K100, leitar að öflugum og sjálfstæðum starfsmanni á fjármálasviði í fullt starf.

Helstu verkefni:

- Greiningarvinna og önnur tölfraðileg úrvinnsla
- Aðstoð við mánaðarleg uppgjör
- Almenn bókarastörf
- Afstemmingar og eftirlit með staðfestingu reikninga
- Önnur tilfallandi verkefni á fjármálasviði

Hæfniskröfur:

- Menntun/reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af bókhaldskerfum er kostur

- Góð greiningarhæfni og hæfni til að setja fram efni og niðurstöðum í tölum og texta.
- Talnahagleggi og tölvufærni
- Nákvæmni og vandvirkni nauðsynleg
- Rík þjónustulund og jákvæðni
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Umsóknarfrestur er til og með 25. febrúar 2024.

Nánari upplýsingar veitir

Klara Vigfúsdóttir, starfsmannastjóri
klara@mbl.is, sími 569-1332

Sækja um
starf hér



<https://jobs.50skills.com/arvakur/is/25699>

[mbl.is](#) **Morgunblaðið** **K100**



NORSKA SENDIRÁÐIÐ

Starfsmaður óskast

Norska sendiráðið óskar eftir að ráða starfsmann í 60% stöðu við sendiherrabústaðinn norska.

Fyrsti ráðningardagur er samningsatriði eftir 1. maí 2024.

Viðkomandi mun sjá um undirbúning fyrir móttökur, veislur og matarboð í sendiherrabústaðnum; panta mat, dekkja borð, þjóna og tiltekt eftir á. Einnig mun viðkomandi sjá um hreingerningu á sendiherrabústaðnum, bæði opinbera hlutanum og einkahýbílum sendiherrans.

Færni í að útbúa léttan mat er kostur.

Ásamt íslensku er óskað eftir að viðkomandi tali annaðhvort norsku eða ensku.

Óskað er eftir meðmælum.

Laun eru samkvæmt samkomulagi.

Umsóknir sendist á netfang sendiráðsins
emb.reykjavik@mfa.no

Fyrirspurnum er svarað á netfanginu
emb.reykjavik@mfa.no

Umsóknarfrestur er til og með 8. mars 2024

The Norwegian Embassy in Reykjavik seeks an employee/staff in 60% employment as a housekeeper in the official residence of the Norwegian Ambassador. Starting date is negotiable, after May 1st 2024.

The housekeeper will be responsible for preparing for events, such as receptions, dinners and lunches at the Norwegian residence. It includes ordering catering and managing extra waiters. The work also includes ordinary housecleaning, including cleaning in both the privat as well as the official premises.

Cooking abilities will be appreciated, but not required.

Mastery of icelandic as well as either norwegian or english is necessity.

We need recomandation

Pay is negotiable.

Please send applications to the Embassy e-mail
emb.reykjavik@mfa.no

For questions regarding the position, please send mail to
emb.reykjavik@mfa.no

We are open for applications until 8th of March 2024.



Spennandi rafmagnsstarf

Samgöngustofa leitar að einstaklingi í starf á skipatæknideild. Verkefni starfsins eru að yfirfara hönnun rafkerfa skipa til samræmis við reglur. Verkefnum starfsins fylgja samskipti við hönnuði, útgerðir og skoðunaraðila skipa. Starfshlutfall er 100%.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi, t.d. verkfræði, tæknifræði, rafiðnfræði, rafvirkjun eða vélfræði.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Áhugi og forvitni til að læra.
- Jákvæðni og færni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og geta unnið sjálfstætt og í hóp.
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð.
- Gott vald á íslensku og ensku í rituðu og töluðu máli.

Í boði er spennandi starf hjá metnaðarfullri stofnun í alþjóðlegu umhverfi. Við bjóðum upp á góða starfsaðstöðu og frábæra vinnufélag.

Umsóknarfrestur er til 26. febrúar 2024.

Hægt er að sækja um starfið rafrænt á heimasíðu Starfatorgs.



Auglýst er laust til umsóknar embætti ráðuneytisstjóra fjármála- og efnahagsráðuneytisins

Fjármála- og efnahagsráðuneytið leitar að framsýnum og öflugum stjórnanda í embætti ráðuneytisstjóra.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið fæst við fjölbreytileg viðfangsefni sem hafa snertingu við flest svið samfélagsins, í umhverfi sem er lifandi og krefjandi. Meginhlutverk ráðuneytisins felst í yfirstjórn opinberra fjármála og efnahagsmála. Ráðuneytið fer með málefni fjármálamarkaðarins, ber ábyrgð á bættum stjórnunarháttum og áætlanagerð, hefur með höndum virka stjórn mannauðsmála ríkisins og er leiðandi í umbótum og nýsköpun í rekstri ríkisins. Í ráðuneytinu eru sjö skrifstofur auk þess sem kjara- og mannauðssýsla ríkisins og Stafrænt Ísland eru hluti af ráðuneytinu. Átta stofnanir heyra undir ráðuneytið.

Starfssvið ráðuneytisstjóra:

Starfsskyldur ráðuneytisstjóra eru víðtækar og ber viðkomandi m.a. fjárhagslega og faglega ábyrgð gagnvart ráðherra á starfsemi ráðuneytisins. Þá ber ráðuneytisstjóra að veita ráðherra upplýsingar og ráðgjöf þannig að ráðherra geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og stefnumótun og sé vel upplýstur varðandi þau mál sem unnið er að.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Ráðuneytisstjóri þarf að vera framsýnn og skapandi í hugsun auk þess að hafa þekkingu og skilning á þeim þáttum sem áhrif hafa á starfsemi ríkisins. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir ríkri hæfni í samskiptum og samvinnu og hefur metnað til að taka þátt í að leiða Ísland til aukinnar hagsældar. Ráðuneytisstjóri þarf að vinna af heilindum að innleiðingu stefnu stjórnvalda hverju sinni, með hag samfélagsins að leiðarljósi.

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, embættis- eða meistaraþróf er skilyrði.
- Leiðtogahæfileikar, framsýni og árangursrík stjórnunarreynsla.
- Mjög góð þekking og reynsla á sviði reksturs, fjármála og mannauðsmála.
- Reynsla af stefnumótun og áætlanagerð
- Haldgóð þekking á málefnasviðum ráðuneytisins
- Mjög góð samskiptahæfni ásamt hæfni til að miðla upplýsingum og tjá sig í ræðu og riti.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta.

Fjármála- og efnahagsráðherra, fer með yfirstjórn ráðuneytisins og ber ábyrgð á öllum stjórnarframkvæmdum þess. Ráðuneytisstjóri stýrir ráðuneytinu undir yfirstjórn ráðherra.

Nánari upplýsingar má finna á QR-kóðanum hér til hliðar.



Umsóknir:

Upplýsingar um starfið veitir Ragnheiður Valdimarsdóttir mannauðsstjóri (ragnheidur.valdimarsdottir@fjr.is).

Áhugasamir einstaklingar eru hvattir til að sækja um.

Umsókn skal vera skrifleg og henni skal fylgja ítarleg ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir hæfni viðkomandi til að gegna embættinu. Umsókn skal skila rafrænt á netfangið fjr@fjr.is eða til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Arnarhvoli v/Lindargötu, 101 Reykjavík, eigi síðar en **7. mars 2024**.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.



Stjórnarráð Íslands
Fjármála- og efnahagsráðuneytið

Framkvæmdastjóri

Stjórn Eðalfangs leitar að framsæknum og öflugum aðila í starf framkvæmdastjóra móðurfélags fyrirtækjanna Eðalfisks ehf., Norðanfisks ehf. og 101 Seafood. Áform eru um vöxt félagsins í framleiðslu og sölu fiskafurða til útflutnings í samvinnu við eldisfyrirtæki og halda áfram að starfa sem stærsti dreifingaraðili fiskmetis á innanlandsmarkaði.

- Framkvæmdastjóri hefur með höndum yfirstjórn allrar daglegrar starfsemi fyrirtækja Eðalfangs skv. stefnu og fyrirmælum stjórnar
- Hann hefur ákvörðunarvald um öll rekstrar- og fjárhagsleg málefni félagsins
- Framkvæmdastjóri gerir stjórn grein fyrir starfsemi félagsins og afkomu á stjórnarfundum og ber ábyrgð gagnvart stjórn á hinum daglega rekstri og að í öllu sé farið eftir samþykktum félagsins, lögum og reglum.

Umsóknarfrestur er til og með 4. mars nk.
Umsókn þarf að fylgja starfsferilsskrá og kynningarbréf.

Umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar með trúnaði og skulu berast í netfangið eva@godsamskipti.is

Eðalfang er móðurfélag matvælafyrirtækjanna Eðalfisks ehf., Norðanfisks ehf. og 101 Seafood ehf.

Eðalfiskur sérhæfir sig í framleiðslu, sölu og dreifingu á ferskum, frystum, reyktum og grófum laxaafurðum þar sem stór hluti afurða fyrirtækisins er seldur á alþjóðlegum mörkuðum.

Norðanfiskur sérhæfir sig í framleiðslu, sölu og dreifingu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa á innanlandsmarkaði ásamt sölu neytendapakninga í verslunum um land allt.

101 Seafood sérhæfir sig í innflutningi á skelfiski á borð við humar og hörpudisk.

Fyrirtækin er með í kringum 60 starfsmenn á þremur stöðum, Borgarnesi, Akranesi og Stórhöfða og eru viðskiptavinir félagsins í 9 löndum.

EÐALFANG

Snillingur í skipulagningu!

Elskar þú að plana og skipuleggja?
Viltu hafa góða yfirsýn og allt á hreinu?
Ertu með góða samskiptahæfni?
Þá erum við með rétta starfið fyrir þig.

Árvakur leitar eftir starfsmanni til að sjá um skipulag og hafa umsjón yfir birtingum auglýsinga á auglýsingadeild. Starfið er lifandi og skemmtilegt í krefjandi umhverfi. Viðkomandi vinnur náið með sölustjóra og sölumönnum.

Starfssvið:

- Umsjón birtinga
- Vinnsla við auglýsingaplan
- Samskipti við viðskipavini
- Innkallanir auglýsinga
- Birtinga- og markaðsráðgjöf
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Góð kunnátta á excel er skilyrði
- Reynsla af birtingastörfum er kostur
- Góð þekking á helstu markaðs- og greiningartólum
- Afburða skipulagshæfileikar
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölfræðiþekking
- Þarf að geta starfað sjálfstætt og sem hluti af hóp
- Jákvæðni, gott skap og þjónustulipurð

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknarfrestur er til 29. febrúar.

Nánari upplýsingar um starfið gefur Silja Jóhannesdóttir, sölustjóri, í síma 569 1170 eða í tölvupósti á netfangið silja@mbl.is



<https://jobs.50skills.com/arvakur/is>

mbl.is Morgunblaðið K100

Við leiðum fólk saman

hagvangur.is



HAGVANGUR

Raðauglýsingar

569 1100

Tilboð/útboð

ÚTBOÐ



Reykjavíkurborg

Innkaupaskrifstofa
Borgartún 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043
Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:

- Múrverk 2024 í fasteignum Reykjavíkurborgar, EES**
útboð nr. 15969

Nánari upplýsingar er að finna á
www.reykjavik.is/utbod

Félagsstarf eldri borgara

Aflagrindi 40 Opin vinnustofa kl. 9-12 – Morgunspjall, heitt á könnunni kl. 9-11 – Ukulele, ókeypis kennsla og hljóðfæri á staðnum kl. 10:00 – Boccia kl. 10:15 – Hádegisverður kl. 11:30 – 12:30 – Virknnámskeið kl. 13-15 – Söngfluglarnir, laus pláss í allar raddir kl. 13:00 – Myndlist með Valgarði Gunnarssyni, öll velkomin kl. 13:00 – Bókaklúbbur kl. 13:15 – Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:20 – Húsið lokar kl. 15:45

Boðinn Fimmtudagur 22. febrúar: Bridge og Kanasta kl. 13:00. Sundlaugin opin til kl. 16:00.

Dalbraut 18-20 Handavinnusamvera kl. 10, söngstund með Baldri kl. 14.

Félagsmiðstöðin Hæðargarði 31 Kaffisopi og spjall kl. 8:30-11:00. Gæðastund með hannyrðir kl. 9:00-12:00. Morgunandakt kl. 10:00-10:30. Hádegismatur 11:30-12:30. Myndlistarhópur Selmu kl. 13:00-15:45. Dönsum með göngugrindurnar og Matthildi kl. 13:30-14:30. Síðdegiskaffi kl. 14:30-15:30.

Garðabær 8.30 Pool-hópur í Jónshúsi 9.00 Listmálun í Smiðju 10.00 Ganga frá Jónshúsi 10.00 Qi-Gong í Sjálandssk. 11.00 Stóla-jóga í Sjálandssk. 13.00 Njálulestur 13.00 Handavinnuhorn í Jónsh. 11.15 Boccia í Ásgarði 13.20-15.40 Kaffiveitingar í Jónshúsi 13.00 Listmálun í Smiðju

Gerðuberg Fimmtudagur 22 febrúar Opin vinnustofa í Búkollulaut frá kl. 8:30 (heitt á könnunni) Línudans fellur niður Bútasamur kl. 13:00 - 16:00 Öll velkomin, óháð aldri og búsetu

Gjábakkí Opin handavinnustofa og verkstæði kl. 8.30 til 11.30. Qi-gong kl. 9 til 10.15. Jóga kl. 11.30 til 12.45. Bókband kl. 13 til 15.30. Bingó 1 x í mánuði, næst 22. febrúar. Félag vatnslitamálara kl. 16 til 18. Bridge-félag kópavogs kl. 19 til 22.

Gullsmári Fimmtudagur: Opin handverksstofa kl. 9:00-12:00. Qi Gong hreyfing kl. 10:30. Bútasamur/Kapítólur kl. 13:00. Bridge kl. 13:00. Ganga/stafganga kl. 14:00. Jóga kl. 17:00.

Hraunbær 105 Kaffiklúbbur og spjall, allir velkomnir í frítt kaffi kl. 9. Handavinna með leiðbeinanda kl. 9:00 – 12:00. Bænastund kl. 9:30 – 10:00. Stólaleikfimi kl. 10:30 – 11:00. Hádegismatur kl. 11:30. Söngstund kl. 12:30 – 14:00. Prjónaklúbbur kl. 13:00. Létt ganga kl. 14:00.

Hraunsel Fimmtudaga: Billjard: Kl. 8:00-16:00. Dansleikfimi kl. 9:00. Qi Gong: Kl. 10:00. Pílukast kl. 13:00. Skemmtun í boði Lionsklúbb Hafnarfjarðar kl. 17. Alltaf heitt á könnunni í boði FEBH.

Hvassaleiti 56-58 Morgunkaffi og spjall frá 8:30-10:30. Handavinna - opin vinnustofa 9:00-16:00. Stólaleikfimi kl. 10:30. Félagsvist kl. 13:10. Hádegismatur kl. 11:30 – 12:30, panta þarf fyrir hádegi deginum áður.

Korpúlfar Borgir Fimmtudagur: Tölvunámskeið kl. 9:00. Stólajóga með Gyðu Dis kl. 9:00. Styrktar og jafnvægisleikfimi kl. 10:15 og 11:00. Pútt á Korpúlfsstöðum kl. 10:00. Umhverfisstofnun kynnir græn verk efni fyrir 60 ára og eldri kl. 13:00, allir velkomnir. Skákhópur Korpúlfa kl. 13:00. Canasta spilað kl. 12:30. Tréutskurður á Korpúlfsstöðum kl. 13:00. Sundleikfimi í Grafarvogslaug kl. 14:00.

Samfélagshúsið Vitatorgi Bókband í smiðju kl. 9:00-12:30. Opin handverksstofa kl. 9:00-10:00. Námskeið fyrir konur af erlendum upp- runa kl. 10:00-12:30. Vitamin í Val - ókeypis líkamspjálfun í Valsheimilinu að Hlíðarenda kl. 10:00-11:00. Kvikmyndasýning í setustofu kl. 12:45-14:30. Prjónahópur í handverksstofu kl. 13:00-16:00. Opíð hús á vegum Rauða krossins kl. 16:00-18:00.

Seltjarnarnes Vatnsléikfimi í sundlauginni kl. 07.10. Kaffirókur á Skólaabraut kl. 9.00. Jóga/leikfimi í salnum á Skólaabraut kl. 11.00. Ath. púttíð á Austurströnd fellur niður í dag. Karlakaffi í safnaðarheimili kirkjunnar kl. 14.00. HVERAGERÐI: Ferðin í Hveragerði. Farið frá Skólaabraut kl. 10.30 með viðkomu við kirkjuna og í Eiðismýri. Verð í rútna kl. 4.000.- Borðað á NLFÍ, farið á listasafnið ofl.

Tilkynningar



Akraneskaupstaður

Skipulagslýsing vegna Aðal- og deiliskipulags flatahverfis Klasa 5 og 6 á Akranesi

Bæjarstjórn Akraness hefur samþykkt 13. febrúar 2024 lýsingu vegna fyrirhugaðrar breytingar á Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 og deiliskipulagi Flatahverfis Klasa 5 og 6 skv. 30. gr. og 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Fyrirhuguð Aðalskipulagsbreyting tekur til VP-212.

Fyrirhuguð breyting tekur til breyttrar notkunar á lóð, að heimilt verði að hafa bílþvottastöð, bílaverkstæði og verslun í núverandi húsnæði á lóð. Minniháttar breytingar á núverandi útlit húss vegna breyttrar notkunar. Annað er óbreytt.

Hægt er að nálgast lýsinguna og skila inn ábendingum á <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/136>, ábendingar þurfa að berast fyrir 11. mars 2024.

Skipulagsfulltrúi Akraneskaupstaðar

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssviðTillaga að breytingu á
Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040
Skotæfingasvæði á Álfsnesi
Skilgreining íþróttasvæðis (ÍP9)

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 25. janúar 2024, að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr laga nr. 123/2010.

Í tillögunni felst að breyta hluta iðnaðarsvæðis (I2) og opins svæðis (OP28) í íþróttasvæði fyrir skotæfingar og skotíþróttir (ÍP9). Markmið breytingar er að skapa áframhaldandi skilyrði fyrir starfsemi skotfélaganna sem nú er til staðar á svæðinu, til skemmri tíma litið, meðan unnið er að því að finna framtíðarsvæði fyrir skotíþróttir á höfuðborgarsvæðinu.

Tillagan er kynnt í skipulagsgáttinni, samráðsvettvangi um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum; sjá www.skipulagsgatt.is. Auglýsingin stendur yfir frá 22. febrúar 2024 til 4. apríl, 2024. Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á vettvangi skipulagsgáttar fyrir 4. apríl 2024. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (skipulag@reykjavik.is).

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

RÁÐNINGAR



Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna. Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

intellecta

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

Smáauglýsingar

569 1100

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 23-250 þús.

Hringdu S. 615 1810
eða sendu sms og við höfum samband

Bækur

Bækur til sölu

Eftirtaldar bækur kosta 4.000 kr. stykkið eða 4.000 kr. settið.
Guðríðarætt, Roðhólsætt, Bollagarðarætt, Rangvellingabók 1-2, Bólstaður og búendur í Stokks-eyrarhreppi, Stokkseyringasaga 1-2, Saga Hraunhverfis á Eyrarbakka, Rafvirkjatal 1-2, Saga sveitastjórna á Íslandi 1-2, Saga Íslendinga í N-Dakota, Landnám Íslendinga í Luxemburg, Sjálfstæði Íslands, Gimlisaga, Minningarit íslenskra hermanna, Knudsemætt 1-2, Blöndalsættin, Svarfdælingar 1.-2., nokkrar Árnesingaættir, Tannlæknatal 1854-1997, Ættir Siðupresta, Deildartunguætt 1.-2., Byggðir Snæfellsness, Sjúgfröðingabók, Ættarskrá Bjarna Hermannssonar, Laxamýraætt, Skúta- staðarætt, Mannlíf undir Kömbum, Fremra-Hálsætt 1-2, Íslenskar Árstíða-skrár, Laxárdalsætt, Brímætt 1.-2., Föðurtún, Bændatal í Svarfaðardal, Hreyfilmenn 1.-2., Auðhólsætt 1.-2., Pálsætt á Ströndum 3, Gunnhildargerðisætt, Ófeigsfjarðarætt, Húsatóftaætt, Verkfræðingatal 1.-2., Eftirfarandi sett kosta 8.000 kr. settið: Bergsætt 1-3, V-Skafta- fellssýsla 1-4, Saga Dalvíkur 1-4.

Uppl. í síma 898 9475

Hljóðfæri

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

Sumarhús



Sumarhús – Heilsárshús Gestahús – Breytingar

- Framleiðum stórglæsileg sumarhús/heilsárshús í ýmsum stærðum.
 - Tökum að okkur stækkun og breytingar á eldri húsum.
 - Smíðum gestahús – margar útfærslur.
 - Sjúm um almennt viðhald á sumarhúsum og sólpöllum.
 - Setjum niður heita potta og smíðum palla og skjólveggi.
- Áratugareynsla – endilega kynnið ykkur málið.
Trésmiðja Heimis, Þorlákshöfn, sími 892-3742 og 483-3693, www.tresmidjan.is

Til sölu



LiFePO4 rafgeymar til sölu:

- 12 volta 100 Ah kr. 94.845 m/vsk
- 12 volta 200 Ah kr. 165.981 m/vsk
- 12 volta 300 Ah kr. 248.886 m/vsk

Nánari upplýsingar á LiTime.com og Youtube



Merbau pallaefni(mahogany) 21x145mm Verð tilboð



Bankirai pallaefni(parket) 21x145mm Verð tilboð

Cumaru panill 10x90mm og pallaefni 21x90mm
Penofin harðviðarolía 3,8 lítrar

Indus ehf Óseyrarbraut 2 Hafnarf. opið 10-14 virka daga
magnus@vidur.is
gsm: 660 0230 Magnús

Byggingar

Byggingafyrirtæki getur bætt við sig verkleum

Upplátt á húsum og sökklum.
Pakendurbætur, tek niður pantanir fyrir næsta ár 2024, geri tilboð í verk.
Stálgrindarhús, geri tilboð, er í samstarfi við innflutningsaðila.
Sumarhús, breytingar eða byggja nýtt hús, geri tilboð.
Nánari upplýsingar, Bjóssi smíður á google, s 893-5374
nybyggd@gmail.com

Ýmislegt

Inni og útiskilti



SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

STAFRÆN
Framköllun

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Teikningaprentun

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Skönnun og ljósritun

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

RollUp & BannerUp

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Sandblástursfilmur

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Sólarfilmur

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk

Sálarrannsóknarfélag Reykjavíkur

Síðumúla 31
588 6060 og 894 4014

Félagið býður uppá miðleinka-tíma fyrir félagsmenn og aðra. Ennfremur ráðgjöf um næmni og hugsanlega miðilshæfileika, söfnun dulrænna reynslusaga, ásókn o.fl o.fl.

Hjá félaginu starfar m.a. **Þórhallur Guðmundsson** miðill.
- Einnig er möguleiki á að fá einkatíma í gegnum síma hvert á land sem er, sem og erlendis.
SRFR.

Sálmaskrár

SAMSKIPTI
prentlausnir fyrir skapandi fólk



Jessenius Faculty of Medicine í Martin Slóvakíu
Jessenius Faculty of Medicine í Martin Slóvakíu heldur inntökuþróf á netinu (online) 21. mars, 12. júlí og 10. ágúst.
www.jfmed.uniba.sk/en
Uppl. kaldasel@islandia.is s. 8201071

Bílar



Jaguar I-Pace 2020 módelár Fjór hjóladrífinn rafmangsbíll. Ekinn aðeins 26 þús. km. Þessi er eins og nýr því það sést ekkert á honum.
Nýr bíll kostar hinsvegar yfir 13 milljónir en þennan færð þú á 6.880.000,-



www.sparibill.is
Hátúni 6 A – sími 577 3344.
Opíð kl. 10–18 virka daga.

Húsviðhald

Húsaviðgerðir

www.husco.is
Sími 555 1947
Gsm 894 0217

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK FLOTUN - SANDSPARSL MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna
Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum
Tímavinna eða tilboð

Strúctor byggingaþjónusta ehf.
S. 893 6994

Morgunblaðið með morgun-kaffinu

Atvinna

Fáðu meira út úr þinni atvinnuauglýsingu!



Atvinnublað Morgunblaðsins kemur út **tvisvar í viku**. Á fimmtudögum í aldreiþing og í laugardagsblaðinu.

Þær birtast líka á atvinnuvef **mbl.is** og á **finna.is**. Aðeins er greitt eitt verð.

Fjórir snertifletir – eitt verð!

1

Morgunblaðið
fimmtudaga

2

Morgunblaðið
laugardaga

3

mbl.is
atvinna

4

finna.is
atvinna

70.000 manns, 18 ára og eldri, sjá Atvinnublað Morgunblaðsins í viku hverri.*

Mbl.is er með **2,3 milljón** flettinga á dag og rúmar **16 milljón** flettinga á viku.**

*Prentmiðlakönnun Gallup Q4 2022
**Topplisti Gallup janúar 2023

Atvinnublaðið
Morgunblaðið mbl.is FINNA.Q

Fjölbreytt sumarstörf hjá Skattinum

Fræmjavæðastjóri

Skattorðin leita að stuðningsmönnum, jákvæðu og drifandi fólki til sumarsstarfa á starfsföllum sínum á höfuðborgarsvæðinu, í Keflavík, á Akureyri og á Austurlandi á tímabilinu frá 1. júní – 31. ágúst 2023.
Um fjölbreytt störf er að tala á sínum mörkbæta viðbunum Skattinum.
Kynnja þú störfin sem eru í boði á: skatturinn.is/um-rsk/laus-storf/ eða á starfarsög.is.

Morgunblaðið mbl.is FINNA.Q